

# Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld : Tilraun til félagslegrar og lyðfræðilegrar greiningar / Loftur Guttormsson.

Loftur Guttormsson, 1938-

Reykjavík : Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1983.

<http://hdl.handle.net/2027/uc1.b3818601>

# HathiTrust



[www.hathitrust.org](http://www.hathitrust.org)

## **Creative Commons Attribution**

[http://www.hathitrust.org/access\\_use#cc-by-3.0](http://www.hathitrust.org/access_use#cc-by-3.0)

This work is protected by copyright law (which includes certain exceptions to the rights of the copyright holder that users may make, such as fair use where applicable under U.S. law) but made available under a Creative Commons Attribution license. You must attribute this work in the manner specified by the author or licensor (but not in any way that suggests that they endorse you or your use of the work). Please check the terms of the specific Creative Commons license as indicated at the item level. For details, see the full license deed at <http://creativecommons.org/licenses/by/3.0/>.

UC-NRLF



B 3 818 601

**Loftur Guttormsson**

# **Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld**

**Tilraun til félagslegrar og lýð-  
fræðilegrar greiningar**

**Ritsafn Sagnfræðistofnunar 10  
1983**

Digitized by **Google**

Original from  
**UNIVERSITY OF CALIFORNIA**







# **Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld**

**Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar**

. . . une classification sociale, en dernière analyse, existe seulement par les idées que les hommes s'en font et dont toute contradiction n'est pas nécessairement exclue . . .

**Marc Bloch**  
(La société féodale, 374 (1968))

**Æ hvað margföld umbreyting  
ævina mannsins hrekur . . .**

**Páll Vídalín**  
(Vísnaðver, 76)

**Ritsafn Sagnfræðistofnunar**  
**10**


**Ritstjóri**  
**Jón Guðnason**

**Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands**

**Loftur Guttormsson**

# **Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld**

**Tilraun til félagslegrar og  
lýðfræðilegrar greiningar**



**Reykjavík 1983**



XM85  
31070  
MAIN

Loftur Guttormsson er fæddur 1938. Að afloknu stúdentsprófi frá MA stundaði hann nám í sagnfræði og félagsfræði í Frakklandi, fyrst við háskólann í Aix-en-Provence og síðan við Parísarháskóla. Þaðan lauk hann licence-ès-lettres prófi haustið 1964.

Árin 1964–1967 stundaði Loftur kennslu við gagnfræðastigið í Reykjavík og Verslunarskóla Íslands. Árið 1967 hóf hann kennslu í sagnfræði og félagsfræði við Kennaraskóla Íslands. Við Kennaraháskóla Íslands var hann skipaður lektor 1972 og dósent á þessu ári. Hann stundaði nám við Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn 1973–1974 og hefur síðan sótt erlendis nokkur rannsóknarmót í fólksfjölda- og uppeldissögu.

Loftur hefur birt á prenti nokkur rit, bæði þýdd og frumsamin, auk margra ritgerða um sagnfræði, þjóðfélagsmál og kennslufræðileg efni. Á síðustu árum hefur hann fengist mest við rannsóknir á fjölskyldu- og uppeldissögu Íslands á 18.–19. öld. Er áður útgefinna ritsmíða hans um þetta efni getið í heimildaskrá sem fylgir þessu riti.

Söluumboð: Sögufélag Garðastræti 13b  
Ísafoldarprentsmiðja hf.

HQ 792  
I 2 L 631  
1983  
MAIN

## Efnisyfirlit

	Bls.
Formáli . . . . .	7
Inngangur . . . . .	9
 <i>Aldursskeið, uppeldi og heimili í evrópskri fortíð</i>	
Kenning Philippe Ariès . . . . .	16
Bernskuvitund í sögunnar rás . . . . .	22
Takmarkanir þróunarhyggjunnar . . . . .	28
Barneignir og uppeldi . . . . .	34
Fólksfjöldaáðstæður og heimilisgerð . . . . .	39
Aldursflokkun og samfélagsgerð . . . . .	46
 <i>Uppeldismarkmið og fræðsluskylda</i>	
Valdsvið og uppeldisaðilar í kenningu mótmælenda . . . . .	57
Ungdómur og uppeldi í íslenskri löggjöf . . . . .	63
Baksvið – Refsihugmyndir og húsagabrestur á 17. öld . . . . .	68
Innræting undir endurbættum húsaga á 18. öld. . . . .	76
Fræðsluskylda og fermingaraldur . . . . .	83
 <i>Ungdómurinn í íslenskri samfélagsgerð</i>	
Vistráðning og fjölskylduferli . . . . .	97
Hjúskaparhlutföll og hjúskaparhömlur . . . . .	105
Heimilisgerð og hjúahald. Samanburðarsjónarmið . . . . .	119
 <i>Meðhöndlun barna og aldursflokkun á Íslandi</i>	
Barneignir og ungbarnaeldi . . . . .	133
Uppvöxtur og aldurskil . . . . .	148
Aldurshlutverk og félagslegur mismunur . . . . .	163
„Berja skal barn til batnaðar“ . . . . .	174

<i>Niðurlag: Samfélagshættir og félagsleg viðhorf</i>	
„Drottinn gaf og drottinn tók“ . . . . .	187
Efnahagur og bernskuvitund . . . . .	189
Kynhlutverk og lyndiseinkunn . . . . .	192
Samfélagsleg kreppa . . . . .	195
Menningarhefðir og upplýsing . . . . .	197
Lokaorð . . . . .	202
Heimildaskrá . . . . .	207
Töflur – Tables . . . . .	217
Myndir – Figures . . . . .	220
Summary . . . . .	220
Atriðisorð . . . . .	226
Mannanöfn . . . . .	236

# Formáli

Þetta ritverk er sprottið af rannsóknum sem ég hef stundað þrjú undanfarin ár á fjölskyldu- og uppeldisferlum á Íslandi á nýöld, einkum á tímabilinu 1750-1850, áður en hefðbundin samfélagsskipan fór að riðlast. Það byggist að nokkru leyti á því sem ég hef áður birt um afmarkaða þætti þessa umfangsmikla efnis, þ.e. ritgerðum um barneldishætti og þróun lestrarkunnáttu á umræddu tímabili. Hér er hins vegar reynt að setja slíka þætti í almennt, félagssögulegt samhengi. Í þessu skyni hef ég notfært mér niðurstöður nýlegra rannsókna á samfélags- og fjölskyldugerð í Evrópu norðvestanverðri. Samanburður íslenskra fjölskyldu- og uppeldishátta við hið evrópska baksvið er veigamikil uppistaða í þessu riti.

Því er ekki að leyna að ég hafði framan af efasemdir um að tímabært væri að ganga frá og birta þessa samantekt. Því veldur einkum tvennt: í fyrsta lagi er þetta svið að mestu ónumið land í íslenskri sagnfræði og því minni stuðning að hafa af rannsóknum annarra en æskilegt væri; í öðru lagi eru rannsóknir mínar á fjölskylduferlum á þessu tímabili skemmra á veg komnar en svo að ég hafi hér getað haft veruleg not af afrakstri þeirra. Af þessum sökum verð ég að biðja lesandann að taka fullt mark á því sem stendur í undirtitli ritsins: þetta heitir *tilraun* – ekki vegna einhverrar fordildarhæversku heldur hins að rannsóknarsviðið hefur verið lítt plægt til þessa.

Fyrir utan þessar takmarkanir leiðir það af edli viðfangsefnisins að nokkur hluti ritsins er skrifaður í tilgátustíl. Þetta á við flest það er segir um félagsleg viðhorf og þá sérstaklega um viðhorf manna til eigin uppeldis. Bernskusaga þessa tímabils og raunar allt fram á þessa öld er öðrum þræði þversagnakennd fyrir þá sök að hún styðst við vitnisburði fullorðinna um sitthvað sem fyrir þá bar á bernsku- og uppvaxtarárunum. Með öðrum orðum, heimildir um bernskuna sem einstaklingslegt reynslufyrirbæri eru mestmegnis endurminningar fullorðinna, oftast fólks sem var komið á efri ár.

Eftir á að hyggja er ekki víst að tilhlaupið sem hér hefur verið tekið sé svo mikið frumhlaup þó að það leiði óhjákvæmilega út á braut hugarfarssögu þar sem erfitt er að fóta sig. Í þessu efni sem öðrum fræðum er til alls fyrst að setja fram sæmilega rökstuddar tilgátur. En vel færi á því að heimfæra upp á þær það sem Hannes Finnsson biskup segir um „athugasgreinir“ sínar í *Mannfækkun af hallærum*, að um fæstar þeirra er „sú vissa, að eg þori að kalla þær uppábyggjandi“ (bls. 191). Því væri óskandi að tilgáturnar sem hér eru bornar fram verði öðrum „umþeinkingarefni“ sem eitthvað haldbærara kynni að vaxa af.

Þar sem samfélagsgerð og hugarfar eru einna fyrirferðarmestu „persónur“ þeirrar sögu sem hér er rakin, verða tímaafmarkanir heldur losaralegar. Viðhorf manna og venjur tóku mjög hægum breytingum á þessu tímabili og hræst því í „langtíma“ þjóðfræðinnar (og þjóðsögunnar!) fremur en í „skammtíma“ atburðasögunnar sem mönnunt er tamast að miða við á okkar dögum. Annars skal það tekið fram að „einveldisöld“ er hér látin ná í Danaveldi, og þá vitanlega að Íslandi meðtöldu, nær okkar tímum (eða til ca 1850) heldur en í ríkjum Vestur-Evrópu (til ca 1800). Þetta samrýmist raunar nokkurn veginn tímabilsmun á stjórnmaláþróun þessara svæða; Bretland hefur þó augljósa sérstöðu gagnvart þeim báðum.

Framsetning og frágangur efnis í ritinu gefa tilefni til fáeinna athugasemda. Hér er víst lagt meira í neðanmálsgreinar en títt er í sambærilegum ritum héraendis. Þessu fylgja óneitanlega ýmsir annmarkar en mér þótti þessi kostur vænlegastur þar sem hann gerir kleift að hafa sæmilega samfellda framsetningu á meginmáli. Neðanmálsgreinarnar geyma m.a. all-

mikið af beinum heimildatilvitnunum og gefa þar með kröfuhörðum lesanda nokkrar forsendur til að meta grundvöll þeirra ályktana sem dregnar eru í meginmáli. En þeim sem fást lítt um hvernig niðurstöður eru fengnar eða hafa að öðru leyti ekki ástæður til að tengja smærri atriði við meginmál er sú leið opin að sleppa greinunum neðanmáls: við lestur meginmálsins eins ættu þeir samt að geta fengið nokkurn veginn samfellt yfirlit. En það segir sig sjálft að slíkt lestrarlag er ekki vel til þess fallið að beita gagnrýni við textann.

Eins og eðlilegt er með þessu lagi þá lenda allar heimildatilvísanir neðanmáls. Í fyrsta skipti sem heimildar eftir ákveðinn höfund (eða höfunda) er getið, stendur heiti þess skáletrað á eftir nafni hans; upp frá því er svo vísað til þess undir höfundarnafninu einu sem *op. cit.* Purfi lesandinn að rifja upp fyrir sér heiti ritsins er hægt um hönd að fletta upp í heimildaskránni aftast. Sé hins vegar vísað til tveggja eða fleiri rita eftir sama höfund er hlutaðeigandi rit nafngreint fullum fetum neðanmáls frá þeim stað að telja er viðbótarritið kemur til sögunnar.

Í heimildaskrá er einn flokkur prentaðra heimilda aðgreindur frá meginhlutanum, þ.e. ævisögur, ferðabækur, þjóðlíflýsingar og skáldverk. Rétt þótti að skipa slíkum heimildum sér vegna þess að í þær hef ég einkum sótt efnivið í áður nefnda viðhorfagreiningu. Flokkunin ætti ekki að valda lesandanum óþægindum þar sem yfirleitt er auðséð undir hvorn flokkinn einstök rit falla.

Eins og ritið er byggt upp gefst oft ástæða til að benda (innan sviga) á staði framar (*supra*) eða aftar (*infra*) sem tengjast náíð umræðuefninu. Aftur á móti er sjaldnast vísað til einstakra kafla og því þótti óþarft að tölusetja þá. Í þau örfáu skipti sem þetta er gert vísast til aðalkafla og er inngangur þá ekki talinn með í röðinni.

Þar sem vitnað er beint í rit á erlendum málum fylgir ekki þýðing á íslensku nema þá sjaldan vitnað er til rita á frönsku. Allur þorri tilvitnana er á ensku eða einhverju norðurlandamálanna svo flestir ættu að ráða við þær. Hins vegar er vikið frá þeirri reglu að vitna beint til erlendra rita á frummálinu þegar þau eru til í íslenskri þýðingu en þannig er reyndar háttáð aðeins um fáeinar „ferðabækur“. Þótt þýðingarnar séu misjafnlega nákvæmar þótti rétt að fylgja þeim til þess að ofhlaða ekki textann meira en orðið er „útlenskum“ tilvitnunum.

Af þeim sem hafa stutt að útgáfu ritsins á Jón Guðnason, ritstjóri Ritsafns, sérstakar þakkir skildar. Hann fékk vitneskju um drögin að því og hvatti mig eindregið til að fullgera þau til birtingar. Jón hefur annast prófarkalestur í samvinnu við mig og bent mér á sitthvað sem horfði til bóta í frágangi og orðalagi. Ásgeir S. Björnsson lektor las yfir um þriðjung handritsins og gaf mörg góð ráð varðandi bæði heimildir og framsetningu. Eins hefur Lýður Björnsson lektor verið mér ráðhollur. Dóra S. Bjarnason lektor og Daniel Teague stjórnmálafræðingur aðstoðuðu við að snúa töflufyrirsögnum og efnisútdrætti á ensku og Guðmundur Ingvarsson landfræðingur útfærði myndirnar af sérstakri vandvirkni. Guðjóni Inga Sverrissyni verkstjóra í Ísafoldarprentsmiðju vil ég þakka fyrir auðsýnda þolinmæði og lipurð í öllum samskiptum.

Árin 1981 og 1982 veitti hugvísindadeild Vísindasjóðs mér styrk til rannsókna sem þetta rit er ávöxtur af. Eru sjóðsstjórninni hér með færðar þakkir fyrir stuðninginn.

Að lokum þarf varla að taka fram það sem sjálfsagt er að við mig einan er að sakast um allar misfellur á þessari samantekt.

Reykjavík í byrjun heyanna 1983

Loftur Guttormsson

## INNGANGUR

Við samanburð á þjóðfélögum hefur komið í ljós að skipting æviferilsins í aldurskeið, sjálf aldursflokkunin, er mjög breytileg bæði eftir stað og stund. Svo er t.d. um þau skilyrði sem einstaklingarnir þurfa að fullnægja til þess að teljast fullorðnir í félagslegri merkingu eða m.ö.o. fullveðja þjóðfélagsþegnar. Þó að sameiginlegir drættir í líffræðilegum þroska manna setji vissulega skorður við menningarlegum tilbrigðum<sup>1</sup>, er þroskinn svo háður ýmsum þjóðfélagsaðstæðum, t.d. atvinnuháttum, fæðukosti og verkaskiptingu eftir kyni eða aldri, að hann reynist sjaldan vera mjög ákvarðandi þáttur í sjálfu sér. Þannig hafa mannfræðingar sýnt fram á að sjaldnast fer saman „kynþroskaaldur“ (puberty) í líkamlegum og félagslegum skilningi: líkamsþroskinn komi ýmist á undan eða eftir félagsþroskanum eins og hann er skilgreindur hverju sinni.<sup>2</sup> Af hinum fyrrnefnda verður því ekki ráðið með vissu hvaða aldri einstaklingurinn þarf að hafa náð til þess að teljast kominn af barnsaldri. Þannig er sitthvað að vera barn/unglingur í háþróuðu iðnaðarþjóðfélagi eða í lítt verkaskiptu samfélagi.<sup>3</sup> Það er menningin í víðasta skilningi sem ljær aldursflokkun félagslega merkingu.

Frá vissu sjónarhorni má líta á æviskeið manna sem líffræðilegt vaxtarferli er gengur fram án þess að menningarleg atriði komi þar við sögu. Hitt er ljóst að þjóðfélagið hlutast í hina líffræðilegu þróun, ekki einasta með því að búa einstaklingunum mismunandi vaxtarskilyrði eftir stund og stað heldur og með því að marka skil í æviferli þeirra. Í öllum samfélögum er mönnum skipt með einhverjum hætti í aldursflokka eftir því hvar þeir eru staddir á lífsleiðinni. Slíkri aldursflokkun fylgir sundurgreining, eftir valdi og virðingu, sem fléttast á ýmsa vegu við þá mismunun er byggist á kynferði. Aldurs- og kynskipting eiga sam-

- 1 Mannfræðileg og söguleg dæmi sýna raunar að þessar skorður eru furðu rúmar. Þannig er talið að um miðja 19. öld hafi norskar stúlkur að jafnaði haft fyrst á klæðum rúmlega 17 ára en einni öld síðar var aldursmarkið 13 1/2 ár, sjá Laslett: *The World We Have Lost*, 87, og *ibid.*: „Age at Menarche in Europe since the Eighteenth Century“, í Rabb og Rotberg (rits.), *The Family in History*, 29-30, 42-43.
- 2 Með kynþroskaaldri í félagslegum skilningi er þá átt við hvenær einstaklingurinn telst félagslega fullveðja, einkum þannig að honum sé heimilt að festa ráð sitt, sjá van Gennep: *The rites of passage*, 65-68. Um það hve slíkt gerist á ólíkum aldri eftir þjóðfélögum segir höf.: „One cannot conceive of any institution being founded on an element as indeterminate and as irregular as puberty“ (bls. 66).
- 3 Sjá í þessu sambandi hina þekktu (en umdeildu) lýsingu á uppvexti ungra stúlkna á Samóaejum, Mead: *Coming of Age in Samoa* (1928). Greinargott yfirlit yfir kenningar menningarmannfræðinga um efnið gefur Muus: *Theories of Adolescence*, 96-108.

merkt í því að báðar gefa líffræðilegt tilefni, ef svo mætti segja, til félagslegrar sundurgreiningar og eru þannig gildir þættir í formgerð þjóðfélagsins. Jafnframt því sem mönnum er skipað í ákveðinn aldursflokk er m.ö.o. kveðið á um félagslega stöðu þeirra, réttindi og skyldur, jafnt í nánasta umhverfi sem hinu víðara samfélagi.

Auk sjálfrar aldursflokkunarinnar er það algild regla að færsla manna úr einum flokki í annan er mörkuð föstum athöfnum sem styðjast yfirleitt við einhvers konar trúarhugmyndir. Van Gennep kallaði slíkar athafnir einu nafni vígslusiði – *rites de passage*.<sup>4</sup> Um leið og menn skipta um aldursflokk takast þeir á hendur nýtt hlutverk í samræmi við þá stöðu sem þeir hafa færst í. Þetta felur m.a. í sér að þeir þurfa að losa sig við fyrri ímynd sína, t.d. bernskuímynd, og tileinka sér ímynd unglingsins.<sup>5</sup>

Í þjóðfélögum af einfaldari gerð, þar sem aldursflokkunin er helsta uppistaða samfélagsbyggingarinnar, felst félagsmótun einstaklingsins að miklu leyti í því að temja hann í samræmi við aldurshlutverkin, bæði hinar tæknilegu og hinar huglægu hliðar þeirra. Vígslusiðir í þessum samfélögum eru viðhafnarmiklir, flóknir og kröfuharðir, sannkölluð prófraun og eldskírni.<sup>6</sup> Nútímaleg þjóðfélög hafa ólíkt mildari vígslusiði enda eru flestar stöður og hlutverk þar óbundnari aldri en gerist í einfaldari samfélögum. Á Vesturlöndum hafa hinar kirkjulegu athafnir, ferming, trúlofun og hjónavígsla, gegnt frá fornu fari hlutverki vígslusiða. Ætla má að skipting æviferilsins í aldurs skeið, t.d. bernsku og fullorðinsár, hafi staðið í sambandi við þessar vígslur. En hvernig þessu sambandi hefur verið háttað í einstökum atriðum er óljóst og hefur verið lítt kannað a.m.k. hérlendis.<sup>7</sup>

Minni og orðtök frá liðinni tíð, sem lifa jafnvel enn á vörum manna, gætu bent til þess að í hinu hefðbundna íslenska bændasamfélagi<sup>8</sup> hafi lífsskeiði manna fram undir elliár verið skipt einfaldlega í tvennt, þ.e. bernsku og fullorðinsár.<sup>9</sup> Á þetta minnir m.a. orðalagið sem algengt var að hafa um ferminguna: að komast í full-

4 van Gennep: Op. cit., 2-13.

5 Berger: *Inngangur að félagsfræði*, 111-12.

6 Van Gennep telur það beinlínis hlutverk (fúnksjón) vígslusiða að milda umrótið sem „umskiptin“ hafi í för með sér fyrir einstakling og samfélag. Þessi fúnksjónalíska túlkun er þó umdeild, sjá Musgrove og Middleton: „Rites of passage and the meaning of age“. *The British Journal of Sociology* 32 (1, 1981), 41.

7 Eins og gefur að skilja hafa þjóðháttufræðingar gefið almenna lýsingu á átrúnaði og venjum sem tengjast þessum vígslusiðum. Varðandi Ísland má einkum nefna Jónas Jónasson: *Íslenzkir þjóðhættir*, 257-310, og Árni Björnsson: *Merkisdagar á mannsævinni*, 77-134.

8 „Hefðbundið þjóðfélag“ er lodið hugtak sem hæfir vissulega illa sagnfræðilegri umfjöllun. Það verður þó notað hér á eftir og er þá látið tákna evrópska samfélagsgerð á nýöld fram að þeim skilum er iðnbyltingin markaði. Um þá samfélagsgerð er þá tók við verður oft notað heitið „nútið-arþjóðfélag“. Báðir flokkarnir tilheyra hins vegar „nú tíma“, því söguskeiði sem tekur við af miðöldum.

9 Mörkin milli fullorðinsára og elli hafa verið breytileg eftir meðalævi hvers tímabils. Í þessu efni er nær lagi að miða við þá meðalævi sem einstaklingurinn átti ólifaða að yfirstignu hinu tvísýna fyrsta aldursári, sbr. *infra* bls. 41.

orðinna eða kristinna manna tölu.<sup>10</sup> Þetta mætti skilja svo sem fermingin hafi markað upptöku manna í samfélag fullorðinna. Þessari ályktun má m.a. finna stoð í sjálfsævisögum frá ofanverðri 19. öld. Eyjólfur Guðmundsson frá Hvoli (f. 1870) minnst t.d. viðhorfa til fermingarinnar í ungðæmi sínu svofelldum orðum:

Þá taldist maður með mönnum, fær í flestan sjó. Þá fékk maður að eiga kind eða hest, og þá mátti maður giftast og eignast bú og konu og börn.<sup>11</sup>

Ummæli Eyjólfss lýsa ótvírætt því viðhorfi að með fermingunni hafi menn hlotið stöðu fullorðinna með þeim réttindum sem því fylgdu. Samtímamaður Eyjólfss, Jón Kr. Lárusson frá Arnarbæli (f. 1878), leggur einnig áherslu á að samfara fermingunni, á 15. aldursári, hafi orðið umskipti á högum sínum: „Nú var ég kominn í fullorðinna manna tölu, stór og sterkur“. Frá því að hafa verið smali „var ég látinn ganga til vinnu . . . sló og rakaði, batt og bar sátur í og af skipi og fór í fyrsta sinn í fjallgöngur . . .“<sup>12</sup>

Þessi tvö dæmi, sem öðrum ámóta mætti bæta við, vekja til umhugsunar um hvernig aldursскеið manna hafa afmarkast í hefðbundnum evrópskum sveitasamfélögum. Á síðustu áratugum hafa sagnfræðingar sýnt þessu viðfangsefni vaxandi áhuga. Mönnum hefur leikið hugur á að vita hvernig aldursflokkunin muni hafa þróast í tímans rás og hvernig sú þróun hafi tengst breytingum á samfélagsgerðinni að öðru leyti. Þennan sögulega áhuga má að einhverju leyti rekja til athugana mannfræðinga á hliðstæðum fyrirbærum meðal framandi þjóða; er þetta eitt dæmi af mörgum um það að kynni af framandi menningarháttum eru oft forsenda þess að menn fari að gefa gaum að sérkennum eigin menningar. Túlkun mannfræðinga á þýðingu aldursflokunar fyrir samfélagsgerðina<sup>13</sup> hefur eflaust orðið sagnfræðingum hvöt til að skoða evrópsk þjóðfélög fyrir daga iðnbyltingar frá svipuðum sjónarhóli. Í þessu sambandi má líka minnst sagnfræðinga á 19. öld sem leiddu í ljós mikilvægi aldursflokunar og vígslusiða á gullöld Grikkja.<sup>14</sup>

Flestir sagnfræðingar sem hafa sinnt umræddu viðfangsefni á síðustu áratugum hafa fjallað um það sem lið í fjölskyldu- og uppeldissögu.<sup>15</sup> Til þess liggja gildar ástæður sem vert er að drepa á.

Í fyrsta lagi er ljóst að aldursflokkun er fylgifiskur uppeldis, hvort sem um er að

10 Jónas frá Hrafnagili segir þá skoðun hafa „verið almennt ríkjandi hér í landi, að börnin væru heiðin, á meðan þau væru ófermd en kristnuðust við ferminguna. Er því enn algengt í sumum sveitum að kalla, að börnin kristnist, er þau eru fermd“. (Íslenzkir þjóðhættir, 275.)

11 Eyjólfur Guðmundsson: *Lengi man til lítilla stunda*, 90-91. – Höf. bætir við að sjálfur hafi hann ekki litið á sig öðrum augum eftir fermingu en fyrir og „fólkið [var] óbreytt í viðmóti“ (bls. 102).

12 Jón Kr. Lárusson: *Ævisaga Breiðfirðings*, 32-33.

13 Slík túlkun kom t.d. skýrt fram í ritum breska mannfræðingsins Radcliff-Brown: *The Andaman Islanders* (1922) og *The Social Organization of Australian Tribes* (1930-31). Sjá yfirlit hjá Hoebel: *Anthropology: The Study of Man*, 368-71.

14 Sjá t.d. Fustel de Coulanges: *La cité antique* (1894).

15 Þetta sést glögggt á efnistöku Philippe Ariès sem hefur verið frumkvöðull rannsókna á aldursflokkun í evrópskri fortíð svo sem nánar verður vikið að hér á eftir, sbr. bls. 16 o. áfr.



ræða hina markvissari eða duldari þætti þess. Hver ný kynslóð uppalenda tekur í arf félagsleg norm um aldursskiptingu í hlutaðeigandi samfélagi – norm sem hafa tilhneigingu til að halda skipan þess við lýði. Í þessu felst hið félagslega hlutverk aldursflokunarinnar. En hverjum einstaklingi, sem er aðili að sjálfu uppeldisferlinu, er aldursflokkunin vísir er ljær vegferðinni merkingu, vísar til vegar um það hátterni sem hæfir hverjum áfanga. Vitanlega fer það einkum eftir aldursþroska einstaklinganna hversu ljós þeim er þessi merking. Í þessu sambandi mætti hugleiða hver muni vera sjálfsvitund unglinga á okkar dögum um hið afmarkaða aldurs skeið, unglingsárin, og hvernig skilningur þeirra komi heim og saman við meira eða minna opinberar skilgreiningar á þessu aldurs skeiði. Þótt skilningur þeirra sem eru að alast upp skipti ótvírætt máli, m.a. hvað snertir hegðun þeirra, er hitt víst að þeir sæta að meira eða minna leyti hinni opinberu skilgreiningu af hálfu fullorðinna. Þetta verður því augljósara sem um formlegri þátt uppeldis er að ræða: barn sem lætur fermast undirgengst *ipso facto* hina opinberu merkingu fermingarathafnarinnar eins og hún kann að vera skilgreind á hverjum tíma.<sup>16</sup>

Í öðru lagi er þess að gæta að í hinu hefðbundna samfélagi á einveldisöld<sup>17</sup> var daglegt líf og þá um leið uppeldi mótað af hinum sérstæðu aðstæðum sveitaheimilisins. Í hinna lítt verkaskiptu félagsgerð var hvert heimili frumstætt samfélag um framleiðslu, neyslu og framfærslu síns fólks. Börnum var það jafnframt vettvangur reynslunáms í athöfnum daglegs lífs. Í þessu sambandi er réttara að tala um heimilisfólk en fjölskyldu vegna þess að algengt var að undir sama þaki byggju einstaklingar sem mynduðu ekki nema að hluta fjölskyldu í nútíðarskilningi þess orðs. Á fjölmörgum heimilum voru m.ö.o. einstaklingar óvandabundnir húsráðendum sem tóku samt fullgildan þátt í daglegu starfi heimilisins ekki síður en sjálf fjölskyldan.<sup>18</sup> Þannig var heimilið einatt samansett – þetta samfélag er var vettvangur hinna daglegu, óformlegu félagsmótunar. Ætla má að staða manns á heimili á unga aldri, t.d. hvort maður bjó þar sem fjölskyldumeðlimur eða óvandabundinn, hafi ráðið allmiklu um sjálfa aldursflokunina. Líður í því að komast af „barnsaldri“ hefur eflaust verið það að uppvaðandi einstaklingur yfirgæfi fjölskylduheimili sitt og gerðist vinnuhjú hjá ókunnugum.

Í þriðja lagi er það einkennandi fyrir sagnfræðilega umfjöllun þessa viðfangs-efnis að niðurstöður sögulegrar lýðfræði hafa verið nýttar til þess að skýra fólksfjöldaáðstæður í hinu hefðbundna samfélagi, einkum þær sem mótuðu sjálfa fjöl-

16 Musgrove og Middleton: Art. cit., benda á að í einfaldari samfélögum hafi merking vígslusiða verið hulin mörgum þátttakendanna: „The meaning was for the spectators“ (bls. 40).

17 Einveldisöld merkir hér lauslega tímabilið 1600-1800 svo sem venja er skv. tímabilaskiptingu Evrópusögu.

18 Hanssen: „Households, Classes and Integration Processes in a Scandinavian Village over 300 years“. *Fjölrítað handrit*, án árt. – Höf. færir rök að því að „household has precedence over family if we want to understand the pre-industrial world in its everyday connotations“ (bls. 2). Sjá einnig Löfgren: „Family and Household among Scandinavian Peasants“. *Ethnologica Scandinavica* (1974), 22-27.

skyldumyndunina.<sup>19</sup> Með þessu móti hefur verið hægt að gera sér allglögga grein fyrir því hversu lífsferill uppvaðandi kynslóðar á einveldisöld leit að jafnaði út og fá svör við m. a. eftirfarandi spurningum: Hve mörg af nýfæddum börnum lifðu að meðaltali af fyrsta aldursárið? Hve mörg náðu alla jafna 10 ára eða 15 ára aldri? Hve algengt var að börn ælust upp sem tökubörn eða niðursetningar hjá öðrum en lífforeldrum sínum? Hve lengi gátu börn húsráðenda ella vænst þess að búa í foreldrahúsi? Hvaða líkur voru á því að einstaklingar af ákveðinni kynslóð gætu fest ráð sitt og gerst þar með sjálfs sín? Og þá við hvaða aldursmörk? Þetta eru nokkrar lýðfræðilegar spurningar sem mikilvægt er að fá svör við vilji menn reyna að fara nærri um það hvað það merkti, frá tilvistarsjónarmiði, að fæðast og alast upp í „heimi sem er okkur horfinn“.<sup>20</sup> Um leið ætti að vera hægt að rökstyðja betur en ella tilgátur um ríkjandi viðhorf foreldra til barna – í hverju þau hafi verið lík eða ólík þeim viðhorfum sem útbreidd eru á okkar dögum.

Þessi aðfararorð ættu að skýra hvernig ætlunin er að taka á því efni sem hér liggur fyrir: Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld. Undirfyrirsögnin ber það með sér að fjallað verður um efnið aðallega út frá félagssögu- og lýðfræðilegu sjónarmiði. Nánar tiltekið skiptist umfjöllunin í fimm meginkafla.

Í fyrsta kafla verður gerð almenn grein fyrir uppeldis- og heimilisháttum í evrópskri fortíð, á mörkum miðalda og nýaldar. Gengið verður út frá kenningu Philippe Ariès þar sem hún hefur mjög mótað umfjöllun sagnfræðinga um viðfangsefnið undanfarna tvo áratugi. Jafnframt er gerð grein fyrir meginatriðum í þeirri gagnrýni sem þessi kenning hefur sætt og reynt að leggja mat á réttmæti hennar í ljósi niðurstaðna sem hafa fengist af nýlegum rannsóknum á fjölskyldu- og fólksfjölda-sögu Vestur-Evrópu, einkum Englands og Frakklands. Greinargerðin gefur yfirlit yfir þá þekkingu sem hefur áunnist nýlega á þessu sviði og um leið er henni ætlað að leggja grunn að samiburði á félagslegum bakgrunni uppeldis á Íslandi og í grannlöndunum. Ætla má að slíkur samiburður, út frá ákveðnum kennilegum sjónarmiðum, sé ein vænlegasta leiðin til að dýpka skilning á íslenskri samfélagsgerð í fortíð og nútíð.<sup>21</sup>

Hinir kaflarnir fjórir eiga það sammerkt að þeir birta niðurstöður rannsóknar minnar á íslensku heimildaefni. Kveikjan að rannsókninni var tilraun til greiningar á ungdómshugtaki 18. aldar. Það vakti athygli mína að í opinberum tilskipunum, sem settar voru um miðbik aldarinnar um húsaga og uppfræðslu, eru börn og hjú einatt kölluð einu nafni *ungdómur*. Til beggja eru gerðar svipaðar kröfur varðandi hlýðni við húsbændur sem og uppfræðslu. Vakti þetta spurningar um

19 Loftur Guttormsson: „Fólksfjöldasaga og söguleg lýðfræði“. *Sagnir* 1 (1980) 17-24.

20 Samnefnt rit eftir breska sagnfræðinginn Peter Laslett: *The World We Have Lost* (1965), hefur stuðlað mjög að því að skýra fyrir almenningi fólksfjöldaferli og félagsgerð fyrir á tímum.

21 Með þessum orðum er lögð áhersla á gildi samiburðarins í sagnfræðirannsóknum sem Marc Bloch lýsti þannig: „ . . . on comprendra toujours mieux un fait humain, quel qu'il soit, si on possède déjà l'intelligence d'autres faits de même sorte.“ (*Apologie pour l'histoire ou métier d'historien*, 73.)

ástæður fyrir slíkri samspyrðingu barna og hjúa og jafnframt um félagslegan og hugmyndafræðilegan grunn ungdómshugtaksins á einveldisöld. Eftirfarandi atriði koma þá einkum til álita:

- Hver voru ríkjandi viðhorf á einveldisöld til barna og bernsku og þá jafnframt uppeldis?
- Hvað var það við þjóðfélagsgerð samtímans er markaði börnum og hjúum sameiginlega stöðu?
- Að hvaða marki var ungdómurinn hreinn aldursflokkur – svo að skilja að allir einstaklingar innan ákveðinna aldursmarka tilheyrðu honum – eða rugluðu félagsleg atriði hinar aldursbundnu markalínur?
- Hvernig færðust menn úr ungdómsflokknum í tölu fullveðja þegna?
- Hvaða hlutverki gegndi hin nýtilkomna fermingarstofnun í þessu efni?
- Hver var í heild staða ungdómsins í samfélagsgerðinni?

Við könnun á þessum atriðum hafa einkum verið nýttir, fyrir utan frásagnarheimildir af ýmsu tagi, tvenns konar heimildaflokkar: annars vegar manntöl frá tímabilinu 1703-1850, hins vegar gögn um uppfræðslu frá síðari helmingi 18. aldar, s.s. tilskipanir, sálnaregistur, fermingar- og vísitásiuskýrslur. Hin síðarnefndu eru reyndar flest skilgetið afsprengi þeirra tilskipana sem hinn píetíski sendiboði og fullmektugur, Ludvig Harboe, gerði uppkast að og fékk lögfest en með þeim var lagður grunnur að endurbót hins hefðbundna, kirkjulega heimafræðslukerfis á Íslandi.<sup>22</sup> Lagasetningin ber vott um miklu einbeittari viðleitni stjórnvalda en áður finnast dæmi um til að steypa uppeldishætti Íslendinga í sama mót, setja um þá reglur jafnvel í smæstu atriðum. Hin píetíska endurbót ber þannig með sér stóraukna umhyggju fyrir andlegum velfarnaði barna og annarra undirgefina; um leið gefa téðar heimildir, sem flestallar eru leifar hins kirkjulega embættiskerfis, kost á að greina og rekja nánar en mögulegt er varðandi fyrri aldir hvernig yfirvöld litu á ungdóminn – þennan flokk sem margt er óljóst um að öðru leyti en því að hann á lítið skylt við margumtalaða unglunga á okkar dögum.

22 Loftur Guttormsson: „Læsefærdighed og folkeuddannelse i Island 1540-1800“, í Jokipii og Nummela (rits.), *Läskunnighet och folkbildning före folkskoleväsendet*, 152-56. Til hægðarauka verður hér á eftir vísað til þessarar ritgerðar sem sjálfstæðs rits. (L.G.: Op.cit.)

## BERNSKA, UPPELDI OG HEIMILI Í EVRÓPSKRI FORTÍÐ

Eins og gefið var í skyn í inngangi má efast um að skil bernsku og fullorðinsára á Íslandi á einveldisöld hafi verið jafn einföld og snurðulaus og menn þykjast minnst frá 19. öld. Á sama hátt má draga í efa að fermingin hafi haft sömu merkingu í huga samtímamanna Jóns Hreggviðssonar og lýst er í endurminningum Eyjólfss á Hvoli og Jóns í Arnarbæli. Fram hjá hinu verður ekki gengið að þeir sem minnst uppvaxtar síns frá ofanverði 19. öld gerðu ekki ráð fyrir neinu afmörkuðu skeiði milli bernsku og fullorðinsára gagnstætt því sem okkur 20. aldar mönnum þykir sjálfsagt að gera.<sup>1</sup>

Spurningar af þessu tagi leiða hugann að þeim viðhorfum sem fyrri tíðar menn hafa haft til barna og ungmenna bæði í félagslegu og uppeldislegu tilliti. Þær eru nokkuð dæmigerðar fyrir þá grein sagnfræði sem kennd hefur verið upp á síðkastið við hugarfarssögu.<sup>2</sup> Auðsæilega er ekki heiglum hent að komast að áreiðanlegri niðurstöðu um jafn huglæg atriði. Eftir því sem lengra dregur aftur í sögu Evrópu verða beinar heimildir um efnið fágætari og óbeinir vitnisburðir, sem menn reyna – *faute de mieux* – að gera sér mat úr, reynast afar vandmeðfarnir í túlkun. Hvorttveggja veldur eflaust miklu um það að til skamms tíma hafa sagnfræðingar veigrað sér við að takast á við þetta efni. En þótt sagnritun um bernskuna og aldursflokkun yfirleitt sé tiltölulega ný af nálinni, geymir hún fróðleg dæmi um ýmislegan aðferðafræðilegan vanda sem við er að kljást á þessu sviði.

Áður en leitað verður á fjörur íslenskra heimilda þykir því rétt að gera grein fyrir umfjöllun sagnfræðinga um fjölskyldu- og uppeldishætti á síðmiðöldum og fram eftir nýöld. Í viðum skilningi má skoða slíka greinargerð sem kennilegan bakgrunn þess viðfangsefnis sem er hér sérstaklega til umræðu.<sup>3</sup>

- 1 Hér er átt við unglingskeiðið. Skv. skrá Orðabókar Háskólans kemur *unglingur* fyrst fyrir í prentuðu máli á 18. öld, hjá Páli Vídalín, og þá sem liður í samsettum orðum: „unglingsþénari“ (P. Víd. Skýr. 300); „unglingstítja“ (P. Víd. Vís. 40). – Ekki verður séð að unglingshugtakið hafi verið notað markvisst að nútíðarhætti sem aldursflokksheiti í ungdæmi Eyjólfss á Hvoli, sbr. eftirfarandi skýringu hans: „Unglingar 5-14 ára voru nefndir snúningar eða snúningskindur“. (Op. cit., 44.)
- 2 Heitið er haft eftir sagnfræðingum Annales-skólans franska (l’histoire des mentalités). „Briefly stated, the history of mentalities considers the attitudes of ordinary people toward everyday life. Ideas concerning childhood, sexuality, family, and death . . . are the stuff of this new kind of history“ (Hutton: „The History of Mentalities: The New Map of Cultural History.“ *History and Theory* 20 (1982), 237.
- 3 Hér er átt við bæði þá þekkingu sem hefur áunnist og aðferðafræðilegan vanda við öflun hennar.

## Kenning Philippe Ariès

Af því sem ritað hefur verið um bernsku- og fjölskyldusögu ber langhæst verk Philippe Ariès, *L'enfant et la vie familiale sous l'ancien régime*, sem kom út 1960. Höfundur leiddi hér rök að því að í evrópsku miðaldasamfélagi hafi menn ekki verið sér meðvitaðir um bernsku- og æskuárin sem sérstakt þróunarskeið á æviferlinum.

In medieaval society the idea of childhood did not exist; this is not to suggest that children were neglected, forsaken or despised. The idea of childhood is not to be confused with affection for children: it corresponds to an awareness of the particular nature of childhood, that particular nature which distinguishes the child from the adult, even the young adult. In medieaval society, this awareness was lacking.<sup>4</sup>

Ef trúa má Ariès hefur viðhorf miðaldamanna til barna einkennst af því að þau voru álitin „litlir fullorðnir“ eða fullorðnir í smækkaðri mynd.

Niðurstöðu sína byggir Ariès á ákveðinni túlkun á félagsgerð og samskiptaháttum (sociability) miðaldasamfélagsins. Ólíkt þjóðfélagi nýaldar, þar sem skörp skil voru dregin milli aldursflokka og stétta, var miðaldasamfélagið „polymorphous . . . one unique social body embraced the greatest variety of ages and classes“.<sup>5</sup> Milli fátækra og ríkra, húsbænda og hjúa, ungra og aldinna, foreldra og barna voru dagleg, frjálsleg samskipti – sem útilokuðu ekki harðneskju á annan bóginn og slægð á hinn – en spruttu af hinu nálega stöðuga samlífi.<sup>6</sup>

Slíkur samgangur manna af ólíkum aldurs- og félagsflokkum stafaði ekki af rótgrónu félagslyndi heldur af því hvernig sjálfri félagsgerðinni og umgerð hins daglega lífs var háttað:

The density of social life made isolation virtually impossible, and people who managed to shut themselves up in a room for some time were regarded as exceptional characters: relations between peers, relations between people of the same class but dependent on one another, relations between masters and servants – these everyday relations never

4 Þá sjaldan verður vitnað til ritsins á frummálinu (í endurútgáfu þess 1973) verður það skammstafað *L'enfant* . . . Oftast verður vitnað til þess í enskri þýðingu, *Centuries of Childhood*, endurútg. 1973, skammst. hér eftir *Centuries* . . . Þessi þýðing er hér tekin fram yfir frummálið þar sem beinar tilvitnanir í frumtextann færu fyrir ofan garð og neðan hjá mörgum lesendum. Eins og bent hefur verið á (Wilson: „The infancy of the history of childhood: An appraisal of Philippe Ariès“. *History and Theory* 19 (1980), 132) er enska þýðingin ekki gallalaus. Tilvitnaður staður, bls. 125, er skýrt dæmi um þennan þýðingarvanda. „The idea of childhood“ eða, eins og notað er annars staðar í sömu merkingu, „the concept of childhood“, er látið samsvara á fr. „le sentiment de l'enfance“. Vandinn er sá að „sentiment“ vísar ekki síður til kennda/viðhorfa en þekkingar og skilar sér því illa með orðunum „bernskuhugmynd/hugtak“. Nær réttu lagi væri að nota „bernskuvitund“, eins og Wilson bendir raunar á (art.cit., nmgr. 13). Verður það yfirléitt gert hér á eftir.

5 Ariès: *Centuries* . . . , 398.

6 Ibid., 383.

left a man by himself. This sociability had for a long time hindered the formation of the concept of the family because of the lack of privacy.<sup>7</sup>

Í þessu þjóðfélagi voru skilin milli vinnu og leiks ekki heldur orðin jafnskörp og síðar varð eftir að siðfræði mótmælenda hafði mótað viðhorf manna til vinnunnar. Eins og Ariès sér líf miðaldamanna fyrir sér var það frumstæður lífsmáti þar sem menn gáfu sér lausan tauminn í ærslafengnum skemmtunum. Menntu líka enn tiltölulega óbundnir af þeim boðum, hömlum og þvingunum sem síðar var hert á samfara eflingu ríkisvalds og vaxandi áhrifum kristindóms á lífsháttu og siði.

Inn í slíkt menningar- og félagsmynstur fellur túlkun Ariès á miðaldafjölskyldunni og þeirri aldursflokkablöndun sem var eitt helsta einkenni hennar:

Generally speaking, transmission from one generation the next was ensured by everyday participation of children in adult life . . . Wherever people worked and also wherever they amused themselves, even in taverns of ill-repute, children were mingled with adults. In this way they learnt the art of living from everyday contact.<sup>8</sup>

Pátttaka barna í lífi fullorðinna þegar á unga aldri lýsir betur en flest annað stöðu þeirra í miðaldasamfélaginu. Jafnshjót og börn gátu bjargað sér eftirlitslaust voru þau tekin gild í samfélagi fullorðinna. En meðan þau þörfuðust aðgæslu voru þau lítils metin af fullorðnum og tilfinningalega afskipt hjá því sem síðar gerðist.<sup>9</sup>

Tiltækar heimildir um viðfangsefnið – sem eru einkum helgimyndir og höggmyndir sökum þess hve ritheimildir eru þögular um það – leiða að dómi Ariès til þeirrar niðurstöðu að fram á síðmiðaldir hafi vitund manna um bernskuna verið afar óljós. Þannig er eini munurinn, sem málara sýna á barni og fullorðnum, stærðarmunur<sup>10</sup>; hvað varðar klæðnað, leiki eða skemmtanir sýnist eitt hafa verið látið ganga yfir börn og fullorðna.

Bernskuvitundin var álíka lítt mótuð í nútímamynd og sjálf fjölskylduvitundin; kæmist barn á legg á annað borð var alvanalegt að senda það í vist átta eða níu ára gamalt. Ef dæma má eftir lýsingu ítalsks ferðalangs á Bretlandi seint á 15. öld. var

7 Ibid., 385. – Fjölskylduhugtakið sem höfundur verður tíðrætt um vísar til hins nútíðarlega, þrönga skilnings á því hvað fjölskylda er, þ.e. sambýli blóðtengdra einstaklinga, einkum foreldra og barna þeirra. Fram á 18. öld merkti orðið aftur á móti aðallega: 1) ættingja sem bjuggu ekki saman; 2) heimilisfólk, þ.e. einstaklinga sem bjuggu undir sama þaki þótt ekki væru allir blóðskyldir eða mægðir innbyrðis. Sjá nánar Flandrin: *Families in Former Times*, 4-10 (hér eftir skammst. Flandrin: *Families* . . . ).

8 Ariès: Op. cit., 356.

9 Sjá *ibid.*, 125. – Höf. orðar þetta beinlínis þannig. „The infant who was too fragile as yet to take part in the life of adults simply „did not count“: this is the expression used by Molière“.

10 Höfundur telur með ólíkindum að þetta stafi af listrænni vangetu eða klaufsku, sbr. op. cit., 353. Slíkt ber þó ekki að útiloka eins og einn ritdómari hefur bent á, sjá Holmes: „Medieval Children“. *Journal of Social History* (2, 1968), 165.

það nokkuð almennt tíðkað af foreldrum að senda börnin í vist hjá öðrum en taka í staðinn við börnum ókunnugra inn á heimilið.<sup>11</sup> Tveimur öldum síðar var þessi venja enn í góðu gildi í Bretlandi ásamt tilheyrandi viðhorfum:

There was no notion that childhood might be a stage of life with interests and activities which had their own value and deserved to be encouraged for their own sake . . . To them [parents] childhood was a state of incomplete adulthood, an inevitable but unfortunate period of weakness to be crossed as quickly as possible.<sup>12</sup>

Hvort sem börn voru send í læri hjá iðnmeistara eða í vist hjá bónda var þeim ætlað að sinna verkefnum við hæfi fullorðinna. Auk verklegrar þjálfunar var til þess ætlast að í vistinni efldist barnið að siðferðilegum og félagslegum þroska. Húsbóndinn var í mjög eiginlegum skilningi staðgengill foreldris, ábyrgur fyrir misgerðum lærlinga sinna og skyldugur til að refsa fyrir þær.<sup>13</sup>

Hvenær og með hvaða hætti vaknaði þá vitund um að börn væru eitthvað annað en fullorðnir í smækkaðri mynd. Ariès telur að viðhorfin hafi breyst smám saman frá því seint á miðöldum uns umskiptin voru orðin áberandi á 17. öld. Í málverkum endurspeglast breytingin í því að börn eru sýnd með æ skýrari persónuleikadráttum er undirstrika séreðli þeirra, yndisþokka og látæði.<sup>14</sup> Myndræn upphafning bernskunnar náði hámarki á 17. öld þegar andlitsmyndir af börnum urðu eftirsótt viðfangsefni málara eins og Rubens, Van Dyck, Franz Hals. Á þessum myndum sést m.a. glöggt að börn efnafólks voru hætt að klæðast eins og fullorðnir. Það að tekinn var upp sérstakur barnaklæðnaður eins og gerðist meðal efri stéttanna frá lokum 16. aldar markar mikilvægan áfanga í mótun bernskuvitundarinnar.<sup>15</sup> Í klæðnaði birtist þannig áður óþekkt tilhneiging til að greina börn frá fullorðnum, marka hinum fyrrnefndu sérstöðu með nokkurs konar einkennisbúningi. Svipuð tilhneiging kemur fram á 17. öld á sviði leikja og tómsundaiðkana: ýmsir leikir og ævintýri, sem höfðu áður verið sameiginleg skemmtun fólks á ólíkum aldri, töldust nú fyrst og fremst við hæfi barna, alþýðufólks og sveitanna.<sup>16</sup>

11 Ariès: Op. cit., 31. – Höfundur er ekki viss um að ástæðan fyrir þessum gagnkvæmu vistaskiptum hafi verið sú sem hinn ítalski ferðalangur gaf, þ.e. að fólk hafi þar með vænst þess að fá betri þjónustu en af hendi eigin afkvæma, heldur hin sem innfæddir gáfu ferðalangi: með því móti lærðu börn þeirra betri siði.

12 Wardle: *The Rise of the Schooled Society*, 29. – Höfundur bendir á að til þessa tíma megi rekja þá neikvæðu merkingu sem loðir enn við orðin „barnalegur“, „barnaskapur“.

13 Ibid., 29-30.

14 Höf. bætir við að „these features of sentimental realism would take long time to extend beyond the frontiers of religious iconography“ (Ariès: Op. cit., 34) eða ekki fyrr en seint á 15. öld – en eru eigi að síður vitnisburður um að börn vöktu þá kenndir í brjósti manna sem höfðu ekki áður komið fram í myndrænni tjáningarsögu Evrópu.

15 Ibid., 55. – Athygli vekur að í fyrstu tók sérstakur barnaklæðnaður aðeins til drengja – og þá í formi kvenlegs fatnaðar. Það viðgekkst miklu lengur að stúlkubörn væru klædd sams konar fötum og fullorðið kvenfólk notaði.

16 Ibid., 89 o. áfr. – Eins og höfundur bendir á (bls. 97) kemur hér vel fram „the connection between the idea of childhood and the idea of class“.

Þessi þróun samsvaraði nokkurn veginn þeirri bernskuvitund sem Ariès telur að hafi komið fram á öndverðri 17. öld. Hún einkenndist af því að foreldrar, aðallega mæður, voru farin að gefa börnum sínum miklu meiri gaum en áður, nutu návistar við þau, gældu við duttlunga þeirra og höfðu yndi af skringilegum uppátækjum þeirra og einfeldningshætti.<sup>17</sup> Þetta stig kennir Ariès við kjass og gælur (fr. *mignautage*, e. *coddling*).

Á hinu síðara stigi birtist bernskuvitundin í allt annarri mynd enda átti hún upp-tök sín utan fjölskyldunnar, meðal síðavandra uppeldisspekinga. Að þeirra dómi þurftu börn allt annars við af hálfu mæðra sinna en eftirlætis og dekurs, þau þörfu-uðust fyrst og fremst verndar og uppbyggingar.<sup>18</sup> Af slíkri umhyggjusemi spruttu ný viðhorf til alls sem í daglegu lífi eða rituðu máli laut að kynfærum manna og kynlífi; margt það sem fram til þessa hafði verið jafnt ungum sem fullorðnum til-efni „saklauss“ skens og glettnislegs umtals, álitu menn nú í vaxandi mæli að væri eitthvað ósiðlegt og bæri að fela fyrir börnum. Þetta hélst í hendur við þróun sem leiddi annars vegar til mótunar ósiðsemishugtaksins og hins vegar til hugmyndar-innar um „sakleysi bernskunnar“ sem bæri að varðveita og vernda fyrir spillingu umhverfisins.<sup>19</sup>

Helstu frömuðir þessarar siðbótar 17. aldar í Frakklandi voru jesúítar og jans-enistar, uppeldisfræðingar kristilegrar siðvæðingar af nýrri gerð. Þeir kenndu að halda bæri börnum undir stöðugu eftirliti og ströngum aga, ala þau upp í siðsemi sem þýddi m.a. að þau skyldu skýla nekt sinni hvert fyrir öðru þegar þau háttuðu og sinna aðeins uppbyggilegum leikjum. Þau átti að ala upp í velsæmi en því fylgdi það að þau umgengjust þjónustufólk sem allra minnst. Þessar nýju uppeldisreglur voru ekki aðeins boðaðar í skólum heldur og í alþýðlegum ritum sem ætluð voru foreldrum til leiðsagnar. Að öllu samanlögðu leiddi þessi siðbótarviðleitni til „the formation of that moral concept which insisted upon the weakness of child-hood . . . associated with its innocence, the true reflection of devine purity, and which placed education in the front of man's obligations“.<sup>20</sup>

Uppalandinn varð einkum að gæta að tvennu: hann mátti hvorki sýna börnum skeytingarleysi eða síngjarna ástúð er gældi við duttlunga þeirra né heldur lítils-virðingu eins og fulltíða manni hætti til andspænis fákænsku þeirra og barnaskap. Hin uppbyggilega afstaða fólst þvert á móti í því að vernda æskuna fyrir spillingar-öflum lífsins, ekki síst kynlífsins, og styrkja hana með því að efla skapfestu og skynsemi mannsins.<sup>21</sup>

Ariès telur að mótun hinnar nýju bernskuvitundar hafi haldist í hendur við breytingar á ímynd fjölskyldunnar eða öllu heldur tilfinningalegu inntaki hennar.

17 Ibid., 126-27.

18 Ibid., 128-29.

19 Ibid., 98-111.

20 Ibid., 111.

21 Ibid., 116. – Ariès bendir á að sú mótsögn er kunnari að felast í þessari tvíþættu kröfu: að vernda hið barnslega og gera strangari kröfur til barna en hæfði aldri þeirra – eigi rót að rekja til Rousseaus sem hafi orðið fyrstur til að tengja bernsku við „primitivism and irrationalism or prelogicism“.



Eftir að lénsskipan komst á og langt fram eftir miðöldum tengdist hollusta einstaklingsins fremur ættingjahópnum (frændgarðinum) en fjölskyldunni í þröngri merkingu:

One has the impression that only the line was capable of exciting the forces of feeling and imagination. The restricted family community, on the other hand, had an obscure life . . . In the domain of feeling, the family did not count as much as the line . . . the concept of line extended to the ties of blood without regard to the emotions engendered by cohabitation and intimacy.<sup>22</sup>

Allar í stæður hins daglega lífs mótuðust af sambýli fólks þar sem auk fjölskyldukjarnans var einnig þjónustufólk, lærlingur, aðkomumaður eða skjólstæðingur – í húsakynnum sem voru þannig gerð að þau leyfðu ekkert raunverulegt einkalíf. Þetta kom í veg fyrir að nútímaleg fjölskyldumynd gæti skapast. Hin stærri heimili efnafólks voru félagslegur vettvangur einstaklinga af ólíkum stigum og aldri, ættingja og ókunnugra. Náin tilfinningabönd foreldra og barna, er auðkenna nútímafjölskyldu, gátu enn síður myndast þar sem alvanalegt var, eins og áður segir, að senda börn í vist þegar á unga aldri til ættingja eða ókunnugra; þau viku þannig oft fyrir ókunnugum börnum sem tekin voru inn á heimilið í staðinn.<sup>23</sup>

En frá 15. öld að telja öðlaðist fjölskyldan í nútímaskilningi þess orðs áþreifanlegri merkingu í vitund manna. Hún ryður sér til rúms á myndfleti málverkanna, fyrst hinna trúarlegu en síðan hinna veraldlegu.<sup>24</sup> Þetta sýnir að fjölskyldukjarninn, tengsl foreldra og barna, var óðum að öðlast nýtt tilfinningagildi í brjósti manna. Ný fjölskyldumynd er þannig nátengd bernskuvitundinni sem áður getur. Hún mótaðist á kostnað ættartengslanna og tengsla fjölskyldunnar við umheiminn yfirhöfuð. Meðal fyrirfólks varð sú tilhneiging áberandi þegar kom fram á 17. öld – og enn frekar á hinni átjándu – að fjölskyldan lokaði sig af með nokkrum hætti og eignaði sér afmarkað rúm á heimilinu.<sup>25</sup> Þetta samsvaraði þeirri uppeldishugmynd sem áður getur, þ.e. að standa vörð um sakleysi bernskunnar með því að útiloka óholl umhverfisáhrif, þar á meðal þau sem stöfuðu frá öðru heimilisfólki, einkum þjónustuliði og „solli eldhússins“. Upphafning bernskunnar hafði þannig jafnframt í för með sér skerðingu á frjálstræði barna og félagslegu samneyti þeirra við umhverfið.

Einn gildasti þátturinn í mótun nýrrar fjölskylduvitundar var tilkoma skólans

22 Ibid., 343. – Hér er ekki efast um „líkamlega“ tilvist fjölskyldunnar heldur lögð áhersla á að hún var „a moral and social rather than a sentimental reality“. (Op. cit., 356.)

23 Þegar þessa er gætt er ekki að undra þótt mörkin milli flokkanna tveggja, barna og þjónustufólks, hafi verið óglögg. „Pénarinn“ var einatt barn í eiginlegri merkingu og álitinn vera það áfram þótt hann hefði náð fullum líkamsþroska, sbr. *infra* bls. 50.

24 Ariès talar í þessu samhengi um „the iconographic blossoming which after the fifteenth-sixteenth century followed a long periode of silence . . .“ (Op. cit., 351).

25 Eiginlegt einkalíf fjölskyldunnar varð þó fyrst mögulegt á 18. öld samfara breyttri herbergjaskipan á heimilum betri borgara, sjá *ibid.*, 378-87, og Flandrin: Op. cit., 92-103.

sem uppeldisstofnunar. Vissulega höfðu skólar viðgengist í Evrópu um aldir sem gróðrarstöðvar klerklegra mennta; en

for a long time the school remained indifferent to the separation and distinction of the ages, because it did not regard the education of children as its essential aim . . . The medieaval school was not intended for children; it was a sort of technical school for the instruction of clerics, young or old.<sup>26</sup>

Í skólasamfélagi miðalda var nemandinn álitinn aðili að sjálfráða flokki manna – *corpus universitatis* – er setti sér eigin reglur og kaus sér fyrirliða. Til þess að ganga í slíkan flokk þurfti ekki neina formlega innritun enda var sú hugmynd framandi þeirrar tíðar mönnum að námsefni skyldi skipast í ákveðna röð eftir aldri nemenda. Hugtakið skólaaldur var hreinlega ekki til í nútímamerkingu orðsins.

Miðaldaskólinn átti þannig lítið annað en nafnið sameiginlegt með hinum „siðbreytta“ skóla er ruddi sér rúms í Frakklandi og Bretlandi upp úr 1600.<sup>27</sup> Samfara útbreiðslu hans víkkaði bernskuhugtakið – á hinum áður óljósu skilum bernsku- og fullorðinsára. Tilkoma hins nýja skóla leiddi til þess að smám saman hlaut hugtakið skólaaldur viðurkenningu sem eins konar framlengd bernskuár.<sup>28</sup>

Auk ólíkrar afstöðu til markmiðs og aldursflokkanar var aginn það sem greindi nýaldarskólann skýrast frá miðaldaskólanum. Í anda hinnar nýju bernskuvitundar varð skólinn að ögunartæki í höndum einráðra kennara. Hin nýja skipan birtist dæmigerð í *ratio studiorum* jesúíta sem höfðu í hávegum líkamsrefsingar og kerfisbundna ítrodslu. Þar með var skólanemandinn álitinn barn og samkvæmt því sviptur öllu sjálfræði.<sup>29</sup>

Með tilkomu skólans gafst hinni borgaralegu fjölskyldu, sem var nú í mótun, tækifæri til að staðfesta félagslegt sjálfræði sitt með því að draga börnin út úr fléttu vistaskiptanna; í stað þess að fela annarri fjölskyldu það hlutverk að koma barninu til manns var nú opin leið til að láta óháð yfirvald, skólakennarann, annast hinn formlegri þátt félagsmótunar. Þessi félagslega sundurgreining<sup>30</sup> var í sam-

26 Ariès: Op. cit., 317.

27 Þar sem jesúítar og jansenistar voru frumkvöðlar skólabótarinnar í Frakklandi var sambærileg hreyfing í Bretlandi borin uppi af borgaralegri góðgerðastarfsemi hinna „óháðu“, siðbættu safnaða. Þarlendis gengu skólarnir ýmist undir nafninu „charity schools“ eða „industrial schools“, „ . . . combining a measure of rudimentary instruction with hard work under strict discipline“. (Wardle: Op. cit., 31.)

28 Þessi þróun tók aldir áður en niðurstaða hennar var félagsfest með almennri skólagöngu á 19. öld. Sú framlenging á bernskunni sem fylgdi henni var þá líka orðin að nýju, viðurkenndu aldurs skeiði, – unglingsárum.

29 Það tók raunar aldir að losa skólann fyllilega við sjálfræðis- og ærslaarfleið miðalda; liðið var langt á 18. öld þegar segja má að búið hafi verið að temja skólastrákinn nokkurn veginn til hlýðni, sjá Ariès: Op. cit. 302-315.

30 Eins og bent hefur verið á (sjá Hunt: *Parents and Children in History*, 37-40), mætti nota hugtakið „structural differentiation“ að hætti fúnksjónalískra félagsfræðinga til að leysa eða a.m.k. draga úr þeirri mótsögn sem röksemdafærsla Ariès felur í sér, þ.e. að tilfinningalegt gildi fjölskyldunnar hafi vaxið samtímis því sem önnur þjóðfélagsfesti, efnahags- og stjórnmálastofnanir, yfirtóku mörg þau verkefni sem hún hafði áður með höndum.

ræmi við boðskap hinna „siðbreyttu“ uppeldisfræðinga sem mæltu fyrir um siðferðilegan strangleika í barnaupveldi; nauðsynlegt væri t.d. að einangra æskulýðinn frá hinum siðspillta heimi fullorðinna. Jafnframt samsvaraði hún ósk foreldraanna um að geta fylgst nánar með börnum sínum.<sup>31</sup>

The substitution of the school for apprenticeship, likewise, reflects a rapprochement between parents and children, between the concept of the family and the concept of childhood which had hitherto been distinct.<sup>32</sup>

Sambætt þróunarsaga bernsku- og fjölskylduvitundar frá miðöldum til nýaldar, eins og hún birtist skv. túlkun Ariès, sýnir að meginmunur var á ríkjandi uppeldisviðhorfi hvors tímabils um sig. Eins og allt var í pottinn búið þurfti miðaldamenningin ekki á að halda neinni eiginlegri uppeldishugmynd. Að þessu leyti markar siðbreytingin í upphafi nýaldar, hvort sem hún er skoðuð í sinni evangelísku eða kaþólsku mynd, afdrifarík tímamót. Hinir vandlátu siðbótarmenn risu upp gegn þeirri blendnu tvíhyggju sem miðaldakirkjan hafði umborið: að menn velktust í veraldarvafstri um leið og þeim var upp á lagt að leita sáluhjálpar handan þessa heims, með því að draga sig út úr honum. Til þess að uppræta slíka tvíhyggju hófu þeir baráttu fyrir helgun leikmennskunnar, þar með talið þeirrar stofnunar sem var jafn nátengd holdinu og fjölskyldan hlaut að vera. Foreldrum var kennt að þeir væru eða bæri að vera andlegir verndarar bernskunnar, ábyrgir gagnvart guði fyrir sálarheill barna sinna. Til þess að tryggja hana þyrftu börnin sérstakrar andlegrar uppbyggingar við, sem kallaði aftur á það að þeim væri haldið um árabíl í einhvers konar sóttkví frá samfélagi fullorðinna, áður en þeim væri leyft að sameinast því. Fjölskyldan og skólinn urðu slík sóttkví þar sem börn voru öguð eftir æ strangari reglum.<sup>33</sup> Umhyggja fjölskyldu, kirkju, siðaprédikara og embættismanna varð til þess að börn misstu það sjálfraði sem þau höfðu lengi notið meðal fullorðinna.

### Bernskuvitund í sögunnar rás

Eins og nærri má geta um brautryðjandaverk hefur rit Ariès vakið deilur og gagnrýni.<sup>34</sup> Gagnrýnin hefur aðallega komið frá sagnfræðingum í kjölfar ítarlegri

- 31 Fyrir fjölskylduna var eitt að senda börn í vist, annað að senda þau í skóla. Í vistinni var barnið undirgefið árum saman alhliða valdi annars húsbónda en í skólanum var það sett tímabundið undir annars konar yfirvald, formlegt og þá um leið afmarkað vald kennarans.
- 32 Ariès tekur skýrt fram að þessi þróun frá miðalda- til nýaldarfjölskylduhátta hafi lengi vel ein-skordast við „the noble, the middle class, the richer artisans, and the richer labourers“. (Ariès: Op. cit., 390.) Fram á öndverða 19. öld lifði meiri hluti íbúanna, hinir fátæku, enn að hætti miðalda-fjölskyldunnar þar sem börnin voru aðskilin frá foreldrum sínum.
- 33 Ibid., 397. – Ariès leggur áherslu á að „this severity was the expression of a very different feeling from the old indifference: an obsessive love which was to dominate society from eighteenth century on.“
- 34 Fyrstu árin eftir útgáfu *Centuries of Childhood* var ritsins getið að litlu í fræðilegum tímaritum. Þetta hefur verið rakið til frumleika Ariès „in breaking new historiographical ground. Insofar as

rannsóknna á því sviði sem Ariès ruddi fyrir aldarfjórðungi.<sup>35</sup> Í þessum undirkafla og hinum næsta verða rakin almenn atriði þessarar gagnrýni að svo miklu leyti sem þau varða aðferðafræði og efnislegar niðurstöður Ariès – og þá um leið undirstöðu bernsku- og fjölskyldusögu yfirleitt.

Nýstárlegust mun hafa þótt sú niðurstaða Ariès að bernskuvitundin væri tiltölulega ný „uppgötvun“ í sögu Evrópu (sbr. *supra* bls. 17). Röksemdir hans fyrir þessari niðurstöðu hafa sætt vaxandi gagnrýni. Bent er á að Ariès hafi skoðað heimildir sínar, sem eru einkum myndræns eðlis, einhliða með gleraugum nútíðarmanna. Hann hafi leitað í þeim eftir merkjum um nútíðarleg viðhorf til barna, og úr því þau fundust ekki hafi hann ályktað að slík eða áþekk viðhorf hafi yfirleitt ekki verið til á þeim tímum er hinar myndrænu heimildir urðu til.<sup>36</sup> Adrian Wilson, sem kalla má einn skæðasta gagnrýnanda Ariès, kennir þessu nútíðarlæga sjónarhorni um það að hann hafi:

. . . confused the content of the sources with the attitudes of the time, he has sought to read the attitudes in the sources themselves, eliding the veritable universe of questions concerning the nature of those sources.<sup>37</sup>

Að því er varðar túlkun Ariès á hinum myndrænu heimildum á þessi gagnrýni tvímælalaust rétt á sér. Málalalist sem og aðrar listgreinar er ekki óbreytilegt fyrirbæri, form hennar þróast í tímans rás tiltölulega óháð viðfangsefni málaraanna. Má í því sambandi staldra við dæmi af málverkum endurreisnartímans sem Ariès notar sjálfur. Á myndfleti þeirra birtast börn vissulega í „raunsærra“ líki en á smámyndum og helgimyndum frá 12. öld. Breytinguna má hins vegar skýra án þess að gert sé ráð fyrir breyttu viðhorfi 15. aldar manna til barna, miðað við það sem var ríkjandi á 12. öld, einfaldlega með skírskotun til hins nýja listforms og efnisskyns sem endurreisnarmenn hófu til vegs.<sup>38</sup> Samfara uppgötvun þeirra á klassískri fornaldarlist beittu þeir sér fyrir nýjungum í myndrænni tjáningu sem geta hafa verið tiltölulega óháðar því hvernig þeir sjálfir skynjuðu viðfang málverksins, t.d. börn, í raunverulegu umhverfi sínu. Nýjungin kann að hafa stafað mestmegnis af því að hin formlega hlið tjáningarinnar, stíllinn en ekki viðhorfið

---

anyone has created the history of childhood, and the broader history of the family, he has, and for that reason, very few people at the time realized what had happened“. (Vann: „The Youth of Centuries of Childhood“. *History and Theory* 21 (2, 1982), 283.)

35 Að sögn Vanns (art. cit., 286), sem hefur kannað sérstaklega viðbrögð fræðimanna við *Centuries . . .* gegnum tíðina hafa þeir, að sagnfræðingum undanskildum, yfirleitt tekið meginniðurstöður ritsins gildar og góðar.

36 Wilson gerir að meginatriði í gagnrýni sinni það sem hann kallar „nútíðarlægni“ (present-mindedness) höfundur. Að dómi hans nálgast Ariès heimildir sínar „with both eyes in the present. In his reading of the evidence . . . all is filtered through the categories of the present“ (art. cit., 148). Um réttmæti þessarar gagnrýni sjá *infra* bls. 55.

37 Ibid., 144.

38 Ibid., 145.

til sjálfs inntaksins, hafði tekið breytingum.<sup>39</sup> Með öðrum orðum, listræn sköpunarverk, jafnt málverk sem bókmenntatextar, eru harla ótraustar heimildir um hugarfar manna á því tímabili sem verkin verða til á.

Það er augljóst mál að umrædd túlkunaratriði varða mjög röksemdafærslu Ariès. Sú ályktun hans að börn hafi ekki „skipt máli“ á miðöldum, áður er en þau voru tekin gild, raunar á unga aldri, í samfélagi fullorðinna<sup>40</sup> (sbr. *supra* bls. 17), byggist ekki síst á því að séreðli þeirra skv. nútíðarskilningi endurspeglar ekki í málverkum langt fram eftir miðöldum. Ófullnægjandi heimildarýni ásamt hinu nútíðarlæga sjónarhorni valda sjálfsagt mestu um það hve umfjöllun Ariès um stöðu barna í miðaldasamfélaginu er yfirborðsleg. Sérstaklega virðist hann áhugalaus um hlutskipti þeirra á fyrstu aldursárunum; a.m.k. lætur hann hjá líða að útskýra hvað svokallað tómlæti í garð barna geti merkt þegar höfð er í huga þörf þeirra fyrir umönnun og nán samskipti. Hvorttveggja verður þó að teljast almenn forsenda fyrir því að barn verði að manni.<sup>41</sup>

Nú er þessi tómlætiskenning Ariès bæði lítt köruð og tvíræð í ýmsum greinum. Það er því ekki undarlegt þótt ýmsir gagnrýnendur hans hafi teygt hana lengra en efni virðast standa til, a.m.k. við fyrstu sýn, t.d. með því að leggja hið svokallaða tómlæti að jöfnu við tilfinningakulda. Í umsögn sinni um rit Ariès dregur H. T. Holmes þannig fram mörg dæmi úr miðaldabókmenntum er sýni að sterk tilfinningabönd hafi stundum verið milli foreldra og barna<sup>42</sup> – og gengur hann þá út frá því að slíkt samrýmist ekki kenningu Ariès. Í sama skyni hefur Klaus Arnold safnað á bók mörgum heimildum frá síðmiðöldum um börn og samfélag.<sup>43</sup> Telur hann að af þeim megi álykta eftirfarandi:

Sie [Kinder] wurde geliebt und von ihren Eltern und der Umwelt zuweilen als lästig

- 39 Túlkunarvandi Ariès – sem lýtur m.a. að því hvernig aðgreina megi tilvist ákveðinna kennda eða viðhorfa á liðinni tíð og varðveitt merki um tjáningu þeirra – birtist í áberandi mótsögn. Þar sem hann ræðir í riti sínu (bls. 127) um gælur foreldra við börn þeirra („coddling“, sbr. *supra* bls. 19), segir: „Children’s little antics *must always* have seemed touching to mothers, nannies and cradle-rockers, but their reactions formed part of the huge domain of *unexpressed feelings*. Henceforth people would no longer hesitate to recognize the pleasure they got from watching children’s antics and „coddling“ them“ (undirstrikað af L. G.). Hér segir með öðrum orðum að ánægjukennndin hafi alla tíð verið til staðar þótt menn hafi lengi vel ekki látið það eftir sér að tjá hana! Raunar er óljóst hvort Ariès á hér við tjáningu í raunverulegum samskiptum foreldra og barna eða ummerki um slíka tjáningu í varðveittum heimildum. Hvað sem því líður verður kenndin að teljast jafn raunveruleg frá tilvistarsjónarmiði þótt tíska eða stíll samtímans kunni að hafa komið í veg fyrir að hún væri tjáð með þeim hætti að nú sé hægt að ganga úr skugga um tilvist hennar og setja hana þannig fram sem sagnfræðilega staðreynd.
- 40 Ariès gerir hvergi fullljóst á hvaða aldri börn hafi yfirleitt verið þegar þetta gerðist en á einum stað miðar hann við sjö ára aldur (sjá Vann: Art. cit., 291).
- 41 Hunt: Op. cit., 49 – Höf. ályktar svo: „If parents were truly indifferent, their children would die“! Í þessu sambandi saknar hann hjá Ariès þess félagssálfræðilega skilnings sem lýsi sér í umfjöllun Erik H. Eriksons á bernskuskeiðinu, einkum í *Childhood and Society* (1950).
- 42 Holmes: Art. cit., 171.
- 43 Arnold (rits.), *Kind und Gesellschaft in Mittelalter und Renaissance*.

empfunden wie zu allen Zeiten; Licht und Schatten beleitete ihre Existenz wie heute noch.<sup>44</sup>

Í þessu efni hefur þó vakið meiri athygli gagnrýni Le Roy Laduries enda byggist hún á fágætlega auðugu heimildaefni frá síðmiðöldum sem varð til við rannsóknarréttarhöld yfir íbúum smáþorps eins í Pýreneafjöllum á öndverðri 14. öld.<sup>45</sup> Úr þessu kostulega efni rekur Ladurie mörg dæmi um ástúd foreldra af alþýðuættum í garð barna sinna og sorg þeirra yfir barnamissi.<sup>46</sup> Af þessu dregur Ladurie eftirfarandi ályktun:

Dans cette ambiance d'incontestable affection, la mort ou simplement la maladie du jeune enfant, ou la séparation d'avec lui, peuvent être et sont souvent source de douleur, d'authentiques souffrances, pour le cœur des parents. Surtout, bien sûr, pour celui de la mère . . . Ce fait nous invite à n'écouter qu'avec précaution les chercheurs, si éminents soient-ils – qui nous parlent de la découverte de l'enfance, parmi les élites, aux Temps modernes; qui nous parlent aussi d'une soi-disant indifférence à l'enfance dans les classes populaires ou paysannes, voire bourgeoises, à l'époque de très anciens régimes.<sup>47</sup>

Hér er staður til að athuga nánar hve gagnrýni þeirra Holmes og sérstaklega Laduries hæfir vel í mark. Greinilega er ekki um það að villast að Ariès gerir yfirleitt lítið úr þætti tilfinninga í lífi miðaldafjölskyldunnar, hvort sem lítið er á samband maka innbyrðis eða tengsl foreldra og barna.<sup>48</sup> Sé hins vegar tekið fullt mark á skilgreiningu hans sjálfs á bernskuvitundinni (sbr. *supra* bls. 16), eðli hennar og þroskaskilyrðum, er ljóst að umrædd gagnrýni missir nokkuð marks; því að sögn

44 Ibid., formáli ritstjóra, 86.

45 Le Roy Ladurie: *Montaillou, village occitan de 1294 à 1324*. Gagnrýnin kemur fram í 13. k., „Le sentiment de l'enfance et les âges de la vie“. Í styttri þýðingu bókarinnar á ensku er sleppt úr kaflanam þeim hluta er geymir umrædda gagnrýni.

46 Ibid., 309-17. – Heimildameðhöndlun Laduries hefur raunar verið gagnrýnd allharðlega af Herlihy í ritdómi um Montaillou. *Social History* 4 (3, 1979), 517-20, en aðfinnslur hans varða ekki sérstaklega tilvitnuð dæmi.

47 Le Roy Ladurie: Op. cit., 311-12. – (Tilvitnun í lauslegri þýðingu: „Í þessu andrúmslofti ótvíræðs ástríkis gátu dauði og jafnvel veikindi ungbarns eða aðskilnaður vakið foreldrum sorg og ósvikna hugarkvöl; slíkt gerðist oft í reynd. Þetta á vitanlega einkum við um móðurina . . . Af þessum sökum skyldu menn trúa varlega þeim fræðimönnum, hversu ágætir sem þeir kunna að vera að öðru leyti, sem halda því fram að bernskan hafi verið uppgötvuð af heldra fólki á nýöld; ellegar að svokallaðs tómlætis í garð barna hafi gætt meðal alþýðu í bæjum og til sveita, og jafnvel meðal borgara, á löngu liðnum tímum“.) – Tekið skal fram að hinir „ágætu fræðimenn“ sem Ladurie vísar til eru Ariès og François Lebrun.

48 Ariès: *L'enfant* . . . (Formáli), 7-8. – Höf. svarar hér framkominni gagnrýni og skýrir um leið sitt-hvað í fræðilegri afstöðu sinni. Um tilfinningaþáttinn í fjölskyldulífi á miðöldum segir hér m.a.: „Elle [þ.e. miðaldafjölskyldan] n'avait pas de fonction affective. Cela ne veut pas dire que l'amours était toujours absent . . . Mais le sentiment entre les époux, entre parents et enfants, n'était pas nécessaire à l'existence ni à l'équilibre de la famille“ (bls. 7). Á síðari tímum hafi fjölskyldan þróast í þá átt að vera „un lieu d'affection nécessaire entre les époux et entre parents et enfants“ (bls. 8).

Ariès má ekki rugla saman bernskuvitund og ást á börnum, hin fyrrnefnda vísi fyrst og fremst til vitundar um séreðli barna miðað við ungt fólk eða fullorðna.<sup>49</sup> Þannig þarf ekki að vera mótsögn í að halda fram annars vegar að bernskuvitund hafi verið óþroskuð fram eftir miðöldum (Ariès) og hins vegar að finna megi ótví-  
ræð dæmi um ástríki og tilfinningabönd innan miðaldafjölskyldunnar (Holmes, Ladurie). Í formlegum skilningi eru þessar staðhæfingar samrýmanlegar.

En hvað sem formlegum skilgreiningum líður er hitt ljóst, þegar rætt er um samband foreldra og barna, að spurningin um tilfinningalegt inntak þess verður varla umflúin. Ætla má að viðbrögð hinna fyrrnefndu við barnamissi séu meðal eftirtektarverðustu mælikvarða á tilfinningagildi þessa sambands. Og það fer þá ekki milli mála að Ariès telur viðbrögð foreldra hafa einkennst einnig að þessu leyti af tómlæti langt fram á nýöld. Hann tilfærir m. a. orð 16.–17. aldar rithöfunda sem tóku missi barna sinna með slíkri stillingu og geðró að jaðrar við tilfinninga-  
kulda.<sup>50</sup> Skýring Ariès hljóðar þannig:

This indifference was a direct and inevitable consequence of the demography of the period . . . People could not allow themselves to become too attached to something that was regarded as a possible loss.<sup>51</sup>

Með þessum orðum vísar Ariès vitanlega til hins tíða ungbarnadauða sem kalli-  
aði að hans dómi á tilfinningalegan varnarhátt;<sup>52</sup> lífsvonin hafi verið of veik til þess að hættandi væri á það fyrir foreldra að verða mjög tilfinningalega háðir börnum sínu. Svipuð er niðurstaða François Lebruns sem hefur rannsakað ítar-  
lega viðhorf franskra foreldra til dauðsfalla ungbarna á 17.-18. öld. Að sögn hans var mjög algengt að þeir sem búsettir voru í borgum launuðu fóstur, gjarnan sveitakonur, til að taka við börnunum nokkrum dögum eftir fæðingu og gefa þeim brjóst ásamt eigin börnum. Þessi plagsiður breiddist út á umræddu tímabili þó að reynslan segði að aðkeypt fóstur af þessu tagi jafngildi nálega því að senda börnin í opinn dauðann.<sup>53</sup>

49 Ariès: *Centuries* . . . 125, og *supra* bls. 16. – Að dómi höfundar er tilvist bernskuvitundar nátengd því hvort sæmilega skýr aldursflokkun viðgengst í þjóðfélaginu.

50 Ibid., 37. – Tilfærð eru svohljóðandi ummæli Montaignes: „I have lost two or three children in their infancy, not without regret, but without great sorrow“. Sambærileg dæmi frá Englandi á 17. öld gefur Stone: *The Family, Sex and Marriage in England 1500 – 1800*, 70 (hér eftir skammst. Stone: *The Family* . . .).

51 Ibid., loc. cit.

52 Sams konar skýringu aðhyllist Stone: Op. cit., 5, 70, 81, svo og Flandrin: „L’attitude à l’égard du petit enfant et les conduites sexuelles dans la civilisation chrétienne“. *Annales de démographie historique* (1973), 174-175. Flandrin bendir á að þessi afstaða foreldra hafi verið blandin trúarlegri örlagahyggu sem birtist m. a. í orðtakinu: Drottinn gaf og drottinn tók. Það lýsi því viðhorfi að ekki sé á valdi dauðlegra manna að hafa áhrif á getnað eða dauðsföll barna.

53 Lebrun: *Les hommes et la mort en Anjou aux 17e et 18e siècles*, 422-24. – Varðandi ástæður fyrir aðkeyptri barnfóstur og útbreiðslu hennar, einkum í Frakklandi, sjá Badinter: *L’amours en plus*, 52-67, 83-118. Slík fóstur, sem rekja má a. m. k. aftur á 13. öld, einskorðaðist við börn af aðalsættum fram til loka 16. aldar en náði til barna af öllum þjóðfélagsstigum þegar komið var fram

Lebrun telur ekki ósennilegt að þessi venja lýsi ómeðvituðum varnarhætti af svipuðum toga og Ariès gerir ráð fyrir.<sup>54</sup> Og óneitanlega er hún til marks um sams konar tómlæti og honum verður tíðrætt um, a.m.k. hjá foreldrum af efri stigum sem enginn nauður rak til að fela ókunnugum umsjá barna sinna eins og þeir gerðu þó gjarnan, jafnvel árum saman. Víst er að slíkur langvarandi aðskilnaður foreldra og ungbarna hefur ekki verið til þess fallinn að glæða tilfinningatengsl þeirra á milli. Dæju börnin í fóstri var ekki heldur fátítt að foreldrarnir létu hjá líða að fylgja þeim til grafar.<sup>55</sup>

Með hliðsjón af þessum aðstæðum öllum ályktar Lebrun sem hér segir:

La mort d'un petit enfant—à condition qu'il ait reçu le baptême— . . . est considérée, sur le plan religieux, comme une délivrance . . . ; sur le plan humain, elle est ressentie comme un accident presque banal qu'une naissance ultérieure viendra réparer.<sup>56</sup>

Aðkeypt fóstur var ekki nema ein af mörgum „vanrækslusyndum“ foreldra á einveldisöld,<sup>57</sup> meðal annarra hefur verið talið það að kornabörn voru vanin snemma af brjósti, voru látin liggja í foreldrabeði þar sem þeim var hætt við köfnun fyrir vangá eða beinlínis ásetning foreldra; eins það að þau voru skilin eftir tímunum saman í heimahúsum án nokkurrar gæslu meðan annað heimilisfólk gegndi útiverkum eða voru yfirgefin af foreldrum fyrir fullt og allt í dyragættum í borgunum þar sem þau voru oft hirt og sett á upptökuheimili fyrir fátæka ellegar á munaðarleysingjahæli.<sup>58</sup>

Skv. framansögðu þarf ekki að fara í grafgötur um það að viðhorf foreldra til ungbarna á einveldisöld hafa verið harla frábrugðin þeim sem menn eiga að venjast á okkar dögum. En samanburður á niðurstöðum fræðimanna hefur líka sýnt að mjög ósennilegt er að umrædd viðhorf hafi þróast óslitið í eina átt allt frá mið-

á 18. öld. Um dánartíðni ungbarna í fóstri sem var allt að helmingi hærri en meðal barna á móðurbrjósti fjallar m.a. Flandrin: Art. cit., 177-79, og ítarlegar Shorter: *The Making of the Modern Family*, 175-90. Shorter ályktar af þessu: „If maternal breast-feeding made the difference between life and death, perhaps we might use it as an indirect indicator of the advance of maternal sentiment“ (bls. 181).

54 Þessa lýðfræði-/sálfræðilegu skýringu vefengja Badinter: Op. cit., 73-75, og Shorter: Op. cit., 203. Báðir telja nær sanni að snúa við orsakasamhenginu hjá Ariès, þ.e. vanhírðu mæðra megi að miklu leyti kenna um hina háu dánartíðni ungbarna.

55 Lebrun: Op. cit., 424.

56 Ibid., 423. (Tilvitnun í lauslegri þýðingu: „Í trúarlegu tilliti var dauðsfall smábarns álitid léttir – að því tilskildu að barnið hefði áður hlotið skírn . . . ; í mannlegum skilningi var því tekið nánast sem hversdagslegri slysi sem önnur barnsfæðing mundi síðar bæta fyrir.“)

57 Lawrence Stone talar í þessu sambandi um vítahring vanrækslu og ungbarnadaða: „Part of the very high infant mortality must have been due to this neglect, itself the product of poverty and ignorance. But at the same time the neglect was caused in part by the high mortality rate“. (Op. cit., 81.)

58 Um öll þessi atriði fjalla Flandrin: Art. cit., 158-77, og Shorter: Op. cit., 169-75. Sjá ennfremur Hanssen: Art. cit., 15.



öldum svo sem framsetning Ariès gæfi tilefni til að ætla. Af þessum sökum er ástæða til að fjalla frekar um þær mótsagnir sem fram eru komnar í þessari þróunarsögu ef takast mætti að skýra forsendur þeirra.

## Takmarkanir þróunarhyggjunnar

Þær niðurstöður rannsókna er að framan getur sýna að óvarlegt sé að gera ráð fyrir því að hin svokallaða bernskuvitund hafi þróast samfelld í eina átt allt frá miðöldum og fram á 18. öld. Eins og bent hefur verið á ber kenning Ariès með sér slíka þróunarhyggju: bernskuvitund er rakin frá því að vera nánast ekki til fram eftir miðöldum til þess að hafa náð fullum þroska eftir því sem nær dregur okkar tíma.<sup>59</sup> Þetta þróunarsjónarmið hefur þó gerst enn eindregnara hjá eftirkomendum Ariès, Edvard Shorter og Lloyd de Mause, helsta talsmanni þeirrar sagnfræðistefnu sem kennd er við „sálarsögu“ (psychohistory).

Með riti sínu, *The Making of the Modern Family*, hugðist Shorter m.a. „fram- lengja“ Ariès, ef svo mætti segja, með því að færa sönnur á að hefðbundið tómlæti í garð smábarna hefði haldist meðal evrópsks (einkum fransks) lágstéttarfólks nokkuð fram á 19. öld.<sup>60</sup> Að því er varðar þróunina fram undir miðbik 18. aldar lét hann sér hins vegar nægja að vísa til niðurstaðna Ariès. En að sama skapi og Shorter markar sér þrengra söguvið sýnast honum líka framfarir nútímans afdráttarlausari:

Good mothering is an invention of modernization. In traditional society, mothers viewed the development and the happiness of infants younger than two with indifference. In modern society, they place the welfare of their small children above all else.<sup>61</sup>

Svona skarpur verður munurinn með hinni grófu tímabilaskiptingu Shorters í hefðbundið þjóðfélag/nútímaþjóðfélag. Ólíkt Ariès dregur hann áberandi taum borgaralegra fjölskylduhátta; um leið lofsyngur hann frelsið sem kjarnafjölskyldan veitir og ástúðina sem umlykur að sögn smábörnin í faðmi hennar.<sup>62</sup> Sökum efnalegra aðstæðna og þröngsýni hafi mæðrum í hefðbundnu þjóðfélagi verið fyrirum að setja sig í spor smábarna og ímynda sér hvernig heimurinn horfði við þeim.<sup>63</sup>

59 Wilson: Art. cit., 151-52; og Flandrin: „Enfance et société“, í *ibid.*, *Le sexe et l'Occident*, 146-59. Í áður nefndum formála að *L'enfant* . . . fellst Ariès á þessa gagnrýni; hann hafi látið að því liggja að átt hafi sér stað „innovation absolue là où il y a plutôt changement de nature“ (bls. 11).

60 Shorter: Op. cit., 169-70.

61 *Ibid.*, 168.

62 Rit Shorters mætti kalla með réttu óð til hinnar rómantísku ástar svo og móðurástarinnar sem hann eignar skilyrðislaust „nú tímanum“. Í framsetningu hans birtast einstaklingskenndir sem meira eða minna sjálfstæðir áhrifavaldar í þróunarsögu kjarnafjölskyldunnar enda skilgreinir hann þá fjölskyldugerð sem „a state of mind rather than a particular kind of structure or set of household arrangements“ (bls. 205).

63 *Ibid.*, 169. – Höf. telur m.ö.o. að foreldra hafi þá skort innlifunarhæfni (empathy).

Í safnríttinu *The History of Childhood* gengur de Mause sýnu lengra en Shorter í þá átt að rekja þróun bernskuvitundarinnar einhliða til breytinga sem hafi orðið á sálrænni afstöðu foreldra til barna. Skv. túlkun hans marka helstu skeið sögunnar taktföst skref á snurðulausri framfarabraut, allt frá barnamorðum fornaldar og hámiðalda til aðhlynningar og barnelsku tuttugustu aldar. Því lengra sem farið sé aftur í aldir sjáist að þeim mun minna hafi verið hirt um börn<sup>64</sup> og þeim mun ríkari tilhneiging hjá foreldrum til frávarps og andhverfra viðbragða gagnvart börnum.

A hundred generations of mothers tied up their infants in swaddling bands and impassively watched them scream in protest because they lacked the psychic mechanism necessary to empathize with them.<sup>64a</sup>

Skiljanlegt er að einn gagnrýnandi hafi séð í þessari bernsku sögutúlkun skóladæmi um „die utopische Fortschrittsgläubigkeit unserer Gegenwart.“<sup>65</sup>

Sem varnaðarorð við öfgakenndri þróunarhyggju í hugarfarssögu á hér við það sem sagði í dómi J.–L. Flandrins um rit Ariès fyrir nálega tveimur áratugum:

Il est maintenant certain que les sentiments d'autrefois diffèrent des sentiments d'aujourd'hui. Mais le sentiment de l'enfance . . . n'est sans doute apparu *ex nihilo*. Il faut échapper à l'obsession d'établir la date de [sa] naissance; il n'y a sans doute que modification de forme, de valeur, mutations des liaisons rationnelles et affectives, changement de place dans la structure de l'existence.<sup>66</sup>

Flandrin telur réttilega að rétt sýn á viðfangsefnið fáist ekki í ljósi eindreginnar þróunarhyggju. Bindi menn sig á annað borð ekki við slíkt sjónarhorn er heldur engin ástæða til að reyna að jafna þann mismun sem vissulega er á niðurstöðum Ariès/Lebruns annars vegar og Laduries hins vegar – eða þá til að hafna niðurstöðum annars aðilans með því að fallast á röksemdir hins. Ágreininginn ber að

64 De Mause „The Evolution of Childhood“, í *ibid.* (rits.), *The History of Childhood*, 3-8, 51-54.

64a *Ibid.*, 16.

65 Arnold (rits.), *op. cit.*, 14. – Annar gagnrýnandi, E.P. Hennock, hefur bent á hve slíkt framfaraviðhorf sé varhugavert; hjá Lloyd de Mause sé það „cast in terms of the emergence of the human race from darkness into light . . . This view of history as progress makes it hard not to regard former practices, now abandoned, as foolish and probably wicked as well. This is a temptation de Mause makes little effort to resist . . . He writes like an Enlightenment historian contemplating the barbaric practices of the past“. (Ritdómur um „The History of Childhood“. *Social History* 3 (2, 1978), 236-237.)

66 Flandrin: „Enfance et société“, í *ibid.*, *Le sexe et L'Occident*, 148-149. (Tilvitnun í lauslegri þýðingu: „Það er nú víst að tilfinningar fyrri tíðar manna hafa verið frábrugðnar þeim sem nútíðarmenn bera í brjósti. En bernskuvitundin er sjálfsagt ekki sprottin *ex nihilo* [af engu]. Það er fánýtt að ætla sér að sýna fram á hvenær hún kom til sögunnar; eflaust er um það eitt að ræða að hún hefur breytt um form og gildi, tengist nú á annan hátt skynsemi manna og tilfinningum, hefur öðlast annan sess í tilverunni“.)

meta í ljósi þeirra takmarkana sem rannsóknir á þessu sviði eru háðar, a. m. k. enn sem komið er. Skal nú vikið að hinum helstu þeirra.

Í fyrsta lagi ber þess að gæta að þróunarkenning Ariès miðast við afarlangt tímabil eða meira en hálf túsund. Í sjálfu sér er það eftirsóknarvert að reyna að marka slíka langtímaþróun; það getur líka verið harla þarflegt ef með því tekst að leggja drög að frekari rannsóknartilgátum eins og gerst hefur bersýnilega í þessu dæmi. Hitt er nálega víst, ef marka má gang mála á öðrum sviðum, að sérhver kenning sem sett er fram um langtímaþróun einhvers félagslegs fyrirbæris hlýtur einatt að stangast á við það sem kemur í ljós við athugun á hegðun þess við tíma- og staðbundnari aðstæður. Eða svo dæmi sé tekið: jafn skrykkjóttur og gangur efnahagsstarfsemi og þróun fólksfjölda í Evrópu reynist hafa verið frá síðmiðöldum og fram eftir nýöld,<sup>67</sup> þá væri með ólíkindum að félagssálfræðilegur þáttur eins og bernskuvitund hefði þróast á sama tíma samfelld og óslitið í eina átt.<sup>68</sup> Í þessu sambandi er vert að ítreka það sem áður sagði að jafnvel á síðari helmingi 18. aldar – sem telst að öðru leyti marka tímamót í viðhorfi efri stéttar foreldra til barna – fjölgaði mjög þeim börnum lágstéttarforeldra í frönskum borgum er fundust yfirgefin á götum úti og voru síðar lögð inn á stofnanir sem voru reistar sérstaklega fyrir „týnd börn“ (enfants trouvés).<sup>69</sup>

Í öðru lagi er þess að gæta að jafnvel þótt tímabilið sé þrengt, t. d. skordað við síðmiðaldir (ca. 1300–1500), geta fengist mjög ólíkar niðurstöður eftir því hvar borið er niður. Koma hér til bæði ólík menning og landfræðilegar aðstæður. Því kemur ekki á óvart þótt fjölskylduhættir og bernskuvitund í Pýreneapörpinu Montailou í upphafi 14. aldar birtist í allt annarri mynd en í stórborginni Flórens einni öld síðar, í árdaga endurreisnar. Ólíkt því sem gerðist í Montailou ein-kennist meðhöndlun barna þar af flestöllum hinum sömu vanrækslusyndum og franskar rannsóknir hafa sýnt fram á hvað varðar 17.–18. öld (sbr. *supra* bls. 27). Þannig ræður C. Klapisch það af heimildum, aðallega íbúatali Flórensborgar og nágrennis (castado) fyrir árin 1427–30, að ungbörn, einkum þó meybörn, hafi oft ekki verið „talin með“ þótt foreldrar hefðu hag af því að telja þau fram vegna þágildandi skattareglna. Þá hafi verið mjög algengt meðal alþýðu að ungbörn væru yfirgefin, síðan hirt upp og komið fyrir á góðgerðastofnunum borgarinnar þar sem mikill hluti þeirra dó reyndar á fyrsta aldursári. Ekki var heldur óalgengt að efnaðri borgarbúar keyptu fóstrun af sveitakonum; og samþykktir biskupsstefna frá fyrri helmingi 14. aldar bera með sér að nokkur brögð hafi verið að því

67 Sjá t. d. Cipolla: *Before the Industrial Revolution*, 118-25, 146-50, og Abel: *Agricultural Fluctuations in Europe from the thirteenth to the twentieth centuries*, 17-193.

68 Að dómi Klaus Arnolds má greina á seinni hluta miðalda tvö „blómaskeið“ í afstöðu foreldra og samfélags til barna, hið fyrra um 1200 og hið síðara á öndverðri 15. öld fyrir áhrif endurreisnar-húmanismans á Ítalíu, sjá op. cit., 85-86.

69 Badinter: Op. cit., 132. – Helsta ástæðan fyrir fjölguninni kynni að vera greiðari móttökuskilyrði á stofnunum, sjá Flandrin: Art. cit., 168-70.

að foreldrar kæfðu kornabörn vísvitandi í rúminu.<sup>70</sup> Minnir þetta á hve óvarlegt væri að draga almennar ályktanir af einstöku dæmi eins og Montailou, ekki síst þar sem um er að ræða mjög sérstæða mannvist og óvanalegan hugmyndaheim.<sup>71</sup>

Í þriðja lagi ber að taka tillit til þess skekkjuvalds sem takmarkaður og tilviljunarkenndur heimildakostur getur verið. Auðsæilega er það margri hendingu háð hvort tiltekin fyrirbæri á löngu liðnum tíma hafa skilið eftir sig spor, svo ekki sé talað um hvort þau hafa varðveist allt fram til okkar daga.<sup>72</sup> Mörg sagnfræðileg ályktun hefur verið byggð á þeirri mjög svo hægju forsendu að þögn heimilda um fortíðarfyrirbæri merki að það hafi ekki verið til (*argumentum in absentia*).<sup>73</sup> Af umræddum aðstæðum getur hlotist ærinn túlkunarvandi. Þannig hefur Ladurie getið þess til að mismunurinn á niðurstöðu hans sjálfs og Ariès/Lebrun stafi af því að heimildir hvors um sig séu af svo ólíkum toga. Í vitnisburðum þeim sem réttarskjölin varðandi Montailou geyma komi fram hugarhræringar alþýðu; fyrir slíkum hræringum hafi þeir verið lokaðir, höfundar málverkanna og bókmennta-textanna, sem Ariès/Lebrun hafi stuðst mest við, enda flestir aðals- eða góðborgaraættar.<sup>74</sup>

Tilgáta Laduries um skekkjuáhrif tilviljunarkennds heimildakosts á umræddar niðurstöður eru allrar umhugsunar verð. Hún ásannast þó ekki í Flórensðæminu þar sem heimildirnar, er C. Klapisch styðst við, eru yfirleitt ekki heldri manna frásagnir heldur aðallega leifar borgaralegrar stjórnsýslu. Og athugun á öðrum heimildaflokki, uppbyggilegum miðaldafrásögnum, leiðir til niðurstöðu sem hallast fremur að Ariès en Ladurie.<sup>75</sup>

Þótt heimildir af ýmsu tagi séu grundvöllur sagnfræðlegra dóma, er ljóst að túlkun þeirra er um margt háð almennum hugmyndum sem sagnfræðingurinn hefur sótt út fyrir þær. Þannig má færa rök fyrir því að þessar niðurstöður draga dóm af „forætlunum“ höfunda eða því sem kalla mætti í víðustu merkingu mannskilning þeirra.<sup>76</sup> Eftir því sem næst verður komist gengur Ladurie út frá því að

70 Klapisch: „L'enfance en Toscane au début du XVe siècle“. *Enfance et société. Annales de démographie historique* (1973), 102-11.

71 Vegna legu þorpsins uppi í Pýreneafjöllum var það ærið einangrað og íbúarnir auk þess flestallir áhangendur villutrúar, kaþarisma.

72 Hér mætti bætra við þriðja hlekknum í keðju tilviljana, þ.e. hvort sagnfræðingar komist á snodir um videigandi heimildir er kunna að vera tiltækar.

73 Eins og áður er getið (sbr. *supra* bls 23) er ekki laust við að Ariès hafi stundum fallið í því líka gryfju.

74 Le Roy Ladurie: *Op. cit.*, 307.

75 Batany: „Regards sur l'enfance dans la littérature moralisante“. *Enfance et société. Annales de démographie historique* (1973), 123-27. – Eftir þessum heimildum að dæma telur höf. að viðhorf til barna á 12. - 13. öld. hafi einkennst af tortryggni og óvissu um stöðu þeirra og eðli: “. . . la mentalité de l'époque avait du mal à considérer l'enfance comme un „état“ spécifique . . . “ (bls. 126).

76 „Forætlanir“ er hér látið merkja það sem A. W. Gouldner hefur nefnt „background assumptions“, þ.e. sá þáttur hverrar félagslegrar kenningar sem er ekki komið orðum að, gagnstætt „the explicitly formulated assumptions which may be called postulations“. (*The Coming Crisis of Western Sociology*, 29.)

óbreyttu sveitafólki hafi í aldanna rás verið eiginlegt að sýna smábörnum blíðu og ástúð allt frá frumbersku; slíks viðmóts hafi síður verið að vænta hjá tignarfólki, a.m.k. komi það ekki fram í hámenningu þess. Tilfinningar af þessum toga hafi ekki verið tjáðar með penna eða pensli fyrr en löngu síðar.<sup>77</sup>

Í fljótu bragði virðist sem Ariès hafi í þróunarkenningu sinni eignað þjóðfélagsstéttunum, hinni efri og lægri, þveröfug hlutverk: nútímaleg bernsku- og fjölskylduvitund hafi fyrst dafnað hjá yfirstéttinni og borist þaðan út til hinna lægra settu.<sup>78</sup> En við nánari aðgát sést að „hin uppáþrengjandi ást“, sem lýsti sér að dómi Ariès í fullþroskaðri bernskuvitund góðborgara á 18. öld, á lítið skylt við hina sjálfsprottnu, alþýðlegu barnaást *à la* Ladurie;<sup>79</sup> hinni síðarnefndu fylgdi eigingjörn eftirlátssemi foreldra við börnin þar sem hin fyrrnefnda bar aftur á móti með sér siðferðilegan strangleik og ögun af hálfu foreldra.<sup>80</sup> Önnur vísar fremur til „náttúrlegra“ hneigða, hin fremur til menningarlegrar (trúarlegrar) uppbyggingar, þ.e. til uppeldishugsjónar. Skv. þessum skilningi væri nær réttu lagi að jafna saman hinni svokölluðu alþýðlegu barnaást og því uppeldislega afskiptalessi sem Ariès telur hafa verið undanfara eiginlegrar bernskuvitundar. Þessi samjöfnun skýrist nánar í ljósi þeirra forætlana er felast í kenningu Ariès.

Ekki er um það að villast að Ariès hefur tilhneigingu til að gylla miðaldasamfélagið og lasta margt í síðari tíma þróun. Þessi hneigð kemur fram bæði í umfjöllun hans um fjölskylduhætti og stöðu barna í samfélaginu. David Hunt hefur orðað þetta svo:

All his historical biases prompt Ariès to condemn modern „solicitude“ and to praise medieaval „indifference“ towards childhood.<sup>81</sup>

Mestu um þessa hneigð ræður sá skilningur Ariès að umhyggjusemi hins nýja tíma hafi verið sprottin af félagslega neikvæðum hvötum: hún endurspeglir síngjarnan metnað hinnar borgaralegu fjölskyldu fyrir hönd barnanna. Foreldrarnir hafi verið reiðubúnir til að kosta miklu til svo að börnin gætu „komist áfram“, færst upp á við í þjóðfélagsstiganum (sbr. *infra* bls. 35). Þar með hafi farið for-

77 Hér er fylgt nokkurn veginn orðalagi Laduries: Op. cit., 308. – Með því að leggja áherslu á hið sjálfkvæma í ástúðlegu viðmóti foreldra við börn virðist Ladurie ekki fjarri þeim mannskilningi sem lýsir sér í hugtaki E. Eriksens, „innate generativity, a desire to look after small children, which is a part of human nature“. (Hunt: Op. cit., 46.)

78 Ariès: Centuries . . . 390, þar sem höfundur tekur fram eftirfarandi: „In the early 19th century, a large part of the population, the biggest and the poorest sections, were still living like the medieaval families, with the children separated from their parents“.

79 Sbr. *supra* bls. 19. – Sú barnaást sem Ladurie lýsir samsvarar í hæsta lagi fyrsta stigi bernskuvitundar hjá Ariès (mignautage), sbr. *supra* bls. 19.

80 Sem dæmi um slíka afstöðu tilfærir Ariès vandlættingarorð J.–B. de La Salle, kennimanns og skólafrömuðar (1651 – 1719), yfir því hve börn fátæklinga séu illa síðuð: „They do just as they please, their parents paying no attention to them, even treating them in an idolatrous manner: what the children want, they want too“. (Centuries . . . , 128.)

81 Hunt: Op. cit., 44.

görðum þeir samskiptahættir sem félagsfræðingar 19. aldar kenndu við *Gemeinschaft*, samvistir og nán samskipti fólks af ólíkum aldurs- og félagsflokkum.

Henceforth [p.e. frá og með 18. öld], a fundamental movement would destroy the old connections between masters and servants, great and small, friends and clients . . . Everywhere it reinforced private life at the expence of neighborly relationships, friendships and traditional contacts . . . Professional and family life have stifled that other activity which once invaded the whole of life: the activity of social relations.<sup>82</sup>

Það er sérstætt við þessa íhaldssömu sögutúlkun að efling fjölskyldutengsla og -vitundar er talin hafa gerst á kostnað *Gemeinschaft*: með sérgæsku sinni og útúrboruhætti hafi nútímafjölskyldan brotið niður hefðbundna samskiptahætti. Fjölskyldan og skólinn í sameiningu hafi einangrað barnið frá samfélagi fullorðinna og svipt það því sjálfræði er það hafði áður notið. Í skuggsjá Ariès birtast hvor tveggja sem klefar í hinni nýju fangelsisveröld bernskunnar sem siðapostular kirkjunnar og stjórnsýslumenn einveldisins lögðu hugmyndalegan grunn að.<sup>83</sup> Á langri vegferð frá tómlæti miðaldamannsins til umhyggju nútímaborgarans og eftir því sem kristlegt siðferði og þegnleg hollusta festu dýpri rætur í hugarheimi manna – hafi glatast hið „náttúrulega“ sjálfræði bernskuáranna.<sup>84</sup> Þannig byggir þróunarkenning Ariès á mannskilningi sem minnir um margt á náttúruhyggju Laduries.

Ariès hefur m.a. verið fundið það til foráttu að hann hafi látið sér nægja að lýsa þróun bernskuvitundarinnar án þess að skýra þróunina á fullnægjandi hátt; þannig sýni hann ekki nema óljóst eða ruglingslega hvaða tengsl voru milli þessarar þróunar og sögulegra breytinga á öðrum sviðum eins og fólksfjölda, trúarbragða og stéttaskiptingar.<sup>85</sup> Þetta má til sanns vegar færa; þó er greinilegt að Ariès telur að hin breyttu viðhorf til bernskunnar hafi haldist í hendur við þá almennu menningarþróun sem Max Weber kenndi við vaxandi skynsemdarhyggju (*Rationalisierung*).<sup>86</sup> Þessi þróun hafi haft í för með sér að við flestöll svið mannglegrar starfsemi var smám saman farið að beita útreikningum og gera áætlanir í anda hagsýni og hagkvæmni. Áhrifanna hafi ekki aðeins gætt í efnahagsstarfsemi og stjórnsýslu heldur og í því athæfi sem er mönnum einna eðlislægast,

82 Ariès: *Centuries* . . . , 393. – Áhyggjuefni höfundar eru þannig mjög áþekk þeim sem frumkvöðlar félagsfræði á 19. öld svo sem Comte og Durkheim leituðu skýringar og úrbóta á, þ.e. hvernig sérdræg einstaklingshyggja hefði rakið upp siðferðilegan bindivef samfélagsins.

83 Ibid., 397.

84 Bent hefur verið á að tvíræðni gæti í aðstöðu Ariès til umhyggjusemi foreldra; hann virðist kunna að meta kosti hennar að svo miklu leyti sem hún gerði foreldra næmari á þarfir barna sinna, sjá Hunt: *Op. cit.*, 182.

85 Wilson: *Art. cit.*, 135-36.

86 Freund: *The sociology of Max Weber*, 17-24. – Ekki er svo að skilja að Ariès taki Weber opinskátt upp á arma sína, hann vitnar einu sinni ekki til hans í *Centuries* . . . Skyldleikinn við Weber kemur líka betur í ljós í fyrsta meiri háttar riti höfundar, *Histoire des populations françaises et leurs attitudes devant la vie depuis le XVIII siècle*, (1948), sbr. *infra* bls. 35.

þ.e. kynlífsathöfnum. Að dómi Ariès hefði slíkt verið óhugsandi á miðöldum; þá hafi menn í miklu ríkari mæli látið stjórnast af eðlishneigðum og frumstæðum viðbrögðum.

Nú er vandalaust að benda á alvarlegar veitur í túlkun Ariès á samfélagsgerð og lýðfræði miðalda (sbr. *infra* bls. 40). Þrátt fyrir það er ástæða til að lofa hina frumlegu viðleitni hans til að rekja sögulegt samhengi hins náttúrlega og menningarlega í hegðun manna. Eins og þegar er komið fram ályktar Ariès að í tímans rás hafi áhrif menningarmótandi afla farið sívaxandi og þar með hafi sífellt þrengst svigrúm hins náttúrlega og sjálfkvæma í fari manna. Meðal menningaraflanna telst hinn siðbreytti kristindómur tvímælalaust vega þyngst: á hugmyndagrunni hans hafi byggst hin uppeldislega og pólitíska ögun sem ríki og kirkja í sameiningu beittu sér fyrir allt frá 16. öld.<sup>87</sup>

## Barneignir og uppeldi

Hvað sem líður sanngildi framangreindrar sögutúlkunar hjá Ariès er víst að hún hefur haft mjög frjóvgandi áhrif sem rannsóknartilgáta. Á undanförunum tveimur áratugum hafa sagnfræðingar þannig kappkostað að kanna viðhorf manna á umliðnum öldum til barneigna og dauðsfalla en einmitt á þessum mörkum lífs og dauða verður samspil náttúru og menningar hvað áþreifanlegast. Bernskuvitund á hverjum tíma felur líka óhjákvæmilega í sér ákveðið viðhorf til barneigna og tengist þannig augljóslega líffræðilegum atriðum. Mönnum hefur sérstaklega leikið hugur á að vita hvenær það gerðist og hverju það var háð í menningarþróun Vesturlanda að menn fóru að reyna að ná tökum á slíkum líffræðilegum ferlum. Með því að ganga út frá slíkum spurningum hafa sagnfræðingar leitast við að komast að því hvernig umrædd viðhorf hafa þróast og um leið orkað á stöðu ungbarna í tímans rás.

Hér að framan var fjallað um viðhorf manna á einveldisöld til ungbarnadauða og getið hugsanlegra skýringa á þeim (sbr. *supra* bls. 26). Að sögn Lebruns var það ekki fyrr en um 1770 að fyrstu merki fara að sjást í Frakklandi um breytt viðhorf til ungbarnadauða; þá fóru að koma til sögunnar fræðandi greinar um barneldi, tilskipanir um starfsemi barnfóstra og viðleitni til að bæta menntun ljósmæðra.<sup>88</sup> Vera má að þessa viðhorfabreytingu megi að einhverju leyti rekja til kenningar Rousseaus um þroska og uppeldi barna en með henni var hróflað ræki-lega við hefðbundinni örlagahyggju, kenningin um erfðasyndina lýst ómerk og

87 Höf. hefur í þessu sambandi talað um „la grande moralisation des hommes par les réformateurs catholiques et protestants d’Eglise, de robe ou d’État“ (*L’enfant . . .*, 8). Líður í þessari siðvæðingu hafi verið það að farið var að loka ýmsa aldurs- og félagshópa inni í stofnunum: börn í skólum, geðveika og fátæka á hælum o.s.frv. – Ætla má að í þessari samspyrðingu, sem kemur fyrst fram hjá Ariès í formála hans að *L’enfant . . .* gæti áhrifa frá riti Michel Foucaults: *L’histoire de la folie à l’âge classique* (1961).

88 Lebrun: Op. cit., 425.

áhersla lögð á meðfætt sakleysi bernskunnar.<sup>89</sup> Um áhrif þessara breyttu viðhorfa er vissulega erfitt að fullyrða; t.d. er óvíst hvort það var af þeirra völdum sem dánartíðni ungbarna fór nokkuð lækkandi á síðari helmingi 18. aldar, miðað við fyrri helming hennar.<sup>90</sup> Á hinn bóginn er mjög líklegt að viðhorfabreytingin hafi þegar á þessu skeiði farið að hafa afdrifarík áhrif á frjósemi kvenna í hjónabandi. Svo er að sjá sem þá fyrst hafi gætt hjá mörgum foreldrum í Frakklandi viðleitni til að takmarka vísvitandi fjölda barneigna.<sup>91</sup>

Ariès varð einna fyrstur fræðimanna til að leita skýringa á þessu fyrirbæri sem svo mjög hefur sett mark á fjölskyldu- og uppeldisaðstæður síðari tíma.<sup>92</sup> Að hans dómi voru vísvitandi barneignatakmarkanir meðal mikilvægustu afleiðinga þess að nútímaleg bernskuvitund varð til.

Í sem stystu máli sagt er röksemdafærsla Ariès á þessa leið: að svo miklu leyti sem börn voru einhvers metin áður en hin nýja vitund kom til sögunnar, var það vegna þess að þau viðhéldu ættinni og færðu arfleifð hennar milli kynslóða. Um beinan kostnað af uppeldi barnanna var naumast að tala, a.m.k. ekki fyrstu aldursárin. Þess vegna skipti ekki öllu máli fyrir heimilisföðurinn hvort þau fæddust fleiri eða færri: allt að helmingur þeirra hlyti hvort sem var að týna lífinu áður en þau næðu fullorðinsaldri. En samfara hinni nýju fjölskylduvitund, þegar sjálfur kjarninn, foreldrar og börn þeirra, afmörkuðu sig frá öðru heimilisfólki, öðlaðist barnið sjálfstæðara gildi, bæði í tilfinningalegum og hagnýtum skilningi (sbr. *supra* bls. 20). Í hinni borgaralegu fjölskyldu urðu börn aðnjótandi meiri aðhlynningar og menntunar en áður hafði tíðkast og hvorttveggja hafði í för með sér stóru aukinn kostnað við barnauppleidið. Þannig má segja að með fjölskylduáætlanagerð hafi foreldrar tekið þann kost að geta fá börn, sem þeir megnuðu að ala upp af kostgæfni og alúð, í stað þess að eignast mörg börn sem þeim væri ókleift að hirða vel um.

Ariès telur að útsjónarsemi af þessu tagi hafi upphaflega ekki verið á færi annarra en hagsýnna borgara er beittu skynsemd sinni til þess að sveigja óstýriláta kynhvötina undir framtíðarmarkmið sín og áform. Þannig hafi hin sérstæða borgaralega umhyggja orðið þess valdandi að þegar á 18. öld fór hluti franskra foreldra að framfylgja fjölskyldupólítík sem sver sig um margt í ætt við okkar tíma.

Skýring Ariès hefur verið vegin og metin í ljósi rannsóknarniðurstaðna sem fengist hafa síðasta aldarfjórðung en þær hafa verið túlkaðar á mismunandi

89 Rousseau: *Émile*, 42-82; Wardle: Op. cit., 31-33. – Þess ber að geta að ýmsir rithöfundar á 17. öld urðu til þess að hafna erfðasyndarkenningunni; en langt var liðið á 18. öld þegar slíkar skoðanir hlutu almennt fylgi „upplýstra“ manna og fóru þar með að orka á uppeldishættina.

90 Armengaud: *La famille et l'enfant en France et en Angleterre du XVIe au XVIIIe siècle*, 77-80. – Allt eins sennilegt er að lækkunin stafi einkum af bætum efnahag, sem kom m.a. fram í því að skæðar hungursneyðir geisðu ekki í vestanverðri Evrópu eftir 1720-30 (sjá *ibid.*, 65-66).

91 Upphaf vísvitandi barneignatakmarkana í Frakklandi er einmitt rakið til síðari helmings 18. aldar, sjá *ibid.*, 61-63. En meðal aðals og stórborgara í V-Evrópu gætir þeirra á tímabilinu 1650-1700, sjá *ibid.*, 59-61, og Stone: Op. cit., 64-66, 644-45.

92 Um þetta efni fjallar Ariès í áður nefndu riti, *Histoire des populations françaises* . . .



vegu.<sup>93</sup> Raunar hefur það meginatriði í skýringu Ariès, að breytt viðhorf til barna og hjúskaparlífs hafi vegið þungt á metaskálanum, hlotið öflugan stuðning; sum atriði í skýringu hans hafa jafnframt verið leiðrétt og öðrum aukið við.<sup>94</sup> Þetta kemur m.a. fram í umfjöllun Lawrence Stones og Jean-Louis Flandrins sem vitnað hefur verið til að framan. Báðir eru sammála um það sem Ariès tilgreinir sem meginástæðu fyrir tilkomu barneignatakmarkana – „the development of a more child-oriented family“<sup>95</sup> – sé nauðsynleg en ekki fullnægjandi orsök. Til viðbótar verði að telja eftirfarandi:

a) *Efnahagsleg forsenda*. Vilji til barneignatakmarkana komi ekki fram nema því aðeins menn sjái sér efnalegan hag í því að draga úr fæðingum. Stone útlistar þetta þannig:

That is where the cost of bringing up and launching a child into the world exceeds the profit to be gained from his free labour in his youth, and from his support for his parents in their old age.<sup>96</sup>

Í ljósi þessa er skiljanlegt að þeir þjóðfélagshópar sem urðu fyrstir til að taka upp getnaðarvarnir voru aðall og stórborgarar. Þessir hópar voru ekki háðir vinnu barna sinna á akrinum eða á verkstæðinu né heldur stuðningi þeirra í ellinni; jafnframt þurftu þeir að leggja í mestan kostnað við menntun barnanna til að varna því að þau hröpuðu niður í þjóðfélagsstiganum.<sup>97</sup>

b) *Samskiptaleg forsenda*. Getnaðarvörnum á þessum tíma, þegar helsta aðferðin var *coitus interruptus*, var ekki við komið reglulega nema með samþykki beggja maka. Á hinn bóginn er ljóst að konan hafði alla jafnan gildari ástæður en karlmaðurinn til að vilja varna getnaði þar sem oft gat verið um heilsu hennar og jafnvel líf að tefla. En skv. kristilegri kenningahefð var það hjúskaparréttur karlmannsins að fá vilja sínum framgengt gagnvart eiginkonunni jafnvel þótt þungun stofnaði lífi hennar fyrirsjáanlega í hættu.<sup>98</sup> Við slíkar aðstæður verður að ætla að konan hafi orðið að telja bóndann á sitt mál; undir sjálfstjórn hans og sjálfsaga var farsæl framkvæmd komin skv. eðli aðferðarinnar. En til þess að kvenlegar fortölur mættu sín nokkurs hefur aftur þurft að vera meira jafnræði með mökum en

93 Armengaud: Op. cit., 64-71. – Höf. flokkar framkomnar skýringar í tvennt: félags- og efnahagslegar skýringar annars vegar, sálfræði- og trúarlegar hins vegar.

94 Sýnt hefur verið fram á að gagnstætt því sem Ariès hélt fram voru barneignatakmarkanir ekki nýjar af nálinni á 18. öld heldur munu þær hafa verið iðkaðar af yfirstéttarfólki í ýmsum myndum allt frá fornöld, sjá Flandrin: Families . . . , 194. Þegar þær svo breiddust út í Frakklandi á 18. öld, verður slíkt ekki rakið einhliða til borgaralegrar hagsýni; aðalsfólk virðist nefnilega hafa tekið upp getnaðarvarnir fyrr en borgarar, sjá ibid., 225.

95 Stone: Op. cit., 418.

96 Ibid., 417.

97 Ibid., 419-20.

98 Flandrin: Families . . . , 237.

tíðkast hafði í hefðbundnum feðraveldisfjölskyldum.<sup>99</sup> Má því ætla að getnaðarvarnir með hjálp *coitus interruptus* hafi haft að forsendu breytt valdahlutföll með mökum og eins konar jafnvægi í hjúskaparsamskiptum.<sup>100</sup>

c) *Hugmyndafræðileg forsenda*. Getnaðarvarnir stönguðust á við þá gömlu kaþólsku kennisetningu að til þess eins væri mönnum gefin kynhvöt að geta börn og uppfylla jörðina; kynlíf sem þjónaði öðrum tilgangi ætti ekki rétt á sér og væri fordæmanlegt.<sup>101</sup> Að dómi Stones var ekki að búast við vísvitandi aðgerðum til barneignatakmarkana fyrr en menn voru í andanum reiðubúnir til að færa kynlífið úr þessum guðfræðilega búningi svo að það teldist a.m.k. ósagnæmt fyrir karl og konu að njótast af einskærri ánægju.<sup>102</sup>

Flandrin hefur túlkað samband hins kaþólska kynlífssiðferðis og getnaðarvarna á annan veg en Stone; túlkun hans minnir raunar um margt á skýringu Ariès sem áður er rakin.<sup>103</sup> Flandrin færir rök fyrir því að menn hafi tekið til við að varna getnaði ekki *þrátt fyrir* heldur öðrum þræði *vegna* hinna trúarlegu siðaboða. Með öðrum orðum, siðferðileg og óeigingjörn sjónarmið hafi ráðið miklu um breytt viðhorf til barneigna. Franskar heimildir bendi þannig til þess að vaxandi umhyggja foreldra fyrir lífi ungbarna hafi leitt þá til þess að beita getnaðarvörnum. Kennimenn kirkjunnar hafi stuðlað að þessu á óbeinan hátt með því að brýna fyrir foreldrum, af vaxandi þunga allt frá 17. öld, helgi hins unga lífs og skyldur þeirra gagnvart nýburum.

All the evidence indicates that in the eighteenth century there was a greater realization [of the duties involved in procreation] than in the sixteenth century; pity for children was felt more systematically; their innocence was held to be sacred, and thus one was all the less inclined to tolerate the injustice of their death. The simple joys of family life became fashionable among the social élites.<sup>104</sup>

Áður höfðu kaþólskir guðfræðingar talið réttlæt看legt að launaðar fóstrur væru fengnar til að ala hvítvoðunga á brjósti;<sup>105</sup> en m.a. vegna þess hve slík lausn

99 Það lætur að líkum að utan hjónabands hafa konur löngum verið betur settar til að ráða ferðinni og knýja ástmenn sína til að halda aftur af sér. Eftir að *coitus interruptus* hafði lengi verið viðhafður í kynmökum utan hjónabands mun aðferðin hafa verið færð yfir á vettvang þess, sjá Flandrin: Families . . . , 231.

100 Stone: Op. cit., 417; Flandrin: Families . . . , 217-26. Hinn síðarnefndi álitur að getnaðarvarnir með þessu móti hafi beinlínis borið í sér „a transformation of the conjugal relationship into a courtly relationship“ (bls. 226) . . . it was owing to the gallantry that the situation of the French wife became transformed, and such relationships of gallantry imply a kind of distance, a sort of battle between the sexes . . .“ (bls. 241). Þetta skýri ef til vill hvers vegna franskir foreldrar urðu svo langt á undan öðrum, þ.m.t. breskum, til að takmarka barneignir sínar.

101 Flandrin: Art. cit., 143-45; Stone: Op. cit., 498-500.

102 Ibid., 263, 416-17.

103 Flandrin: Families . . . , 226-42. – Skyldleikinn við Ariès kemur vel fram í eftirfarandi: „We have maintained that birth control within marriage is essentially explained as a result of a change in the conjugal relationship and by an increased sense of responsibility towards children“ (bls. 240).

104 Ibid., 238.

105 Réttlæt看ingin helgaðist af nauðsyn þess að hægt væri að leysa eftirfarandi „siðklípu“: Eiginkona

reyndist þeim yfirleitt lífshættuleg snerust upplýsingafrömuðir – *les philosophes* – gegn henni og hófu magnaðan áróður fyrir því að mæður í borgum gæfu sjálfar börnum sínum brjóst.<sup>106</sup> Þessi áróður mun hafa farið að bera nokkurn árangur undir lok 18. aldar. Hjón sem hegðuðu sér í samræmi við boðskapinn eygðu ekki aðra leið út úr hinni „kapólsku klípu“ en að halda markvisst aftur af barneignum sínum – láta líða nægilega langt bil milli fæðinga til þess að hvert nýfætt barn fengi notið móðurmjólkur og annarrar aðhlyningar svo lengi sem velferð þess útheimti. Með þessu móti gat eiginkonan líka rækt jöfnum höndum hjúskapar- og móðurskyldur sínar.

Nú er ljóst að hin breyttu viðhorf til barneigna og uppeldis, sem koma fram hjá evrópsku yfirstéttarfélagi á 18. öld, standa í nánú sambandi við þróun fjölskyldu-hátta á sama tímabili. Þessi tengsl hefur m.a. Ariès dregið fram. Og sé horft út fyrir veggja heimilanna dylst ekki heldur að samsvörun er með breytingum innan veggja þeirra og utan – milli hins smækkaða heims fjölskyldunnar og þjóðfélags-heildarinnar. Í Bretlandi óx þannig efnahagslegri og tilfinningalegri einstaklingshyggju fiskur um hrygg um svipað leyti.<sup>107</sup> Samtímamenn eins og Samuel Johnson gerðu sér grein fyrir því að dvínandi undirgefni og efling markaðsbúskapar héldust í hendur.<sup>108</sup> Fylgifiskur þessa var að sögn Lawrence Stones:

. . . a further walling-off of the nuclear family from either interference or support from the kin, and a further withdrawal from the community . . . there developed a much warmer affective relations between husband and wife, and between parents and children which was itself a powerful reason for the declining influence of kin and community . . .<sup>109</sup>

Hér var m.ö.o. komin til sögunnar hin „aflokaða“ kjarnafjölskylda sem Stone álítur að hafi samsvarað hinni tilfinningalegu einstaklingshyggju 18. aldar. Að þessu leyti er niðurstaða hans mjög samhljóða Ariès þótt þess sé að litlu getið í

með barn á brjósti mátti ekki eiga kynmök við mann sinn, slíkt var talið spilla mjólkinni og /eða leiða til þess að barnið yrði vanið of snemma af brjósti. Langvarandi kynsvelti eiginmannsins jók hins vegar hættu á því að hann leitaði sér svölunar utan hjónabands – með tilheyrandi afleiðingum fyrir siðferði þess! (Stone: Op. cit., 263).

106 Einn af mörgum þeirra var Rousseau; en þótt boðskapur hans um þetta efni sé kunnastur, fer því fjarri að hann eigi höfundarheiður að honum. Boðskapurinn var t.d. orðinn útbreiddur meðal púritana á Englandi á 17. öld, sjá Stone: Op. cit., 428.

107 Stone. Op. cit., 6.k. (The Growth of Affective Individualism). – Þessi einstaklingshyggja markaðist annars vegar af vaxandi sjálfsskoðun og áhuga á persónuleika einstaklingsins, hins vegar af kröfu um persónulegt sjálffræði og samsvarandi virðingu fyrir rétti einstaklingsins til einkalífs og sjálfstjáníningar innan þeirra marka sem þjóðfélagsleg samheldni setti (ibid., 223-24).

108 „Subordination is sadly broken down in this age. No man now has the same authority which his father had – except a goaler. No man has it over his servants . . . There are many causes, the chief of which is, I think, the great increase in money . . . Gold and silver destroy feudal subordination“. (Tilvitnun í J. Boswell: Life of Samuel Johnson, hjá Stone: Op. cit., 262.)

109 Ibid., 221.

riti hans.<sup>110</sup> Í mörgum öðrum atriðum gildir hið sama um þá fjölskyldusögu sem Stone hefur rakið eftir breskum heimildum allt frá upphafi nýaldar.<sup>111</sup> Það sem á milli ber varðar einkum lýðfræðileg atriði sem menn hafa nú öðlast miklu betri þekkingu á en Ariès fyrir aldarfjórðungi.

Hér á eftir verður vikið að mikilvægum atriðum sem komið hafa á daginn við nýlegar rannsóknir á fólksfjölda- og fjölskylduaðstæðum í Evrópu á nýöld.

### Fólksfjöldaáðstæður og heimilisgerð.

Í inngangi var vikið að því hvaða rök mæltu með því að skoða uppeldi á einveldisöld m.a. í skuggsjá heimilisgerðarinnar. Áður en lengra er haldið þykir rétt að bæta við nokkrum almennum athugasemdum þar að lútandi.

Ekki þarf að fjölyrða um það sem margkveðið er að einhver gagngerasta breytingin sem markaðsbúskapur og þéttbýlismyndun seinni tíma hafa haft í för með sér fyrir allar uppeldisaðstæður er aðgreining framleiðslustarfseminnar frá heimilishaldinu. Þátttaka í eiginlegri framleiðslu útheimti þar með að húsráðandinn, yfirleitt heimilisfaðirinn, svo og annað heimilisfólk er aflaði tekna, væru að heiman sérhvern vinnudag. Auðsætt er að áður en þessar breytingar urðu að veruleika, í tíð hins hefðbundna samfélags, hefur sífelld nærvera heimilisföðurins á heimilinu, innan stokks eða utan, styrkt geysilega þau mótuflaráhrif sem „fjölskyldan“ hafði á börn og aðra þá einstaklinga sem voru undir húsbóndavald gefnir.<sup>112</sup>

Þessi mótuflaráhrif eiga ekki aðeins við hina óformlegu, praktísku félagsmótun sem húsbóndi og húsmóðir ástunduðu sem verkstjórnendur á heimilinu heldur og við hina formlegri félagsmótun eða það sem kalla mætti pólitískt uppeldi.

Familial authority seems always to have been political authority in the English and Western European past, and political education, political socialization, quite literally patriarchal. It was a matter of positive inculcation by the catechizing priest, using rote learning, and the rich array of samples of paternal authority contained in the Holy Writ so as to condition the minds of the masses of illiterate English youth.<sup>113</sup>

Nú er það staðreynd að í sumum löndum í Evrópu norðvestanverðri, einkum í

110 Ibid., 4-9, sbr. og eftirfarandi skilgreiningu hjá höf.: „The key definition of the nuclear family is that the ties that bind its members together are stronger than those which bind any one member to outsiders, whether relatives, friends, associates or patrons“ (bls. 26). Sbr. enn fremur *infra* bls. 45.

111 Vissulega ber þess að gæta, þegar almennar niðurstöður Stones um þetta efni eru notaðar sem prófsteinn á Ariès, að báðir skoða þróun fjölskyldunnar aðallega út frá sjónarhorni viðhorfa og tilfinninga og gera minna úr þýðingu sjálfrar formgerðarinnar, sjá nánar ritdóm eftir Vann: „The Family, Sex and Marriage in England 1500 – 1800“. *Journal of Family History* 4 (3, 1979), 308-09.

112 Laslett: *Family life and illicit love in earlier generations*, 37 (skammst. hér eftir *Family life* . . . ).

113 Ibid., 4

Svíþjóð og á Íslandi þar sem hið kirkjulega heimafræðslukerfi var við lýði,<sup>114</sup> var húsráðendum ætlað miklu virkara hlutverk í hinni trúarlegu/pólítísku innrætingu en ofangreind ummæli Laslett bera með sér (sbr. *infra* bls. 80). Þeim mun mikilvægara verður þá líka að gera sér grein fyrir hinu félagslega samhengi sem hugarfarsmótunin fór fram við, t.d. hvort algengt hafi verið að börn ælust upp með öðrum fullorðnum á heimilinu en foreldrum sínum og hefðu þannig daglega reynslu af öðrum fyrirmyndum en föður-/móðurímyndinni. Að þessu leyti skiptir ekki litlu máli að komast að því hver var algengasta gerð fjölskyldna og heimila í Evrópu áður en iðnvæðing hóf innreið sína.

Það hefur vakið furðu margra sem lesa *Centuries of Childhood* hve lítið fer þar fyrir nákvæmum lýðfræðilegum upplýsingum. Stingur þetta mjög í stúf við nýlegri fræðirit um fjölskyldusögu þar sem yfirleitt úir og grúir af tölulegum staðreyndum. Mismunurinn endurspeglar eflaust það sem áður segir að söguleg lýðfræði var rétt að komast á dagskrá um það leyti sem Ariès var að vinna að samningu verks síns; en með rannsóknaraðferðum hennar hefur einmitt tekist að fá miklu gleggri vitneskju en áður var tiltæk um fólksfjöldaáðstæður fyrir daga nútímalegrar hagskýrslugerðar.<sup>115</sup> Á þetta við um staðreyndir lífs og dauða sem og frjósemi kvenna í hjónabandi og utan.

Til skamms tíma tóku flestir félagsfræðingar, sem sýndu öðrum fremur áhuga á fjölskyldusögu, góða og gilda lýsingu Frédéric Le Play frá öldinni sem leið á þeim fjölskylduháttum sem ríkt hefðu í Evrópu fyrir daga Frönsku byltingarinnar.<sup>116</sup> Þessa fjölskyldugerð nefndi Le Play „la famille souche“ eða stofnfjölskyldu.<sup>117</sup> Stofninn sem hér er vísað til var ættareignin, yfirleitt jarðeignin, er gekk óskipt við fráfall heimilisföður til elsta sonar hans skv. frumburðarréttinum. Þótt sonurinn fengi þannig ekki heimilisforráð fyrr en faðirinn féll frá, hafði hann áður fengið sér konu að undirlagi hins síðarnefnda er sá þar með til þess að bæði ættareignin og sjálf ættin héldist við. Af þessu leiddi svo að stofnfjölskyldan hafði einatt innan vébanda sinna tvo „kjarna“, þ.e. tvenn hjón ásamt börnum þeirra; en meðan yngri synirnir, bræður erfingjans, voru í föðurgarði ásamt systur sínum, þeim sem höfðu ekki þegar verið giftar úr garði, bjuggu þeir við ókvæni. Vildu þeir leita kvonfangs urðu þeir að yfirgefa föðurleifðina og fóta sig annars staðar með tilstyrk ættingjanna. Ef nægilega mörg börn voru ekki eftir í föðurgarði til þess að aðstoða við búreksturinn voru ráðin eins mörg vinnuhjú og á vantaði. En hvort sem í hlut áttu ættingjar, þ.e. ógift börn, eða óvandabundin hjú, áleit Le

114 Loftur Guttormsson: Op. cit., 134, 154-55.

115 Sjá t.d. Loftur Guttormsson: Art. cit; Imhof: *Einführung in die Historische Demographie* (München 1977).

116 Le Play: *La Réforme sociale* (Paris 1864) – Það sem höf. gekk til bæði leynt og ljóst var að sýna fram á hvernig Franska byltingin hefði eyðilagt máttarstólpa þjóðfélagsins, ekki síst ættfeðraveldið.

117 Algengari heiti á íslensku yfir þessa fjölskyldugerð er ættarfjölskylda, stórfjölskylda, sjá Nanna Úlfssdóttir: *Fjölskyldan*, 5-7.

Play að öll hefðu lotið af fúsum vilja hinu „náttúrlega“ yfirvaldi heimilisföðurins, *paterfamilias*.<sup>118</sup>

Um slíka fjölskylduskipan, sem Le Play taldi hafa verið útbreidda í eina tíð um alla Vestur-Evrópu, fundust vissulega dæmi á hans dögum, einkanlega um Frakkland sunnanvert. Skv. einu dæmi sem Le Play rakti í riti sínu voru átján manns í heimili: fjórar kynslóðir ættingja, þ.e. áttæður ekill, sonur hans húsbóndinn (52 ára) og húsmóðir (47 ára), tvö systkini þeirra (ógift), sonur þeirra erfinginn (25 ára, kvæntur), átta systkini hans (hið yngsta enn á brjósti) og loks barn sonar erfingjans; þar að auki voru tvenn hjú. Þetta dæmi lýsir jafnframt þeirri lýðfræðihugmynd Le Plays – sem átti fylgi að fagna fram á þessa öld – að fyrri tíðar konur hefðu alið barn að kalla árlega eftir að þær voru gengnar í hjónaband.<sup>119</sup> Hin mikla viðkoma var að sögn ein helsta ástæðan fyrir því hve heimili fyrri tíðar voru fjölmenn.

Rannsóknir á fólksfjölda- og heimilisaðstæðum í Vestur-Evrópu á 16.–18. öld hafa nú leitt í ljós að hugmyndir Le Plays um stofnfjölskyldu eru víðsfjarri veruleikanum. Hvað síðarnefnda atriðið snertir hefur Flandrin dregið niðurstöðurnar saman á eftirfarandi hátt:

. . . the „child per year“ was definitely exceptional, at least in families in which the mothers themselves breast-fed their children. On the average, the interval between two births was two years or more. Futhermore, there were few women who had twenty-five years of fertile conjugal life; women married, on the average, at around twenty-four years of age, rather than twenty . . . Thus, instead of having an average of from fifteen to twenty-four children, the woman had, rather, six or eight. Finally, mortality caused some tragic reduction among this offspring.<sup>120</sup>

Hin geysiháa dánartíðni ungbarna olli mestu um hve meðalævilengd manna við fæðingu var að jafnaði stutt, þ.e. víða um 30 ár.<sup>121</sup> Áætlað hefur verið að miðað við slíka meðalævilengd við fæðingu hafi a.m.k. fjögur börn þurft að fæðast á fjölskyldu ef 60% líkur hið minnsta áttu að vera til þess að einn karlerfingi (sonur) væri á lífi við fráföll föðurins.<sup>122</sup> Varla gat farið hjá því að slíkar aðstæður settu

118 Flandrin: Families . . . , 50-52.

119 Skv. hugmyndinni um náttúrlega frjósemi eignuðust mæður í gamla skipulaginu (l'ancien régime) „between fifteen and twenty-four children . . . over a period of twenty-five years“. (Tilvitnun í Le Play hjá *ibid.*, 53.) Eins og áður er gefið í skyn vildi Ariès ætla (í *Histoire des populations françaises*) að miðaldakonur hefðu átt börn í samræmi við slíka náttúrlega frjósemi, þ.e. með eins stuttu bili og lífðlisfræðileg skilyrði framast leyfðu.

120 Flandrin: Families . . . , 53, – Einstök dæmi um þessar niðurstöður varðandi England finnast í Laslett: *The World We Have Lost*, 106-08.

121 *Ibid.*, 96-98. – Elstu tölur yfir meðalævilengd Íslendinga við fæðingu, á 6. áratug 19. aldar, sýna 31,9 ár fyrir karla og 37,9 ár fyrir konur, sjá *Tölfræðihandbók 1974*, 56 (t. 11-54). Þrátt fyrir hina skömmu meðalævilengd við fæðingu náðu einstaklingar sem lifðu af hin tvísýnu bernskuár, einatt allháum aldri. Haft er fyrir satt eftir breskum rannsóknum að karlmaður sem kvæntist um þritugt hafi átt í vændum tuttugu og fimm ára hjúskap, sjá Laslett: *The World We Have Lost*, 98.

122 Gillis: *Youth and History*, 10.

mark á viðhorf foreldra til barneigna, sérstaklega þeirra sem höfðu yfir eign að ráða og var eftir félagsvenju kappsmál að sonur tæki við föðurleifðinni. Eins er ljóst að frjósemi kvenna hefur þurft að vera miklu meiri þá en nú ef tryggt átti að vera að maður kæmi í manns stað við kynslóðaskil.<sup>123</sup> Hin háa dánartíðni kallaði þannig á mikla frjósemi, a.m.k. eftir nútíðarkvarða, þótt hrein undantekning væri að hún næði marki náttúrlegrar frjósemi.

Breskir sagnfræðingar með Peter Laslett í broddi fylkingar hafa undanfarin fimmtán ár haft forystu um rannsóknir á heimilisgerð og fjölskyldugerð í evrópskum þjóðfélögum fyrir iðnbyltingu.<sup>124</sup> Niðurstöður þessara rannsókna hafa gerbreytt þeirri mynd sem margar kynslóðir félagsfræðinga í kjölfar Le Plays hafa haldið á loft. Það má nú teljast fullsannað að fjöldi einstaklinga í heimili (meðalstærð heimila) í Vestur- og Mið-Evrópu hefur allt frá lokum miðalda leikið að meðaltali á bilinu 4-6 manns.<sup>125</sup> Og í þeim fáu tilvikum þar sem heimildir gera kleift að slá tölu á fjölda heimilisfólks á síðmiðöldum, svo sem í Flórensborg og nálægum sveitum á öndverðri 15. öld, hefur fengist sama niðurstaða.<sup>126</sup> Hún gildir jafnframt um hámiðaldir skv. tölulegum vitnisburði sem fengist hefur um stærð og gerð bændaheimila á Mið-Ítalíu á öndverðri 9. öld.<sup>127</sup>

Slík meðaltöl dylja vitanlega þann mikla breytileika sem var á stærð heimila eftir eðli byggðar<sup>128</sup> og þó enn frekar innan sama byggðarlags eftir efnahags- og

123 Í ljósi þessara fólksfjöldaadstæðna hefur Charles Tilly komið með áhugaverða tilgátu um ástæður þess að barneignatakmarkanir voru teknar upp á sínum tíma. Skv. þessari tilgátu, sem höf. kallar eins konar lýðfræðilegan valkost við hugarfarsskýringu Ariès, breyttist viðhorf foreldra til barn- eigna í kjölfar lækandi ungbarnadauða. Breytingin „resulted from two tough realities of increasing life expectancy – first, that a high – fertility strategy stopped being a sensible way to assure a family’s survival; second, that an investment of attention, love and money in a young child began to have a reasonable chance of return for the parents and for the family as a whole.“ („Population and Pedagogy in France“. *History of Educational Quarterly* 13 (1973), 118.)

124 Veigamikill afrakstur þessarar rannsóknariðju birtist (1972) í safnrítnu *Household and Family in Past Time*, undir ritstjórn P. Lasletts og R. Walls. Tölulegar upplýsingar til viðbótar er að finna í Laslett: „Characteristics of the Western Family considered over time“, í *ibid.*, Family Life . . . , 12-49.

125 Laslett (rits.), *Household and Family in Past Time*, 61 (t. 1.3.); Laslett: Family life . . . , 20 (t.1.1.) – Skv. ofangreindri niðurstöðu stenst ekki sú kenning formgerðarfúnksjónalista eins og Talcott Parsons að fjölskyldugerðin hafi breyst í takt við iðnvæðingu, þ.e. þar efnahagslegu breytingar sem leiddu til kapitalísks iðnaðarþjóðfélags. „Laslett’s findings reveal household and family as a relatively resilient and enduring structural element within the genesis of industrial capitalism“. (Medick: „The proto-industrial family economy: the structural function of household and family during the transition from peasant society to industrial capitalism“. *Social History* 1 (3, 1976), 291-93.) En Medick færir jafnframt rök að því að breytilegu hlutverki fjölskyldu og heimilis verði ekki gerð fullnægjandi skil með hinu þrönga formgerðarhugtaki Lasletts, sjá *ibid.*, 294-301.

126 Herlihy: „Deaths, Marriages, Births and the Tuscan Economy (ca. 1300 – 1500)“, í Lee (rits.), *Population Patterns in the Past*, 142-149 (einkum t.2.); Klapisch og Demonet: „„A uno pane e uno vino“: La famille rurale toscane au début du XVe siècle“. *Annales E.S.C.* 27 (4-5, 1972), 873-901 (einkum t.IV a).

127 Ring: „Early Medieval Peasant Households in Central Italy“. *Journal of Family History* 4 (1, 1979), 8-15 (eink. t.2.).

128 Nokkuð óvænt er sú niðurstaða breskra rannsókna á fólksfjöldaadstæðum 17. – 18. aldar að fjölmenn heimili voru algengari í stórborgum en í sveitum. Ástæðan er hugsanlega sú að stórborgin

félagsstöðu heimilisföður. Sú regla virðist hafa verið algild, svo sem vænta mátti, að heimilisstærð færi eftir efnun hans og ástæðum: því minna sem hann átti undir sér þeim mun færri börn voru á heimilinu, og þeim mun ólíklegra var að óvanda- bundinn einstaklingur væri þar til húsa.<sup>129</sup> Hvað barnafjöldann varðar lágu til þess m.a. lýðfræðilegar ástæður, eftir frönskum rannsóknum að dæma.<sup>130</sup> Efnalitlar stúlkur giftust yfirleitt seinna þannig að skemmri hluti barneignaskeiðsins nýttist þeim til barneigna.<sup>131</sup> Ennfremur voru þær ekki eins frjósamar og kynsystur þeirra af efnaðri bændu- og borgaraættum þar sem þær ólu á brjósti sín eigin börn og jafnvel annarra. Enn er þess að geta að af nýfæddum börnum þeirra lifðu enn færri af fyrsta aldursárið en gerðist þó meðal hinna efnameiri. Loks má geta þeirra efnahagslegu ástæðu að börn fátæklinga, einatt jarðnæðislausra, voru jafnaðar- lega send í vist strax og aldur þeirra leyfði. Allt minnir þetta á að mjög ólíkar efna- hagslegar og lýðfræðilegar aðstæður felast bak við ofangreind meðaltöl.

Sjálf fjölskyldugerðin var ekki síður breytileg eftir efnahagsstöðu heimilisföð- urins. En markverðust er þó sú niðurstaða að gagnstætt hinni viðteknu skoðun hefur einföld kjarnafjölskylda (foreldrar ásamt börnum) verið langútbreiddasta formið í norðvestanverðri Evrópu. Á 17.–18. öld reynast heimili með slíka fjöl- skyldugerð hafa verið milli 70–80% af heildinni – og er þá miðað við könnun á mismörgum sóknum í Englandi, norðanverðu Frakklandi og Þýskalandi, Niður- löndum og Norðurlöndum.<sup>132</sup> Í þessum löndum voru yfirleitt ekki nema í hæsta lagi 15–20% heimila með gerð sem líkist stofnfjölskyldu Le Plays, þar af yfirleitt ekki meira en helmingurinn með þrjá ætliði (kynslóðir).<sup>133</sup> Ekki vænkast hagar Le Plays við þá niðurstöðu að miðað við fyrri tíð hefur stofnfjölskyldum á Eng-

dró þá orðið til sín hefðarfólk og skjólstaðinga þess „which were as abundant as they were unproductive“. (Flandrin: Families . . . 61.) – Ófugt var þessu hins vegar farið í Toscanahéraði á 15. öld, sjá Klapisch og Demonet: Art. cit., 874-75.

129 Sjá t.d. Laslett: *The World We Have Lost*, 66-73 (einkum bls. 72). – Varðandi tilvist óvanda- bundinna á heimili, sjá *infra* bls. 123.

130 Flandrin: Families . . . , 58-59.

131 Hér er vísitandi ekki tekið tillit til óskilgetinna fæðinga þar sem þær skiptu litlu máli á einveldisöld fyrir heildarfjölda fæðra. Áætlað er að hlutfall óskilgetinna (illegitimacy ratio) í Bretlandi og Frakklandi ca 1650 – 1750 hafi numið 1-2% og verið mun lægra en það var fyrir 1600 og eftir 1750, sjá Laslett: „Long-term trends in bastardy in England“, í *ibid.*, *Family life* . . . , 102 (graf 3.1.), 109-15; Shorter: *Op. cit.* 332-36.

132 Laslett (rits.), *Household and Family in Past Time*, 61 (t.1.3.); Laslett: *Family life* . . . 20-23 (t.1.1. og 1.2.); Johansen: *Befolkningsudvikling og familiestruktur i det 18. århundrede*, 145-50 (einkum t. 10.4.); Elklit: „Husstandsstrukturen i Danmark 1769-ca. 1890“. *Fortid og nutid* 27 (1977), 202-08 (einkum t. 7.-8.); Berkner: „Peasant Household Organization and Demographic Change in Lower Saxony (1689–1766)“, í Lee (rits.), *op. cit.*, 60-61 (t.2.).

133 Sjá sömu heimildir og í undanfarandi nmgr. – Strangt tiltekið gerir stofnfjölskyldulíkan Le Plays ráð fyrir a.m.k. þrem ætliðum og tveimur kjörnum (sbr. *supra* bls. 40). Með flokkunarkerfi Las- letts (sbr. *Household and Family in Past Time*, 41-42) er ekki hægt að ganga nákvæmlega úr skugga um hve mörg heimili falla þetta líkan. Heimili sem eru flokkuð sem „extended family house- hold“ hafa ekki nema einn kjarna sem ýmist víkkar „upp á við“ (gegnum þriðja og elsta ætlið) eða „til hliðar“ (gegnum ættingja hvors maka af sömu kynslóð), nema hvorttveggja sé; hin er flokkast sem „multiple family household“ þurfa að hafa a.m.k. tvo kjarna en kjarnarnir geta tilheyrt hvort sem er einni kynslóð eða tveimur.



landi farið fjölgandi á 19.–20. öld.<sup>134</sup> Að öllu athuguðu má fullyrða að alhæfingin um að „stórfjölskylda“ hafi verið ríkjandi fjölskylduform í Evrópu „áður fyrr“ er einhver argasta bábilja sem um getur í samlagðri sögu félagsvísindanna.

Um leið og umræddri alhæfingu er hafnað er skylt að geta þess að hugmynd Le Plays samrýmist að vissu marki fjölskylduháttum á sumum svæðum í Evrópu; einkum gildir þetta um sunnanvert Frakkland, Mið-Ítalíu og Evrópu suðaustan- og austanverða. Ef dæma má eftir fáeinum strjálum dæmum sem hafa verið könnuð, hafa einföld kjarnafjölskylduheimili numið um helmingi eða minna af heildinni og heimili með þrjá ættliði eða fleiri en einn fjölskyldukjarna af sömu kynslóð verið að sama skapi algengari en í álfunni norðvestanverðri.<sup>135</sup> Dæmi eru um það frá Eystrasaltslöndunum að meirihluti heimila hafi verið með fleiri en einn fjölskyldukjarna (multiple family household) og liðlega fjögur af hverjum tíu með þrjá ættliði.

Ástæður fyrir þessum merkilega mismun á fjölskylduháttum í álfunni eru lítt kunnar; ljóst er þó að hann tengist öðrum félagslegum þáttum eins og erfðaréttarreglum og hjúskaparvenjum. Þannig er „evrópska hjúskaparmynstrið“, sem alþekkt er af skilgreiningu J. Hajnals, greinilega fylgifiskur hjúskaparfjölskyldunnar í norðvestanverðri Evrópu.<sup>136</sup> Með hinni síðarnefndu og reglunni um jöfn arfaskipti milli sona er líka eflaust menningarsögulegur skyldleiki af germönskum toga.<sup>137</sup> Á hinn bóginn styðst hin flókna fjölskyldugerð, útvíkkuð ýmist „til hliðar“ eða „lóðrétt“, sem hefur verið algeng í sunnanverðu Frakklandi, við réttarhefðir hins rómanska ættfeðraveldis.<sup>138</sup>

Nú er rétt að hvetja til varkárni í túlkun á þeim tölulegu niðurstöðum er sýna yfirgnæfandi hlutfall kjarnafjölskylduheimila fyrir 1800. Lawrence Stone hefur

134 Laslett: *The World We Have Lost*, 95; nánar Laslett: „La famille et le ménage“. *Annales E.S.C.* 27 (4-5, 1972), 866-67.

135 Laslett: *Family life . . .*, 22-26 (t. 1.2 og 1.3).

136 Hajnal: „European Marriage Patterns in Perspective“, í Glass og Eversley (rits.), *Population and History*, 101-38. – Miðað við austanverða Evrópu og Austurlönd einkennist þetta mynstur af háu hlutfalli ókvæntra/ógiftra og háum giftingaraldri. Liður í þessu mynstri virðist einnig vera hátt hlutfall eiginkvenna sem eru eldri að árum en eiginmenn þeirra (allt að þriðjungur), sjá Laslett: *Family life . . .*, 26-29, þar sem vitnað er m.a. til íslenska manntalsins 1729.

137 Flandrin: *Families . . .*, 74-92, og einkum hið ágæta yfirlit Le Roy Laduries. „Les systèmes de la coutume. Structures familiales et coutumes d'héritage en France au XVIIe siècle“. *Annales E.S.C.* 27 (4-5, 1972), 825-46, yfir tengsl fjölskyldugerða og erfðaréttarvenja. Um erfðajafnræði skv. hinum forna venjurétti Normanna segir Ladurie m.a.: „On y donne aux enfants l'automatisme des chances; et, dans bien des cas, l'égalité des portions, génératrice de comportements individualistes“ (bls. 835). Í þessu sambandi leggur höfundur áherslu á skyldleikann við skandinavískar og íslenskar erfðareglur (bls. 840). Skv. þeim var þó hlutur dætra gerður meiri en í Nörmannarétti.

138 Ladurie: *Art. cit.*, 840-43. Hér segir m.a.: „Dans le Midi occitan . . . il s'agissait toujours, en l'occurrence, de préserver autant que faire se pouvait l'indivisibilité familiale et patrilinéaire de la tenure paysanne . . . le pater familias occitan, enfin, utilise pour lutter contre le morcellement, la liberté d'avantager . . . et l'absolutisme testamentaire du droit écrit“. Sjá nánar um þetta samhengi jarðyrkjuskipulags og fjölskyldugerðar í S-Frakklandi (Provence), Collomp: „Famille nucléaire et famille élargie en Haute-Provence au XVIIIe siècle (1703-1734)“. *Annales E.S.C.* 27 (4-5, 1972), 969-75.

t.d. nefnt til þess fjórar ástæður hvað Bretland varðar.<sup>139</sup> Í fyrsta lagi hafi þriggja ættliða heimili verið algeng meðal breska aðalsins á 16.–17. öld; er það í samræmi við þá reglu að því efnaðri sem fjölskyldan var þeim mun flóknari hafi hún verið að gerð og fleiri í heimili. Í öðru lagi geti hlutfall þriggja ættliða fjölskyldna sem svarar 8–10% ekki talist lágt þegar tillit er tekið til fólksfjöldaáðstæðna samtímans.<sup>140</sup> Í þriðja lagi birti manntalsgögn, sem rannsóknir af þessu tagi byggjast á, kyrrstæða mynd af fjölskyldunni sem gengur þó eðli sínu samkvæmt gegnum vaxtar- og samdráttarskeið. Þannig geti fjölskylduheimili, sem reynist hafa verið einfalt að gerð nálægt stofnun þess, útvíkkast nokkru síðar við það að t.d. móðir húsbónda hefur flust inn á heimilið við fráfall maka síns.<sup>141</sup> Í fjórða lagi beri að gæta þess að búsetuformið er ekki nema einn af mörgum þáttum er móta fjölskyldugerðina. Þýðingarmeira en að telja hve margir búi saman sé að ganga úr skugga um ýmis önnur atriði, t.d. hvernig háttað sé verkaskiptingu heimilisfólks og hvernig það tengist hvert öðru í samskipta- og tilfinningalegum skilningi.<sup>142</sup>

Hvað sem slíkum fyrirvörum líður kveður Stone það vera ljóst að veruleg breyting hafi ekki orðið á formlegri fjölskylduskipan í norðvestanverðri Evrópu síðustu fimm aldirnar.<sup>143</sup> Nokkuð öðru máli gegni um heimilisgerðina sem mótaðist, auk sjálfrar fjölskyldunnar í þröngri merkingu, af návist óvandabundinna af ýmsu tagi, leigjenda, húsmanna, lærlinga og vinnuhjúa:<sup>144</sup>

. . . the only fundamental change in the household in the last five hundred years have been the removal of unmarried agricultural workers and apprentices to lodgings of their own; the disappearance of living-in domestic servants in all households except a handful of the very richest.<sup>145</sup>

Þegar framangreindar rannsóknarniðurstöður eru hafðar í huga sést að þær stangast ekki á við rauða þráðinn í fjölskylduþróunarsögu Ariès. Aftur á móti

139 Stone: *The Family* . . . , 23-26.

140 Miðað við meðalgiftingaraldur og meðalævilengd á einveldisöld voru (skv. útreikningi Wrigleys: *Population and History*, 132-33) líkur til þess að þrjár kynslóðir (afi og/eða amma, ásamt barni þeirra og barnabarni (börnum)) byggju saman í heimili í 29% tilvika í hæsta lagi. Raunverulegt hlutfall upp á ca 10% sýni þess vegna að þriggja kynslóða heimili, einkum með afa eða ömmu í ekkjustandi, hafi verið býsna algeng. Wrigley hefur enn fremur leitt rök að því að um fimmtungur fjölskyldna hafi við fráfall föður ekki átt neinn erfingja á lífi og annar fimmtungur aðeins einn, sjá Wrigley: „Fertility Strategies for the Individual and the Group“, í Tilly (rits.), *Historical Studies of Changing Fertility*, 135-54.

141 Þessu mundi Laslett sjálf sagt ekki mæla í mót, sbr. *Family life* . . . , 38; sjá einnig Berkner: Art. cit., 60-61. En skekkjuhættan sem Stone bendir á minnkar eftir því sem rannsóknarúrtakið stækkar og verður hverfandi lítill ef byggt er á manntali yfir heilt land eða landsvæði.

142 Sbr. áður nefnd skilgreining á kjarnafjölskyldu *supra* bls. 39 nmgr. 110.

143 Stone: *The family* . . . , 26.

144 Minna má aftur á það að á einveldisöld var fjölskylduheitið notað yfir allt heimilisfólk, jafnt það sem var innbyrðis blóðskylt/mægt sem hitt er var óvandabundið enda mun hafa skort sálfræðilegar forsendur til þess að aðgreina heimilishjúin skýrt frá börnum foreldra: „In contemporary theory, servants were equated with children as subordinate members of the household“. (Ibid., 27.) Sbr. einnig *supra* bls. 17 nmgr. 7.

145 Ibid., 29.

takmarkast gildi hennar af því að hún er miðuð við tiltölulega þröngan hring yfirstéttarfolks sem hafði eitt, bæði á síðmiðöldum og á nýöld, efnahagslegar forsendur til að halda stór heimili.<sup>146</sup> Á heimilum leiguliða í sveitum og daglaunamanna í borgum hafa þannig ekki fundist að neinu marki óvandabundnir einstaklingar sem eru svo mjög áberandi á stærri heimilum fyrirfolks.<sup>147</sup> Eftir stendur hitt að lýsing Ariès ber ekki verulegan keim af hinum gamla stofnfjölskyldu-rétttrúnaði *à la Le Play*. Það sem hefur ráðið að hans dómi úrslitum um þróun nútímafjölskyldu er ekki upplausn hinnar meira eða minna uppdikeytuð stofnfjölskyldu heldur aðgreining fjölskyldukjarnans frá óvandabundnu heimilisfólki er týndi síðan smám saman tölunni með tilkomu nýrra framleiðsluhátta. Í þessu efni samrýmist kennitilgáta Ariès nýlega fengnum niðurstöðum sögulegrar lýðfræði sem að framan getur.<sup>148</sup>

## Aldursflokkun og samfélagsgerð

Af framansögðu má ráða að þau megin sjónarmið sem Ariès markaði í fjölskyldusögu Vesturlanda hafa staðist allvel tímans tönn.<sup>149</sup> En annar þáttur í sögu hans er miklu umdeildari, þ.e. sú skoðun að á síðmiðöldum og fram á nýöld hafi ekki verið markað neitt sérstakt aldurs skeið milli bernsku- og fullorðinsára.<sup>150</sup> Um þetta atriði segir Ariès m.a. eftirfarandi:

Nobody would have thought of seeing the end of childhood in puberty. The idea of childhood was bound up with the idea of dependence: the words „sons“, „valets“ and „boys“ were also in the vocabulary of feudal subordination. One would leave childhood only by leaving the state of dependence, or at least the lower degrees of dependence . . . an ambiguity remained between childhood and adolescence on one hand and the category known as youth on the other. People had no idea of what we call adolescence and the idea was a long time in taking shape.<sup>151</sup>

Þessari skoðun finnur Ariès aðallega stoð í textum og myndrænum heimildum frá umræddu tímabili. Af þeim megi álykta að aldurs skeiðin, eins og þau voru framsett af lærdómsmönnum, hafi mótast mjög af samsvörunarreglum stjörnu-

146 Þótt Ariès hafi annað veiðið gert sér grein fyrir umræddum takmörkunum á lýsingu sinni, sbr. *supra* bls. 22, dregur hún í heild dóm af heimilisháttum yfirstéttarinnar.

147 Sjá Flandrin: Families . . . , 61-65; Klapisch og Demonet: Art. cit., 882-85 (einkum t. IVb og IVc).

148 Fræðimenn eins og Peter Laslett, sem hneigjast til að gera sem minnst úr breytingum á heimilisgerð í Vestur-Evrópu a.m.k. allt frá upphafi nýaldar, viðurkenna að þróunin hafi að þessu leyti haft í för með sér „a decline in size, a simplification of composition“. (Household and Family in Past Time, 13.)

149 Á þetta hefur Ariès sjálfur bent réttilega, sjá L'enfant . . . , 11.

150 Eins og áður er komið fram (sbr. *supra* bls. 17-18), er þessi skoðun í nokkuð rökréttu samhengi við þá kenningu Ariès að á sama tíma hafi bernskuvitund í nútímaskilningi verið ómótuð að kalla.

151 Ariès: Centuries . . . , 26-29 (L'enfant . . . , 44-48).

spekinga; þannig komi fram flokkanir á æviskeiðinu sem miðast gjarnan við tákn-  
rænt gildi talnanna 4 og 7.<sup>152</sup>

Aðrir fræðimenn hafa einnig lagt áherslu á þessi einkenni á aldursflokkun mið-  
aldahöfunda.<sup>153</sup> Þeir staðfesta þá niðurstöðu Ariès að í reynd hafi hin lærðu aldurs-  
heiti verið notuð afar ruglingslega, án nokkurrar skýrrar aldursmerkingar.<sup>154</sup> Má  
ætla að þessi ruglingur lýsi óglöggu minni fyrri tíðar manna á eigin aldur og þó  
ennfrekar á aldur annarra. Við þetta bætist að það fer mjög eftir höfundum  
hversu mörg aldurs skeiðin eru talin. Í stað þess að skipta æviskeiðinu fyrir fullorð-  
insaldur í þrennt – *infantia* (0–6 ára), *pueritia* (7–14 ára) og *adolescentia* talar  
þannig Dante (í *Convivio*) aðeins um *adolescentia*. Tekur hann fram að hún byrji  
við sjö ára aldur og endi við 25 ára aldur. Yfir bernskuskeiðið sem fer á undan  
hefur hann ekkert sérstakt heiti.<sup>155</sup>

Klapisch telur þetta sýna að vaxtarhugtakið hjá Dante vísi ekki aðeins til hins  
óra líkamlega og andlega þroskaferlis á kynþroskaskeiðinu.

. . . il s'applique surtout a décrire l'état de dépendance sociale et économique qui char-  
acterise cet âge, dont la plus grande vertu reste l'obéissance. À ce titre même, il nous  
semble intéressant qu'une période aussi longue et indifferenciée soit attribuée à la form-  
ation d'un adulte.<sup>156</sup>

Hér er vikið að atriði sem Ariès hefur lagt mikið upp úr, þ.e. að þjóðmálin t.d.  
ítölsku og frönsku hafi skort á 15.–16. öld heiti yfir hin mörgu aldurs skeið sem  
lærðir miðaldamenn höfðu tekið upp eftir grísk-rómverskum fornaldarhöfundum.  
Ariès hefur það þannig eftir frönskum þýðanda á 16. öld að þar sem latneski  
miðaldatextinn nafngreini sjö aldurs skeið séu aðeins til þrjú á frönsku, þ.e. „en-  
fance“, „jeunesse“, „vieillesse“.<sup>157</sup> Hin tvö fyrrnefndu hafi af skiljanlegum ástæð-  
um verið notuð í mjög rúmri og ónákvæmri merkingu: „ungt barn“ (jeune enfans)  
gat vísað á 17. öld jafnvel til 14 ára gamals drengs. Og þar sem „jeunesse“ hafi á  
16. öld táknað fullþroskað fólk – „un homme jeune“ var maður í blóma lífsins<sup>158</sup>  
– telur Ariès að ekkert „rúm“ hafi verið fyrir sérstakt skeið milli „enfance“ og

152 Skv. þessu voru aldurs skeiðin (vitae aetatum) ýmist talin fjögur – jafnmörg frumefnunum, árstíð-  
unum og skapgerðunum – eða sjö, þ.e. jafnmörg reikistjörnunum, vikudögunum, dauðasynd-  
unum og sakramentunum, og varaði þá hvert sjö ár. Skeiðin sjö voru: infantia, pueritia, adolesc-  
entia, iuventus, gravitas, senectus, senies, sjá Ariès: Centuries . . . , 17-19.

153 Sjá tilvísanir hjá Arnold (rits.): Op. cit., 17-20.

154 Ibid., 20; Ariès: Centuries . . . , 23. Viðlíka dæmi frá miklu nýrri tíma, Nýja-Englandi á 17.-18.  
öld, rekur Kett: „The stages of Life“ í Gordon (rits.), *The American Family in Social-Historical  
Perspective*, 166-168.

155 Klapisch: „L'enfance en Toscane au début du XVe siècle“, 100-01.

156 Loc. cit. – (Tilvitnun í lauslegri þýðingu: „ . . . hugtakið er aðallega notað til að lýsa hinni félags-  
legu og efnahagslegu undirlyllustöðu sem auðkennir þetta æviskeið þegar hlýðnin telst höfuð-  
dyggð. Einmitt af þessum sökum er athyglisvert að gert skuli ráð fyrir jafnlöngu og ósundurgreindu  
skeiði til mótunar fullorðins manns“.)

157 Ariès: L'enfant . . . , 43 (sbr. Centuries . . . , 23).

158 Ariès: Centuries . . . , 24.

„jeunesse“ í líkingu við unglingsár á okkar dögum.<sup>159</sup> Orðfæðin og orðanotkunin lýsi skeytingarleysi samtímamanna gagnvart þeim breytingum er fylgja líffræðilegum þroska barna og ungmenna (sbr. *supra* bls. 46, tilvitnun í Ariès).

Þessi merkingarfræðilegu dæmi sýna að ályktanir þeirra Ariès og Klapisch eru mjög eðlisskyldar. Munurinn er hins vegar sá að þar sem æskuskeiðið (adolescentia) þenst út í ítalska dæminu kemur víkkunin fram í bernskuskeiðinu (infantia) hjá Ariès. Eins og bæði heitin hafa verið notuð merkja þau fremur félagslega stöðu en afmarkaðan aldursflokk í nútíðarskilningi; a.m.k. verður merkingin svo blendin að þessu leyti að annar þátturinn verður varla greindur frá hinum.<sup>160</sup> Þessi merkingarblöndun aldursflokka og félagsflokka kemur ljóslega fram í mörgum þjóðtungum á nýöld; á ensku merkti „boy“ jöfnum höndum „drengur“ og „þjónn/vinnupiltur“; hið sama gildir um þý. „Knabe“, dö. „dreng“, fr. „garçon“. Og enn hljómar ávarpsorðið „garçon“ á frönskum veitingahúsum!

Nú er ekki hægt að loka augunum fyrir því að merkingarfræðileg túlkun Ariès á bernskuhugtakinu stingur í stúf við útlistun hans á félagslegri stöðu barna í miðaldasamfélaginu. Að sögn einkenndist hún af því að börn voru samsömuð fullorðnum strax og þau voru komin nokkuð á legg og orðin liðtæk á sveitabýlinu eða á verkstæðinu; en þrátt fyrir þetta ættu þau að hafa verið kölluð „börn“ (jafnvel „ung börn“) jafnlangt fram eftir aldri og ofangreind dæmi gefa til kynna. Og hafi þau verið svona lengi á bernskuskeiði, vaknar eðlilega sú spurning hvað sú staðhæfing Ariès merki að með tilkomu skólans upp úr siðbreytingunni hafi bernskuskeiðið framlengst frá því sem áður var (sbr. *supra* bls. 21). Að því er best verður séð hefur Ariès ekki greitt úr þessum þversögnum enda hefur hann ekki beinlínis verið krafinn um það af gagnrýnendum sínum.<sup>161</sup> Hér þarf því nánari athugunar við.

Ekki er ástæða til að vefengja þá niðurstöðu Ariès að miðað við síðari tíma hafi börn í evrópsku miðaldasamfélagi yfirleitt verið yngri að árum þegar þau gerðust hlutgeng í atvinnulífi og þannig fær um að sjá sér farborða. Líkt og í öllum hefðbundnum sveitasamfélögum voru börnum fengin þar ákveðin verk að vinna jafnskjótt og þau höfðu líkamsburði og andlegan þroska til. Mörg rök styðja þá skoðun að eiginleg bernska hafi skv. þessu verið talin enda við 6–7 ára aldur. Á síðmiðöldum var þannig ekki skylt að lögum að framfleyta munaðarleysingjum lengur en til sjö ára aldurs.<sup>162</sup> Og við þetta aldursmark máttu sveinar hefja nám undir hinar lægri vígslur (minores ordines) og algengt var að þeir færu þá í læri

159 Ibid., 23, 29. – Fyrst seint á 17. öld hafi orðið „jeunesse“ farið að fá svipaða merkingu og „adolescence“ á okkar dögum en þá var það notað yfir nýliða í hernum.

160 Klapisch leggur ekki síður en Ariès áherslu á þennan rugling: „... la confusion entre les notions d'enfance et de dépendence est extrêmement sensible“. (Art. cit., 101.) Athuga ber í þessu sambandi að Klapisch notar á frönsku „enfance“ sem þýðingu á „adolescencia“ hjá Dante.

161 Á hitt hafa margir bent að sérstakt skeið, afmarkað bæði eftir aldri og félagsstöðu, milli bernsku og fullorðinsára megi auðveldlega greina í samfélagsgerð Evrópu á nýöld, sbr. nánar *infra* bls.50-51.

162 Arnold (rits.), op. cit., 20.

hjá gildismeisturum.<sup>163</sup> Meðan klausturlifnaður var í góðu gengi fram eftir miðöldum tóku sumar klausturreglur við börnum á þessum aldri með þeim skilmála að þau staðfestu síðar klausturheitið er foreldrar hefðu gefið fyrir þeirra hönd.<sup>164</sup> Þá var og gert ráð fyrir að ferming gæti farið fram frá sjö ára aldri að telja.<sup>165</sup>

Inntaka svo ungra barna í veraldlegt eða trúarlegt samfélag fullorðinna á miðöldum kemur á sinn hátt fram í réttarstöðu þeirra. Þetta má m.a. marka af því hve ung að árum börn voru þegar þau töldust fullveðja og máttu festa ráð sitt. Ekki var óalgengt í löndum með germanskar réttarvenjur að börn yrðu fullveðja 12 ára.<sup>166</sup> Hins vegar var kynþroskaaldur hafður sem viðmið í kaþólskum kirkjurétti sem byggði í þessu efni á síðrómværskri réttarhefð: kynþroska (puberes) töldust stúlkur 12 ára en drengir 14 ára; hvor tveggja töldust þá jafnframt myndug og máttu þar með stofna til hjúskapar.<sup>167</sup> Þessi aldursmörk giltu sem hjúskaparskilyrði á Íslandi frá lögtöku Jónsbókar.<sup>168</sup>

Eins og áður segir samrýmast ofangreind dæmi vel áherslu Ariès á hina snemmæru þátttöku barna í lífi og starfi fullorðinna á miðöldum. Flestir fræðimenn taka ennfremur undir það með honum að unglingsár í nútíðarskilningi hafi ekki verið viðurkennt aldurskeið fyrr en undir lok 18. aldar, og þá aðeins meðal efri stétta á Vesturlöndum. Tekið hefur verið svo til orða, reyndar með nokkrum ýkjum, að Rousseau hafi „fundið upp“ unglingsinn um svipað leyti og Watt fann upp gufuvélina.<sup>169</sup> Í *Émile* hafði kynþroskaskeiðið fengið uppreisn æru, ef svo mætti segja, á kostnað bernskunnar.<sup>170</sup> Rousseau taldi að þá fyrst væri ástæða til að taka uppeldið alvarlega, bernskuskeiðinu væri best borgið með „neikvæðu uppeldi“, nánast afskiptaleysi. Seint á 18. öld og ennfremur í upphafi 19. aldar voru bókaútfendur, uppeldisfræðingar og tískufrömuðir farnir að svara kalli

163 Ibid., 21-22. – Höfundur vitnar m.a. til Johanns Eberlin von Günzburg (1521): „so ein kind acht jar alt ist, mag man es zu ein handtwärck thun oder aber lenger lassen studieren“.

164 Þannig var Thomas Aquinas tekinn í klaustur 5 ára, Beda Venerabilis 7 ára, Hrabanus Maurus 9 ára, sjá *ibid.*, 23.

165 Gallén: „Kanonisk alder“. *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder* 8, bls. 227; sjá einnig Sigurður Línal: „Upphaf kristni og kirkju“, í sami (rits.), *Saga Íslands* I, 280.

166 Svo var t.d. skv. hinum þýska Magdeborgarrétti, sjá Arnold (rits.), *op. cit.*, 25. – Samkvæmt Grágás urðu sveinar ekki myndugir fyrr en 16 ára–þangað til voru þeir á „ómagaaldri“– og stúlkur ekki fyrr en tvítugar. En með Jónsbók og réttarbót Hákonar Magnússonar 1314 var myndugleikaaldur lækkaður í 15 ár, sjá Jørgensen: „Myndighedsalder“. *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder* 12, bls. 36.

167 Gallén: *Art. cit.*, 226. – Börn yngri en sjö ára (infantes) töldust hvorki ábyrg gerða sinna né sakhæf. „Efter fylda sju år svarade barnet för sina förseelser i förhållande till sin utvecklingsgrad“ (*loc. cit.*).

168 Sigurður Línal: „Ægteskab. Island“. *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder* 20, bls. 498 – Í Grágás segir ekkert um hjúskaparaldur en í fornsögum er getið giftra kvenna 13-15 ára, sjá *ibid.*, 495.

169 Musgrave: *Youth and the Social Order*, 33; sjá einnig Wardle: *Op. cit.*, 31-34. – Stone hefur fært rök að því að franska yfirstéttin hafi „uppgötvað“ unglingsinn meira en hálfri öld seinna en hin breska; hin síðarnefnda hafi brugðist mun betur við hinum nýja uppeldisboðskap Lockes og De-foes en Frakkar við *Émile*, sjá Stone: *Op. cit.*, 238, 478-79.

170 Sbr. Rousseau: *Op. cit.*, 241-52, þar sem kynþroskaaldrinum er líkt við nokkurs konar endurfæðingu.

Rousseaus og sinna þörfum sérstaks aldursþóps, unglunga, sem voru hvorki börn né fullorðnir.<sup>171</sup> Á heimilum betri borgara var þessum aldursflokki ekki lengur ætlaður staður í „kjallaranum“ hjá þjónustufólkinu. Unglingarnir voru gjarnan dubbaðir upp á kvöldin og látnir sýna sig í gestastofu. Samfara skerþri fjölskyldu- vitund hjá yfirstéttinni var farið að haga svo til að „kjarninn“ gæti búið út af fyrir sig og losnað undan hnýsni þjónustuliðsins.<sup>172</sup>

Nú er eitt að sýna fram á að unglings skeiðið í okkar nútíðarskilningi sé tiltölu- lega nýlegt fyrirbæri í sögunnar rás, fylgifiskur þéttbýlismyndunar og skólahalds; annað er að halda því fram að hætti Ariès að í hefðbundnu vestur-evrópsku sam- félagi hafi ekki verið afmarkað ákveðið skeið í æviferli manna milli bernsku og fullorðinsára. Þegar nánar er hugað að efnahagslegum og lýðfræðilegum ein- kennum þessarar þjóðfélagsgerðar, sést að þessi staðhæfing stenst ekki gagnrýni. Til marks um þetta eru nýlegar rannsóknarniðurstöður sem nú verða raktar stutt- lega.

Í tilvitnuðum orðum Ariès hér að framan (sbr. bls. 46) er ýjað að því að mis- munandi stig megi greina í hæði (dependence) barna gagnvart fullorðnum. Aðrir hafa orðið til að draga af slíkri stigskiptingu ályktanir sem stangast í veigamiklum atriðum á við túlkun Ariès á skilum bernsku og fullorðinsára. John Gillis hefur dregið þær saman á eftirfarandi hátt:

. . . it was precisely in these degrees of dependence that preindustrial society recog- nized and institutionalized a stage of life that was different from both childhood and adulthood. What they commonly called „youth“ was a very long transition period, lasting from the point that the very young child first became somewhat independent of its family, usually about seven or eight, to the point of complete independence at mar- riage, ordinarily in the mid or late twenties.<sup>173</sup>

Þetta langa skeið milli bernsku og fullorðinsára – ungdómsárin – var um flest ólíkt unglingsárum okkar tíma.<sup>174</sup> Það var ekki talið hefjast með kynþroska heldur fyrr, kringum 10–12 ára aldur, þegar börn fóru smám saman að skiljast frá fjölskyldu sinni og búa á heimilum annarra – sem vinnuhjú (þjónustufólk), lærl- ingar eða námsmenn. Um leið og börnin losnuðu þannig undan foreldravaldinu færðust þau undir vald húsbænda sem voru einatt óvandabundnir ef ekki beinlínis framandi. Með öðrum orðum, við það að snúa baki við hinu tiltölulega verndaða umhverfi foreldraheimilisins gengust „börnin“ undir formlegra vald húsbænda sem þeim var ætlað að þjóna eftir settum reglum, uns þar að kæmi að þau gætu

171 Musgrove: Op. cit., 33-37, Stybe: *Fra Askepot til Asterix*, 39-54.


172 Stone: Op. cit., 253-56; Cott: „Eighteenth-Century Family and Social Life Revealed in Massa- chusetts Divorce Records“. *Journal of Social History* 10 (1, 1976), 20-22, 35.

173 Gillis: Op. cit., 2.

174 Helst virðist samsvara íslenski málvenju á einveldisöld að nota *ungdómsár* yfir „youth“ og *ung- dómur* og *ungisfólk* sem samheiti yfir þennan flokk manna sem markaðist jöfnum höndum af aldri og félagslegri stöðu, sbr. *infra* bls. 67.

stofnað eigin heimili og gerst „sjálfs sín“. Þessar aðstæður sköpuðu ungdómi og yngisfólki fyrri tíma áberandi sérstöðu er sýna má í grófum dráttum á eftirfarandi hátt:

### Mynd I. Æviskeið í hefðbundnu þjóðfélagi



Þetta er mjög einfölduð mynd af veruleika sem var langtum flóknari í eðli sínu. Þannig er mjög örðugt að afmarka ungdóminn af nokkurri nákvæmni sem aldursflokk, hvort sem miðað er við neðri eða efri mörkin; slík mörk voru ekki dregin í reynd. Í hinu hefðbundna þjóðfélagi var t.d. ekki hægt að styðjast við stofnana- leg viðmið eins og skólaskyldualdur. Hins vegar má fara nærri um hver hafi verið hin óformlegu viðmið umræddrar flokkunar.

Að því er neðri mörkin varðar skiptir máli að komast að því hve algengt það hafi verið að börn hyrfu úr foreldrahúsum áður en þau festu ráð sitt og hve gömul þau hafi þá verið að meðaltali. Torvelt er að fá áreiðanlega vitneskju um hvort- tveggja: heimildir eru af skornum skammti og rannsóknir á tiltækum heimildum eru erfiðar viðfangs.<sup>175</sup> Þær eru raunar ekki komnar lengra á veg en svo að niður- stöður liggja aðeins fyrir um einstaka sóknir, einna helst í Englandi.

Eins og fram kemur í tilvitnuðum orðum Gillis að ofan hafa breskir sagnfræð- ingar til skamms tíma gert ráð fyrir að algengasti aldur barna við brottför úr heimahúsum hafi verið á bilinu 8–12 ár eða a.m.k. 10–14 á- a.<sup>176</sup> Nú hefur hins vegar komið á daginn við könnun á einstökum sóknum í Englandi að einungis lítill hluti barna (5% eða færri) 14 ára og yngri hefur verið að heiman, í þjónustu

175 Wall: „Age at Leaving Home“. *Journal of Family History* 3 (2, 1978), 185-87; Mittauer og Sieder: „The Developmental Process of Domestic Groups. Problems of Reconstruction and Possibilities of Interpretation“. *Journal of Family History* 4 (3, 1979), 257-62.

176 Wall: Art. cit., 182-83;



annarra.<sup>177</sup> Líklegt er þó að þetta hlutfall hafi verið mun hærra sums staðar á meginlandi Evrópu; þannig voru um miðbik 17. aldar 22% barna 10–14 ára á dönsku eyggi Möen í þénustu hjá öðrum.<sup>178</sup> Eigi að síður benda slík dæmi til þess að aldur barna við brottför að heiman á einveldisöld hafi verið áætlaður lægri en efni standa til. Það sýnir sig jafnframt að brottförin á sér stað í hverri sókn á svo ólíkum aldri að „there is no set of age at which it might be predicted that children would leave home.“<sup>179</sup> Hitt má telja víst að efnahagur heimila hefur ráðið miklu um hlutfallslegan fjölda og aldur þeirra barna sem yfirgáfu foreldrahús þegar á unga aldri. Straumurinn hefur eflaust legið frá hinum efnaminni heimilum, jarðnæðislitlum kotum eða þurrabúðum, til efnaðri heimila sem höfðu þörf fyrir mikið vinnuafli.<sup>180</sup> Með þessum hætti tryggði vistarskipulagið efnaðri bændum aðgang að ódýru vinnuafli fátæklinga meðan þeir voru í blóma lífsins.<sup>181</sup>

Það er því ljóst að ekki eru forsendur til að draga skýr aldursmörk milli bernsku og ungdóms enda hafa þau verið breytileg eftir kringumstæðum. Aftur á móti þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það hvenær ungdómsárin töldust vera að baki: hjúskapur markaði þar ótvíræð skil. Sé á annað borð vitað á hvaða aldri karlar og konur gengu í hjónaband að jafnaði, fæst hugmynd um hvar efri mörk ungdómsins hafa legið.

Eins og áður segir var það einkenni heimilisgerðarinnar í Evrópu norðvestanverðri að á hverju heimili var oftast ekki nema einn fjölskyldukjarni. Þetta merkir að til nýs hjónabands var sjaldnast stofnað á fjölskylduheimili sem fyrir var heldur mynduðu hjónin sjálfstætt heimili og gerðust þar með húsráðendur.<sup>182</sup> Hins vegar gat ekki verið um það að ræða að hver ný kynslóð legði af eigin rammleik grunn að slíkri heimilisstofnun; til þess var efnahagslegum björgum í hinu einhæfa sveitasamfélagi sniðinn alltof þröngur stakkur. Af þessu leiddi að gifting vildi dragast þangað til jarðnæði eða verkstæði losnaði annaðhvort við það að húsráðandi féll frá eða lét af búsföráðum fyrir einhverra hluta sakir.<sup>183</sup> Þegar tillit er

177 Wall: Art. cit., 190-91 (t.2. og 3.) sjá einnig Laslett: Family Life . . . , 34 (t.1.7.) og 44 (t. 1.10.), þar sem fram kemur að um 70% alls þjónustufólks og vinnuhjúa (servants) í sex enskum sóknnum á 17.-18. öld var á aldrinum 15-29 ára, aðeins 5-6% yngri.

178 Laslett: Family Life . . . , 44; til samanburðar má geta þess að 48% „barna“ 15-19 ára voru þar í vist. Sjá enn fremur Wall: Art. cit., 199-200.

179 Ibid., 191. – Höfundur telur einnig álitamál hvernig beri að túlka brottförina. Einatt hafi hún þýtt að barnið fór í vist „but it is debatable whether we should follow Lawrence Stone and see it as a change from the status of child to that of youth“ (loc. cit.). Sjónarmið Stones styður m.a. Kett: Art. cit., 175, 181-82.

180 Auk efnahagsins hefur vinnuafllspörfin farið eftir því hvar fjölskyldan var á vegi stödd í myndun sinni og þróun, sbr. *infra* bls. 99.

181 Laslett: Family Life . . . , 45; Wall: Art. cit., 182-183; Kett: Art. cit., 174-76. Sbr. og *infra* bls. 130.

182 Öðru vísi var þessu farið í sunnan- og austanverðri Evrópu þar sem stofnfjölskyldur voru allvíða við lýði (sbr. *supra* bls. 44). Þar gat a.m.k. elsti sonurinn stofnað fjölskyldu undir sama þaki og faðirinn þó hinn síðarnefndi hefði áfram búsföráð og færi með húsbóndavald á heimilinu. Gifting við slíkar aðstæður hafði allt aðra félagslega þýðingu en um ræðir að ofan enda var giftingaraldur alla jafna mun lægri, sjá Hajnal: Art. cit., 108-09.

183 Ástæður gátu verið m.a. heilsuþrestur eða konumissir.

tekið til meðalævilengdar á einveldisöld, <sup>184</sup> verður skiljanlegt að meðalgiftingaraldur hlaut að verða í hærra lagi. Rannsóknir hafa líka sýnt að hann var að meðaltali 27–28 ár hjá körlum og 2–3 árum lægri hjá konum. <sup>185</sup> Samfara fólksfjölgun á 18. öld í Vestur-Evrópu fór giftingaraldur hjá konum víðast hvar hækkandi frá því sem var á 17. öld. <sup>186</sup>

Hið tiltölulega háa meðaltal giftingaraldurs ber með sér að drjúgur hluti hvernar kynslóðar, eða þriðjungur til fjórðungur, hefur ekki fest ráð sitt fyrr en um þrítugt eða síðar. Er þá ótalinn sá hluti er stofnaði aldrei til hjúskapar og öðlaðist þar með aldrei þann félagslega myndugleik sem var samfara heimilisforræði. <sup>187</sup> Stöðu þeirra sem og annarra er töldust til ungdómsins lengur eða skemur hefur verið lýst þannig:

They were constantly reminded of their semidependence by their economic, social and legal status in a society in which full rights were reserved mainly to the head of families and other „masters“ of the craft and corporate hierarchies . . . Until marriage, the role of both males and females continued to be characterized by semidependence, a time spent away from home and family mainly in the company of strangers. <sup>188</sup>

Þegar athuguð er aldursskiptingin í hinu hefðbundna þjóðfélagi verður undirbyggð ungdomsins enn áþreifanlegri. Aldursárgangarnir 30 ára og yngri voru þá mun hærra hlutfall af öllum fólksfjöldanum en síðar varð, a.m.k. þegar kom fram á 20. öld. Þannig voru á hverja 100 íbúa 30 ára og eldri í Englandi um aldamótin 1700 55 á aldrinum 15–29 ára; í Svíþjóð um miðja 18. öld var hlutfallið 63 og í Frakklandi árið 1776 65. Á okkar dögum er hlutfall þessara sömu árganga ekki nema 38–40. <sup>189</sup> Fyrirfram mætti því geta sér þess til að hinir fjölmennu ungdómsárgangar fyrri tíma hafi ekki fallið alltof greiðlega í þær skorður sem samfélag hinna fullorðnu setti þeim.

Óvarlegt væri að ætla að ungdómur á einveldisöld hafi myndað „menningarkima“ í líkingu við markaðsstýrða unglingamenningu okkar tíma. Til þess skorti

184 Varðandi þetta atriði sjá *supra* bls. 41; ennfremur Greven: *Four Generations: Population, Land and Family in Colonial Andover, Massachusetts*, 194–96. Fram kemur að meðalævi fólks sem lifði á annað borð af fyrstu 20 æviárin var þar um 60 ár á fyrri helmingi 18. aldar, mjög svipuð og í Englandi á sama tíma, sjá Wrigley og Schofield: *The Population History of England 1541–1871*, 250 (t.7.21).

185 Armengaud: Op. cit., 31–32; Greven: Op. cit., 117–23; Gaskin: „Age at First Marriage in Europe before 1850“. *Journal of Family History* 3 (1978), 26–30.

186 Í þessu efni er England þó undantekning (sjá Wrigley og Schofield: Op. cit., 255 (t.7.26)), líklega vegna rýmri afkomumöguleika samfara iðnbyltingunni.

187 Þetta hlutfall hefur líklega numið í V-Evrópu 10–15% ef miðað er við alla einstaklinga sem höfðu aldrei gifst um fimmtugt, Sjá Hermalin og van de Walle: „The Civil Code and Nuptiality“, í Lee (rits.), op. cit., 73–77 (t.1). Sjá annars *infra* bls. 118.

188 Gillis: Op. cit., 9.

189 *Ibid.*, 11; Wrigley og Schofield: Op. cit., 215–18; *Historisk statistik för Sverige*. Del 1. Befolkning 1720 – 1967, 68 (t.16).

bæði huglægar forsendur (sbr. hugmyndina um kynslóðabil) og víða þær hlutlægu aðstæður sem hafa skapast með þéttbýlismyndun og greiðum samgöngum. Þó er ljóst að á þéttbýlli svæðum hefur verið við lýði eins konar ungdómshættu; yngisfólk sem iðulega safnast saman leynt eða ljóst til skemmtanahalds, dansleikja og annarrar „gleði“. Um tilvist þeirra vitnar m.a. viðleitni siðbótarmanna á 16.–17. öld til að uppræta slíkar skemmtanavenjur sem þeir álitu uppsprettu óreglu og gjálífis og ögrun við kristilegt siðferði.<sup>190</sup> Þá hefur og verið sýnt fram á að í ýmsum sveitaborpum og borgum Vestur-Evrópu fóru yngisfólk og lærlingar við ákveðin tækifæri um götur með miklum ærslagangi og drógu dár að ráðsettum mönnum (charivari). Slík áreitni lýsti jöfnum höndum öfund hinna afskiptu, t.d. í garð ríkismanna sem höfðu fastnað sér miklu yngri konur, og fastheldni við gildi og venjur samfélagsins.<sup>191</sup>

Í athugasemdum við framkomna gagnrýni hefur Ariès haldið því fram að sú samstaða er birtist í „charivari“ byggist fremur á sameiginlegri hjúskaparstöðu þátttakendanna en á því að þeir hafi verið sérstakur aldursflokkur.<sup>192</sup> Þessi athugasemd virðist léttvæg þegar haft er í huga að ókvæni í hefðbundnum samfélögum Vestur-Evrópu var helsta félageinkenni aldursárganganna báðum megin tvítugs; Ariès tekur raunar fram sjálfur að þar hafi menn „oft gifst seint“. Ungdómurinn, sem hann vill ógjarnan kannast við, var greinilega aldursbundinn félagsflokkur og sem slíkur nátengdur hinni sérstæðu samfélagsgerð Vesturlanda.

Færa má rök að því að Ariès hafi átt bággt með að greina þessi tengsl í réttu ljósi vegna forætlana sinna er áður getur (sbr. *supra* bls. 32) og vilhallrar túlkunar á heimilisháttum miðalda og fram á nýöld. Hann leggur réttilega áherslu á uppeldislegt hlutverk hjúahaldsins en hlutdrægni hans kemur fram í því að hann álítur hjú og lærlinga hafa verið betur sett en skólaæsku síðari tíma. Þau hafi lært til verka með beinni þátttöku í störfum fullorðinna; sem börn og ungmenni hafi þau þannig hrærst daglega meðal fullorðinna. Skólanemendur hafi aftur á móti verið aðgreindir frá fullorðnum og beygðir undir harðneskjulegan aga í gerviheimi skólastofunnar. Þótt vinnumennskan væri einatt hrottaleg, hafi sá munur verið á að agi hennar átti eðlilegar rætur í kröfum starfsins.<sup>193</sup>

Ekki er hægt að neita því að þessi túlkun Ariès á hjúahaldinu er áberandi hlutdræg. Í þessu sambandi má taka undir gagnrýni Adrian Wilsons:

190 Robisheaux: „Peasants and pastors: rural youth control and the Reformation in Hohenlohe 1540 – 1680“. *Social History* 6 (3, 1981) 287-89, 297-98. – Höfundur kann að rekja mörg dæmi þess að yngissveinar stóðu í þrætum við foreldra sína vegna leynilegrar trúlofunar sem hinir síðarnefndu reyndu oft að fá ógilta fyrir dómstólum.

191 Vann: Art. cit., 288-89, þar sem vitnað er til rannsókna Natalie Zemon Davis og Steven R. Smiths.

192 Ariès: L'enfant . . . , 14. Höfundur kemst svo að orði: „ . . . ces sociétés de jeunesse étaient des sociétés de célibataires, à des époques où, dans les classes populaires, on se mariait souvent tard.“

193 Wilson: Art. cit., 140-41; sjá þar tilvísanir í *Centuries* . . . varðandi samanburð Ariès á hjúahaldi og skólahaldi.

. . . there can be little doubt that Ariès idealizes the institution of service . . . His discussion is couched solely in terms of the master's point of view, and correspondingly is based upon published precepts. This, of course, is the ideology of service.<sup>194</sup>

Tilhneiging Ariès til að gylla miðaldahefðir hefur óneitanlega byrgt honum sýn á félagslega og kynferðislega undirokun hjúa og annars þjónustufólks í samfélagsgerð einveldisins. Með hinni þungu áherslu sinni á þá „aldursblöndun“ sem fylgdi hjúahaldinu,<sup>195</sup> hefur Ariès ýkt samkenni ungdómsins og hinna fullorðnu og eignað honum eindregna samstöðu með yfirboðurum sínum; um leið hefur höfundinum yfirsést þýðingarmikið formgerðareinkenni „gamla skipulagsins“.

Undanfarandi umfjöllun um niðurstöður nýlegra rannsókna í bernsku- og fjölskyldusögu Evrópu er orðin lengri en áformað var í upphafi. Hún hefur vissulega leitt í ljós alvarlegar veitur í kenningu Ariès eins og hún var sett fram í *L'enfant et la vie familiale sous l'ancien régime*. Slíkt er ekki undarlegt um brautryðjanda- verk. Hitt vekur meiri athygli hve ritið hefur reynst fræðimönnum mikill hugmyndagjafi og vakið margar nýjar spurningar um tilveruskilyrði manna fyrr á tíð.<sup>196</sup> Ætla má að tvennt beri hér einkum til, frjó rannsóknaraðferð og einörð viðleitni til að hefja til vegs það sem kalla mætti sögulega mannfræði.

Eins og fram hefur komið er langt frá því að rannsóknaraðferð Ariès sé gallalaus, sérstaklega eins og hann beitir henni. Hún á það sammerkt með félagssöguhefð Annales-skólans að gengið er út frá ákveðnum kerfum eða mynstrum mannlagra athafna eða hugsunar á ýmsum tímum; reynt er síðan að rekja rætur slíkra mynstra aftur í tímann og greina ummyndun þeirra og áorkan í tímans rás.<sup>197</sup> Við upphaflega afmörkun á slíkum mynstrum, t.d. ríkjandi viðhorfum til aldursflokkanar, verður ekki komist hjá því að miða við það sem vitað er um hegðun manna og hugmyndir í samtíma sagnfræðingsins.<sup>198</sup> Þessi aðför feldur m.ö.o. í sér óbeina viðurkenningu á því að forvitni hans nærast að verulegu leyti af hugðarefnum samtíðar; það er þá jafnframt styrkur sagnfræðilegrar hugsunar en ekki veikleiki að hún taki mið af nútíðinni (sé nútíðarlæg).<sup>199</sup> Frá vitund um tiltekinn samtíðar-

194 Loc. cit., – Fyrir utan hlutdrægni í túlkun er þess að gæta að Ariès ætlar hjúahaldið miklu almennara en það var í reynd, a.m.k. á einveldisöld, sbr. *supra* bls. 52.

195 Í formálanum að *L'enfant* . . . heldur Ariès þessari áherslu til streitu: „Le mélange des âges qu'il [l'apprentissage] entraîne me paraît un des traits dominants de notre société, du milieu du Moyen Age au XVIIIe siècle“ (bls. 13).

196 Þannig mun ekki ofsagt að Ariès hafi verið einn af fáum „konkvistadorum“ í sagnritun 20. aldar. Ekki hafði hann fyrr lokið við bernskusögu sína en hann „sailed on to search out the history of the other end of life“. (Vann: Art. cit., 397.) Höfundur vísar hér til rannsókna Ariès á viðhorfum til dauðans, sbr. hið mikla rit hans, *L'homme devant la mort* (1977).

197 Um þennan þátt í aðferðafræði Annales-skólans fjallar nokkuð Einar Már Jónsson: „Nýjar stefnur í franskri sagnfræði“. *Saga* 20 (1982), 236-39.

198 Ariès orðar þetta svo í formála að *L'enfant* . . . : „Nous partons nécessairement de ce que nous savons du comportement de l'homme d'aujourd'hui, comme d'un modèle auquel nous comparons les données du passé“ (bls. 26).

199 Þessi staðhæfing stangast á við áður nefnda gagnrýni Adrian Wilsons, sbr. *supra* bls. 23. Þótt hér sé ekki fallist á almenn rök Wilsons fyrir því að „nútíðarlæg“ sé vondur skoðunarháttur, er gagnrýni hans á heimildatúlkun Ariès vel til fundin, sbr. Vann: Art. cit., 290-91.

vanda rekur hugsunin sig þannig aftur á bak í viðleitni sinni til að skilja vandann sem almennt mannfræðilegt en um leið sem sérstætt sögulegt viðfangsefni.<sup>200</sup> Í þessari afturhverfu aðför felst jafnframt samanburður á þeirri „kjörmynd“ (ideal type), sem sagnfræðingurinn hefur gert sér af fyrirbærinu, við birtingarform þess á ólíkum tímum eða ólíkum landsvæðum á sama tíma.<sup>201</sup> Á vegferð sagnfræðingsins eftir tímaásnum varðar hins vegar miklu að hann gæti ekki aðeins tilskilinnar óhlutdrægni heldur þrengi ekki hugtök sín meira en svo að þau fái rúmað mismunandi skilning sem hefur ríkt á umræddu fyrirbæri á ólíkum tímabilum. Ariès hefur verið gagnrýndur réttilega fyrir slíka hugtaksþrengingu, einkum fyrir það að miða bernskuhugtakið of eindregið við nútíðarskilning.

Varðandi hitt atriðið, sem telja má að hafi valdið miklu um víðtæk áhrif Ariès, nægir að vísa til undanfarandi umfjöllunar. Hún ætti að sýna að Ariès hefur mjög stuðlað að því að víkka lendur sagnfræðirannsókna, ekki síst með því að tengja saman svið sem lágu áður innan landhelgi ólíkra fræðigreina. Fáir hafa þannig lagt drýgri skerf en hann til sögulegrar mannfræði ef svo mætti kalla þá viðleitni að rekja samspil náttúru og menningar í sögulegri vídd. Inn í slíkt samhengi hefur Ariès fellt uppeldissöguna með þeim árangri að hún hefur síðan verið að losna úr tómarúmi hefðbundinnar hugmyndasögu og festa rætur á vettvangi félags- og fjölskyldusögu.<sup>202</sup> Á þeim áttakafleti má sjá hvernig óbreyttir, oftast nafnlausir menn hafa rækt það verkefni að viðhalda tegundinni og hvernig þeir hafa svarað uppeldiskröfum siðmenningarinnar, eins og þær eru bornar fram af handhöfum hins andlega og veraldlega valds á hverjum tíma.

200 Í áður nefndum ritdómi um rit Ariès telur Flandrin nauðsynlegt að beita slíkri aðferð við „recherches régressives d'histoire existentielle“. Jafnframt telur hann það höfuðkost á efnistöku Ariès að hann láti ekki heimildirnar ráða ferðinni heldur leggi hann út af „une question, une curiosité d'aujourd'hui“. (Le sexe et l'Occident, 322, 327.)

201 Samanburðurinn verður þannig tvíhverfur, bæði „lóðrétur“ og „láréttur“, sjá Walker: „A note on historical linguistics and Marc Bloch's method“. *History and Theory* 19 (1980), 155-56. Sjá einnig Bloch: Op. cit., 13-15; Ariès: L'enfant . . . , 26, þar sem segir: „L'histoire des mentalités est toujours, qu'elle l'avoue ou non, une histoire régressive et comparative“.

202 Þessi breytta áhersla í uppeldissögu tengist aftur nýjum efnistöku og sjónarmiðum sem hafa komið fram í hugarfarssögu, samanborið við hefðbundna hugmyndasögu, sbr. *supra* bls. 15. Sjá einnig Le Goff: „Mentaliteterna, en tvetydig historia“, í Le Goff og Nora (rits.), *Att skriva historia*, 244-62.

# UPPELDISMARKMIÐ OG FRÆÐSLUSKYLDA

Ekki er umdeilt það sem haft er eftir Ariès hér að framan (sbr. bls. 22) að siðbreytingin á 16. öld hafi markað tímamót í hugmyndasögu uppeldismála: meira en nokkur annar hugmyndastraumur mótaði hún viðhorf valdhafa á einveldisöld til alls uppeldis, og þó sérstaklega hins formlegasta hluta þess, sjálfrar uppfræðslunnar.<sup>1</sup> Í íslensku samhengi er vitanlega um að ræða hina evangelísku mótmælendakenningu Lúthers. Af þessum sökum er nauðsynlegt, þegar fjalla á um uppeldislöggjöf einveldisins á Íslandi og félagsleg áhrif hennar, að glöggva sig á skilningi lútherskra mótmælenda á valdbyggingu þjóðfélagsins og afstöðu helstu stofnana þess hvorrar til annarrar.<sup>2</sup> Síðan verður athugað að hvaða marki íslenskar uppeldisaðstæður samrýmdust hugmyndum lútherssinna um æskilega skipan mála á þessu sviði. Þá verða dregin fram hin uppeldislegu, pólitísku gildi sem gegnsýra umrædda löggjöf og reynt að ganga úr skugga um hvað uppfræðsluákvæði hennar þýddu í reynd, bæði með tilliti til aldurs og félagslegrar stöðu einstaklinganna.

## Valdsvið og uppeldisaðilar í kenningu mótmælenda

Það er eflaust engin tilviljun að samfara siðbreytingu 16. aldar var lagður grunnur að stjórnskipan einveldisins. Efling miðstjórnarvalds þýddi m.a. að ríkið helgaði sér einkarétt til réttargæslu, hverndar og eignaréttarvörslu – verkefna sem lénsmenn furstans höfðu haft með höndum, hver í sínu umdæmi, í lénskipulagi miðalda. Samfara þessari valdatilfærslu slaknaði á þeim böndum er höfðu tengt ættmenn og skjólstæðinga við lénsmenn á hinum ýmsu þrepum lénskerfisins. Konungsvaldið reri líka óspart að því að rjúfa slík ættar- og hagsmunasambönd, bæla ættrækni og innprenta þegnunum annars konar hollustu: það taldist nú fremsta skylda þeirra að auðsýna furstanum hollustu og hlýðni. Í ríkjum mót-

- 1 Uppeldi er hér notað í hinni vanalegu, yfirgripsmiklu merkingu orðsins, þ.e. bæði formleg og óformleg ráð til félagslegrar mótunar einstaklingsins. Uppfræðsla er aftur á móti sá þáttur uppeldis eða náms sem á sér stað við lestur eða áheyrn „of a formally prepared symbolic presentation“ (Wallace: „Schools in Revolutionary and Conservative Societies“, í Ianni og Storey (rits.), *Cultural Relevance and Educational Issues*, 233. Enn afmarkaðra og stofnfastara uppeldi er svo það sem kalla mátti *skólun* (schooling).
- 2 Hér er aðallega um að ræða valdsviðin þrjú, „die drei Regiment“ með orðalagi Lúthers, sbr. *infra* bls. 82.

mælenda þýddi slík hollusta jafnframt hlýðni við Guð þar sem þjóðhöfðinginn var æðsta höfuð hinnar siðbreyttu kirkju. Mönnum var nú kennt að

their first duty was to „fight the battles of God and the King“, thus placing loyalty to the national religion and the head of the nation state above all considerations of kin loyalty, patronal clientage or personal attachment.<sup>3</sup>

Til þess að uppræta höfðingjavelði í héraði lét konungsvaldið vissulega ekki sitja við orðin tóm; það beitti til þess nökту hervaldi svo sem stjórn málasaga 16.–17. aldar er til vitnis um. En Lawrence Stone hefur fært rök að því að í hugarfarslegu tilliti hafi ein áhrifaríkasta aðferð konungsvaldsins, a.m.k. í Bretlandi, til að hlúa að hinni nýju þegnskaparkennd verið sú að efla húsbóndavald á heimilinu. Efling miðstjórnarvalds í ríkinu hafi m.ö.o. haldist í hendur við mótun hinnar nýju fjölskylduvitundar sem áður er rætt um (sbr. *supra* bls. 20). Í stað hinnar „opnu“ ættarfjölskyldu, sem hafði einkum viðgengist meðal efri stétta þjóðfélagsins, hafi nú hver fjölskyldukjarni farið að afmarkast nánar í samræmi við regluna um óskorað yfirvald heimilisföðurins.<sup>4</sup>

Á sama hátt má sýna fram á að hin lútherska siðbreyting hafi lagst á sveif með konungsvaldinu í þessu efni og stuðlað að eflingu húsbóndavalds. Lúther kenndi að hjónabandið væri andlegt, heilagt, „stand“, sett af Guði til þess að menn ykju kyn sitt og uppfylltu jörðina.<sup>5</sup> Helgi hjónabandsins mátti marka af því að það var fyrsta stofnunin sem Guð gaf mannkyni og því fyrr til komin en bæði kennivaldið og hin veraldlega valdstjórn (*ecclesia* og *politia* sbr. *infra* bls. 82). Fjölskyldan taldist þannig í bókstaflegum skilningi frumeining þjóðfélagsins, sú borg er reglur þess og gildi byggðust á. Fjölskylduheimilið og hússtjórnin (*oikonomia*) voru m.ö.o. ekkert einkamál í augum lútherssinna heldur líftaug samfélagslegs siðgæðis og kristlegs félagslífs. Samstarfsmaður Lúthers, Justus Menius, taldi t.d. að bæði hússtjórnin og hin veraldlega valdstjórn byggðust á bjargi fjórða boðorðsins – heiðra skaltu föður þinn og móður. Annar liðsmaður Lúthers orðaði þetta svo:

3 Stone: Op. cit., 132-34.

4 Hér ber aftur að hafa í huga þann skilning sem Stone leggur í fjölskylduhugtakið (sbr. *supra* bls. 39, nmgr. 111). – Gagnvirk tengsl hinna pólitísku og félagslegu ferla setur Stone fram m.a. á eftirfarandi hátt: „The decline of kinship was a major cause, and also a consequence, of the rise of the nuclear family . . . But as loyalty to kinship declined, it shifted not only inward towards the nuclear core, but also outward towards the state, whose policies and actions were to no small extent responsible for the decline of the kin“. (Stone: „The Rise of the Nuclear Family“, í Rosenberg (rits.), *The Family in History*, 25.)

5 Þótt röksemdir Lúthers fyrir nauðsyn hjónabandsins hafi dregið mjög dóm af kaþólskum hefðum – með því fengi kynhvötin siðsamlega útrás – gæddi hann það eins konar heilagleika ef miðað er við ókvænishugsjón miðaldakristninnar. Hjónabandið var vissulega hluti af heiminum en „to a Christian the whole world is holy, pure, useful and pious“ (tilvitnun í Lúther hjá Strauss: *Luther's House of Learning*, 111). Sbr. og *supra* bls. 22. – Tilvitnanir í rit Lúthers og samstarfsmanna hans hér á eftir eru hafðar eftir Strauss er tilfærir þær í enskri þýðingu.

Power passes from parents to government, from householders – who rule privately over their wives, children and servants – to magistrates and princes who exercise their might publicly over the mass of men.<sup>6</sup>

Eins og þessi orð bera með sér var gert ráð fyrir því að hússtjórnarvaldið væri í höndum húsbóndans: húsmóðurinni var skipað á bekk með börnum og hjúum. Sjálfur lagði Lúther þunga áherslu á að eitt höfuð skyldi vera yfir hverju heimili, þ.e. húsbóndinn. Lærisveinn hans útlistaði nauðsyn þessarar valdaeinokunar með því að tvíhöfða heimili yrði sjálfu sér sundurþykkt, óskapnaður sem Guð hefði vanþóknun á.<sup>7</sup>

Til þess að tryggja góðan húsaga skyldi vald húsbóndans – húsföðurins<sup>8</sup> – vera óskorað. En húsfaðirinn mátti ekki beita valdi sínu eftir geðþótta; hann skyldi fara mildilega með það, sýna sams konar föðurlega umhyggju og sjálfur himnafaðirinn.<sup>9</sup> M.a. í þessu tilliti var foreldravaldið álitid frábrugðið stjórnvaldi þjóðhöfðingjans þótt margt teldist þeim sameiginlegt að öðru leyti. Áhugi þjóðhöfðingjans á þegnum sínum risti grunnt, að talið var, miðað við umhyggju foreldra fyrir eigin afkvæmum.

This difference is due to the father's and mother's power beeing a natural and voluntary (freiwilliger) power, a domination over their children rooted in the natural order of things. Governmental power, on the other hand, is an unnatural (gezwungen) power contrived by human artifice and ingenuity.<sup>10</sup>

Með öðrum orðum, foreldravaldið var af náttúrlegum rótum runnið enda sameinaði það hið veraldlega og andlega. Það var líka af guði gefið til þess að foreldrarnir styddu hinn almáttuga í því náðarverki að frelsa sálirnar. Á þeim, einkum húsföðurnum, hvíldi sú skylda að innræta börnum guðsorð og temja þeim kristilegar dyggðir. Til þess að gera húsfæðrum kleift að gegna þessari uppfræðsluskyldu blómgaðist hin dæmigerða bókmenntagrein siðbreytingaraldar, *Hausväterliteratur*; til hennar töldust allt frá einföldum forskriftum að góðri hússtjórn, hústöflum, til fyrirferðarmikilla postilla. Þessar bókmenntir runnu í stríðum straumum út úr hinum nýtilkomnu prentverkum á 16. öld og urðu uppistaðan í bókvaðingu almúgans í löndum mótmælenda.<sup>11</sup>

6 Urban Rhegius: Catechesis illustriss. principi Francisco Otthoni Brunswicensium (1540), tilvitnun hjá Strauss: Op. cit., 117.

7 Sjá tilvitnun hjá ibid., 120, í Caspar Huberinus: Spiegel der Hauszucht (1565).

8 Í ritum þýskra mótmælenda er einn talað um Hausvater sem er bein þýðing á lat. *paterfamilias*, gr. *oikodespotes*, sjá ibid., 120.

9 Eftirlætishliðstæða hjá mótmælendahöfundum var einmitt húsfæðir/himnafæðir, sjá ibid., 121. – Hérlandis á 18. öld tala menn um guð sem „alsjáandi húsfödur“ er líti eftir þjónustufólki þegar „yfirbodarinn er fjarlægur“. (Bjarni Einarsson: „Um Dygd og Elsku Þjónustufólks“. *Rit þess Íslenska Lærdóms-Listafelags* 5 (1784), 39.)

10 Tilvitnun í Lúther (1532) hjá ibid., 120.

11 Um árangur slíkrar bókvaðingarviðleitni hérlandis fjallar Loftur Guttormsson: Op. cit., 137-40.



Gagnstætt því sem ráða mætti af framsetningu Ariès (sbr. *supra* bls. 21) var það ekki upphafleg ætlun Lúthers að skólar sæju um hina mjög svo nauðsynlegu uppfræðslu barna í guðsorði. Það var sannfæring hans, sérstaklega framan af, að heimilið væri besti vettvangur kristilegrar barnauppfræðslu. Þar væri helst að vænta þess andrúmslofts sem þyrfti til þess að börnin öðluðust hjartnæman skilning á boðum Guðs.<sup>12</sup> Með tilstyrk prédikara, sem flyttu og útskýrðu guðspjallið á sunnudögum, yrði þannig hver húsfaðir „biskup“ síns heimilisfólks á rúmhelgum dögum, „so that the gospel may be impressed on them for their betterment“.<sup>13</sup>

En Lúther og samstarfsmenn hans komust brátt að raun um að almenningur var þess ekki umkominn að axla hina fríviljugu ábyrgð er heimafræðsluhugsjónin fól í sér. Foreldrar reyndust ýmist of fáfróðir eða hirðulausir til að valda verkefni sínu; á sama tíma voru gamalgróin akademísk fræðasetur í upplausnarástandi. Þar við bættist hin bitra reynsla sem siðskiptamenn fengu af agaleysi og uppivöðslusemi lýðsins í bændauppreisnunum 1525. Andspænis slíku stjórnleysi var að þeirra dómi þörf styrkrar handar til að endurreisa röð og reglu og halda henni við. Efla þyrfti skóla „so that young people may be raised to be peaceful and decent“, eins og Melancton komst að orði þetta sama ár 1525.<sup>14</sup> Skólahaldið taldist eðlilega í verkahring hinnar veraldlega valdstjórnar þar sem um væri að ræða ráðstöfun til að viðhalda röð og reglu í samfélaginu.

Þessi sjónarmið gerði Lúther óðar að sínum. Árið 1526 sneri hann sér til Jóhanns kjörfursta af Saxlandi sem ædsta gæslumanns ungdómsins og brýndi fyrir honum þá skyldu að styrkja skólahald hvar sem þorps- og borgarráð gerðu sig ber að vanrækslu. Fyrst valdstjórnin gæti skyldað þegna sína til að bera vopn í stríði þyrfti hún ekki að víla fyrir sér að senda börn þeirra í skóla: börnin tilheyrðu fyrst Guði og aðeins þar næst foreldrum. Ef hinir síðarnefndu afræktu skyldu sína afsöluðu þeir sér *ipso facto* umráðarétti yfir afkvæmum sínum í hendur Guði er framseldi hann aftur pólitískum yfirvöldum.<sup>15</sup>

Í samræmi við þvílíkar röksemdir sameinuðust stjórnvöld og siðskiptamenn um að setja skólareglugerðir (Schulordnung) fyrir ýmsar fríborgir og furstadæmi

12 Strauss: Op. cit., 3-5, 123-25. – Þessi sannfæring Lúthers var í samræmi við þá von hans að einstaklingarnir myndu breytast hið innra fyrir tilverknað guðsorðs; sérhver trúaður yrði sinn eigin prestur svo að óþarft væri að þvinga upp á hann setningum trúarinnar, sbr. Dickens: *Reformation and Society*, 55-58

13 Tilvitnun hjá Strauss: Op. cit., 4, í kirkjuordinanzíu Leisningborgar á Saxlandi (1523) sem var samin að ráði Lúthers og lýsir vel heimafræðsluhugsjón hans. – Athyglisvert er að þótt kaþólskir siðbótarmenn t.d. í Frakklandi sýndu vaxandi áhuga á heimilissiðferði, höfðu þeir ekki uppi áform um eiginlega heimafræðslu, sjá Flandrin: *Families . . .*, 120-21. Ástæðan kann að vera sú að kirkjuleg yfirvöld hafi óttast að trúariðkanir í heimahúsum mundu leiða margan af vegi rétttrúnaðar.

14 Tilvitnun hjá *ibid.*, 6. – Benda má á að í hinu kaþólska Frakklandi hafði konungvaldið svipaðar ástæður til að hlúa að stofnun barnaskóla (*petites écoles*). Skólahald í höndum rétttrúaðra var talið mikilvægt vopn í baráttunni gegn mótmælendatrú, sjá Jolibert: *L'enfance au 17e siècle*, 12-15.

15 *Ibid.*, 7; höf. vitnar hér í Lúther: *Eine Predigt, dass man Kinder zur Schule halten solle* (1530).

um norðanvert Þýskaland. Í flestum tilvikum voru þessar reglugerðir hluti af stærri lagabálki, þ.e. „kirkjuordinanzíu“ ríkjanna.<sup>16</sup>

Frá lúthersku sjónarmiði var sambræðsla kirkju, skóla og ríkisvalds ofur eðlileg:

The very idea of a Christian polity presupposed an intimate association of political and ecclesiastical governing function. Schools played a central part in such a scheme . . . No one saw a conflict in this confusion of religious and secular objectives. Protestant reformers regarded it as a part of Christian education to train people in the habits of patient and obedient citizenship. Rulers, for their part, never doubted that the conscience of their subjects was the legitimate business of the Christian State.<sup>17</sup>

Ekki leikur vafi á að hin veraldlega valdstjórn uppskar ríkulegan ávöxt af siðbreytingu mótmælenda. Með hinni trúarlegu innrætingu mótaðist hjá þegnum hugarfar og hollusta sem auðveldaði furstunum sóknina að einveldismarkinu. Sem ædstu yfirmenn hinnar siðbreyttu kirkju gátu þeir nú íklæðst föðurímyndinni, reist valdacröfur sínar á guðsnáð og gert tilkall til þeirrar hlýðni sem fjórða boðorðið mælti fyrir um.<sup>18</sup>

Eins og áður segir (sbr. *supra* bls. 68) má færa rök að því að siðbreyting mótmælenda – einkum hin kalvínska og hreintrúarlega (púritanska) útfærsla hennar þar sem stofnunarvald kirkjunnar varð léttara á metunum<sup>19</sup> – hafi rennt styrkari stöðum undir húsbóndavaldið.<sup>20</sup> Kennivald prestsins var hér að nokkru leyti fært yfir á hendur húsföðurins. Á öndverðri 17. öld tíðkaðist þannig á yfir- og miðstéttarheimilum á Suður-Englandi að húsbóndinn læsi daglega upphátt úr biblíunni fyrir heimilisfólkið sem honum var auk þess upp á lagt að leiða til guðspjónustu á sunnudögum. Minnir þetta á að siðbreytingin, einkum meðal fríkirkjusafnaða (nonconformists), gerði bóklæsi, húslestur og bænahald á heimili að þungamiðju trúarlífsins. Margar þær trúariðkanir er höfðu áður farið fram í sóknarkirkjunni færðust nú yfir á heimilið, undir eftirliti sóknarprestisins.<sup>21</sup>

16 Svo var t.d. um kirkjuordinanzíur þær sem Bugenhagen samdi fyrir nokkrar fríborgir í norðanverðu Þýskalandi um 1530. Viðurkennt var að kristileg heimafræðsla hefði brugðist og því væri borgarráðsmönnum falin ábyrgð á skólalaldi, sjá *ibid.*, 16. – Í þessu sambandi má minnast kirkjuordinanzíu Kristjáns 3. Danakonungs frá 1537 (hún öðlaðist lagagildi á Íslandi nokkrum árum síðar); í þriðja parti hennar fjallaði „um skólana“, sjá *Dipl. Isl.* 10 (1537), 174, 214-21.

17 Strauss: *Op. cit.*, 11.

18 Stone: *Op. cit.*, 140-54. – Höf. tilfærir í þessu sambandi orð Jakobs I Englandskonungs sem áleit einveldið öllu æðra á jörðu hér, m.a. vegna þess að „Kings are compared to fathers in families: for a King is truly *parens patriae*, the political father of this people“ (bls. 152). Undir þessi orð hefði raunar rétttrúaður kaþólikki getað tekið, sjá *Flandrin: Families . . .*, 118-20.

19 Kalvín tókst betur en öðrum siðbreytingarfrömuðum að staðfesta sjálfstæði kirkjunnar. „Unlike Luther, he believed that the Church must manage its own affairs while maintaining an active partnership with the State“. (Dickens: *Op. cit.*, 161-62.)

20 Stone: *Op. cit.*, 140-54.

21 *Ibid.*, 141. – Þessa yfirlýsingu orðar höf. hnittilega svo: „The Holy spirit was partly domesticated“. – Þar sem framgangur mótmælendatrúar var svo mjög kominn undir bóklæsi hlýtur vitneskja um

Þessi dæmi má þó ekki færa fyrirvaralaust yfir á hreyfingu mótmælenda í heild. Í ríkjum lúthersmanna í Þýskalandi og síðar á Norðurlöndum var sambandi valdsviðanna þriggja háttað á nokkuð annan veg. Eins og áður segir hneigðust þýskir lútherssinnar til að fela skólum, sem ríkisvaldið tók með tímanum vaxandi ábyrgð á, að sjá um uppfræðslu barna en þetta verkefni hafði áður verið í höndum fjölskyldunnar að svo miklu leyti sem því hafði yfirleitt verið sinnt.<sup>22</sup> Með því að beita sér fyrir skólafræðslu fylgdu lútherssinnar raunar þróunarhneigð sem átti eftir að umbreyta evrópskri samfélagsgerð í vaxandi mæli eftir því sem tímar liðu fram. Er hér átt við það að félagsleg skipulagsform og samskiptasnið þróuðust smám saman í það horf að stofnanir og fyrirtæki tóku að sér verkefni sem fjölskyldan hafði áður haft með höndum. Þetta þýddi að yfirráð, bæði í siðferðilegum og laga- legum skilningi, sem og áþreifanleg völd voru sem óðast að færast frá fjölskyldunni í hendur pólitískra yfirvalda og kirkjulegra stofnana sem þau beittu fyrir sig.

Sermons and proclamations, religious tracts and law books extolled the authority of the paterfamilias. But the real object of these rhetorical acclaims of the fourth commandment was to inculcate in the population habits of submission and obedience leading beyond parents to the higher authorities governing state and church.<sup>23</sup>

Framan af gætti þannig áberandi tvíræðni á afstöðu lútherssinna til þess hvaða aðila væri helst treystandi fyrir hinni kristilegu uppfræðslu. Reynslan kenndi þeim að óvarlegt væri að treysta dómgreind og iðni foreldra við barnauppfræðsluna: þess vegna var þeim upp á lagt að senda börnin í skóla. En jafnframt voru fylgismenn Lúthers sannfærðir um að enginn aðili væri að öðru jöfnu vænlegri en foreldrarnir sjálfir til að innræta börnunum sannan skilning á boðum Guðs. Þeim mun raunalegra var frá þeirra sjónarmiði hve fáir sýndust reiðubúnir að nýta kosti heimafræðslunnar.

Í löndum lútherskrar kristni var í reynd leitast við að fara bil beggja að þessu leyti. Jafnhliða því sem unnið var að eflingu skólafræðslu var haldið áfram að brýna fyrir foreldrum að þeir kenndu börnum sínum og hjúum *catechismum* og iðkuðu með þeim guðspjallið sem sóknarpresturinn flutti á sunnudögum af prédikunarstólnum.<sup>24</sup> Í þessu skyni þótti nauðsynlegt að styrkja foreldravaldið, sjálfan hornstein þjóðfélagsins.<sup>25</sup> Ef börnin lærðu frá fyrstu tíð að sýna foreldrum sínum hlýðni og virðingu, var þess vænst að slíkur lærdómur og reynsla færðist

útbreiðslu lestrarkunnáttu að vera snar þáttur sagnfræðilegs skilnings á þessari hreyfingu. Í þessu sambandi ályktar Strauss að „general illiteracy would have made nonsense of the Lutheran endeavour to promote domestic instruction“ (Op. cit., 127). Sjá nánar *ibid.*, 193-202, og Engelsing, *Analphabetentum und Lektüre*, 10-41.

22 Strauss: Op. cit., 118.

23 *Ibid.*, 119.

24 *Ibid.*, 123-31.

25 Fyrir utan kennivald foreldranna sem börnin voru undirgefin, skyldu þau hafa samþykki þeirra til að festa ráð sitt, sjá Robinheaux: Art. cit., 282-86, 299-300.

með aldrinum yfir á yfirvöld þessa heims og annars. Brygðist húsaginn aftur á móti mundi slíkt bitna á virðingu manna fyrir þessum yfirvöldum. Íslenskur prófastur orðaði þetta svo um miða 18. öld:

Því er það ei einasta fyrir Gudi syndsamlegt, helldur og aasamt Land og Lydum miög so skadsamligt, þegar Forellrar og Huusbændur leggja undir höfud þa *Skipan, ad uppala siin Børn og Hiw i aga og umm-vøndun til Drottins . . .*<sup>26</sup>

Á Íslandi var raunar sjálfgert að þessi sömu yfirvöld ætluðu húsráðendum mikinn hlut í sjálfri uppfræðslunni þar sem engum barnaskólum var hér fyrir að fara.

## Ungdómur og uppeldi í íslenskri löggjöf

Athugun á uppeldislöggjöf einveldisins varðandi Ísland leiðir vitanlega ekki annað í ljós en ríkjandi hugmyndir samtímans um stöðu barna og ungmenna; hvernig til tókst um framkvæmd laganna er annað mál sem verður ekki upplýst nema með tilstyrk heimilda af öðrum toga.<sup>27</sup> En vilji menn skygnast um frá hinu þrönga sjónarhorni laganna er eðlilegt að athyglin beinist aðallega að fyrri helm- ingi 18. aldar þegar heittrúarstefnan (píetisminn) í sinni ríkiskirkjulegu mynd var leidd til öndvegis sem uppeldishugsjón dansk-norska einveldisins. Eins og áður segir var hin píetíska hugsjón færð í lagabúning héraendis í hinum mörgu tilskip- unum sem settar voru á árunum 1744–46 að undirlagi Harboes og kirkjustjórnar- ráðsins í Kaupmannahöfn.<sup>28</sup>

Hér er ekki staður til að fjölyrða um einkenni heittrúarstefnunnar og áhrif í löndum lútherskrar kristni. Aðeins má geta þess að fyrir utan sérstæðar kringum- stæður í Þýskalandi 17. aldar, þar sem hreyfingin átti upptök sín, var hún sprottin úr samevrópskum jarðvegi, svipuðum þeim er jansenisminn í Frakklandi og að vissu marki púritanisminn í Englandi röktu rætur sínar til. Eins og Peter Burke hefur bent á má kenna tímabilið 1650–1750 við „annað skeið siðbreytingarinnar“:

The Reformation within the Reformation in Protestant Europe was the rise of „Piet- ism“. In Germany, this movement led by Philipp Jacob Spener, claimed to be going

- 26 Windekilde: *Christenn Hwss-Fader* (1741), A 3, formáli þýðandans, Björns Magnússonar.
- 27 Að þessum augljósu sannindum væri óþarft að kveða ef yngri og eldri dæmi um uppeldis- og skóla- söguritun sýndu ekki alltof oft tilhneingingu hjá höfundum til að taka bókstaf laganna fyrir veruleik- ann sem þeim er ætlað að móta hverju sinni.
- 28 Tilskipanir þessar eru prentaðar í samtímabýðingu íslenskri í *Alþingisbækur Íslands* 13, bls. 508- 86. – Fyrir sjálfa lagasetninguna hafði það vitanlega úrslitaáhrif að einvaldar ríkisins Friðrik 4. og Kristján 6., skyldu adhyllast þessa trúarstefnu; að því leyti skipti minna máli hvern hljómgrunn hún átti meðal þegnanna. T.d. má það satt vera að Íslendingar hafi yfirleitt sýnt hinni píetíska vakningu tómlæti, sjá *Sjálfsvísaga strá Þorsteins Péturssonar á Staðarbakka, VIII*, formáli Haraldar Sigurðssonar; en þegar hin margvíslegu löggjafaráhrif píetismans eru höfð í huga er hæpið að tala um „gengisleysi“ stefnunnar á Íslandi.

back to Luther, but it involved an important shift of emphasis away from the reform of ritual and belief, with which Luther had been much concerned, towards inner or moral reform.<sup>29</sup>

Í stað þeirrar áherslu sem hafði verið lögð á ytri helgisiði og bókstafstrú, á fyrra skeiði siðbreytingarinnar, reistu frumkvöðlar heittrúarstefnunnar, þeir Spener og Francke í Halle, kröfu um persónulega innlifun í guðsorð sem átti að hræra einstaklinginn til kristilegs líferniss.<sup>30</sup> Markmiðið var allt að því að færa guðsríki niður á jörðina. Virk meðul í þeirri viðleitni töldust þær uppfræðslu- og góðgerðarstofnanir sem komið var á fót í Halle. Frá þessari andlegu miðstöð átti „über ganz Europa, ja die ganze Welt ein Netz pietischer Stützpunkte and Anstalten auszubreiten . . . Einfluss auf Regierungen und Untertanen zu gewinnen.“<sup>31</sup>

Með því að heittrúarstefnan fékk stuðning hinna dönsku einvalda, Friðriks 4. og Kristjáns 6. á fyrri helmingi 18. aldar, markaði hún varanleg spor í uppeldislöggjöf ríkisins. Fremst má þar telja fermingartilskipunina frá 1736<sup>32</sup> og skólatilskipunina frá 1739. Hin síðarnefnda mælti fyrir um almenna skólasókn barna sem nytu á annað borð ekki einkakennslu. Þessi lagasetning mætti reyndar harðri andstöðu af hálfu gósseigenda og margra bænda<sup>33</sup> en leiddi þó í Danmörku til stofnunar fjölmargra fastra barnaskóla er bættust við þá sem höfðu verið settir á laggirnar, einkum á landareignum krúnunnar (rytterskoler). Um miðbik aldarinnar var Danmörk þannig orðið tiltölulega „skólavætt“ land, með á að giska 1700 barnaskóla ef farskólar eru meðtaldir. Þá var svo komið að mikill hluti barna gat sótt til „skólahaldara“ (oftast djákna) þá fræðslu sem var lögboðin með fermingartilskipuninni.<sup>34</sup> Í Noregi varð hins vegar farskólahald fljótlega ríkjandi til sveita

29 Burke: *Popular Culture in Early Modern Europe*, 239-40. – Höf. túlkar bæði skeiðin, hið fyrra og hið síðara, sem viðleitni af hálfu yfirvalda til að siðbæta alþýðumeninguna, m.a. með því að uppræta „ósiðlegar“ venjur og eyða ýmissi „hjátrú og hindurvitnum“ (bls. 207-43). Að þessu átti að stuðla útbreiðsla lestrarkunnáttu sem ætlast var til að almenningur notfærði sér á „uppbyggilegan“ hátt. Einstaklega gróft dæmi um valdboðna hagnýtingu lestrarkunnáttunnar í þessu skyni sýnir bókaútgáfupólitík íslensku biskupanna á öllu þessu tímabili, sjá Loftur Guttormsson: *Op. cit.*, 126-27, 137-40; sbr. *infra* bls. 200-201.

30 Þetta meginmarkmið kemur glöggt fram í áður nefndum tilskipunum. Þannig segir í „Extract af . . . rescripti um „confirmationina“ 29. maí 1744 að prestarnir skuli kenna börnum kristindóm þannig að „þau geti fengið eina lifandi þekking og framkvæmi það sem þau lært hafa, til nytsemda og kristindómsiðkunar í verkinu . . . eftirfylgi sannleikanum í lifnaði og framferði og fái rétta umbreyting hjartans og hugskotsins“ (Alþb. Ísl. 13, bls. 509).

31 Tilvitnun hjá Scharfe: *Die Religion des Volkes*, 142, í Carl Hinricks: *Der Hallische Pietismus . . .* (1953).

32 Sú hin sama var lögtekin á Íslandi 1741, sjá *Lovs. for Isl.* 2, 377-78, og aðhæfð íslenskum aðstæðum með reglugerð þremur árum síðar, sjá *ibid.*, 505-08.

33 Markussen og Skovgård-Petersen: „Læseindlæring og læsebehov i Danmark ca. 1550- ca. 1850“, í Jokipii og Nummela (rits.), *op. cit.*, 24-29. – Endurskoðun á tilskipuninni leiddi til þeirrar niðurstöðu fyrir Danmörku að gósseigendum var eftirlátið að meta skólaþörfina.

34 *Ibid.*, 28, og Johansen: *En samfundsorganisation i opbrud 1700 – 1870*, 247-50. – Skólavæðingin var þó mjög misjöfn eftir landshlutum, mest á eyjunum, minnst á Borgundarhólmi og V-Jótlandi; á þessum svæðum var heimafræðsla um leið útbreiddust, sjá Markussen og Skovgård-Petersen: *Art. cit.*, 23-24.

eftir að endurskoðun á skólatilskipuninni hafði leitt til þess að hvert prestakall fékk sjálfðæmi um hvaða form skyldi haft á skólalaldinu.<sup>35</sup> Í norskum og dönskum kaupstöðum stóð skólalald aftur á móti á gömlum merg skv. ákvæðum kirkjuordinanzíunnar frá 1537 og Dönsku lögum frá 1683.<sup>36</sup>

Á öðrum stað hefur verið rakin stuttlega árangurslaus viðleitni íslenskra siðbreytingarmanna til að fá stofnsetta barnaskóla hérlandis.<sup>37</sup> Biskupar landsins fóru aftur að beita sér fyrir þessum málstað á fyrstu áratugum 18. aldar – um það leyti er hin píetíska hreyfing var orðin áhrifamikil í Danmörku. Alkunnugt er að málalíbúnaði biskupanna fylgdu engar framkvæmdir: barnaskólar komust ekki á laggirnar á þessu tímabili sökum fjáraflaleysis. Hinir íslensku tillögumenn bentu oftsinnis á þá leið til tekjuöflunar að jarðeignir krúnunnar og biskupsstólanna yrðu tíundaðar að hluta í þágu barnaskólastofnunar;<sup>38</sup> en kirkjustjórnarráðsmenn í Kaupmannahöfn voru ekki til viðtals um úrlausnir er hefðu í för með sér útgjöld og tekjumissi fyrir konungssjóð heldur þrýstu á að fundnir yrðu „borgaralegir“ tekjustofnar.<sup>39</sup> Í þeim efnum var hins vegar ekki um auðugan garð að gresja frá sjónarhóli íslenskra ráðamanna. Hólabiskupi varð helst hugsað til jafnóvissra tekjulinda og strandrekinna hvala, að viðbættum „adskillige Herligheder, som Falkefangstes Rettighed“ til handa forstöðumönnum barnaskóla sem ætlað var að bæta úr fáfræði fátækra barna og munaðarleysingja.<sup>40</sup> Eins og málið lá fyrir voru skólalagmyndir íslenskra fyrimanna byggðar á sandi.

Dæmi barnaskólans í Vestmannaeyjum, sem stofnaður var að nafninu til árið 1745,<sup>41</sup> staðfestir það sem að framan segir; ekki reyndist mögulegt að tryggja „skólameistararnum“ föst laun, hann var aðeins styrktur með persónulegum fjár-

35 Dyrvik: *Den lange fredstiden 1720 – 1780*, 347-55; Tveit: „Lesekunne og undervisning før folkeskolevesenet, i Jokipii og Nummela (rits.)“, Op. cit., 99-101. – Höf. bendir á að samhliða farkennslunni hafi viðgengist allvíða að foreldrar segðu börnum til í lestri (bls. 105-07).

36 Ibid., 92-93; Markussen og Skovgård-Petersen: Art. cit., 16-19.

37 Loftur Guttormsson: Op. cit., 131-32, 152-53.

38 Áður en Thorchilliisjóður varð vonarpeningur áhugamanna um skólalald átti lokabáttur þessarar skólamálaumræðu sér stað í tíð Gísla Magnússonar Hólabiskups og birtist í bréfaskiptum hans og kirkjustjórnarráðsins (skammst. GKIC) kringum 1760. Varðandi úrræði biskups og samráðsmanna hans sjá Þjskjs. KI-17 (1760): Bréf G.M. frá 23. sept til GKIC; KI-18 (1761): Bréf G.M. frá 10 sept. til sama.

39 Þjskjs. Bps. A IV, nr. 42: Bréf Harboes frá 5. nóv 1744 til Finns prófests Jónssonar; Bps. B V, nr. 22: Bréf GKIC frá 28. maí 1761 til Hólabiskups. – Til skýringar á þessari stefnu má hafa í huga að hún var í samræmi við þá lausn sem hafði fengist á skólamálinu í Noregi og áður er greint frá.

40 Áður tilvitnað bréf G.M. frá 23. sept 1760.

41 Um skóla í eiginlegum skilningi var ekki að tala heldur heimakennslu nokkurra „sveitarbarna“ í plássinu. Eins og segir í samkomulagi sem fyrimenn staðarins gerðu með sér 10. ágúst 1750 (Þjskjs. Bps. A IV, nr. 33) um endurreisn skólans átti að fá „eina skickanlega personu . . . til að verða skolameistare“ þeirra sveitarbarna er prestarnir skyldu tilnefna árlega. Skv. þessu er villandi það sem segir hjá Þorsteini Þ. Vígundssyni: „Saga barnafræðslunnar í Vestmannaeyjum 1. kafli“ *Blik* 20 (1959): „Þó skyldu og þeir foreldrar, sem einhvers eru megnugir fjárhagslega, greiða fyrir hvert barn sitt 4 mörk í kennslugjald“ (bls. 56). Samkomulagið gerði ekki ráð fyrir að börn foreldra sæktu „skólann“; ákvæðið sem Þorsteinn leggur út af á við sveitarbörn „undir hendi manna . . . sem ei vantar efni“ til uppfræðingar þeirra en „vilja þó koma þeim til barnaskólans“ (8. gr.).

framlögum fyrirmanna á staðnum, auk greiðslna úr fátækra sjóði hreppsins og tilfallandi fiskahluta.<sup>42</sup> Sökum almennrar vesældar og harðæris var skólahaldið stopult frá upphafi uns það lagðist af með öllu á sjöunda tug aldarinnar.<sup>43</sup>

Þau dæmi sem hér hafa verið rakin um barnaskólahald í dansk-norska einveldinu í tíð heittrúarstefnunnar undirstrika sérstöðu íslensk þjóðfélags miðað við grannlöndin sem voru mun lengra á veg komin í efnahagslegri og félagslegri þróun. Á Íslandi voru enn við lýði frumstæðir, nánast forneskjulegir búskaparhættir sem minna um margt á evrópskar miðaldaaðstæður áður en tók að gæta áhrifa borgarmyndunar, peningastreymis og borgarastéttar. Af þessu drógu allir félags- og heimilishættir dóm svo sem staðreyndir manntalsins 1703 eru til vitnis um.<sup>44</sup> Við slíkar aðstæður er ekki við því að búast að til yrði sá vísir að nútímalegum fjölskylduháttum sem finna má um sama leyti á meginlandi álfunnar; enn síður er þess að vænta, þegar höfð eru í huga stjálbýli landsins og efnalegt umkomuleysi íbúanna, að barnaskólar kæmust á fót. Hér skorti m.ö.o. veigamiklar efnahags- og félagslegar forsendur fyrir því að hin nýja bernskuvitund *à la* Ariès fengi dafnað. Um miðja 18. öld ríktu enn á Íslandi uppeldisaðstæður sem líktust fremur miðaldaháttum en þeirri nýskipan sem var í mótun á meginlandi Evrópu.<sup>45</sup>

Prátt fyrir áberandi aftúreinkenni eins og skólaleysi er ljóst að hin stórauðna áhersla sem siðbreytingarmenn lögðu á kristilega uppfræðslu<sup>46</sup> hefur fljótlega eftir upptöku lúthersks siðar í landinu tekið að orka á viðhorf yfirvalda til þess aldursflokks sem eðli sínu samkvæmt er móttækilegastur fyrir áhrifum.<sup>47</sup> Ætla má að þegar líða tók á 17. öldina hafi viðleitni þeirra til að framfylgja héraendis lútherskum uppfræðslukröfum um lágmarkskunnáttu í guðsorði verið farin að bera drjúgan árangur þótt kunnáttan væri enn að mestu leyti bundin við hin ytri form og helgisíði kristindómsins. Eins og áður segir var það ekki síst markmið hinnar píetísku hreyfingar að ráða bót á slíkum takmörkunum, gera utanað-

42 Áður nefnt samkomulag frá 10. ág. 1750, 6. gr.

43 Þorsteinn Þ. Víglundsson: Art. cit., 54-72. – Nokkra hugmynd um hina almennu vesöld eyjar-skeggja gefa eftirfarandi ummæli Magnúsar Gíslasonar amtmanns í bréfi til Finns Skálholtsbiskups 1757: „ . . . Þrír bændur af hverjum fjórum í Vestmannaeyjum eta ekki sitt eigið brauð heldur einokunarkaupmannsins.“ (Tilvitnun (ekki stafrétt) hjá *ibid.*, 62.)

44 Einkum er átt við það hve félagsgerðin var einlit og lítt sundurgreind frá einu staðfélagi til annars. Með orðalagi Durkheims mætti segja að íslenskt þjóðfélag hafi að þessu leyti borið fremur svip vélrænnar en lífrænnar samstöðu (solidarité mécanique/organique). Hið eina sem greindi staðfélögin áberandi að var sjálfur lífsbjargarmátinn, þ.e. að hve miklu leyti hann byggðist á gæðum lands eða sjávar, sjá Gísli Gunnarsson: *Economic Stagnation and Monopoly Trade in Iceland*. 48-55.

45 Með þessu er ekki sagt að beint eða einhlítt samband sé milli efnahagsstigs eins lands og uppfræðsluhátta sem þar eru við lýði á hverjum tíma. Í meginhluta Svíþjóðar t.d. einkenndust hinir síðarnefndu allt fram á 19. öld af ámóta skólaleysi og ríkti á Ísland (sjá Loftur Guttormsson: Op. cit., 124-25) þótt Svíar hafi eflaust verið betur efnum búnir á 18. öld en Íslendingar.

46 *Ibid.*, 131-35.

47 Þetta er orðað svo í uppeldishandbók fyrir foreldra frá 17. öld: „Eitt Barns Hiarta er so sem ein Skriftabla í huøria Madur kann að skrifa hvad hann vill . . . “ (Bern: *Froemer foreldrar*, án blst.).

lærðar kennisetningar að siðferðilegum aflvaka sem knýði menn til að snúa siðspilltum heimi í vínekru drottins.

Um miðbik 18. aldar, samfara hinni ströngu siða- og uppeldiskröfu heittrúarstefnunnar, koma viðhorf yfirvalda til bernsku og ungdóms á Íslandi fyrst fram í skýrri mynd. Er hér átt við hinar ítarlegu tilskipanir sem voru settar að tilhlutan Harboes en þær bera vott um mjög svo raunsæislega viðleitni til að heimfæra hinar nýju hugmyndir til íslensks veruleika. Um leið varpa tilskipanirnar ljósi á félagslegt baksvið sem er í næsta kynlegu ósamræmi við nútímaleg uppeldismarkmið þeirra.

Pessi markmið koma skýrast fram í *Tilskipan um hús-agann* frá 1746. Samkvæmt ákvæðum hennar skyldi einkum stefnt að því að temja börnum guðsótta, hlýðni og erfiði (iðni) „en ekki sem títt og oft skeður, láta þau alast upp í leti, sjálf-ræði og öðru vondu.“<sup>48</sup>

Það leynir sér ekki að ofangreind dæmi eiga ekki aðeins við börn heldur og þjónustufólk (hjú). Þetta eru þeir tveir hópar sem sæta skulu húsaga, eins og kemur fram í inngangi. Þar eru einnig nafngreindir hinir tveir er framfylgja skulu reglum húsagans, þ.e. foreldrar og húsbændur. Í hinum einstöku greinum sem á eftir fylgja er síðan vísað hvað eftir annað til beggja þessara samstæðna: barna/foreldra og þjónustufólks/húsbænda. Sem uppalendum er foreldrum og húsbændum ætlað að framfylgja í flestum greinum sömu kröfum gagnvart báðum flokkunum, börnum og hjúum, sem undir vald þeirra eru sett, hvort sem um er að ræða uppeldi í guðsótta (sbr. 5. og 7. gr.) eða uppeldi í hlýðni.<sup>48a</sup>

Hin sameiginlega staða sem báðum umræddum flokkum er mörkuð með tilskipunum kemur glöggt fram á sviði hugtakanna: yfir báða flokkana er notað eitt og sama heitið, *ungdómur*. Um þetta atriði er ekki að villast; þannig segir berum orðum í *Forordningu um hús-vitjanir* (11. gr.): „Ungdómurinn, bæði börn og þjónustufólk, skal yfirheyrast, hvörninn þau eru í kristindómi grundvölluð.“ Í samræmi við þetta heitir líka tilskipunin um kristindómsfræðslu *Forordning áhrærandi ungdómsins catechisation á Íslandi*.<sup>49</sup> Ýmis fleiri dæmi úr tilskipunum mætti tilfæra því til áréttingar að ungdómur merkir bæði börn og hjú.

Sé nú hugleitt hver nýmæli húsagatilskipunin hafi markað í opinberum uppeldiskröfum verður niðurstaðan nokkuð ólík eftir því við hvorn flokkinn er miðað, börn eða vinnuhjú. Við athugun á þessu atriði reynist því nauðsynlegt að greina flokkana að. Verður fyrst vikið að hinum síðarnefnda.

48 Tilskipan um hús-agann á Íslandi 9. gr.

48a Í 8. gr. segir t.d.: „Sérdeilis skulu foreldrar og húsbændur öngvanveginn líða börnunum eða þjónustufólki að mótmæla eftir hingað til viðurstyggilegum vana, þá þeim er alvarlega vísað til nokkurs verks . . .“. Og í 16. gr. stendur: „Allan sama rétt, sem foreldrarnir eftir fyrirsögðu hafa til að straffa og áminna sín börn fyrir þeirra yfirsjónir, skulu líka húsbændur og húsmæður hafa yfir þeirra þjónustu fólki, þá það missir sig á móti þeim“.

49 Alþb. Ísl. 13, bls. 521-26. – Skv. 9. gr. var foreldrum og húsbændum skylt að „halda börnum sínum og hjúum við þessa catechisation.“ Sbr. einnig 14. gr. þar sem ræðir um „uppfræðing barna þeirra [þ.e. foreldra] og hjúa“.



## Baksvið – Refsihugmyndir og húsagabrestur á 17. öld

Um það leyti er húsagatilskipunin tók gildi var það sannarlega engin nýlunda að yfirboðarar og valdsmenn fjargviðruðust út af „óhlýðni vinnuhjúa, so vel sem lausgengurum og betleríi, sem af kvonfangi þeirra orsakast“<sup>50</sup>, og leituðu úrbóta á; slíkt tilheyrði nánast stjórnunarformúlu einveldisaldar og er í fullu samræmi við hugmyndaheim hennar með tilhlýðilegu lúthersku ívafi. Hver stétt skyldi gæta síns „kalls“ og köllun hinna undirgefna var að sýna húsbændum hollustu ekki síður en hinum einvalda stjórnanda ríkisins.<sup>51</sup> Þannig byggði ívitnað uppkast að lögreglutilskipan frá 1720 á eldri tilskipunum og alþingissamþykktum. Með því að fylgja þeim aftur í tímann fæst vísbending um hvernig viðhorf yfirvalda til þessa félagsflokks hefur þróast.

Eftir orðalagi í opinberum skjölum, dómum og tilskipunum að dæma er það ekki fyrr en með hinum nýja sið Lúthers sem farið var að nota „sjálfræði“, „óhlýðni“ og „leti“ sem föst einkunnarorð um þjónustufólk.<sup>52</sup> Ekki er ósennilegt að breytingar á ytri aðstæðum, einkum vaxandi harðæri í landinu kringum 1600 og uppflösnun fátækra sem þar af leiddi, hafi stuðlað að því að yfirvöld gerðust dómharðari í garð ýmiss konar lausingjalýðs; en um leið má ætla að siðgæðismat þeirra hafi dregið dóm af þeirri tiltölulega skörpu uppeldisvitund sem siðbreytingarmenn voru talsmenn fyrir og áður er vikið að (sbr. *supra* bls. 22). Að minnsta kosti er ljóst að allt frá því seint á 16. öld og á hinni seytjándu ganga umrædd áfellisorð í garð vinnuhjúa, „húsgangara“ og „umhleyppinga“ sem rauður þráður gegnum dóma og hirtingarbréf yfirvalda. Tilefni þeirra er einatt það að vinnufært fólk flakki um sveitir, í gervi beiningamanna eða lausamanna, og „venjist brjálsemi, leti og sjálfræði meir en skattbændur í sveit“.<sup>53</sup> Til þess að stemma stigu fyrir slíkri lausing mæltu bæði andleg og veraldleg yfirvöld svo fyrir að embættismenn

- 50 „Uppkast lögmanna og sýslumanna að lögreglutilskipan fyrir Ísland“ (1720). Alþb. Ísl. 10, bls 557.
- 51 Sbr. áðurnefnda kenningu Lúthers um stéttirnar þrjár. Kenningin kemur skýrt fram í fyrstu útgáfum Fræðanna minni, nánar tiltekið í hústöflunni, „Það er Nockrar Sententiur og Greiner, þær er hlyda uppa allra handa Stietter/og Embætte, hvar eirn og sierhuør ma sier Aminig taka /til ad vakta sitt Kall og Embætte“ (*Sa Minne Catechismus*, án blst.). Miklu ítarlegri útlistun á kenningunni finnst í bundnu máli frá 17. öld hjá Jóni Magnússyni: *Oeconomia christiana edur Huss-Tabla*, sbr. *infra* bls. 69 nmgr. 59.
- 52 Til yfirlits um þróun lagasetningar á þessu sviði frá 14. öld sjá Þorvaldur Thoroddsen: *Lýsing Íslands* 4, bls. 293-319. – Umrædd einkunnarorð, sem hér eru sett fram sem andheiti við meginmarkmið húsagatilskipunarinnar, koma fyrst fyrir, að því er best verður séð, í „löglegu álit“ lögmanna, sýslumanna og lögréttumanna á Alþingi 1576, Alþb. Ísl. 1, bls. 320, og í svokölluðum Reyðarvatnsdómi um „óráðvant húsgangsfólk“ 1589, Alþb. Ísl. 2, 142.
- 53 Jón Espolin: *Íslands Árbækur* 7. deild, 39. – Með ívitnuðum orðum rökstuddu fjallbúendur í Hraunhreppi beiðni sína um dóm á Alþingi 1664 vegna „ólídanlegrar umferdar húsgangsmanna“. Espolín bætir við: „Slík óskipun hefir æ jafnan á verit á landi hér, sökum agaleysis, ok voru þó húsgangsmenn miklu fleiri ok verri vidreignar fyrrum en nú“.

aðgreindu „sannar aulmususkjæpnur“ frá hinum „sem eiga nokkuð fyrir sig að leggja.“<sup>54</sup>

Skv. alþingisdómnum frá 1591 er gerður skýr greinarmunur í þessu tilliti á „ungmennum“ og „fólki sem til aldur er komið“:

Enn um pillta edur stulkur jnn til þau eru XVI vetra. þa agest og refsast af hreppstiorum hvert j sinne sueit epter sueitarmanna samþykkt. ef þau vilie ecke vinna epter megne edur sier vel breyta . . . Enn það folk sem til aldur er komid og heillt og osiukt er. og vm hleypur sie rækt og reked med Refsingum . . . ef það vill ecke vinna og vist hafa.<sup>55</sup>

Um þær refsingar sem kveðið er á um í þessum dómi er látið nægja að vísa til samþykta hreppsþúa eða þess sem „vor landz laug og gamler domar þar um hlioda“.<sup>56</sup> Aftur á móti kemur fram í álitu lögmanna sem höfuðsmaður beiddist á Alþingi 1651 vegna heimilisagaleysis í landinu að „godir húbændr ættu að hyrta undirmenn sína með hendi, vendi edr pálmastiku“.<sup>57</sup> Þetta álit var gefið að því til-efni að „öll virding yfirmanna og húsbænda væri fótum trodinn af hinum undirgefnu“.<sup>58</sup> Í álitinu kemur ljósar fram en dæmi finnast áður um hvernig ætlast var til að húsbændur refsuðu vinnuhjúum og öðrum undirgefnum fyrir óhlýðni og agaleysi.<sup>59</sup>

Mun skýrari reglur um meðferð húsbóndavalds voru þó settar fram af hinni veraldlegu valdstjórn í svokölluðum *Bessastaðapóstum* eða -samþykkt. Þessir „póstar“ voru saman teknir af ýmsum embættismönnum landsins árið 1684 og staðfestir í lögréttu 1685.<sup>60</sup> Með samþykktinni var leitað ráða til að hindra „það stóra betlerí, einkanlega af hraustu og heilbrigðu fólki . . .“.<sup>61</sup> Að vanda var lausgangaraplágan rakin til leti og sjálfræðis ungdómsins; og þar sem húsbændur

54 „Alþingisdómur og allsherjar samþykkt um ölmusugjafir ónýtar og umhleypingsfólks refsing“ (1591), Alþb. Ísl. 2, bls. 223; síðari tilvitnun hjá Þorvaldi Thoroddsen: Op. cit., 311, með tilvísun til Kirkjusögu Finns Jónssonar, í áminningarbréf Gísla Oddssonar biskups til hreppstjóra í Skálholti 1636.

55 Ívitnaður alþingisdómur frá 1591.

56 Ibid., loc. cit.

57 Jón Espolin: Op. cit., 6. deild, 140.

58 Ibid., loc. cit.

59 Ámóta refsihugmyndir voru settar fram um svipað leyti af talsmanni kennivaldsins, Jóni Magnússyni sem var prestur í Laufási 1635 – 75. Eftir lútherskum hússtjórnaarmíðum útlistaði hann í ljóðstöfum m.a. skyldu húsbænda við hjú sín (*Oeconomia christiana* edur *Huss-tabla*, 148-62; kölluð hér eftir *Huus-tabla*, var fyrst prentuð 1734). Þótt prestur hafi gefið annað slagid mildan tón, er hann ekkert að skafa utan af hirtingarvaldi húsbænda: „Fimmta true eg Forrada mönnum sæme, (finnast þar til Rök og Heilög Dæme) Ströffun leggja a Straskapin, ef stjirfenn giørest þienarinn/edur heimskur Kvinn; hlioota þeir sliikum Snæfilyrde ad velia, og hard um fyrir telia“ (bls. 157).

60 „Anordning om adskilligt Politivæsenet med videre vedkommende“. Lovs. for Isl. 2, bls. 429-37. Samþykktin var gerð að undirlagi konungsvaldsins, sbr., konungsbréf til Heidemanns landfógeta 4. maí 1684 (Lovs. for Isl. 1, bls. 414-15) og til biskupanna yfir Íslandi 6. maí s.á. (Lovs. for Isl. 1, bls. 425-426), líklega gefið út í tengslum við lögbókagerð Kristjáns konungs 5. (sbr. *infra* bls. 70 nmgr. 63).

61 Anordning om adskilligt Politivæsenet . . . , 429.

fengju ekki haldið börnum og þjónustufólki undir tilhlýðilegum húsaga var farið fram á þyngri viðurlög og bættu aðstöðu yfirvalda til að „straffa guðs orðs foraktara, letingja og lausgangara, samt þverbrotin börn og þjónustufólk“. <sup>62</sup> Þá var sérhverjum húsbónda upp á lagt að „hafa góðan og kristilegan aga og umvöndun á sínu þjónustufólki með hendi, vendi og keyri . . . “. <sup>63</sup>

Áður ívitnað uppkast að lögreglutilskipun frá 1720 ber með sér að Bessastaðasamþykktin hefur ekki borið mikinn árangur. <sup>64</sup> Uppkastið var afgreitt formlega á Alþingi tveimur árum síðar (1722), kallað *Alþingissamþykkt um Lausamenn, Vinnuhíuu og Lausgangara*. <sup>65</sup> Hvað vinnuhjúin áhrærir sérstaklega kveður samþykktin á um skyldur þeirra (og réttindi þótt í smáu sé) og húsaga sem þeim er skylt að hlýða:

Hvönær sem húsbónda mislíkar verk ódygdugra vinnuhíua, og þau hafa með einhverju móte giørt hannum skada eður óhlydne; þá á húsbóndinn og húsfreyan frjalst að slá hiú, hvört helldur með hende, svipu, tág, edur slíkum hlutum, enn ecke særa né lemstra ad neinu“. <sup>66</sup>

Eins og fram kemur í lok tilvitnunarinnar voru hér reistar nokkrar skorður við líkamsrefsingum húsbænda, líkt og gert hafði verið í Dönsku lögum Kristjáns 5. <sup>67</sup> Að öðru leyti lýsir samþykktin sömu refsingar- og bælingarhneigð og kemur fram í Bessastaðapóstum; hún endurspeglar jafnframt þann skilning yfirvalda að vanda íslensks samfélags megi að verulegu leyti rekja til virðingarleysis ungdómsins gagnvart húsbóndavaldinu. Einn af höfundum Alþingissamþykktarinnar, Páll Vídalín lögmaður, orðaði þetta svo 1697, skv. frásögn Jóns Eiríkssonar:

. . . *den anden Hoved-Aarsag til Islands slette Tilstand i hans Tid [var], at nemlig Huus-Regimentet og Huus-Tugten, samt Ungdommens Opdragelse var alt for meget forfalden. Børn og Tyende erkiende icke Forældres og Husbønders Myndighed, og gjøre intet uden de selv ville, eller de skulle bedes om.* <sup>68</sup>

Ljóst er að fram á 18. öld hafa húsangur og „betlerí“ einkum orðið yfirvöldum

62 Ibid., 431.

63 Ibid., 433. – Orðalagið er áberandi líkt því sem stendur í Kong Christian den Femtes *Danske Lov* 6. bók 5.k., 884: „Husbond ma refse sine Børn og Tyende med Kæp/eller Bond . . .“. Við þessu er síðan sleginn eftirfarandi varnagli: „ . . . og ej med Vaapen; Men gjør hand dem Saar med Aad/eller Eg, eller slaar dem Lemmer sønder, eller skader dem paa deris Helbred, da straffis hand som hand een fremmet hafde giort Skade“.

64 Jón Eiríksson kveður raunar að þessu berum orðum: „Dog viise de følgende Aars Handlinger, at dette slags Betlere have ikke kundet udrøddes herved“. (*Islands Opkomst under Titel Deo, Regi, Patriæ*, 61. Ritid er að miklu leyti umorðuð framsetning á handriti eftir Pál Vídalín.)

65 Alþingissamþykkt . . . , í *Búalög* (1775).

66 Ibid., 146.

67 Sbr. *supra* nmgr. 63.

68 Jón Eiríksson: Op. cit., 53.

tilefni til umkvartana yfir ófullnægjandi húsaga.<sup>69</sup> Þess vegna má vænta þess að þær hafi gerst háværar eftir því sem harðnaði í ári og meira los komst á mannfólkið en endranær. Þegar Gísli Oddsson biskup vandaði um við hreppstjóra 1635 (sbr. *supra* bls. 69), voru á undan gengin nokkur ár með miklum harðindum; og ummæli Páls lögmans má setja í samband við harðarið mikla fyrir aldamótin 1700 þegar þúsundir manna komust á vonarvöl og urðu hungurmorða.<sup>70</sup> Við slíkar aðstæður, þegar hrikti í allri samfélagsbyggingunni, var refsivendinum beitt af meiri óbilgirni og hörku en endranær<sup>71</sup> – og mun þó vart hafa verið bætandi á þá harðýðgi sem lá í tíðarandanum.<sup>72</sup> Slappri hússtjórn var einatt kennt um agaleysið; andspænis vaxandi óöld og lögbrotum kunni valdstjórnin fá úrræði önnur en aflífa ellegar kaghýða „stórsyndara“, öðrum hrösulum til varnaðar. Það sjónarmið var ráðandi að mönnum væri ígróin hneigð til hins illa<sup>73</sup> og því riði á að bæla með harðri hendi allar syndsamlegar hneigðir. Þess verður lítt vart að mögulegt væri talið að beina þeim með öðru móti í uppbyggilegan farveg. Það er fyrst með hinum píetísku tilskipunum sem farið var að leggja fullt eins þunga áherslu á andleg ögunarmeðul og á líkamlega „tyftun“. Um þessa áherslubreytingu vitnar húsagatilskipunin eins og sýnt verður fram á hér á eftir.

Það sem segir að framan um reglubundin samskipti húsbænda og hjúa er til marks um það að húsagatilskipunin átti sér gilda fyrirrennara. Það sem hins vegar gerðist nýtt með setningu hennar er það að hjúaflokkurinn var heimfærður skýlaust undir uppeldishugtak laganna – almennar uppeldisreglur sem eru hinar sömu eða svipaðar og skyldu gilda um börn.<sup>74</sup> Til vinnuhjúa tekur því að þessu leyti það sem segir um börn í lögum þessum.

Að því er best verður séð markar húsagatilskipunin tímamót í lagasetningu um uppeldi barna á Íslandi. Ef undan eru skilin ákvæði um trúarlega uppfræðslu barna<sup>75</sup> höfðu fram til þessa ekki verið í gildi neinar lögformlegar reglur um uppeldishætti foreldra. Slíkar reglur finnast t.d. ekki í Bessastaðapóstum: þar er aðeins farið almennum orðum um „ódygðir“ barna sem kunni að spilla húsaga og

69 Þetta kemur ekki aðeins fram í embættisskjölum heldur einnig heimsósómakveðskap 17. aldar, sjá t.d. Stefán Ólafsson: *Ljóðmæli*, 93-113 (Ómennskukvæði; Vinnumannakvæði).

70 Jón Steffensen: „Líkamsvöxtur og lífsafkoma Íslendinga“, í *ibid.*, Op. cit., 426-31.

71 Um árið 1635, þ.e. við lok áður nefnds harðindaskeiðs, tilfærir Jón Espólín á sinn annálskennnda hátt m.a. eftirfarandi: „Óöld var mikil af þjófnadi, voru tveir menn hengdir í Gullbríngu-syslu fyrir stuld . . . enn drengur XVIII vetra var hengdur í Eyafyrði . . . kona var hengd í Snæfells syslu, önnur hydd oc mörkuð; enn í Ölvesi voru stórbiofar á Nesjum í Grafningi, oc var einn hengdr; fleiri voru slík ótíðindi; madr vard at bana födr sínum í Eyafyrði í áflogum, annar myrði barn sitt undir jökli, oc kona í Dala-syslu, henni var drectt“. (Op. cit., 6. deild, 72.)

72 Fyrir utan annála má lesa almennt um refsingahörku á 17. öld í Jón Espólin: Op. cit., 6.-7. deild, og Helgi Þorláksson: *Sautjándá öldin* (fjölrit), 145-49.

73 Jón Magnússon í Laufási orðaði þennan mannskilning svo: „Fraa æskutiid med allann san, til ills vill hneigiast Naatturan“. (Op. cit., 70.)

74 Hvort túlka beri þetta svo, að hætti Ariès, að með heimfærslu hjúanna undir uppeldishugtakið hafi „bernskan“ verið „framlengd“ að því marki sem hjúin voru að jafnaði eldri en „börnin“, er annað mál sem ræðir um síðar, sbr. *infra* bls. 86 o. áfr.

75 Yfirlit um þessi lagaákvæði gefur Loftur Guttormsson: Op. cit., 133-34.

leiða til „lausgangara-frelsis.“<sup>76</sup> Því er ljóst að fyrst með hinum píetísku tilskipunum hefur uppeldi barna í einstökum atriðum verið gert að löggjafaratriði. Út af fyrir sig er þessi staðreynd ákveðin vísbending um að heittrúarstefnan hafi veitt til landsins nýjum skilningi á bernsku og ungdómi og þar með á sjálfu uppeldis-hugtakinu. Þess vegna er vert að aðgæta nánar í hverju þessi nýi skilningur var fólgin.

Til þess að grafast fyrir um þennan nýja skilning hrekkur skammt, eins og áður segir, að bera ákvæði húsagatilskipunarinnar saman við eldri fyrirmæli. Helst er reynandi að glöggva sig á breytingunni með því að kanna almenn uppfræðsluskilyrði og trúarleg viðhorf sem voru ríkjandi á 17. öld, miðað við það sem gerðist síðar á öld heittrúarstefnunnar. Er hér átt sérstaklega við stöðu þeirra einstaklinga, sem uppfræða átti, gagnvart hinu tilskilda námsefni, þ.e. guðsorði, svo og það hvers konar taumhald má ætla að samfélagið hafi þar með náð á þeim.

Svo sem kunnugt er var bóklæsi ekki sett fram sem almenn fræðslukrafa á Íslandi fyrr en með hinum píetísku tilskipunum og í tengslum við eftirlit með framkvæmd þeirra.<sup>77</sup> Ekki er vitað til þess að fyrir aldamótin 1700 hafi kirkjunnar þjónar, sem skyldu sjálfir annast að nokkru leyti og hafa eftirlit með kristilegri uppfræðslu almúgans.skv. konungsbréfi frá 1635,<sup>78</sup> haldið á loft kröfu um lestrar-kunnáttu ellegar rekið á eftir lestrarkennslu. Rannsóknir hafa og sýnt að drjúgur hluti hverrar uppvaðandi kynslóðar fyrir 1700 hefur lært „catechismum“ (fræðin minni hans Lúthers), ásamt einföldum útskýringum við hann, utan bókar, með því að hlýða á upplestur fullorðinna, án þess að slíkt leiddi til eiginlegs bóklæsis. Á þessu tímabili merkir læsi í mörgum tilvikum aðeins utanbókarlestur.<sup>79</sup> Keppi-markið var m.ö.o. ekki að allir yrðu læsir á bók heldur hitt að tryggja það sem kalla mætti *húslæsi*, þ.e. að á sem flestum heimilum væri einhver fullorðinn, helst húsbóndinn, nægilega vel læs á guðsorðabók til þess að hann gæti haft textann yfir í heyranda hljóði: þar með gætu tilheyrendurnir smám saman lagt textann á minnið og lært hann utanbókar.<sup>80</sup> Með þessu móti hefur verið hægt að fullnægja

76 Anordning om adskilligt Politivæsenet . . . , 430.

77 Tilskipan um hús-agann 4. gr. – Lestrarkennsluákvæðið í þessari grein var hert smám saman á næstu árum, sjá Loftur Guttormsson: Op. cit., 154-55.

78 „Aabent brev ang. Catechisationen og Husbesørgelse.“ Lovs. for Isl. 1, bls. 218-19; í íslenski samtímabyðingu, „Konungl. Majestatis náðar bréf . . .“. Alþb. Ísl. 13, bls. 527-28. – Skv. danska textanum byggist kristindómsfræðslan ótvírætt á utanbókarlestri; þar segir að prestarnir skuli „lade Børnene for sig komme, dennom overhøre og lære udenad deris Børnelærdom i Lutheri Catechismo . . .“ (undirstr. af L.G.). Í íslensku þýðingunni hefur merkingin hins vegar brenglast, því þar segir að prestarnir „láti börnin koma fyrir sig, hlýði þeim yfir og *kenni þeim fyrir utan þeirra barnalærdóm doct. Mart. Lutheri útlekking af þeim litla Lutheri catechismo . . .*“

79 Loftur Guttormsson: Op. cit., 146-47 (eink. t.3.).

80 Ibid., 140-41. – Í þessu sambandi er fróðlegt að virða fyrir sér þá fyrirmyndarlýsingu sem Jón Magnússon gefur á húslæsi á 17. öld í Bóndabrag Húss-töblunnar (bls. 161): „Lutherus hann [þ.e. fyrirmyndar-bóndinn] les í Hwsi sijnu; loflegt er að fylgia Dæme fijnu. Barnafræde og bæner skal. Booklaus idka í sijnum Sal, og Heilagt Hial; Giet eg ad sa/sem giører þannig breita, maa goodur Boonde heita.“

nokkurn veginn þeim kröfum sem gerðar voru með konungsbréfinu 1635 um kristindómsfræðslu.

Óhætt mun að fullyrða að menningarheimur húslæsisins ber fremur svipmót miðaldahefða en nýmæla þeirra sem lútherskir siðbreytingarmenn héldu á loft varðandi afstöðu hins trúaða til Orðsins og kennivaldsins. Heimur húslæsisins var á mörkum hinnar munnlegu geymdar og ritmenningar: aðeins nokkur hluti manna fékk beinan aðgang að guðsorði í krafti lestrarkunnáttu sinnar. Meðan svo var háttað hélt orðið áfram að vera nokkurs konar einkaeign „kennimannsins“, hvort sem hann birtist tilheyrendum í gervi sóknarprestisins á helgidögum eða í líki húsföðurins á rúmhelgum dögum. Í báðum tilvikum miðlaði hann orðinu „kvittu og kláru“ til þeirra sem hlýddu á; af þeim var aðeins ætlast til að þeir legðu það á minnið og skiluðu því síðan óbrennguðu við yfirheyrslu. Bóklæsi maður, þ.e. ólæs í okkar nútíðarskilningi, átti bágð með að höndla orðið í huga sínum á sjálfstæðan hátt, setja það í eitthvert annað samband en gefið var í hinum utanaðlærða texta og gæða það þar með persónulegri merkingu.<sup>81</sup> Hann hélt áfram að undirgangast orðið og handhafa þess á óvirkan hátt og átti þess naumast kost að komast í náði, persónulegt samband við guð. Frá píetísku sjónarmiði hlaut slíkur maður að teljast blindur (á sannindi trúarinnar).<sup>82</sup>

Telja verður líklegt að menntunaraðstæður á 17. öld, einkum hið takmarkaða og lítt þroskaða bóklæsi, hafi sett svip á uppeldishugmyndir yfirvalda á þessum tíma. Þannig virðast kennimenn ekki hafa haft mikla trú á að kristindómsfræðslan megnaði að skapa trausta siðgæðisvitund hjá uppvaxandi kynslóð. A. m. k. gætir þess sjónarmiðs lítt í ritum þeirra að gott siðferði byggist upp innan frá, ef svo mætti segja, vaxi í takt við sjálfsögun einstaklingsvitundarinnar. Meira er lagt upp úr áhrifum ytri þvingunar, þ.á m. líkamlegrar hirtingar. Slíkur skilningur á góðum aga birtist glögglega hjá síra Jóni Magnússyni þar sem hann mælir fyrir um skyldur foreldranna við börnin í Hústöflunni.<sup>83</sup> Þótt höfundur telji að í „fögurum Aga“ sé falin „kiensla og Ment, helgra fræða,“<sup>84</sup> ásamt góðu fordæmi foreldra, dvelur hann lengst við „þridia hluta agans . . . umvöndunarordin snörp, og

81 Vissulega dugir lestrarkunnáttan ein ekki til þess að slík hugarstarfsemi verði skilvirk; til þess að föstum böndum verði komið á hugsanaflæðið þarf til viðbótar að koma skriftarkunnátta. Þegar hugsun manns hefur verið skráð er hún orðin fyrirbæri sem stendur með nokkrum hætti utan við mann sjálfan; um leið gefst kostur á að laga hana til og umbreyta henni eins og hverju öðru ápreifanlegu fyrirbæri. Þannig eru læsi og skriftarkunnátta til samans forsenda greinandi, einstaklingslegrar hugsunar, sjá Couch og Hintz: „Writing and Reading as Social Activities“, í *ibid.*, (rits.), *Constructing Social Life*, 139-46.

82 Bent hefur verið á að í löndum gagnsiðbótarinnar, t.d. Frakklandi, komu prentlistin og bókin til leiðar viðlíka hvörfum frá munnlegri til skriflegrar menningargeymdar. Í því sambandi ber að meta þýðingu hinnar nýju bóklestrarkröfu (sem varð ekki knýjandi á Íslandi fyrir en með heittrúarstefnunni): „L'apparition du livre met au contraire chaque chrétien en face d'un rapport individuel au Livre, sans la médiation obligatoire du commentaire immémorial. Savoir lire ne doit plus s'apprendre en écoutant: mais uniquement en lisant“. (Furet og Ouzouf: *Lire et écriture* 1. b., 71.)

83 Jón Magnússon: *Op. cit.*, 62-69.

84 *Ibid.*, 67.

Vandarens hirting skörp“.<sup>85</sup> Prestur útlistar þessa ögunarreglu m.a. á eftirfarandi hátt:

Því aminner Salomon sæll, ef Sonur þinn er ecke dæll, vønden laattu vinna hann fyrst. medan von er til hann leidriettest, so hyggnest Barn, og hafer þu siidan hiartans lyst . . .

Ad Barna þina brekum skallt, brosa ei, nie skiemmtun hallt. Ovanda þeim eingann liid, í æskunne þau tem og hiid: annars hefur þu angur af þeim aar og siid.<sup>86</sup>

Skv. þessari uppeldiskenningu lék ekki vafi á að mátuleg hirting foreldra „gjører hyggende“.<sup>87</sup> Um rétt sinn þurftu þeir ekki að efast:

Þau standa i storu Umbode, hins sterka Um vandarans; það er viidsiaar vode, ad virda ei skipun hans; þeirra ord skulu agta allt eins Børnen from, sem Yfer-vallds dyran Dom.<sup>88</sup>

Hirtingarskyldu foreldra samsvaraði í uppeldisfræði Laufásprests sú „Barna-regla“ sem kennd er við ótta og auðsveipni og er „allra ypparlegasta Dygd“.<sup>89</sup> Skv. þessari reglu áttu börnin að umbera möglunarlaust „Hast og Hirting striida“ af hálfu foreldra enda engum ofætlan úr því að „Yferbodurum eigum, illum hlydni ad tiaa“.<sup>90</sup> Enginn þurfti heldur að fara í grafgötur um hvert yrði hlutskipti manns ef hann beygði sig ekki undir yfirvaldið:

Dreckingar og Dauda sök, Drottenn leggur aa þeirra møk, sem þiofnad bruka, lygar og last, eda liitum siinum hroosa fast . . .<sup>91</sup>

Eins og áður er lýst (sbr. *supra* bls. 71) hefur kennivaldið varla þurft að áfella valdstjórnina fyrir að sýna linkind í refsingum. Öðru máli gegndi um hússtjórnarstéttina. Báðir hinir valdaaðilarnir sökuðu þessa „Heidursstiet“, sem taldist „af Himna Gude fyrst innsett“,<sup>92</sup> um að hún beitti ekki því valdi er henni væri gefið til þess að aga ungvíðið. Þannig ættu húsbændur í landinu a.m.k. óbeina sök á því hve margir lentu á villigötum og féllu undir refsivönd laganna. Á öld heittrúarstefnunnar horfði ábyrgð foreldra þannig við Birni Magnússyni prófasti í Húnavatnþingi:

85 Ibid., 69-70. – Höf. bætir við: „ . . . aadur en lundenn verdur þver.“

86 Ibid., 70.

87 Ibid., 73. – Höf. mælir þó með því að foreldrar gæti meðalhófs í hirtingunni: „Strángur Aage sturlar Børn, stadlaus verda og ylugjörn; Foreldrar mega fara med vønd, þo fleinge ei eins og Bøduls Hønd“ . . . „Eingu sijður er oflinur, agenn Barna skadlegur . . . af ofmiklu hafa menn epterlæti eingenn not“ (bls. 71).

88 Ibid., 81-82.

89 Ibid., loc. cit.

90 Ibid., 83.

91 Ibid., 69.

92 Ibid., 151.

Ef Hus-stiornar Stiettin legdi aluud aa ad temia og venia, bædi með Lærdome og Lifn-adi, sijn Børn og Hiw, til Guds Otta og goodra Sida; og frammar enn hwn nw um stundir giørir, med Gudrækilegum Hus-aga, ad aprta þeim fraa Glæpum og Løstum, mundi eigi Kennidoms Stiettinne so torsokt vera, sem henne nu annars er, ad *faa folk til ad laata af illu, og læra gott ad giøra*, Efa. I, 17.v. Og eigi mundu þaa so margir i Landinu þurfa ad kenna aa Refsingar vendi Veralldlegrar Valld-stiettar, nie ad rietta Haalsinn undir Bøduls Øxena.<sup>93</sup>

Sú ábending prófastsins að með góðum húsaga mætti firra fjörtjóni var reyndar ítækun á því sem haldið var fram í *Christenn Huss-fader* sem hann ritaði formála að.<sup>94</sup> Þar var jafnframt tekið skýrt fram að þótt hinir undirgefnu hafi sér ekkert til afsökunar beri yfirboðarar og húsbændur höfuðsökina „med því þeir forsomunar-samlega hafa framfylgt þeirra Skyldu vid þa Undirgefnu, eige halldid Bænaa-kall med þeim, og ei helldur uppfrædt þa, sem byriade“.<sup>95</sup> Með því að ástunda strangari aga og uppfræðslu á heimilinum átti ekki aðeins að vera auðið, frá sjónarmiði kennivaldsins, að afstýra mörgu líflátinu og „Saalarmordenu“;<sup>96</sup> slíkt átti jafnframt að verða veraldlegum hagsmunum til framdráttar. Þannig segir í *Christenn Huus-Fader*:

Ei er annat betra Medal, med hveriu þier kunned ad skulld-binda ydar Børn til ad elska og hlyda ydur, og ad ydar Hiw trulega utierette [sic!] sina Vinnu, enn þa þau eru velgrundud og uppfrædd i Guds dyrkun, og Guds Otte er innrættur í þeirra Hiørtum.<sup>97</sup>

Hér er hið þríþætta markmið húsagans (sbr. *supra* bls. 67) sett fram með beinni skírskotun til hagsmuna húsfeðra. Gefið er í skyn að svo fremi þeim tækist að ala börn sín upp í hlýðni mundu þeir njóta sameiginlega góðs af árangrinum þegar börnin kæmust á legg og gerðust vinnuhjú. Þar með mætti rjúfa þann vítahring sem talsmaður valdstjórnarinnar, Páll Vídalín, lýsti svo:

Andre af dette Slags [þ.e. vinnuhjú hjá embættismönnum og „andre brave Mænd“], endnu sletter opdragne, om de blive antagne i skikkelige Huuse, viise dog der den selv-samme Ulydighed og Næsvished, som de vare vante til, hos deres Forældre, om dem befales noget, som ei er efter deres Sind, og vende derfor snart tilbage til deres fæderne Selvraadighed . . .<sup>98</sup>

93 Windekilde: Op. cit., A 4-5, formáli Björns Magnússonar. – Höf kveðst hafa tekið sér fyrir hendur að þýða bæklinginn á íslensku í von um að hússtjórnarstéttin sinni framvegis gudrækilega sinni „Embættis skyldu“.

94 Ibid., B 4-6. – Hér segir að ein afleiðing þess að menn forsómi „gudrækilega Idkan i sijnu Huse“ sé sú að „yfirvalldið neydist . . . til ad lata taka so margan af dögum, af því ad þeir hafa ei vered uppaldur i Guds otta, og þeim hefur verid leyft at fylgia sinum eigin vilia i Ungdæmenu“.

95 Ibid., loc. cit.

96 Ibid., B 6.

97 Ibid., B 3.

98 Jón Eiríksson: Op. cit., 55.



Framangreindar tilvitnanir eru til vitnis um það sameiginlega álit kennivalds og valdstjórnarmanna að helsti misbrestur á barnauppeldi á Íslandi væri ófullnægjandi húsagi – óhlýðni og sjálfræði sem börn vendust á í foreldrahúsum. Á þessum misbresti yrði ekki ráðin bót með hefðbundnum ögunartækjum, andlegum eða veraldlegum; til viðbótar yrði að koma kerfisbundin siðvæðing er gerði hússtjórnarstéttina færa um að rækja köllun sína.

Í ljósi slíkra hugmynda, sem yfirvöld settu fram á fyrri helmingi 18. aldar, er vert að athuga nánar þau uppeldislegu úrræði sem heittrúarstefnan bar með sér til Íslands.

### **Innræting undir endurbættum húsaga á 18. öld.**

Svo er að sjá sem yfirvöldum landsins hafi verið það meira áhyggjuefni þegar kom fram á 18. öld en á öldinni þar á undan hve barnauppeldi væri misbrestasamt. Ósennilegt er að þetta stafi af því að foreldrar hafi í reynd sýnt af sér meiri vanrækslu en áður; hitt er líklegra að brestirnir hafi orðið berari eftir því sem siðgæðismat tók að draga dóm af hinum hertu uppeldiskröfum heittrúarmanna. Að þeirra dómi einkenndist uppeldishefðin af óhæfilegri eftirlátssemi foreldra við börnin. Því var mælt svo fyrir í húsagatilskipuninni 1746 að foreldrar eigi ekki „eftir hingað til brúkanlegum siðvana að láta of-mikið eftir þeim“ (þ.e. börnunum).<sup>99</sup> Allmargir prestar, af öllum þeim sem Harboe ræddi við á rannsóknarför sinni á árunum 1742-45, virðast að þessu leyti hafa verið sama sinnis; þeir kvörtuðu undan lélegum húsaga er stæði barnauppfærðslu mjög fyrir þrifum.<sup>100</sup>

Hver voru þá helstu úrræðin sem heittrúarstefnan hélt á loft héraendis, holdi klædd í hinum danska eftirlitsmanni? Með almennum orðum má segja að stefnt hafi verið að allsherjar-siðvæðingu heimilanna undir forystu siðbættrar og upplýstrar prestastéttar er gæti leitað halds hjá valdstjórninni hvenær sem á þyrfti að halda. Um þessa almennu stefnu nægir að vísa í heild til hinna píetísku tilskipana sem settar voru á fimmta tug aldarinnar. Rauði þráðurinn í þeim er kerfisbundin innræting guðsorðs, uppræting „ókrístilegra“ hugmynda og siðvenja samfara umbreytingu á hversdagsbreytni manna í samræmi við hið þriðja markmið húsagans sem áður getur.

Sé nú staldrað við einstök atriði í lögunum, þau sem varða beinast úrræði til betrubættis húsaga og uppeldis, kann málið að virðast nokkuð flóknara. Þannig mætti halda því fram að jafnmikillar bælingarhneigðar í formi líkamlegra hirtinga gæti í húsagatilskipuninni og t.d. í Bessastaðapóstum. Ef börnin hegðuðu sér ósamilega eða óhlýðnuðust fyrirskipunum skyldu foreldrar:

99 Tilskipan um hús-agann á Íslandi, 8. gr. – Þar sem ræðir í 9. gr. um uppeldi í „erfiði“ er foreldrum og húsbændum fyrirlagt að „líða öngvanveginn börnunum eða þjónustufólki að mótmæla eftir hingað til verandi viðurstyggleikum vana, þá þeim er alvarlega vísað til nokkurs verks . . .“

100 Hallgrímur Hallgrímsson: *Íslensk alþýðumenntun á 18. öld*, 13, 22-24, 28, 30-34, 38-40, 43, 45, 47. – Margir prestanna töldu jafnframt að barnaskóla þyrfti til að bæta húsagann.

straffa þau með alvarlegum orðum (þó fyrir utan blót og ósæmileg illyrði) ellegar og so með hendi og vendi eftir ásigkomulagi yfirsjónarinnar . . . Þó skulu öll höfuð-högg og að slá í höstugri reiði vera hér með öldungis fyrirboðin . . . Mögli börnin eður láti sjá á sér fúlt, reiðuglegt andlit . . . þá tyftist þau með því meiri alvörugefni, þangað til þau læra að sýna sig ástúðleg og auðmjúk.<sup>101</sup>

Þótt umrædd hirtingarmeðul séu óneitanlega keimlík þeim sem áður hafði verið mælt með (sbr. *supra* bls. 70), er sá munur á að þau komu nú fram í öðru og uppbyggilegra samhengi. Áhersla var lögð á að foreldrar sýndu gott fordæmi, tækju sér ekki orð í munn sem ætlast var til að þeir bældu niður hjá börnum sínum og hjúum.<sup>102</sup> Eins var foreldrum nú bannað að beita hirtingarvaldi sínu í blindri bræði enda stríddi slíkt framferði gegn hugmyndinni um skapstillingu og sjálfsstjórn hins heittrúaða.<sup>103</sup> Loks – og það varðar mestu í þessu sambandi – var hirtingunni gefið eindregið jákvætt, uppbyggilegt inntak: hún skyldi auðsýna umhyggjusemi foreldra og átti að ala af sér ástúð og auðmýkt hjá börnunum,<sup>104</sup> ólíkt þrjósku og þverlyndi sem sprytti af eftirlæti í barnauppeldi. Krafan um skilyrðislausu hlýðni barna við foreldravaldið var þannig óaðskiljanlegur hluti hinnar píetísku kærleikshugsjónar.

Sams konar uppbyggilegum tilgangi átti að þjóna sú krafa að börnin vendust á að „þegja í annarra og eldri nálægð, þangað til á þau er yrt, so sá ótilhlýðilegi siðvani, að börnin með ákefð vilja raisonnera eður álykta með í öllum hlutum, kunni að útrýmast úr geðmunum þeirra ungu, eftir því þar af að síðustu uppvaxa einasta mótmæli, foragt og mótþrói . . . “. <sup>105</sup> Sérstaklega fast er kveðið að orði um nauðsyn þess að uppræta „eigin geðþótta og sjálfræði“ hjá börnum og hjúum þar sem ræðir um uppeldi í erfiði.<sup>106</sup> Í þessu efni var það brýnt fyrir foreldrum og hús-bændum „ekki alleinasta að halda þeim strax til að hlýða því sem þeim er fyrir skipað, heldur og so að gjöra verkið, sem þeim er fyrir sagt . . . “. <sup>107</sup>

101 Ibid., 8. gr.

102 Í 7. gr. húsagatilskipunar kemur fram að börn og hjú skuli „áminnast undir straff að vakta sig fyrir ósæmilegu tali og gamni, eiðum, og blóti . . . “. Sjá einnig Forordning um hús-vitjanir á Íslandi (1746), 13. gr.

103 Scharfe: Op. cit., 48-54.

104 Sams konar hugmyndatengsl lýsa sér í orðtakinu: Berja skal börn til ásta. – Hafa ber hugfast að „tyftunin“ taldist kristileg skylda húsföðurins. Þannig var eilíf glötun búin þeim börnum sem foreldrar vanræktu að uppfræða í guðsorði en slík uppfræðsla var aftur talin skilyrði þess að börnin fengju ást á guði, sjá Christenn Huss-fader, 94-95. Að hvaða marki uppvaxandi kynslóð tileinkaði sér í reynd þann opinbera skilning að hirting að hálfu foreldra auðsýndi ástsemi þeirra, hefur vitanlega verið komið undir því hversu skilvirk innrætingin var hverju sinni, sjá dæmi hjá Scharfe: Op. cit., 59.

105 Tilskipan um hús-agann 8. gr.

106 Ibid., 9. gr.

107 Ibid., loc. cit. – Sú áhersla sem lögð var á iðni og skilyrðislausu undirgefni í vinnunni samsvarar eflaust naumum björgum og ströngum leikreglum manna í lítt breytilegu þjóðfélagi: „Fleiss ist nicht einmal eine Tugend, er ist in der kleinbäuerlichen Produktion einfach notwendig zum Überleben. Gehorsam, Unterordnung sind ebenfalls völlig funktional: in einer Gesellschaft die praktisch noch keine soziale Mobilität kennt, sind nicht grosse Initiativen gefordert“. (Scharfe: Op. cit., 60.)

Eins og þegar hefur verið ýjað að treystu heittrúarmenn ekki svo mjög á hin ytri þvingunarmedul sem andlega innrætingu til þess að temja ungdóminn við ofangreindar kröfur. Nýmælið sem löggjöf þeirra ber með sér lýtur einmitt að því að breyta beri uppeldisaðstæðunum í það horf að meginreglur húsagans festi rætur í hugskoti barnanna (innhverfist) þegar á unga aldri. Í þessu sambandi vekur mesta athygli hve lögin lýsa kerfisbundnum ásetningi í þessa átt og hve tiltölulega útsmognar aðferðirnar voru sem áttu að tryggja árangursríka framkvæmd.<sup>108</sup>

Frá félagssálfræðilegu sjónarmiði er ljóst að stefnt var að því að sveigja einstaklinginn í miklu ríkari mæli en áður undir hina kristilegu samvitund eða, svo gripið sé til freudísks orðalags, milda átökin milli hinna hvatrænu aflu sálarlífsins (þaðsins) og siðaboða samfélagsins (yfirsjálfsins). Keppimarkið var að einstaklingurinn fylgdi siðaboðunum í krafti eigin samvisku fremur en að meira eða minna óyrtað hefðir og ókerfisbundin hirting af hálfu uppaldenda réðu því hvernig til tækist við ögun sjálfsins. Munurinn á þessum tveimur aðferðum við að tryggja fylgi eða hlýðni einstaklinganna við samfélagslegar kröfur samsvarar að nokkru leyti aðgreiningunni í kenningu  *Davids Riesmans* í félagslegum mótunarháttum eftir því hvort „hefð“ eða „innhverfð markmið“ eru helsta uppistaða þeirra.<sup>109</sup>

Eins og rætt verður um síðar (sbr. *infra* bls. 186) getur orkað tvímælis að beita slíkum hugtökum til þess að aðgreina uppeldisaðstæður á Íslandi fyrir daga heittrúarstefnunnar og eftir að löggjöf í anda hennar hafði verið innleidd. Slík aðgreining virðist þó eiga nokkurn rétt á sér í hugmyndasögulegu samhengi, einkum ef miðað er við skilning yfirvalda á mikilvægi uppfræðslu og á forsendum þess að uppfræðslan næði að móta hugarfar og hugarheim uppvaxandi kynslóðar. Þannig er ekki um að villast að heittrúarmenn töldu uppeldishefð 17. aldar, með grunnfærnislegum utanbókarlærdómi og húslæsi (sbr. *supra* bls. 73), allsendis ófullnægjandi til þess að innrætingarmarkmiði þeirra yrði náð; því nú var tilskilið að það sem fermingarbörn svöruðu til spurninganna um kristindómsþekkingu sína væri „ekki einungis innifalið í minninu án skilnings og athuga“, heldur skyldi kenna þeim þannig að „þau geti fengið ein lifandi þekking og framkvæmi það, sem þau lært hafa, til nytsemða og kristindóms iðkunar í verkinu . . .“.<sup>110</sup>

Til þess að slíkt markmið næðist þurftu kennimennirnir að beita kennsluáð-

108 Þetta kemur raunar heim og saman við einkenni stefnunnar sem hefur verið lýst svo: „Die Pietisten definieren sich allein durch die Systematik, mit der sie die Repression installieren, möglicherweise auch durch die Subtilität der Repression in ihrem Erziehungsstil . . . Systematik und Subtilität zusammen aber haben als fatales Ergebnis das gebrochene, zerstörte Ich“. (Scharfe: Op. cit., 61.)

109 Riesman: *The Lonely Crowd*, 5-17. – Hugtökin „tradition-direction“ and „inner-direction“ vísa til mismunandi tengsla einstaklingsgerðar og samfélagsgerðar (character og society), „the way in which society ensures some degree of conformity from the individuals who make it up“ (bls. 5). „A pattern of conventional conformity is what I call tradition-direction . . .“ (bls. 11); í hinu tilvikinu er „the source of direction for the individual . . . „inner“ in the sense that it is implanted early in life by the elders and directed toward generalized but nonetheless inescapable destined goals“ (bls. 15). Höf. tekur fram að hefðarhátturinn jafngildi ekki „psychic stability in the life span of an individual: the latter may subjectively experience much violence and disorganization“ (bls. 10-11).

110 Extract af . . . rescripti um confirmationina (1744), sbr. *supra* bls. 64 nmgr. 30.

ferðum sem mörgum sóknarbörnum munu hafa þótt harla nýstárlegar.<sup>111</sup> Um aðferðirnar var ákveðið ítarlega með ívitnaðri tilskipun um kristindómsfræðslu frá 1744 (sbr. *supra* bls. 67). Raunar var haldið fast við þá kröfu að ungdómurinn lærði utan að „þann litla catechismum“ Lúthers án þess að umbreyta orðalagi eða fella nokkuð niður; en höfuðáherslan var þó lögð á sjálfa spurningaraðferðina. Með henni skyldi grennslast eftir hvort „hinir ungu skilja meininguna rétt til gagns af því, sem þeir hafa framfært“:<sup>112</sup>

Í aðferðinni að catechisera mega prestarnir enganvegin láta sér nægja með það, að hinir ungu segi svarið þannig sem það stendur í bókinni, heldur skulu þeir bæði umbreyta spurningunum og láta þá svara þar til með sjálfra þeirra orðum . . . og síðan heimfæra það til uppbyggingar, sem spurt og svarað var, og seinast aftur ransaka, hversu að ungdómurinn hafi það skilið.<sup>113</sup>

Þessi spurningaraðferð, sem ber með sér á ytra borðinu furðu nútíðarlegt svipmót, var kjarni hinnar píetísku kennslufræði. Að aflokinni guðspjónustu skyldi prestur rannsaka árangurinn af því sem börnin höfðu „lært heima í vikunni utan bókar“, <sup>114</sup> hvort sem þau væru læs eða létu einhvern á heimilinu lesa sér fyrir. Í þessu skyni skyldi hann kalla ungdóminn fram á kirkjugólfið, láta hann þar fyrst þylja utanbókar (4.gr.) og síðan svara spurningum sínum „hátt og skilmerkilega . . . so að allur söfnuðurinn megji hafa gagn af því“ (10. gr.). Yfirheyrslan var þannig háopinber athöfn, ætluð ekki aðeins hinum ungu heldur og öllum tilheyrendum til uppbyggingar. Eins skyldi prestur ganga úr skugga um það í húsvitjun sinni hvernig hið tilskilda námsefni, fræðin minni og útskýringar við þau, „er rótfest hjá þeim [þ.e. tilheyrendunum] til sannarlegrar hjartans umbreytingar“.<sup>115</sup> Húsfæður og -mæður skyldu svo vera presti innan handar við innrætinguna, brúka það sem eftir var hvers sunnudags, eftir heimkomu úr kirkjuferð, til að íhuga prédikunarorð hans og grennslast eftir því hvað börn og hjú myndu af þeim „sér til uppvakningar“.<sup>116</sup>

Engum blöðum er um það að fletta að löggjafinn hefur álitid framkvæmd ofangreindra akvæða, sem yrðu flest talin til skilnings- og viðhorfamarkmiða eftir

111 Að þessu er ýjað í inngangi að „Forordn. áhr. . . . catechisation“, Alþb.Ísl. 13. bls. 521. Þá Harboe var kominn til Hóla fyrirskipaði hann prestum „að halda catechisationinni fram með stærri kostgæfni en skeð hafði þangað til . . . skulu þó sumir hafa haldið það vera nokkurskonar nýtt og óvenjulegt . . .“; hafi þeir annaðhvort ekki komið til kirkjunnar eða hlaupið út úr henni þegar prestur ætlaði að spyrja!

112 Ibid., 3. gr.

113 Ibid., 5. gr.

114 Ibid., 12. gr.

115 Forordning um hús-vitjanir á Íslandi 11. gr. – Hinir sömu „að minnsta kosti þeir, sem eru bóklæsir, eiga að yfirheyrast í þeim bænum og salmum, sem þeir hafa lært utan að, hvort þeir hafi skilning þar á“.

116 Forordning um tilhlýðilegt helgihald sabbathsins og annra helgra daga á Íslandi (1744), 17. gr. . . Sjá einnig tilskipan um hús-agann 5. gr.

flokkunarfræði okkar tíma, háð einu skilyrði öðrum fremur, þ.e. að takast mætti að útbreiða og efla bóklæsi meðal ungdómsins. Þetta sést m.a. á hinum ítarlegu ákvæðum í húsagatilskipuninni sem fjalla um lestrarkennslu;<sup>117</sup> þau bera jafnframt vott um þann skilning löggjafans að eitt helsta ráðið til að bæta húsagann sé að hefja slíka kennslu meðan börnin eru á unga aldri. Mælt var svo fyrir að „so fljótt börnin eru 5 til 6 ára eigi . . . að láta þau taka til að læra að lesa í bók“ svo fremi sem einhver á heimilinu, foreldrar eða hjú, væru læs.<sup>118</sup> Börnin áttu þannig að hefja lestrarnámið á svipuðum aldri og kvernámið (3. gr.) svo að hið síðarnefnda gæti fljótlega haft stuðning af hinu fyrra.<sup>118a</sup> Bóklæsi var einkum talið skilyrði þess að börn gætu haft full not af útskýringum við Fræðin minni eins og *Sannleika guðhræðslunnar* („Ponta“) sem varð nú lögbundið námsefni til fermingarundirbúnings.<sup>119</sup>

Færð hafa verið rök að því að hin stórauðna áhersla sem farið var að leggja á lestrarkennslu barna frá og með biskupsdómi Jóns Árnasonar og þó sérstaklega á fyrstu biskupsárum Finns Jónssonar (eða ca. 1725 – 60) standi í nánú sambandi við hertar kröfur um skilning á höfuðatriðum kristindómsins eins og þau voru sett fram í Fræðunum minni og útskýringum við þau.<sup>120</sup> Þannig brýndi Finnur biskup fyrir prestum á sjötta áratug aldarinnar að þeim væri óheimilt að taka börn til fermingar, eins og algengt hafi verið, „strax sem þau hefðu lært so mikid utan ad, sem nægia syndest til andsvara uppá þær almenelegustu Spurningar . . . En þetta á ei so að vera; helldur eiga Borneþ þad fyrsta þau hafa Næme og Skilning þar til feinged, að fara til að lesa á Bók, og sýdan læra Fræden og þeira Útskyring.“<sup>121</sup> Um þetta sama leyti var hin skilyrta krafa um bóklæsi fermingarbarna gerð að nánast því ófrávíkjanlegri reglu.<sup>122</sup>

Í skólalausú þjóðfélagi eins og hinu íslenska hlaut krafan um almenna lestrar-kennslu að beinast að sjálfri hússtjórnarstéttinni. Um leið og henni var fylgt eftir af kennivaldinu varð ekki komist hjá því að temja foreldra og húsbændur við hið nýja kall tímans. Þeim mátti raunar vera ljóst að það var sáluhjálparatriði fyrir börnin að takast mætti að fullnægja þessari kröfu: gerðu þeir sjálfir ekki skyldu sína var viðbúið að þeir mundu sæta viðurlögum, sektum og ýmsum öðrum kárín-um, svo sem lögin gerðu ráð fyrir. Ef enginn væri læs á heimilinu skyldi sóknar-presturinn sjá til þess að „slíkum börnum verði komið niður hjá öðrum æfðum

117 Ibid., 4.-6. gr.

118 Ibid., 4. gr.

118a Finnur Jónsson biskup orðaði þetta svo: „Mér hefur ætýd sýnst það best fara að Borneþ tæki ung til ad læra ad lesa, og þaug lærdu það af Fræðakverinu, því þar með slá þaug tvær Flugur . . . það er, læra ad lesa under eins og þau læra Fræden“. (Þjskjs. Bps. A IV, nr. 33: Umburðarbréf frá 16. des. 1756 til prófasts og kennimanna í Árnassýslu.)

119 Forornd, áhr . . . catechisation 4. gr., og tilskipan um hús-agann 5. gr.

120 Loftur Guttormsson: Op. cit., 150-52, 162-64.

121 Áður ívitnað umburðarbréf frá 1756.

122 Loftur Guttormsson: Op. cit., 155. Í þessu sambandi má minna á það að skriftarkunnátta var ekki ákveðin sem fermingarskilyrði fyrr en seint á 19. öld.

mönnum í sókninni, hvar eð þau í lestri og þeirra kristindómi kunna að fá undirvísun.<sup>123</sup> Foreldra stöðaði þá ekki sú afsökun að þeir þyrftu sjálfir að „brúka börn sín til erfiðis með því að þar með hindraðist þeirra barna hið sanna bezta“.<sup>124</sup> Eins sáu lögin við því tilviki að börnin kynnu að veigra sér við að læra og virða að vettugi aga foreldranna: þau skyldu þá sæta áminningu prests í viðurvist meðhjálpara.

Tregða barnanna hefur þó verið álitin minni háttar hindrun á vegi endurbætts húsaga samanborið við tómlæti hússtjórnarstéttarinnar eða vanrækslusyndir prestanna. Hin píetíska uppeldislöggjöf snerist mestmegnis um skyldu beggja þessara aðila sem áttu að bera hitann og þungann af framkvæmd hinnar nýju hugsjónar. Þótt sóknarkirkjan væri helsti vettvangur hinnar formlegu uppfræðslu prestsins var það innan vébanda heimilanna, á sviði hins meira eða minna óformlega uppeldis, sem úrslitin hlutu að ráðast. Þess vegna reið á að prestunum tækist að siðvæða hússtjórnarstéttina í þágu málstaðarins. Bæði húsaga- og húsvitjunartilskipunin mæltu fyrir um hvernig að því skyldi staðið í einstökum atriðum. Í húsvitjuninni fékk presturinn t.d. afar viðtækan íhlutunarrétt um framferði heimilisfólksins:

Fremur byrjar einum kenniföður að láta sér vera umhugað um egtafólks, húsfeðra og húsmæðra samfélags umgengni og framferði, hvort þau lifa í kristilegri einingu hvört við annað, halda morgun og kvöld bænir í húsi sínu, kostgæfa hreinlífi og sparsemi í mat og drykk . . . Prestarnir skulu með kostgæfni sjá eftir þeim bókum sem til daglegrar iðkunar guðhræðslunnar brúkast í húsinu, og gefa undirvísun um hvörninn þær, sem til eru, skuli til nytsemdar brúkast . . . skuli öngvar bækur finnast í húsinu, hvar eð fólk kann þó að lesa . . . skal sérhvor hús-faðir vera skyldugur til að kaupa þá bók, sem hönum verður af prestinum recommonderuð og ráðlögð.<sup>125</sup>

Ljóst er af þessu dæmi að margt, sem á okkar dögum flökkast undir einkahagi og persónuhelgi, var hér með fellt undir eftirlits- og íhlutunarskyldu sóknarprestins. Í húsvitjuninni átti hann að veita foreldrum og „yfirboðurum“ traust aðhald svo að þeir stæðu sína pligt gagnvart börnum og „undirgefnum“. Þetta þýddi „í tilliti til þess andlega að uppaga og leiða þau [hin síðarnefndu] til ótta drottins . . . og í því líkamlega kostgæfilega að halda þeim til erfiðis og ekki leyfa þeim nokkurt iðjuleysi eður að lifa í sjálfræði eftir þeirra eigin vild“.<sup>126</sup> Ef prestur yrði þess var að þau sýndu yfirboðurum sínum óhlýðni og þau létu sér ekki

123 Forordning um hús-vitjanir á Íslandi 17. gr. – Pegar í hlut áttu foreldrar sem bjuggu við mikla fátækt mátti greiða slíkan kennslukostnað af fátækraíund; væru þeir aftur á móti sémilega efnað-ir, en ólæsir, skyldu þeir útvega sér vinnuhjú „sem kann að lesa og undirvísa þeirra börnum“ eða koma þeim fyrir upp á eigin spýtur annars staðar til kennslu á eigin kostnað (loc.cit.).

124 Ibid., loc. cit.


125 Forordning um hús-vitjanir á Íslandi, 13., 15.-16.gr. – Eitt þeirra atriða sem prestur skyldi skrá í „sálnaregistrið“, að aflokinni húsvitjun, var einmitt hvaða guðsorðabækur væru tiltækar á heimilinu, sbr. ibid., 21. gr.

126 Ibid., 14. gr.

segjast með góðu, skyldi hann „tilhalda foreldrunum að straffa þeirra börn þar fyrir“.<sup>127</sup> Og yrði prestur þess áskynja að þjónustufólkið léti ekki skipast við áminningar og héldi áfram að þráast við, skyldi hann kæra agabrotið fyrir hreppstjórum og sýslumanni sem áttu þá að refsa því eftir framferði þess.

Að öllu samanlögðu er skiljanlegt hvers vegna samtímamenn notuðu eitt og sama orðið, ungdómur, yfir bæði börn og vinnuhjú. Sameiginlegt báðum var ósjálfræðið, undirgefni við þá aðila sem voru lögum samkvæmt yfir þau sett. Með uppeldismarkmiðum húsagans var stefnt að því öðru fremur að innræta ungdómnum virðingu fyrir og hlýðni við yfirvöldin sem birtust á hverjum stað í gervi sóknarprests, hreppstjóra og húsráðanda. Tengslin milli þessara valdaaðila og uppeldismarkmiðanna má sýna í grófum dráttum þannig (tengingin er látin ráðast af því hvaða markmið má telja hverjum aðila skyldast skv. formlegri og/eða stjórnunarlegri verkaskiptingu þeirra):

## Mynd II. Tengsl valdaaðila og uppeldismarkmiða



Af þessum þremur aðilum höfðu sóknarprestar og hreppstjórar augljósa sérstöðu að því leyti að þeir komu fram sem fulltrúar hins konunglega einveldis er var samofið geistlegum og veraldlegum þáttum; skv. því hlutu þeir að standa nánustu yfirboðurum sínum, prófasti og sýslumanni, reikningsskil gerða sinna. Húsráðendur höfðu hins vegar enga „sjálfstæða“ yfirboðara. Eftirlit með því hvernig

127 Ibid., loc. cit.

þeir fóru með hússtjórnarvaldið var í höndum sóknarprests og hreppstjóra eftir því sem við átti hverju sinni.<sup>128</sup>

Í daglegum samskiptum húsráðenda við heimilisfólkið mun ofangreindrar aðgreiningar hafa gætt lítt eða ekki: húsráðendur fóru með alhliða uppeldishlutverk vegna þess hve samfélagsgerðin var lítt verkaskipt og einlit. Í hlut þeirra kom að temja ungdóminn við hið þrjúgreinda meginmarkmið húsagans. Hér að framan hefur verið sýnt hvernig þetta hlutverk var hugsað í framkvæmd og í hverju framlag hinna valdaaðilanna tveggja skyldi fólgið. Um þessa verkaskiptingu verður fjallað nokkru nánar hér á eftir að svo miklu leyti sem hún getur skýrt betur hvernig samtímamenn litu á ungdóminn.

### Fræðsluskylda og fermingaraldur

Frá sjónarmiði nútíðarmanna kemur það spánst fyrir sjónir að börn og hjú, sem gátu verið á harla ólíkum aldri, skuli felld undir sama heiti og sams konar uppeldishugtak. Okkur er tamt að tengja uppeldi við tiltölulega afmarkað skeið í æviferli manna. Því vaknar sú spurning hve gamall maður þurfti að vera um miðbik 18. aldar til að komast af „uppeldisskeiði.“

Til glöggvunar á þessu atriði er vert að athuga fyrst lýðfræðileg einkenni ungdómsins, einkum að því er varðar aldursskiptingu vinnuhjúa og barna húsráðenda.<sup>129</sup>

Tafla 1. Aldursskipting vinnufólks og barna húsráðenda 1703

Aldur	Börn húsráðenda* (Fj. 16.537) %	Vinnufólk (Fj. 8953) %
0-14	64,2	0,9
15-34	34,3	67,7
35-39	0,8	9,9
≥ 40	0,6	20,8
Ótilgr.	0,1	0,7
Alls	100,0	100,0

\*Fósturbörn meðtalin

Heimild: Manntalið 1703, 48-49 (t.V.)

128 Á sviði uppeldis kom einkum til kasta hreppstjóra þegar setja þurfti niður flökkubörn, ráða börn í vist eftir settum reglum eða taka við kærnum húsbænda eða sóknarprests vegna „leti og þvermóðsku“ ungdómsins og annarra brota á reglum húsagans, sjá tilskipan um hús-agann, einkum 9., 11.-12. og 14. gr.

129 Í raun rétttri ætti að telja hér með þriðja flokkinn, niðursetninga, sem voru að helmingi undir tvítugs aldri skv. manntalinu 1703. Þeim er þó sleppt hér í bili af ástæðum sem síðar greinir, sbr. *infra* bls. 104-05.



Skv. manntalinu 1703 reynast þessir tveir flokkar hafa verið liðlega helmingur landsmanna eða 50,6%. Athyglisvert er að drjúgur þriðjungur barna húsráðenda er á aldrinum 15–34 ára, þ.e. býr enn á heimili foreldra eða forráðamanna. Hitt er þó sýnu markverðara að 2/3 alls vinnufólks er í þessum aldursflokki og „aðeins“ tæpur þriðjungur þess er 35 ára og eldri. Ljóst er að ákveðið samband er milli hlutfallslegrar stærðar flokkanna „börn 0–14 ára“ og „vinnufólk 15–34 ára“. Þetta má orða svo að eftir að börn höfðu náð 15 ára aldri voru miklar líkur á að þau væru horfin úr foreldrahúsum og hefðu mörg hver ráðist í vist hjá öðrum. Ásamt hinum háa giftingaraldri sem áður getur skýrir þetta að verulegu leyti hið háa hlutfall aldursflokksins 15–34 ára af heildarfjölda vinnufólks.<sup>130</sup>

Félagslegur skyldleiki beggja flokkanna, barna í foreldrahúsum og vinnuhjúa, leynir sér því ekki.<sup>131</sup> Hann verður enn augljósari þegar þess er gætt að allur þorinn í báðum flokkum er ógiftur. Af vinnuhjúum 25 ára og eldri eru aðeins 1,5% skráð í hjónabandi og 1,9% í ekkjustandi.<sup>132</sup> Hlutfallið meðal barna í foreldrahúsum er nákvæmlega hið sama undir báðum liðum. Þetta þýðir m.ö.o. að ókvæni fylgdi því að tilheyra ungdómnum. Í hinu einhæfa samfélagi kvikfjár- og útvegsbænda var stofnun hjúskapar yfirleitt háð því að jarðnæði fengist til ábúðar og aðeins með því að giftast og gerast eigin húsráðandi gat maður losnað úr vistarbandinu og gerst „sjálfs sín“.<sup>133</sup>

Þessar staðreyndir um aldursskiptingu og hjúskaparstöðu vinnuhjúa gefa vísendingu, til viðbótar við það sem áður segir, um það hvers vegna þeim var skipað á bekk með börnum undir samheitinu ungdómur. En þó að þessi samspyrðing sé tvímælalaust snar þáttur í hinni uppeldislegu ímynd laganna er ástæða til að ætla að flokkarnir tveir hafi í reynd ekki átt samlíð nema innan ákveðinna aldursmarka. Þannig mætti geta sér þess til að fermingin hafi markað áberandi skil að þessu leyti, a.m.k. hvað snertir sjálfa uppfræðsluna.

Nú er það svo að um uppeldisiðkun húsráðenda er fátt tiltækra heimilda frá þessu tímabili utan þær sem hafa sprottið af eftirlitsskyldu yfirvalda. Þar við bætist sú takmörkun að slíkar heimildir, t.d. vísitasýskýrslur biskupa og sálnaregistur sóknarpresta, taka aðallega til formlegasta hluta uppeldisins, þ.e. sjálfrar uppfræðslunnar. Hér á eftir verða slíkar heimildir notaðar nánast einvörðungu til að varpa ljósi á lengd uppfræðsluskeiðsins eða það sem að nútíðarhætti kallast fræðsluskylda.

130 Um þessa hlutfallsskiptingu skv. manntalinu 1703 er fjallað nánar *infra* bls. 104 og 125.

131 Skyldleikinn kemur líka fram í manntalsgögnum 18. aldar. Þeir sem önnuðust manntal, veraldlegir embættismenn eða prestar, hafa oft verið á báðum áttum um hvort bæri að nota flokkunarheitið „barn“ eða „vinnuhjú“ yfir þann sem bjó í foreldrahúsi eftir 16–18 ára aldur. Manntalið 1703 og sóknarmannatöl sýna mörg dæmi um þetta.

132 Þessir síðarnefndu hafa eflaust flestir fallið úr tölu húsráðenda við fráfall maka. Sjá annars Manntalið 1703, 48–49 (t. V.).

133 Hér tekur því varla að nefna sem undantekningu hinn fámenna flokk lausafólks (tæpl. 0,8% íbúanna). Þótt það ætti að heita sjálfráða, stofnaði það í fæstum tilvikum til hjúskapar (5,3% lausafólks 25 ára og eldra var í eða hafði verið í hjúskap skv. manntalinu 1703).

Eins og áður er getið má kenna fræðsluskipan einveldisins hérlendis við kirkjulega heimafræðslu. Að framan hefur því verið lýst hvernig þessi skipan var endurbætt um miðbik 18. aldar og útfærð í anda miðstýrðs regluveldis. Í fyrsta skipti var nú kveðið ítarlega á um verkaskiptingu og samspil sóknarprests og húsráðenda enda stórauknar kröfur gerðar til beggja um uppfræðslu og ögun ungdómsins. Uppfræðsla prestsins skyldi einkum fara fram í kirkjunni en húsráðenda innan veggja heimilisins. Formlegastar kröfur voru settar um kristindómsfræðslu prestsins í sóknarkirkjunni sem sérhver skyldi sækja „á hverjum sunnudegi, þegar þar er embættað“.<sup>134</sup> Af þessum sökum kemst *forordningin áhrærandi ungdómsins catechisation*, sem áður getur, næst því að mega kallast „námskrá“ átjándu aldar.

Það leiðir aftur af eðli þessarar fræðsluskipanar að skil ungdóms og annarra „tilheyrenda“ voru harla óglögg. Hvort sem var í kirkju eða á heimili skyldi hafa yfir guðsorð svo að allir, börn og fullorðnir, giftir og ógiftir, mættu uppfræðast af því og uppbyggjast.<sup>135</sup> Þessu markmiði þjónaði guðsorðaiðkun á heimilinu sem skýrast er kveðið á um í húsvitjunartilskipuninni. Eftir lestur í „einni andlegri bók“ skyldi prestur rannsaka við húsvitjun hvað „hvör og einn hefur sér til uppfræðingar numið, upp á það hann þar af . . . fái hentugleika til að undirvísa einum og sérhvörjum, sérdeilis foreldrum og yfirboðurum, á hvern hátt lestur guðlegra bóka skal hvörn dag yfirvegast, og þar af síðan tilbærilega examinera“.<sup>136</sup>

Allt sóknarfólk, án tillits til aldurs eða stöðu, var þannig undirgefið kennivald prestsins. Um slíkt allsherjar-eftirlit vitnar glögg sálnaregistrið sem honum var ætlað að færa yfir alla sóknarmenn, jafnt unga sem gamla, þ.á m. foreldra og aðra húsráðendur. Þeir sem á heimilinu komu fram sem kennendur ungdómsins voru sjálfir háðir uppfræðslu og eftirliti prestsins, bæði í kirkju og á eigin heimili.

Geta má nærri að það er ekki svo auðvelt að greiða úr þessari hlutverkaflækju með orðum sem okkur tuttugustu aldar mönnum eru töm og draga dóm af gjörólíkri samfélagsgerð og merkingarheild. Þannig má efast um að vit sé í að heimfæra fræðsluskylduhugtakið, sem hefur mjög aldursbundna merkingu í vitund okkar, upp á fræðsluskipan einveldisins. Einkennist hún ekki af því, öfugt við nútíðarskipan, að mönnum var formlega skylt að læra svo lengi sem þeir lifðu – eða a.m.k. að viðhalda því lágmarki kristindómsþekkingar sem taldist duga til sáluhjálpar?

134 Forordnig um tilhlýðilegt helgihald sabbathsins . . . 8.gr.

135 Sbr. orðalag í forordn. áhr . . . catechisation, 11. gr. – Eftir prédikun mátti prestur líka „heimta skil af sérhvörju barni eður öðrum af sínum tilheyrendum“ svo allir mættu „uppörvast til eftirtektar undir heyrn prédikunarinnar“(6.gr.).

136 Forordning um hús-vitjanir á Íslandi 16. gr. – Í umburðarbréfi til presta hnykkti Finnur Jónsson biskup að þessu ákvæði með þeim orðum að í húsvitjun fái þeir tækifæri til „ad rannsaka hvad Foreldrar og Húsbændur kunni, hvort þeir hafi Guds ord um hönd, hvert og hverninn þeir kenni það sýnum börnum og hium . . . “. (Áður ívitnað umburðarbréf frá 1756 til prófasts og kennimanna í Árnassýslu.)

Heimildir benda þó til þess að um miðbik 18. aldar – á tímum hálfildings ólæsis, bókavöntunar og utanaðbókarlærdóms – hafi nokkuð skýr merkingarmunur verið gerður á því að 1) nema eitthvert efni í fyrsta sinn, 2) iðka og viðhalda efni sem áður hafði verið numið. Athugun á tiltækum heimildum bendir jafnframt til þess að eftir því sem lestrarkunnátta varð almennari og hin endurbætta fræðsluskipan fór að bera ávöxt hafi ungdómshugtakið afmarkast nánar eftir aldri manna. Þessi aldursþrenging kemur fyrst fram í sambandi við hina kirkjulegu uppfræðslu er miðaðist öðru fremur við fermingarundirbúning; svo er að sjá aftur á móti sem heimafræðslunni hafi fylgt áfram, a.m.k. í Skálholtsstifti, hið hefðbundna og lítt aldursbundna ungdómshugtak. Þessi niðurstaða fæst aðallega með greiningu á tvenns konar heimildaröðum, annars vegar hinum svonefndu sálregistrestrum ungdómsins og hins vegar skráum yfir *catechisandos*, þá sem prestur uppfræddi á kirkjugólfi.

Sálregistrestr ungdómsins eru afbrigði af þeim sóknarmannaskráum sem prestum var boðið árið 1746 að færa að aflokinni húsvitjun.<sup>137</sup> Tvíræð fyrirmæli munu valda því að sumir prestar hafa aðeins skrásett „ungdóminn“ þótt ætlast væri, eins og áður segir, til almennrar skráningar.<sup>138</sup> Í reynd hafa varðveist frá elstu tíð – eða árábilinu 1744 – 1762 – ungdómsregistur yfir nokkur prestaköll í báðum biskupsdæmunum. Þótt færsla þeirra sé að vissu leyti sprottin af misskilningi er henni fyrir að þakka að hægt er að ganga úr skugga um aldursmörk hins „heimafræðsluskylda“ ungdóms eftir þeim skilningi sem sóknarpresturinn hefur lagt í hugtakið.

Kunnugt er um þrjú ungdómsregistur úr Skálholtsstifti, færð á árábilinu 1744 – 1762<sup>139</sup> og fjögur úr Hólastifti, færð á árunum 1748 – 1758 ef miðað er við upphaf skráningar.<sup>140</sup> Af ástæðum sem síðar getur þykir rétt að fjalla sérstaklega um registur hvors biskupsdæmis fyrir sig.

Ekki verða dregnar svo ótvíræðar ályktanir af töflu 2 (sjá næstu bls.) sem æskilegt væri; til þess skortir ýmsar lýðfræðilegar upplýsingar, einkum varðandi tölu, aldursskiptingu og hjúskaparstöðu sóknarmanna í heild.<sup>141</sup> Þrátt fyrir þessa van-kanta gefur taflan tilefni til nokkurra athugasemda.

137 Varðandi gerð þeirra og varðveislu, sjá Loftur Guttormsson: Op. cit., 141-42 og 170 (fskj. IV).

138 Forordning um hús-vitjanir 21. gr., og „Instruction for Superintendenterne“ (1746) 31. gr., Lovs. for Isl. I. – Tvíræðnin felst í því að í síðarnefnda skjalinu, erindisbréfi biskupanna, er talað um að reglulegt sálregistrestr skuli fært „einkum yfir ungdóminn“, en skv. húsvitjunartilskipun skyldi prestur færa yfir söfnuðinn „eitt manntalsregistur uppá gamla og unga, gifta og ógifta . . .“.

139 Elsta registrið, yfir Þykkvabæjarklaustur, er reyndar fært árið 1744 eða tveimur árum áður en fyrir-mælin voru birt. Það er að líkinum til komið sem svar við beiðni Harboes um að prestar legðu fram upplýsingar um ásigkomulag safnaða á yfirreið hans um Skálholtsstifti.

140 Ólíkt Skálholtsregistrestrunum, sem eru a.m.k. ekki varðveitt nema yfir eitt ár, hafa þessi verið færð samfleytt í allmörg ár.

141 Eftir því sem næst verður komist um tölu sóknarmanna (skv. skýrslum Harboes og manntali 1762) hefur „ungdómurinn“ numið því hlutfalli er hér segir: Prestak. I 40,4%, prestak. II 39,0%, prestak. III 23,2%. Til skýringar hinu lága hlutfalli í prestak. III, sjá *infra* bls. 88 nmgr. 147.

Tafla 2. Aldursskipting ungdómsins samkvæmt sálmregistrum yfir 3 prestaköll í Skálholtsstifti 1744–1762

Aldur	I Þykkvabæjarklaustur (1744)		II Rafnseyri (1748)		III Eydalir (1762)	
	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%
5-9	4	7,3	1	1,9		
10-14	17	30,9	19	35,8	3	9,1
15-19	14	25,5	18	34,0	8	24,2
20-24	10	18,2	14	26,4	9	27,3
25-29	5	9,1	1	1,9	7	21,2
30-34	3	5,4			5	15,2
35-39	2	3,6			1	3,0
Alls	55	100,0	53	100,0	33	100,0
Lægstur	9 ára		9 ára		11 ára	
Hæstur	37 ára		25 ára		33 ára	

Heimildir: Þjskjs. Prestsþjónustubækur og sóknarmannatöl: Sóknarmannatöl Þykkvabæjarkl. V-Skaft. 1744, Rafnseyrar V-Ísafj. 1748, Eydala S-Múl. 1762–1768.

Neðri aldursmörkin benda til þess að fyrst við 9–10 ára aldur hafi prestarnir gert svo formlegar kröfur um heimafræðslu barnanna að tilefni væri til að skrá afrakstur hennar.<sup>142</sup> Ekki er ósennilegt að þetta mark hafi að nokkru leyti miðast við álit manna á því hvenær eða á hvaða aldri væri hæfilegt að fara að yfirheyra börn á kirkjugólfi.<sup>143</sup>

Efri aldursmörkin eru breytilegri eftir prestaköllum og vekja meiri athygli: bæði í prestakall I og II telur ungdómsregistrið nokkra einstaklinga á fertugsaldri. Hvað hið fyrrnefnda varðar er ótvírætt að þessir einstaklingar hafa átt að svara tilteknum fræðslukröfum;<sup>144</sup> þó er augljóst af hlutfalli aldursflokka að slíkar kröfur hafa ekki verið gerðar fram á fertugsaldur til allra sem töldust til „ungdóms og yngisfólks sem ei hefur gefið sig í hjónaband“.<sup>145</sup> Til marks um þetta er ekki

142 Eydalaprestur víkur í þessu efni áberandi frá hinum tveim (sbr. hið lága hlutfall í aldursflokknum 10-14 ára). Dæmi hans minnr á hve upphaf „fræðsluskuldunnar“ gat enn – 1762 – verið breytilegt eftir einstökum prestum.

143 Tilskipanirnar setja hér ekki neitt ákveðið aldursmark; en sú viðmiðun er gefin í tilskipun um helgihald sabbathsins 9. gr., að húsbændur skuli sjá til þess að börn þeirra og hjú komi „til kirkjunnar þegar þau eru annars so gömul, að þau mega heyra prédikun með athuga“.

144 Um tvo meðal hinna elstu, 34 og 37 ára vinnuhjú, segir í registrinu að annað sé að læra og hitt eigi að læra tiltekinn sálm og bæn.

145 Svo hljóðar einmitt yfirskriftin á titilsíðu Þykkvabæjarregistursins. – Ekki er ljóst hvað ráðið hefur úrvalinu; t.d. virðist menntunarstig ekki hafa ráðið úrslitum með því að læsir og ólæsir finnst jöfnum höndum meðal elstu árganganna í öllum prestaköllum..

aðeins prestakall II heldur og hitt að í aldurshópunum 25 ára og eldri fækkar meira í prestakalli I en svarar giftingarhlutfalli árganganna á þessum tíma eftir því sem næst verður komist.<sup>146</sup> Í prestakalla III er hins vegar því líkast sem nánast allur „ungdómur og yngisfólk“ 20–34 ára hafi verið skráð enda sannast það á heimildum.<sup>147</sup>

Nú er varhugavert að draga ályktanir af jafnfáum dæmum fyrir allt Skálholtsstifti; en svo langt sem þessi dæmi ná benda þau til þess að um miðbik aldarinnar hafi meginhluti ungdóms í biskupsdæminu talist „fræðsluskuldur“ á aldursbilinu 10–30 ára með fimm ára hlaupi upp eða niður við efri mörkin. Þessi skylda ætti a.m.k. við heimafræðsluna skv. vitnisburði sálmaregistranna. Ekki er fyrirfram gefið að hið sama hafi gilt um *catechisation* prests í sóknarkirkjunni. Fyrir Skálholtsstifti eru hins vegar ekki til skrár yfir þennan þátt uppfræðslunnar, sambærilegar við fræðsluskrár Hólabiskups (sbr. *infra* bls. 89); en eftir vitnisburði starfsbróður hans í Skálholti að dæma hafa nokkurn veginn sömu aldursflokkar tekið þátt í *catechisationinni* og taldir eru í sálmaregistrunum. Í bréfi Ólafs Gíslasonar frá 1751, sem fygir vísitasíuskýrslu hans, segir svo:

„Pa min Visitats kalder Jeg alle Børnene for mig i ethvert Sogn fra 8 aar Gamle og derover, til at søge, om de har begyndt, at lære noget godt; Jeg kalder og alle Tiender og Tjenestefolk af de ugifte indtil 40 Aar gammel og catechiserer især med dem og Børnene“.<sup>148</sup>

Eitt þeirra erinda sem biskupi var ætlað að sinna á yfirreiðum var að kanna þekkingu ungdómsins með því að láta hann lesa á bók og utanbókar.<sup>149</sup> Þar sem utanbókarlæsið vísar til þeirrar kristindómsþekkingar sem prestum var ætlað að efla með yfirheyrslu í kirkju, er líklegt að þeir hafi fylgt svipaðri reglu og yfirboðarinn; það þýddi að yngisfólk allt að fertugu hefur verið látið svara fyrir sig eftir prédikun á sunnudögum.

Til samanburðar verður nú litið á ungdóminn í Hólastifti frá þessu sama fræðsluskuldusjónarmiði. Svo vel ber í veiði að til eru frá 1749 að telja skrár yfir *catechisandos*, bæði fermda og ófermda, sem sótt hafa fræðslu í kirkju. Tafla 3 er unnin upp úr slíkum skrár er Hólabiskup tók árlega saman eftir gögnum prófaste sinna og sóknarpresta.<sup>150</sup>

146 Er þá gert ráð fyrir tiltölulega jafnri aldursskiptingu aldursflokka 15–34 ára en upplýsingar skortir um aldursskiptingu sóknarmanna í heild í prestaköllum I og II. Hjúskaparhlutföll á þessum tíma eru ekki heldur þekkt en skv. elsta almenna sóknarmannatali Rafnseyrar frá 1763 voru 46,7% karla og 30% kvenna 30–39 ára ógift.

147 Ganga má úr skugga um þetta út frá sóknarmannatali sem kallast má almennt ef árin 1762 og 1763 eru tekin saman. Skv. því er allur „ungdómur“ 21–34 ára skráður í ungdómsreglinni en af 15–20 ára eru 6 óskráðir (sbr. t.2). Af 10–14 ára eru aðeins skráðir 3 af 14 alls (sbr. *supra* nmgr. 142).

148 Þjskjs. KI-9 (1751): Bréf Ólafs Gíslasonar frá 2. ág. til GKIC.

149 „Instruction for Superintendenterne“. Lovs. for Isl. 1, bls. 650.

150 Þegar skrár komu til sögunnar 1749 sem útvíkkuð gerð af fermingarskrám sem höfðu verið teknar saman frá 1746. Mætti kalla þær fræðsluskýrslur síns tíma til yfirstjórnar fræðslumála í ríkinu.

Tafla 3. Aldursspönn catechisandorum í tveimur prófastsdæmum í Hólastifti á árunum 1749 – 1759

Ár	Eyjafjarðarprófastsdæmi				Húnavatnsprófastsdæmi			
	Fjöldi	Aldursspönn (meðaltal)*	Aldursmörk í árum		Fjöldi	Aldursspönn (meðaltal)	Aldursmörk í árum	
			Yng.	Elst.			Yng.	Elst.
1749	603	9,0 – 19,0	6	20	368	13,2 – 20,8	7	22
1755	700	8,4 – 19,1	6	20	401	11,9 – 20,5	8	26
1759	672	8,7 – 18,6	6	21	409	10,1 – 19,6	8	23

\*Aldursspönn er hér reiknuð út sem meðaltal aldursára hinna yngstu og elstu, fermdra og ófermdra (hlutfall hinna fyrrnefndu af heildinni nam árið 1755 38,8% og árið 1759 34,3%) sem sóttu kristindómsfræðslu hjá prestri í kirkju í einstökum prestaköllum prófastsdæmisins.

Heimildir: Þjskjs. KI-8 (1750), KI-11 (1755) og KI-17 (1760): Fræðsluskrár Hólabiskups.

Af fjórum prófastsdæmum Hólastiftis eru tekin með í töflunni þau tvö er sýna mestan mun innbyrðis á aldursspönn ungdómsins. Greinilegt er að hún liggur mun neðar í aldurstiganum í Eyjafirði en í Húnaþingi. Eins er áberandi að munurinn fer minnkandi frá upphafi til loka tímabilsins.<sup>151</sup> Er svo að sjá sem aldursspönnin leiti jafnvægis kringum 9–19 ár. Burtséð frá þeim mun sem er á prófastsdæmunum innbyrðis og vikið verður að síðar, blasir hitt við að efri mörk *catechisandorum* í Hólastifti liggja langt undir viðmiði Skálholtsbiskups. Þetta á jafnvel við þær sóknir í Húnaþingi er sýna hæstu aldursmörk ungdóms (sbr. nmgr. 151).

Fróðlegt er að vita hvort svipaður mismunur eftir biskupsdæmum birtist einnig á sviði heimafræðslunnar, skv. vitnisburði sálnaregistranna fjögurra sem hafa varðveist frá tímabilinu 1748 – 1758.<sup>152</sup> Tafla 4 gerir jafnframt mögulegt að bera saman vitnisburð sálnaregistranna og fræðsluskráa biskups að því er varðar fjölda og aldursmörk þeirra sem þar eru taldir.

Hólabiskup kallar slíka skrá á einum stað „Tabeller over Ungdommen“ (Þjskjs. KI-9 (1751): Bréf Halldórs Brynjólfssonar frá 12. sept til GKIC) og eftirmaður Halldórs nefnir sams konar skrár „en Liste over . . . de Confirmerede og de Børn sem besøgte de ordinaire Catechisationer i Kirkene . . .“ (Þjskjs. KI-11 (1755): Bréf Gísla Magnússonar frá 26. sept. til GKIC).

151 Árið 1749 reynist aldursmunurinn vera að meðaltali 4,2 ár við neðri mörkin og 1,8 ár við hin efri en áratug síðar 1,4 ár og 1,0 ár. Á sama tímabili verður ekki teljandi breyting á aldri þeirra sem voru elstir meðal hins fræðsluskylda ungdóms í hvoru prófastsdæmi um sig. – Tekið skal fram að í Húnaþingi skera nokkur prestaköll (einkum Grímstunga og Undirfell) sig úr meðaltali prófastsdæmisins með því að aldursspönnin liggur þar miklu ofar í aldurstiganum (eða 15,6 - 23,1 ára í Grímstungu og 15,7-23,6 ára í Undirfelli miðað við hin sömu þrjú ár). Ástæðan er sú að einungis hafa verið reiknaðir með áður fermdir og fermingarborn hvers árs.

152 Kæmi slíkur munur ekki í ljós gætu grunsemdir vaknað um að aldursmunur *catechisandorum* stafaði af því að Hólabiskup hefði einfaldlega meðhöndlað gögn undirmanna sinna öðruvísi en gerðist í Skálholti.

*Tafla 4. Tala og aldursþönn ungdómsins skv. sálnaregistri og fræðsluskrá biskups yfir 4 prestaköll í Hólastifti 1749 – 1758*

Prestakall	Ár	Sálnaregistor		Fræðsluskýrsla	
		Fjöldi	Aldursþönn	Fjöldi	Aldursþönn
Svalbarð	1749*	62	1 – 25	36	8 – 20
Póroddsstaður	1749*	47	7 – 20	47	8 – 20
Hrafnagil	1756**	82	7 – 20	60	7 – 20
Myrká	1758	40	7 – 20	40	9 – 19
Alls		231		183	

\*Ekki er hægt að miða við elstu árgerð registursins (1748) vegna þess að fræðsluskrár biskups gera ekki samanburð af þessu tagi mögulegan fyrr en 1749 (árin 1746 – 48 incl. eru aðeins tilgreind fermingarbörn hvers árs).

\*\*Hér er heldur ekki hægt að miða við elstu árgerð registurs (1753) með því að í fræðsluskrá fyrir árið 1753 vantar Eyjafjarðarprófastsdæmi.

Heimildir: Þjskjs. Prestsþjónustubækur og sóknarmannatöl: Svalbarð N-Þing., Prestsþjónustubók 1728 – 1761 („Formular yfer Ungdommen uppá Sálnaregistor 1749“); Þóroddsstaður S-Þing., Prestsþjónustubók 1748 – 1762 (einnig sóknarmannatal) („Sálnaregistor yfer ungdomenn 1749“); Hrafnagil (og Kaupangur) Eyjafj., Sóknarmannatal 1753 – 1767 („Sálnaregistor í Hrafnagils og Kaupangssókn 1753“); Myrká Eyjafj., Sóknarmannatal 1757 – 1765 („Registor yfer Ungdomin 1758“).

Þegar á heildina er litið ber ekki ýkja mikið á milli heimildaraðanna tveggja; aðeins Svalbarðsregistrið sýnir meiri háttar ósamræmi við fræðsluskrána enda einstakt í sinni röð að því leyti að börn allt frá eins árs aldri eru talin með.<sup>153</sup> Annars skeikar yfirleitt ekki nema einu, í hæsta lagi tveimur árum við hvor aldursmörk. Það sem vantar í fræðsluskránni á tölu ungmenna skv. Hrafnagilsregistriinu skýrist að öllum líkindum með því að í hinni fyrrnefndu eru tilgreindir mun færri úr yngstu árgöngum 7–9 ára en í sálnaregistrinu.<sup>154</sup>

153 Sérvisku prests verður að kenna um þessa óreglu; er líkast því sem hann hafi gert bræðing úr fyrir-mælum laganna með því að skrá nánast alla sóknarmenn 25 ára og yngri. – Varðandi Myrkárregistrið skal tekið fram að það hefst á almennu sóknarmannatali, „Registor yfir sóknarfólkið 1757“. Af því má ráða lauslega að ungdómsregistrið telur nánast allt sóknarfólk 8-19 ára gamalt (sbr. t.4).

154 Í þessu kemur fram munur á kröfum til yngstu árganganna eftir því hver fræðsluettvangurinn var; þótt álitid hafi verið nauðsynlegt að fylgjast formlega með heimafræðslu 7-8 ára barna, hafa mörg þeirra talist vanbúin að svara opinberlega spurningum á kirkjugólfi. Almennu hefur ekki verið framfylgt ákvæði sem finnst í erindisbréfi meðhjálpara um að ungdómnum skyldi haldið til „opinberrar catechisationar . . . frá því hann var 8 ára fram til hans confirmation“. (Þjskjs. Prestsþjónustubækur og sóknarmannatöl, Hruni, Árn.: Sóknarmannatal 1752 – 66 („Köllun Þorláks Jónsonar á Bergshyl til meðhjálpara“ (1754).)

Af framangreindum gögnum verður ekki annað séð en menn hafi um miðbik 18. aldar umgengist ungdóminn sitt með hvorum hætti í biskupsdæmunum tveimur, hvað kristilega uppfræðslu snertir. Í Skálholtsstifti hefur ungdómurinn talist fræðsluskyldur fram yfir þrítugt en nyrðra hefur hann yfirleitt verið undanþeginn formlegu eftirliti, bæði í kirkju og á heimili, um tvítugt. Þessi veigamikli munur hlýtur að lýsa ólíkum skilningi á ungdómshugtakinu. Viðhlítandi skýring á þessum mismun verður ekki gefin hér en freistandi er að ætla að hann standi í sambandi við mismunandi uppfræðlustig hvors biskupsdæmis um sig. Tilgátan væri sú að Hólamenn hafi orðið fyrri til, sökum betri félagslegra og menntunarlegra skilyrða, að framfylgja hinni nýju fræðsluhugsjón þar sem Skálholtsmenn héldu aftur á móti lengur í eldri og frumstæðari uppfræðslu hefð. Þessi tilgáta verður reifuð hér á eftir, einkum með tilliti til fermingarstofnunarinnar sem var kjarni hinnar nýju stefnu.

Áður er komið fram (sbr. *supra* bls. 72) allt fram á 18. öld byggðist kristindómsfræðslan mestmegnis á utanbókarlæsi.<sup>155</sup> Þótt erfitt sé í bóklöðnum heimi að gera sér grein fyrir bóklusum lærdómi má ganga út frá því að hann hefur verið hæggengt ferli sem skilaði seint árangri. Það sem eitt sinn hafði verið numið utanbókar krafðist líka sífelldrar iðkunar, ætti það ekki að hverfa úr minni, og sálarheill var í húfi ef slíkt gerðist. Við slíkar aðstæður er aðeins hægt að tala um lok uppfræðslu í þeim skilningi að tilskilið frumnám hafi verið að baki og formlegu, opinberu eftirliti – því sem fram fór á kirkjugólfi – þar með hætt. Tilvitnaðar heimildir um uppfræðslu í Skálholtsstifti tala skýru máli um að fræðsluskylda í þessum skilningi teygðist einatt fram eftir aldri og var breytileg eftir félagslegri/hjúskaparlegri stöðu einstaklinganna.

Þetta þýðir jafnframt að hin gamla uppfræðslu hefð hefur haldist við lýði alllöngu eftir að tekið var að fylgja kvernáminu eftir með „Spurningum út af Fræðunum“,<sup>156</sup> þ.e. fram yfir miðbik aldarinnar þegar áhrifa hinnar nýju fermingarstofnunar tók að gæta að marki.<sup>157</sup> Fram að því hafa börn verið tekin harla ung til altaris í fyrsta sinn, einatt 10–12 ára,<sup>158</sup> út á það að þau gætu lesið Fræðin minni utanbókar og kynnu hinar einfaldari útskýringar á því.<sup>159</sup> Þar með var þó lærdómnum síður en svo lokið: auk stöðugs viðhalds þess sem hafði áður verið numið

155 Færa má rök að því að um 1700 hafi ekki nema rúmur þriðjungur manna í Skálholtsstifti 15 ára og eldri verið sámlæga bóklæs, sjá Loftur Guttormsson: *Op. cit.*, 146 (t.3).

156 Svo nefndist barnalærdómsbók Jóns Árnasonar Skálholtsbiskups (1. útg. 1722); hún var fyrsta kennslubók sinnar tegundar er náði mikilli útbreiðslu, sjá *ibid.*, 150, sbr. og *supra* bls. 80.

157 Árið 1741 var boðið að láta prenta á íslensku fermingartilskipanina sem sett var í Danmörku 1736. Það var þó ekki að marki fyrr en 1744 sem tekið var að framfylgja henni hérlendis, sjá „Extract af rescripti um confirmationina“ (1744), *Alþb. Ísl.* 13, bls. 508-10.

158 Þetta kemur vel fram í hinum elstu almennu sálarregistrum. Sjá ennfremur tilvísun til þessa í áður ívitnuðu *Extracti . . . um confirmationina* 4. gr.

159 Eftir útgáfu „Biskupsspurninga“ Jóns Árnasonar voru kröfurnar miðaðar við hinn svonefnda „Stóra stíl“ í bókinni eða „allt hvad med stærri Bókstøfum finst af þeim [þ.e. spurningunum] prentad . . .“ (Jón Árnason: *Spurningar út af Fræðunum*, A-6).



skyldi aukið við kristindómsþekkinguna eða eins og Skálholtsbiskup orðaði það: „Yngisfólk skyldi hafa lært, áður en það vill gífa sig í Ektaskap . . . hitt annað [þ.e. í „Spurningunum“] sem er með smærra Letre.“<sup>160</sup> Samkvæmt þessu fór það eftir því hvenær eða hvort einstaklingurinn stofnaði til hjúskapar hversu langt fram eftir aldri hann var látinn svara formlega slíkri uppfræðslukröfu. Eðlilegt þótti að sá sem var ekki genginn í hjónaband um fertugt væri krafinn sagna og eftir frammistöðu fékk hann vitnisburð í sálmregistri ungdómsins eins og Þykkva-  
bæjardæmið sýnir.

Með lögfestingu fermingarinnar voru mörkuð önnur og skýrari skil í uppfræðsluferlinu. Samfara auknum kröfum<sup>161</sup> og hertu eftirliti var nú öll áhersla lögð á sjálfan fermingarundirbúninginn sem það andlega veganesti er skyldi duga hverjum fullvaxta manna. Þegar t.d. tillaga kom fram um það frá sóknarpresti einum að herða á hjónavígsluskilyrðum með því að krafist yrði lestrarkunnáttu af báðum hjónaefnum, snerust yfirvöld gegn henni með þeim rökum að rétta tækifærið til þess væri fermingin.<sup>162</sup> Það samrýmdist m.ö.o. ekki hinni nýju stefnu að draga hluta uppfræðslunnar fram eftir aldri – fram að giftingu. Fermingin skyldi vera sá þröskuldur er kæmi í veg fyrir að menn yxu upp fákunnandi í sínum „sáluhjálparefnum“.

Frá því að fermingin var innleidd leið þó alllangur tími þar til tekist hafði að uppræta hefðbundin viðhorf til uppfræðslunnar, að því er aldursmörk hennar varðar, bæði meðal almúgans og kennimanna. Í vegi fyrir því stóð einkum ólæsið enda hertu yfirvöld mjög eftirlit með því eftir 1750 að ólæs börn væru ekki tekin til fermingar. Í Skálholtsstifti var þessi hindrun mun tilfinnanlegri en í Hólastifti. Þótt upplýsingar séu af skornum skammti um læsi norðanlands um þetta leyti, bendir allt til þess að Norðlendingar, a.m.k. í austari hluta stiftisins, hafi verið betur settir en undirsátar Skálholtsbiskups.<sup>163</sup> Í þessu sambandi er vert að athuga sérstaklega aldursflokkinn 10–14 sem var lögum samkvæmt dæmigerður undirbúningsaldur fyrir fermingu. Tafla 5 sýnir læsi meðal þessa aldursflokks í sömu prestaköllum Hólastiftis og komu fram í töflu 4 (í öllum tilvikum miðað við elstu registur þeirra), svo og í 9 prestaköllum Skálholtsstiftis skv. almennum sálmregistrum frá árunum 1748 – 1763.

160 Ibid., loc. cit.

161 Mest er þar vert um ítarlegri kristindómsþekkingu – sem hin nýja barnalærdómsbók, „Ponti“, átti að veita – og lestrarkunnáttu sem skilyrði fermingar, sbr. *supra* bls. 80.

162 Þjskjs. A IV nr. 41 A: Bréf GKIC frá 10. apríl 1760 til Skálholtsbiskups.

163 Eftir gögnum Harboes verður ekki sýnt tölulega fram á að Hólastifti hafi staðið framar vegna þess hve þau eru ólík að gerð eftir stiftum, sjá Loftur Guttormsson: Op. cit., 184 (athgr. 152). Og elsta varðveitta almenna sálmregistrið úr Hólastifti, sem gefur fullgildar upplýsingar um læsi, er frá 1769 (Hrafnagilsprestakall). – Með tilvísun til töflu 3 (bls. 89) skal þess getið hér að ólæsir meðal *catechisandorum* í Húnaþingi árið 1749 töld: ist 31,3% en í Eyjafjarðarprófastsdæmi aðeins 21,8% þó að aldursþönnin lægi þar miklu neðar en og taflan sýnir. Lægst var þó hlutfall ólæsra í Þingeyjarprófastsdæmi eða 14,8%.

*Tafla 5. Læsi 10–14 ára barna í 4 prestaköllum í Hólastifti 1748 – 1758 og í 9 prestaköllum í Skálholtsstifti 1748 – 1763*

	Fjöldi	Ólæs %	Farin að læra („stafar“, „stautar“) %	Læs %	Alls %
Hólastifti	60*	23,2	20,0	56,7	100,0
Skálholtsstifti	158	16,5	44,3	39,2	100,0

\* Af þessum 60 eru tvö sem hafa ekki fengið neina umsögn í læsisdálki registursins.

Heimildir: (Hólastifti) hinar sömu og við töflu 4; (Skálholtsstifti) Loftur Guttormsson: Op. cit., 163 (t.11), einnig 169, fskj. II.

Þótt nokkru fleiri reynist ólæsir í Hólastifti, er hitt markverðara hve margir í Skálholtsbiskupsdæmi eru enn, 10–14 ára, á byrjendastigi í lestrarkunnáttu og fáir teljast að sama skapi viðunandi „lesande“. Þetta ber trúlega merki um að lestrar-kennslan hefur bæði byrjað seint og gengið hægt fram svo sem vonlegt er í því hálf-ólæsa umhverfi sem börnin ólust upp í.<sup>164</sup>

Athugun á fermingaraldri á svipuðu tímabili í báðum biskupsdæmum bendir eindregið til náinna tengsla hans við menntunarstig eins og það mælist eftir aldri barna. Tafla 6 sýnir fermingaraldur í nokkrum prestaköllum í hvoru biskupsdæmi eftir prestspjónustubókum þar sem getið er um tölu og aldur fermingarbarna allt frá fyrstu árunum eftir að farið var að framkvæma athöfnina.

Glögg má sjá á töflu 6 að meðalaldur er nálega tveimur árum hærri í Skálholtsstifti en í Hólastifti enda tíðasti aldur þar 16 ára í stað 14 ára nýðra. Tæp 43% fermingarbarna eru 17 ára eða eldri í Skálholtsstifti og aldursþönn þeirra 11–26 ára; nýðra reynist hún hins vegar vera 12–21 ára. Þessi mismunur minnir á áður umrætt misræmi í aldursmörkum sálmregistra í biskupsdæmunum tveimur (sbr. tafla 2 og 4). Að öllu samanlögðu má ætla að fermingaraldurinn hafi ráðist öðru fremur af ásigkomulagi uppfræðslunnar. Þannig er tekið tiltölulega miklu oft fram um elstu fermingarbörnin en hin yngri að þau séu ólæs<sup>165</sup> eða „lýtt lesande“ þrátt fyrir lengri undirbúningstíma að jafnaði.

Sé gert ráð fyrir slíkum tengslum er þess að vænta að mismunur á fermingaraldri eftir biskupsdæmum hafi farið minnkandi með tímanum þar sem vitað er að uppfræðslu fleygði geysiört fram í Skálholtsstifti í öndverðum biskupsdómi Finns

164 Samanburður við næsta aldursflokk fyrir ofan, 15-19 ára, sýnir að tæpur þriðjungur er í tölu byrjenda og álíka margir ólæsir, sjá Loftur Guttormsson: Op. cit., 163. – Hið síðbúna lestrarnám var eitt helsta umvöndunarefni Finns Jónssonar biskups, sbr. áður ívitnað umburðarbréf hans frá 1756 (*supra* bls. 80).

165 Fram til loka tímabilsins (1754) var ekki ótítt að „börn“ væru fermd ólæs, sjá Loftur Guttormsson: Op. cit., 162 (t.10).

Jónssonar.<sup>166</sup> Greining á fermingaraldri á tímabilinu 1770 – 79 í flestum hinum sömu prestaköllum og talin eru í töflu 6<sup>167</sup> styður eindregið slíka ályktun.

Tafla 6. Fermingaraldur í Hóla- og Skálholtsstifti 1744 – 1754

	ALDUR						Meðal- aldur	Tíðasti aldur
	Fjöldi	11-13	14-16	17-19	20-22	≥ 23		
		%	%	%	%	%		
Hóla- stifti <sup>a)</sup>	130*	20,8	66,9	10,8	1,5		14,8	14
Skálholts- stifti <sup>b)</sup>	251	9,9	47,4	31,5	8,4	2,8	16,4	16

a) Eftirtalin prestaköll (fjöldi fermingarbarna innan sviga): Svalbarð N-Þing. 1748 – 52 (17); Þóroddsstaður S-Þing. 1748 – 54 (28); Hrafnagil og Kaupangur Eyjaf. 1744 – 52 (63); Miklibær Skag. 1748 – 54 (40).

b) Eftirtalin prestaköll: Eydalir S-Múl. 1744 – 53 (37); Eyvindarhólar Rang. 1747 – 54 (52); Hrepphólar Árn. 1744 – 53 (44); Garðar og Bessastaðir Kjal. 1748 – 54 (55); Reykholt Borg. (1744 – 54 (63)).

\* Sleppt er 18 sem eru ekki aldursgreind.

Heimildir: Þjskjs. Prestspjónustubækur ofangreindra prestakalla.

Tafla 7. Fermingaraldur í Hóla- og Skálholtsstifti 1770 – 1779

	ALDUR						Meðal- aldur	Tíðasti aldur
	Fjöldi	11-13	14-16	17-19	20-22	≥23		
		%	%	%	%	%		
Hólastifti	111	29,7	54,1	14,4	0,9	0,9	14,7	14
Skálholtsstifti	268*	9,0	63,1	23,1	3,3	1,5	15,7	14

\* Tveir sem eru ekki aldursgreindir í heimildum eru hér ekki meðtaldir.

Á umliðnum aldarfjórðungi hefur mjög dregið úr „forskoti“ Hólastiftis: meðalaldurinn, sem helst þar óbreyttur að kalla, er nú ekki orðinn nema einu ári lægri en í Skálholtsstifti þar sem tíðasti aldur reynist nú hinn sami og nyrðra. Þótt mun-

166 Ibid., 158 (t.7).

167 Miðað við töflu 6 falla hér brott vegna heimildaskorts eftirtalin prestaköll eða sóknir: (í Hólastifti) Þóroddsstaður og Kaupangur; (í Skálholtsstifti) Reykholt. Í síðarnefnda stiftinu bætist Mosfellsprestakall við.

urinn sé enn umtalsverður, eins og sést við nánari samanburð á aldursflokkunum, er ljóst að þróunin stefnir í samræmingarátt. Að slíkri samræmingu hafði líka verið unnið markvisst að hálfu yfirvalda; fyrst í stað þótti ríða meir á að hindra of snemmbærar fermingar svo sem marka má af embættisgjörðum Finns biskups Jónssonar.<sup>168</sup> Hæfileg aldursmörk fermingar voru síðan ákvörðuð með *Tilskipun um ferminguna* árið 1759, hin neðri við 14–15 ára aldur, hin efri við fullra 19 ára aldur.<sup>169</sup> Ljóst er þó að margar undantekningar hafa verið gerðar frá þessari reglu á næstu áratugum. Á tímabilinu 1770 – 79 voru þannig í áður nefndum prestaköllum í Skálholtsstifti (sbr. tafla 7) tæp 5% fermingarbarna eldri en 19 ára.<sup>170</sup> Mikið vantaði enn á það á þessu tímabili að fermingarbörn væru orðin sá skýrt afmarkaði aldursflokkur sem menn eiga að venjast á okkar dögum.

Af framansögðu má álykta að hinar nýju fræðslukröfur píetismans hafa í framkvæmd orðið afdrifaríkar fyrir skilning manna á því sem á okkar dögum kallast fræðsluskyldualdur. Hið hæggena, slitrótta og langdregna ferli, sem áður hafði tíðkast, vék smám saman fyrir skipulegri og hnitmiðaðri uppfræðslu sem tók upp frá þessu yfir miklu skemmra skeið í æviferli hvers einstaklings. Meðan á henni stóð var hinn uppvaxandi einstaklingur hins vegar settur undir miklu strangari aga en áður hafði tíðkast.

168 Eftir vísitásiu um Árnessýslu kveðst biskup hafa fyrirfundið „átta og tíu vetra gömul börn sem alla-reidu vóru confirmerud en lítt læs á bók . . .“ Slíkt sé skaðlegt og hneykslanlegt jafnvel þótt „Lögmálid gjöri Rád fyrir að 12 Vetra gömul Börn kunni að ganga til Guds bords . . .“ fá eða engin ungmenni hafi hann þekkt sem sér hafi „þókt vel fært að takast til Confirmation, fyrr en þau hafa verið 14 vetra . . .“ (Áður ívitnað umburðarbréf F.J. frá 1756, sbr. *supra* bls. 80).

169 Sjá „Forordn. ang. Confirmationen“ 1.-2. gr. (1759). Lovs for Isl.3, bls. 367-68. – Væri nokkur eldri ófermdur skyldi hlutadeigandi prestur skýra prófasti frá ástæðunni til þess.

170 Þ.á m. voru tveir einstaklingar yfir þrítugt, 35 og 38 ára, annar sagður stafa, hinn fáfróður.

# UNGDÓMURINN Í ÍSLENSKRI SAMFÉLAGSGERÐ

Sýnt hefur verið fram á það að framan að fyrir áhrif píetismans tók uppfræðsla ungdómsins á Íslandi gagngerum breytingum á seinni helmingi 18. aldar. Í þeim fólst m.a. að gagnvart hinni tilskildu uppfræðslu færðist ungdómurinn nær því að verða afmarkaður aldursflokkur. Þessari þróun var síðan fylgt eftir með því að árið 1790 voru gefin skýr fyrirmæli um við hvaða aldursmark einstakir þættir uppfræðslunnar skyldu hefjast og þeim lokið.<sup>1</sup> Þar með hafði fræðsluskylduhugtakið fengið tiltölulega nútíðarlega, aldursbundna merkingu. Óhætt er að segja að þróunin hafi að þessu leyti gengið í svipaða átt hérlendis og áður var fram komið í grannlöndum.

En það var ekki einasta tímabilsmunur á framkvæmd nýrra uppfræðslumarkmiða hér og þar heldur nánast eðlismunur. Hin nýju markmið voru hér framkvæmd án þess að samfélagsgerðin sundurgreindist frekar en orðið var: ólíkt því sem gerðist þar komu barnaskólar ekki til sögunnar hér. Í þessu felast m.a. takmarkanir hinnar uppeldislegu nýbreytni. Andspænis efnahagslegri og félagslegri stöðnun þjóðfélagsins urðu yfirvöld að láta sér nægja að skilgreina nánar en áður hefðbundin hlutverk sóknarprests og húsráðenda og herða eins og mögulegt var eftirlit með því að hinum nýju kröfum væri framfylgt.

Gera mætti því skóna að aðlögun hinna nýju krafna að hefðbundinni samfélagsgerð hafi öðrum þræði orðið til þess að styrkja hana í sessi. Meginmarkmiðin þjónuðu hvert með sínum hætti hagsmunum þess valdakerfis sem fyrir var, allt frá neðsta þrepi til hins efsta. Til þess var hert á uppfræðslukröfunum að ungdómurinn beygði sig allt að því sjálfkrafa undir leyndar og ljósar starfsreglur félagskerfisins.

Eins og áður er vikið að (sbr. *supra* bls. 84) mótuðust þessar starfsreglur af hinni einlitu formgerð þjóðfélagsins. Vegna hins afmarkaða fjölda bændabýla og hjáleiga, sem breyttist aðeins óverulega eftir árferði, fékk ekki nema takmarkaður hluti fulltíða manna „aðgöngumiða“ að hinu eftirsótta jarðnæði en slíkur miði var allt að því skilyrði fyrir stofnun hjúskapar. Þrátt fyrir ófullnægjandi upplýsingar má telja víst að þessar efnahagslegu og félagslegu skorður hafi haldist

1 Sjá „Reskript til Biskoppen i Skalholt, Hannes Finnsson, ang. Ungdommens Underviisning og Opdragelse i Skalholt's Stift“ (1790). Lovs. for Isl. 3, 694-96, einkum 2., 4.-5. gr. – Í íslenskri þýðingu birtist konungsbréfið í *Lagasafni handa alþýðu* 1, bls. 113-114.

óhaggaðar að mestu fram yfir miðja 19. öld. Þetta þýðir jafnframt að íslensk fjölskyldugerð og fjölskylduhættir hafa tekið litlum breytingum á sama tíma.<sup>2</sup> Til dæmis bendir ekkert til þess að börn húsráðenda, ásamt vinnuhjúum og ómögum undir þrítugu, hafi numið lægra hlutfalli af fólksfjöldanum í heild um aldamótin 1800 en árið 1703.

Nú er hið háa hlutfall ungdómsins, að vinnufærum ómögum meðtöldum, eitt helsta sérkenni íslenskrar samfélagsgerðar á þessu tímabili og jafnframt sá þáttur sem markaði fjölskylduferlum hér á landi sérstöðu miðað við grannlöndin fram eftir 19. öld.<sup>3</sup> Þegar meta skal stöðu ungdómsins í samfélagsgerðinni er því full ástæða til að skoða þetta einkenni nokkru nánar. Slík athugun mun síðan gefa tilfni til að greina hvað teljast má „afturúrlegt“ við íslenska samfélagsgerð, miðað við grannlöndin, undir lok einveldisaldar.

## Vistráðning og fjölskylduferli

Vegna hinna tiltölulega ríkulegu manntalsgagna sem aflað var hér á landi á 18. öld, má fá glögggt yfirlit yfir félagslega stöðu íbúanna á vissum tímabilum. Bæði í hinum eiginlegu manntölum og í sóknarmannatölum (sálnaregistrum) er yfirleitt tilgreint skilmerkilega hvaða stöðu fólk skipaði á heimilinu – stöðu húsráðenda, barna þeirra eða ættingja, vinnuhjúa, niðursetninga o.s.frv. Í hinni einlitu samfélagsgerð, þar sem búseta og vinnustaður fóru oftast saman, jafngildir félagsstaða manns, eins og hún birtist í þessum heimildum, stöðu hans á heimilinu.<sup>4</sup> Þegar athuga á stöðu ungdómsins, barna og hjúa, í samfélagsheildinni beinist því athyglin sjálfkrafa að félagslegri samsetningu heimilanna. Með slíkri athugun má jafnframt reyna að meta áhrif ríkjandi heimilisgerðar á fjölskylduvitundina (sbr. *supra* bls. 20).

Þótt heimili á Íslandi á 18. öld hafi verið að meðaltali fjölmennari en gerðist í grannlöndunum,<sup>5</sup> er hitt ljóst að hér á landi hefur verið í gildi sú vestur-evrópska regla að meiri hluti fólks bjó á fámennum heimilum. Þetta sést vel á töflu 8.<sup>6</sup>

2 Þar sem enn hefur ekki verið unnið tölfræðilega úr manntalinu 1801 í líkingu við manntalið 1703, verður þessi staðhæfing ekki rökstudd að svo stöddu með beinum tölulegum samanburði. Sjá annars *infra* bls. 120.

3 Hér er vísað til breytinga sem fylgdu þar þéttbýlismyndun, vaxandi félagslegri sundurgreiningu og mótun nútímalegrar stéttaskiptingar, sjá Anderson: *Family Structure in Nineteenth Century Lancashire*, einkum 9. k.

4 Slíkur flokkunargrundvöllur hefur ótvíræða kosti í uppeldissögulegu tilliti þótt hann kunni að henta miður ýmsum öðrum fræðatilgangi, t.d. hagsögulegum. Svo dæmi sé tekið: ef flokkað væri eftir „atvinnu“ ætti tvítugur „sonur húsráðenda“ í heimahúsi eðlilega heima í sama flokki og þrítugur vinnumaður á sama bæ.

5 Um heimilisstærð á Íslandi, samanborið við grannlöndin, verður fjallað síðar, sbr. *infra* bls. 122-23 (t.20 og 21).

6 Reglan tekur jafnframt til þess atriðis að stærð heimila fylgdi í grófum dráttum efnahagsstöðu húsráðenda (sbr. *supra* bls. 43), sjá Manntalið 1703, 21, og Laslett: *The World We Have Lost*, 66.

*Tafla 8. Skipting fjölskylduheimila eftir stærð og skipting fólksfjöldans eftir heimilisstærð árið 1703*

<i>Heimilis- stærð</i>	<i>Fjöldi heimila</i>	<i>Heimili %</i>	<i>Hlutfall af fólksfjölda</i>
2 – 3 m	1711	22,4	10,6
4 – 7 m	4472	58,7	55,7
8 – 10 m	1067	14,0	21,8
11 m og þar yfir	372	4,9	11,9
Alls	7622	100,0	100,0

Heimild: Manntalið 1703, 22 (8. yfirlit) og 52-53 (t. VII). – Sveitarómagar og hluti lausafólks eru ekki meðtalin.

Nálega 2/3 landsmanna hafa búið á heimilum sem telja 7 manns eða færri, þar af flestir á 4–5 manna heimilum. Að meðaltali koma 5,6 manns á fjölskylduheimili en 6,5 að sveitarómögum meðtöldum.

Þar sem börn húsráðenda og vinnuhjú voru til samans réttur helmingur landsmanna lætur að líkum að samanlagt fundust þau því fleiri á heimili sem það var stærra. Hvernig hlutfalli þeirra var hátt að innbyrðis, miðað við heimilisstærð, er sýnt í töflu 9.

*Tafla 9. Tala barna húsráðenda og tala vinnufólks miðað við heimilisstærð árið 1703*

<i>Heimilis- stærð</i>	<i>Fjöldi heimila</i>	<i>BÖRN*</i>		<i>Vinnu- fólk</i>	<i>Börn og vinnu- fólk samtals</i>
		<i>0-9 ára</i>	<i>≥10 ára</i>		
5 m	1275	0,9	1,0	0,9	2,8
7 m	795	1,3	1,7	1,4	4,4
9 m	358	1,6	2,2	2,2	6,0
10-14 m	468	1,8	2,4	3,8	8,0

\*Fósturbörn ekki meðtalin

Heimild: Manntalið 1703, 52-53 (t. VII).


Aðgreining barna í ofangreinda tvo aldursflokka helgast af því almenna sjónarmiði að fyrst um 10 ára aldur fór að muna verulega um vinnuframlag barna – og því meira að jafnaði sem þau nálgudust 15 ára aldur. Fyrir ofan þetta aldursmark má ætla að „barn“ hafi talist nokkurn veginn jafngilt vinnuhjúi sem vinnukraftur.<sup>7</sup>

7 Sbr. aðstæður á öndverðri 19. öld í Bandaríkjunum N-Ameríku þar sem „entrance into the labor force occurred as a rule after the age of seven but before puberty. „Full“ incorporation, moreover, probably occurred around the time of puberty—that is, at fifteen or sixteen . . . “. (Kett: Art. cit., 170.)

Samkvæmt þessu mætti ætla að þörf húsráðenda fyrir utanaðkomandi vinnuafli hafi – að öðru jöfnu – farið mjög eftir því hve margt vinnufærra barna þeir áttu og eftir þessu hafi hlutfall barna og hjúa á heimilum verið breytilegt.<sup>8</sup> En tafla 9 sýnir alls ekki slík tengsl: í öllum stærðarflokkum heimila utan þeim hæsta (10–14 m) reynist hlutfall barna 10 ára og eldri og vinnufólks tiltölulega jafnt. Með öðrum orðum, á meðalheimilum og allstórum heimilum vega flokkarnir nokkurn veginn salt.

Þótt fylgni milli heimilisstærðar og fjölda hjúa, miðað við börn húsráðenda 10 ára og eldri, komi ekki fram á slíkri þverskurðarmynd af heimilisgerðinni sem manntal sýnir, er hugsanlegt að þau segðu til sín ef fjölskylduferli væru rakin í tímans rás.<sup>9</sup> Samkvæmt erlendum rannsóknum hefur komið í ljós að sums staðar fylgdi ferli bændahemila fyrir daga iðnvæðingar ákveðnu sniði í líkingu við það sem mynd III sýnir.

### Mynd III. Vinnuafllspörf og vinnuframlag á bóndabýli



Myndin undirstrikar hve þörf fyrir vinnuhjú gat verið breytileg eftir því hvar fjölskyldan var á vegi stödd í þróunarferlinu: mest var hún fyrstu árin meðan

8 Danskir rannsóknir á samsetningu sveitaheimila undir lok 18 aldar hafa sýnt marktæka fylgni að þessu leyti, sjá Larsen: „Familien og husstandsstrukturen på landet i det 18. århundrede“, í Johansen (rits.), *Studier i dansk befolkningshistorie 1750 – 1890*, 155 (t.20).

9 Berkner: „The Stem Family and the Developmental Cycle of the Peasant Household: An Eighteenth Century Austrian Example“. *American Historical Review* 77 (2, 1977), 398–418, einkum 405.



börnin voru á unga aldri en síðan dró úr henni eftir því sem börnin stálpuðust og gerðust arðbær vinnukraftur. Kæmust nokkur börn á legg í fjölskyldunni rak að því að hin yngri ýttu hinum eldri út af heimilinu. Þannig gat losnað á vissum tíma um vinnuafli sumra fjölskyldna í þágu annarra sem voru samtímis á fyrstu búskaparárum sínum.<sup>10</sup>

Að órannsökuðu máli verður ekki skorið úr því hvort ferli íslenskra fjölskylduheimila hafa fylgt ámóta sniði að meira eða minna leyti.<sup>11</sup> En ýmislegt bendir til þess að hér hafi efnaleg hagsýni ekki ráðið svo mjög ferðinni sem mynd III gerir ráð fyrir. Það vekur t.d. athygli að skv. töflu 9 munar ekki nema liðlega helmingi á fjölda barna í hæsta og lægsta heimilisstærðarflokke.<sup>12</sup> Þetta er minni munur er ætla má að hafi verið á barnafjölda – vel að merkja þess hluta sem komst á legg – efnaðri bændu og hinna fátækari.<sup>13</sup> Eigi þessi tilgáta við rök að styðjast blasir við að efnaðri bændum hefur haldist lakar á börnum sínum en hinum fátækari þrátt fyrir augljósa þörf þeirra fyrir meira vinnuafli eins og fjöldi vinnuhjúanna er til marks um.<sup>14</sup> Reglan væri þá sú að af börnum efnaðri fjölskyldna sem komust á legg hafi fleiri að tiltölu ráðist í vist hjá öðrum en tíðkaðist um börn fátækari fjölskyldna.<sup>14a</sup> Slík regla mundi stríða, að því er virðist, gegn þeirri efnalegu hagsýni sem mótar nútíðarlegan skilning á einkahagsmunum.

Með tilliti til allra samtímaaðstæðna mun þó ástæðulaust að gera ráð fyrir slíkri mótsögn. Uppeldisleg/félagsleg sjónarmið hafa að líkindum mælt með því að húsráðendur, sem höfðu á annað borð yfir nokkrum börnum að ráða, fylgdu umræddri reglu varðandi „félagslega staðsetningu“ barnanna. Var ekki uppeldi barna til „erfiðis“ einmitt betur borgið með því að vista þau hjá óvandabundnum fremur en halda þeim í foreldrahúsum fram eftir ungdómsaldri? Hinar tíðu umkvartanir yfir leti og óhlýðni ungdómsins (sbr. *supra* bls. 68) mætti túlka sem

10 Gillis: Op. cit., 16-17, og Winberg: *Folkökning och proletarisering*, 61.

11 Höfundur vinnur að slíkri rannsókn en niðurstöður liggja ekki enn fyrir.

12 Í aldursflokknum 0-9 ára nemur munurinn réttum helmingi. Þess ber að minnast að hér eru á ferðinni árgangar sem voru mun fámennari en hinir sem voru á aldursbilinu 10-24 ára árið 1703, sbr. *infra* bls. 104, mynd IV.

13 Þetta er einskær tilgáta byggð á þeirri forsendu að giftingaraldur fátækari búenda hafi verið að jafnaði hærri en hinna efnaðri, og fjöldi barna þeirra, sem komust á annað borð á legg, að sama skapi minni.

14 Skv. hagsýnissjónarmiðinu hefði bóndi átt að kjósa fremur að notast við eigið barn á „vinnualdri“ en aðkeypt vinnuhjú svo framarlega sem ganga má út frá því að framfærsla þess hafi kostað hann minna en svaraði „árslaunum eins erfiðsmanns“. (Anordning om adskilligt Politivæsendet in. videre vedkommende 12. gr.) Sjá nánar Gísli Gunnarsson: *Nuptiality and Fertility in Iceland's Demographic History*, 11-12.

14a Þetta ætti m.a. að hafa komið í veg fyrir að vinnuhjú aðgreindust skýrt sem sérstök þjófélagsstétt. Ætla má að mikill hluti þeirra hafi verið það sem Peter Laslett kallar „life cycle servants“. Staða þeirra hefur verið svipuð og þjónustufólks í Svíþjóð á 18. öld þar sem „the position of the servant . . . functioned primarily as a transitory stage in the life cycle, usually between confirmation and marriage, and so hindered the growth of a servant class.“ (Löfgren: Art. cit., 25.) Hinn hluti vinnuhjúanna – stærri hér en þar – sem hélt í vinnuþensku eða niðurstæðingu til æviloka (ævihjú), skildi yfirleitt ekki eftir sig nein börn og endurnýjaðist þar með ekki „innan frá“, sjá nánar *infra* bls. 131.

almennan vitnisburð um agavandamál sem fylgdu fjölskylduuppeldi og um þörf fyrir „óháðari“ uppeldisaðila sem var betur settur en foreldrar til að beita ungdominn harðneskju og jafnvel harðýðgi í samræmi við tíðarandann. Til þess að ná uppeldismarkmiðum húsagans hefur þótt vænlegra að fela stálpuð börn hús-bóndavaldi annarra sem voru ólíklegir til að sýna þeim eftirlæti og vendu þau við iðni og vinnusemi. Í þessum skilningi gat það þjónað sameiginlegum hagsmunum „ábyrga“ bænda að skiptast á börnum í vist.<sup>15</sup>

Finna má viðhorfum af þessum toga stoð í lagaákvæðum 18. aldar. Húsagatilskipunin gerir þannig ráð fyrir því að foreldrar „séu skyldug þá 3 af þeim [þ.e. börnunum] eru komin til lögaldurs, að láta eitt af þeim í þjónustu eftir hreppstjóra tilsögn“.<sup>16</sup> Hið félagslega sjónarmið sem hreppstjórar áttu að gæta gat eftir skilningi löggjafans hæglega samrýmst umhyggju fyrir velferð barnanna. Til fyrstu vistráðningar barns hjá öðrum þurfti samþykki foreldra eða forsvarsmanns „nema so sé, að hreppstjórar sjái það að foreldrarnir geti verið þess án og það sé barninu til skaða, ef það skal vera hjá þeim“.<sup>17</sup> Skaðinn sem um er talað mun aðallega eiga við tvenns konar aðstæður: annars vegar vanrækslu foreldra á uppfræðslu barnanna en skv. húsvitjunartilskipun mátti taka börn af heimilum þar sem enginn var læs og koma þeim fyrir hjá öðrum (sbr. *supra* bls. 80-81),<sup>18</sup> hins vegar vanrækslu foreldra á þeirri skyldu að kenna börnunum „eitt ærlegt handverk sem í landinu er brúkanlegt . . .“. Ef foreldrar létu ekki skipast við áminningu að þessu tilefni bar hreppstjórum að „taka börnin frá slíkum foreldrum, þá þau eru 10 og 12 ára gömul, og setja þau eitt ár eður lengur til eins skikkanlegs og vinnusams bónda í sveitinni.“<sup>19</sup>

Með skírskotun til markmiða húsagans var þannig heimilt að skerða umráðarétt foreldra yfir börnum þeirra. Sem kunnugt er var þessi umráðaréttur bundinn því almenna skilyrði að foreldrar gætu framfært börn sín af eigin efnum, að fullu eða a.m.k. að hluta. Frá og með setningu Jónsbókar hafði sú skylda hvílt á hreppstjórum að setja þá, sem áttu ekki framfærsluskylda frændur, niður á heimili skuldlausra bænda í samræmi við efnahag þeirra. Þegar þess er gætt að slíkir niðursetningar voru árið 1703 13,5% allra landsmanna og þar af réttur helmingur

15 Skv. þessu ættu óvandabundnir húsráðendur að hafa farið að nokkru leyti með staðgengilshlutverk skóla þar sem slíkri stofnun var ekki fyrir að fara. Eftirtektarvert er að annað nánast skólalaust þjóðfélag á 18. öld, Svíþjóð, sýnir dæmi um álíka vistráðningarkerfi sem talið hefur verið af félagslegum rótum runnið, sjá Gaunt: „I Slottets skugga“. *Ale, historisk tidskrift för Skåneland* (2, 1977), 15-29, einkum 23-24. Ólíkt Íslandi og Svíþjóð virðist aftur á móti hið austurríska dæmi Berkners þar sem „servants were not kept by poor peasants if they had more than one child or by middling peasants if they had more than two children . . .“. (Art. cit., 415.)

16 Tilskipan um hús-agann 12. gr. – Hið sama var að skilja um „hjú önnur sem uppvaxa eftir hendinni, og það er bevísanlegt að þau [þ.e. faðir og móðir] geta verið þeirra án“.

17 Ibid., loc.cit.

18 Forordning um hús-vitjanir 17. gr. og konungsbrjef um uppfræðing barna og uppeldi (1790) 6. gr. (sbr. *supra* bls. 96 nmgr. 1).

19 Tilskipan um hús-agann 9. gr. – Á svipaðan hátt skyldi farið með ungmenni eldri en 10 ára sem flökkuðu um sóknina einsömul eða í fylgd með foreldrum, sjá 11. gr.

innan við tvítugt – eða um 18% allra sem voru á því aldursskeiði – er ljóst að nálega fimmta hverju ungmenni hefur verið ráðstafað með þessum hætti.

Vistráðning og niðursetning eru tvö meginþætti á heimilum 18. aldar hvað varðar samsetningu þeirra. Þau sýna augljóslega að „fjölskyldan“ á þessu tímabili hefur átt lítið skylt við það samfélag sem gengur undir sama nafni á okkar dögum (sbr. *supra* bls. 45). Svokallað fjölskylduheimili var öðru fremur stofnun um efnahagslega nýtingu, framfærslu og uppeldi<sup>20</sup> einstaklinga sem voru ekki mægðir eða blóðskyldir innbyrðis nema að hluta.<sup>21</sup> Því stærra sem heimilið var þeim mun fleiri óvandabundnir einstaklingar voru innan vébanda þess.<sup>22</sup> Geta má nærri að slík samsetning hefur sett svip á samskipti heimilisfólksins og hamlað mjög þróun nútímalegs fjölskylduhugtaks.

Í þessu sambandi ber að hafa hugfast að um 1700 var hafin sú þróun í húsaskipan er leiddi smám saman til þess að baðstofan varð sameiginlegur svefn- og íverustaður heimilisfólksins.<sup>23</sup> Í upphafi 19. aldar mun þessi þróun hafa verið komin svo langt á veg að þá voru víða fallnir síðustu skilveggir milli heimilisfólks við það að vinnumenn höfðu yfirgefið „skálann“ sem svefnstað og sameinast öðru heimilisfólki í baðstofu.<sup>24</sup> Þannig ætla menn að bæði af vistfræðilegum og efnahagslegum ástæðum hafi smám saman, allt frá miðöldum og fram undir 1800, þrengst um íverurými þr. heimilismann á íslenskum bóndabæjum;<sup>25</sup> þegar liðið var langt á 18. öldina var aðskilnaður heimilisfólks eftir stöðu og kyni, sem eldri húsaskipan hafði gert mögulegan að vissu marki, horfinn úr sögunni að mestu leyti.<sup>26</sup> Ungdómurinn var nú saman kominn með öðrum innan þröngra veggja

20 Raunar felur uppeldi, eins og það hugtak er skilið á 18. öld, í sér hvorttveggja, líkamlega og andlega forsjá, þ.e. *uppfæðslu* og *uppræðslu*. Þannig talar Finnur Jónsson biskup um fólk sem hefur „vel uppað börn á andlegan og líkamlegan máta“. (Áður tilvitnað umburðarbréf frá 1756, sbr. *supra* bls. 80.)

21 Árið 1703 voru hjón, börn þeirra og ættingjar að meðaltali 2/3 heimilisfólks (4,32 á móti 6,52). Sjá *infra* bls. 123, t.21.

22 Hlutfall óvandabundinna af öllu heimilisfólki, að sveitarómögum undanskildum, var 18% á 4-6 manna heimilum en 31,8% á 9-14 manna heimilum (sbr. Manntalið 1703, 52-53 (t.VII)). Að niðursetningum meðtöldum hefur munurinn verið talsvert meiri.

23 Hörður Ágústsson: „Íslandsk byggeskik i fortiden“. *Nordisk byggedag* 10, 23-26. – Höfundur telur líkur benda til að um þetta leyti hafi húsbændur tekið að „flytte med sin familie i badstuen, for at få andel i tjenestefolkenes varme, fordi nu er brændslet ved at slippe op“ (bls. 25). Sjá ennfremur Stoklund: „Das färöische Haus und die Wohnkultur Nordwesteuropas“. *Ethnologia Europae* 7 (1973-74), 218-21.

24 Eins og Hörður Ágústsson hefur bent á (art. cit., 25) var þá komin aftur á sú skipan er tíðkast hafði í upphafi Íslands byggðar að allir svæfu, ynnu og mötuðust í sama „herbergi“, þ.e. í stað landnámsaldarskálans var nú komin baðstofan.

25 Jón Steffensen: „Fólksfjöldi á Íslandi“, í *ibid.*, op. cit., 442-46, þar sem höfundur getur sér til um slíka þróun eftir niðurstöðum fornleifagreftra og ritheimildum.

26 Helst hefur aðskilnaður haldist á stærri býlum og höfðingjasetrum. Eftir frásögnum erlendra ferðamanna frá seinni helmingi 18. aldar að dæma hafa vinnumenn á „góðum bóndabæjum“ sofið í skála, og í enda baðstofu hefur „oft verið afþiljað svefnherbergi handa húsbændunum“. (Horrebow: *Frásagnir um Ísland*, 214.) Sjá ennfremur von Troil: *Bréf frá Íslandi*, 69-70. Skv. von Troil höfðust konur við í baðstofu ásamt húsráðendum en vinnufólk svaf í skála. Í ungðæmi Eyjólfss Guðmundssonar í Mýrdal um 1880 áttu vinnumenn aftur á móti vísan svefnstað í baðstofu (op. cit., 103).

baðstofunnar þar sem tveim einstaklingum var einatt ætlað eitt rúmstæði. Undir slíkum kringumstæðum voru harla litlar forsendur hér á landi, jafnvel á „betri“ bæjum, til að fylgja fordæmi heldra fólks í Evrópu með því að stía sundur börnum og vinnuhjúum (sbr. *supra* bls. 20). Lítt verður líka vart vitundar um að slíkt hafi þótt æskilegt frá uppeldislegu sjónarmiði (sbr. *infra* bls. 203).

Ætla má að því síður hafi þótt ástæða til slíks aðskilnaðar sem þorri ungdómsins var af svipuðum félagslegum rótum runninn – synir og dætur misjafnlega fátækra bænda. Þessir einstaklingar áttu í vændum lífsferil sem markaðist, þegar á heildina er litið, af óvanalega hörðum skilyrðum sem hin félagslega formgerð setti. Af manntalinu 1703 má ráða hvernig lífsferill einstaklinga hefur að jafnaði gengið fram.<sup>27</sup> Með hliðsjón af aldursskiptingu landsmanna og heimilisstöðu þeirra má sýna í grófum dráttum þær breytingar er hafa orðið að jafnaði á stöðu manna eftir aldri og í ljósi þessa geta sér til um það sem mætti kalla „aldursbundnar stöðulíkur“ í hinu hefðbundna þjóðfélagi. Þessir útreikningar eru settir fram til hægðar- auka með tvennum hætti, annars vegar í töflu 10 og hins vegar í mynd IV.

Tafla 10. Heimilisstaða manna 0–19 ára árið 1703

Aldur	Fjöldi	Börn húsráðenda	Fósturbörn ættingjar skylduómag.	Vinnufólk	Niðursetningar	Aðrir (flakkarar lausafólk o.fl.)	Alls
		%	%	%	%	%	%
0 – 4	3758	89,0	6,2		4,5	0,3	100,0
5 – 9	4611	72,7	8,7	0,1	18,2	0,3	100,0
10 – 14	5101	63,1	11,0	1,6	23,8	0,5	100,0
15 – 19	5372	50,0	5,9	21,7	21,1	1,1	99,8*

\*Húsráðendur 0,2%


Heimild: Manntalið 1703, 48-50 (t.V)

Nú er vissulega ekki verjandi að túlka þessar niðurstöður fyrirvaralaust sem forsögn um stöðu manna í framtíð, t.d. fram eftir 18. öld. Annmarkarnir eru sérstaklega bundnir þeim sérstæðu kringumstæðum sem manntalið varð til við, þ.e. undir lok langvarandi harðinda- og mannfelliskafla,<sup>28</sup> og hinni einstaklega

27 Manntalið sýnir vitanlega „kyrrstæða“ mynd af ástandinu eins og það reyndist vera við töku manntalsins en megindrættir hennar hafa hins vegar verið í mótun næstu áratugina á undan. Sé gert ráð fyrir að hin félagslega formgerð hafi haldist óbreytt að mestu má nota félagslega stöðu eldri aldursflokka sem uppistöðu í líklegan æviferil hinna yngri. Með þessu móti er m.ö.o. gengið út frá því að hreyfiöflin, sem skapað hafa ástandið, hafi svipaðar verkanir svo lengi sem skorður þjóðfélagsins raskast ekki að ráði.

28 Um afleiðingar þessa fyrir fólksfjöldann, eins og hann birtist í manntalinu 1703, hefur einkum fjallað Jón Steffensen: „Líkamsvöxtur og lífsafkoma“, í *ibid.*, op. cit., 427-31.

Mynd IV. Hlutfall húsráðenda, barna þeirra, vinnuhjúa og niðursetninga af öllu heimilisfólki árið 1703 miðað við hvern 5 ára flokk á aldersbilinu 0-54 ára



Ath.: Myndin sýnir ekki hlutfall <0.2%; til flokksins „annað“ teljast, auk flakkara og lausafólks, ættingjar og skylduómagar.

skrykkjóttu fólksfjöldaþróun landsins á þessu tímabili.<sup>29</sup> Af þessum sökum eru niðurstöðurnar um margt „afbrigðilegar“. Meðal slíkra afbrigða er eflaust hið mjög svo háa hlutfall niðursetninga sem tafla 10 ber með sér og eins fámenni tveggja yngstu aldersflokka sem þar kemur fram.<sup>30</sup> Við þetta bætist sá almenni annmarki sem fylgir því að nýta manntalsniðurstöður, hversu traustar sem þær kunna annars að vera, til lýsingar á einstaklingsferlum.<sup>31</sup> En með því að milda ýktustu drættina í töflu 10 og mynd IV ættu niðurstöðurnar þó að gefa vísbendingu um hvernig háttað var sambandi stöðu og aldurs á 18. öld og jafnvel fram á hina nítjándu. Sem slíkar verða þær túlkaðar hér á eftir.

Fram að 10 ára aldri hefur þorri barna (eða yfir 80%) búið hjá foreldrum sínum eða vandafólki. Úr því tekur hlutfall þeirra óðum að lækka, einkum frá 15. aldersári sem markar nánast upphaf „vinnumennsku“.<sup>32</sup> Eins og áður er bent á (sbr.

29 Mestu valda þar um bólusóttin 1707 og (í minna mæli) mannfellisárin 1755-59. Slík stóráföll, sem bættust við þá óáran sem varð tilefni manntalsins 1703, eru í sjálfa sér ögrun við alla alhæfingartilburði, sbr. *infra* bls. 111 nmgr. 52. Og þá er ógetið, hvað 18. öldina snertir, Móðuharðindanna.

30 Hér mun hvort vera öðru háð: í harðindakaflanum upp úr 1690 hefur mjög dregið úr tíðni fæðinga og mannfellirinn hefur skilið eftir fjölda munaðarlausra barna sem „eftirlifandi“ húsráðendur, margir barnfærri en endranær, hafa tekið við sem ómögum. Varðandi hlutfall yngstu flokka af allri fólksstólunni, sjá *infra* bls. 109 nmgr. 46.

31 Í þessu sambandi nægir að minna á að manntal þegir um hina látnu! En atriði eins og aldersbundin dánartíðni, svo dæmi sé tekið, skiptir uppeldissögu ekki minna máli en sjálfa fólksfjöldasöguna. Þannig markaði sú reynsla allt uppeldi á 18. öld og fram eftir hinni 19. að aðeins annað hvert barn, sem var borið í heiminn, náði 15 ára aldri; er þá miðað við elstu tiltækar upplýsingar um aldersbundna dánartíðni landsmanna, þ.e. tímabilið 1836-50 (sjá Tölfræðihandbók 1974, 50 (t.II-47)).

32 Raunar mun vafasamt að leggja mikið upp úr aðgreiningunni „vinnufólk“, „niðursetningar“ þar sem 10-14 ára börn eiga í hlut. Ekki er ólíklegt að viðhorf til „notagildis“ þeirra hafi á þessum tíma

*supra* bls. 84) haldast í hendur á aldursskeiðinu 15-29 ára fækkun í flokknum „börn húsráðenda“ og fjölgun í vinnuhjúaflokknum; hinn síðarnefndi nær einmitt hámarki við lok þess aldursskeiðs (45,1% af aldursflokknum 25-29 ára). Á þessu skeiði bætast í hópinn, fyrir utan börn húsráðenda, þeir sem á yngri árum hafa verið „á sveit“ enda helst hlutfall þessara síðarnefndu tiltölulega lágt (5–7%) í aldursflokkunum fram að 45 ára. Hins vegar er eðlilegast að setja hlutfallslega fækkun vinnuhjúa og áframhaldandi fækkun barna í heimahúsum í samband við ört hækkandi hlutfall húsráðenda af hverjum aldursflokki.

Þótt húsráðendum fjölgi hlutfallslega ört frá 25 ára aldri að telja, er hitt samt markverðara hve hækkunin gengur hægt fram eftir aldri. Í aldursflokknum 30-34 ára eru enn aðeins 42% í tölu húsráðenda eða ekki nema tæpum 10% fleiri en vinnuhjúin. Með öðrum orðum: í þessum aldursflokki er ungdómurinn – þeir sem búa hjá foreldrum eða vandafólki og þeir sem þjóna öðrum sem vinnuhjú eða niðursetningar – í hreinum meirihluta (53,3%). Það er fyrst frá 35 ára aldri að telja sem meiri líkur verða fyrir mann að hljóta stöðu húsbónda/húsmóður en einhverja af ofangreindum þjónustustöðum.

Þegar haft er í huga hið nána samband heimilis- og hjúskaparstofnunar (sbr. *supra* bls. 84), er ljóst að meiri líkur hafa verið til þess að maður undir 35 ára aldri væri ógiftur en giftur. Eftir manntalsskráningunni 1703 að dæma var hlutfall giftra og ekkjufólks 20-39 ára ekki nema 246 af 1000 hjá körlum og 283 hjá konum. Miðað við aldursflokkinn 40–59 ára voru sömu hlutföll 733 og 576.<sup>33</sup> Það er ekki hvað síst með hliðsjón af hinu háa ókvænishlutfalli sem íslensk samfélagsgerð verður að teljast einstaklega heftandi og bælandi í verkunum sínum, bæði í kynferðislegu og félagslegu tilliti: drjúgur hluti þegnanna var dæmdur til að feta lífsbrautina langt fram eftir aldri eða til enda án þess að geta stofnað eigin heimili. Hið háa hlutfall ógiftra er um leið það félagsseinkenni sem hefur markað íslensku þjóðfélagi nokkra sérstöðu meðal landa í norðvestanverðri Evrópu á öndverðri 18. öld. Þar sem hér er um að ræða lykilatriði varðandi skilgreiningu á ungdómnum er full ástæða til að athuga það nokkru nánar, m.a. í ljósi samanburðar við hjúskaparhlutföll í grannlöndum okkar. Slíkur samanburður mun jafnframt gefa tilefni til gagnrýnna athugasemda um traustleika hinna elstu íslensku manntalsgagna.

## Hjúskaparhlutföll og hjúskaparhömlur

Þau hjúskaparhlutföll sem vitnað er til að ofan gefa aðeins mjög grófa mynd af því hvernig háttað var sambandi aldurs og og hjúskapar í upphafi 18. aldar. Með því að skipta fólksfjöldanum í 5 ára aldursflokka fæst nákvæmari vitneskja um

verið svipað því sem Eyjólfur Guðmundsson lýsir úr ungdæmi sínu um 1880: „Unglingar 5-14 ára voru nefndir snúningar eða snúningskindur. Þeir voru varla taldir vinna fyrir mat sínum og nefndir ómagar í hagfræðilegum skilningi“ (op. cit., 44).

33 Manntalið 1703, 45 (4. yfirlit).

Tafla 11. Giftir/ógiftir meðal húsráðenda og annarra sem hlutfall af fólksfjölda í hverjum aldursflokki 1703. Valdir 5 ára aldursflokkar

	Aldur	Fjöldi	GIFTIR*		ÓGIFTIR		Alls	Ógiftir alls
			Húsráð.	Aðrir	Húsráð.	Aðrir		
			%	%	%	%	%	%
KARLAR	25-29	1648	12,3	0,6	6,2	80,9	100,0	87,1
	35-39	1596	57,0	1,5	9,8	31,7	100,0	41,5
	50-54	1168	74,7	1,8	6,5	17,0	100,0	23,5
	60-64	503	65,4	5,0	9,5	20,1	100,0	29,6
KONUR**	25-29	1837	20,0	0,7	0,9	78,4	100,0	79,3
	35-39	2096	48,4	3,1	2,1	46,4	100,0	48,5
	50-54	1534	52,3	5,8	3,7	38,2	100,0	41,9
	60-64	862	36,5	15,4	5,7	42,4	100,0	48,0

\*Ekkjufólk er hér talið með giftum.

\*\* Í manntalinu eru „húsráðandi“ konur flokkaðar í tvennt eftir því hvort þær eru 1) ekkjur eða ógiftar og ráða þá einar fyrir heimili; 2) giftar og kallast þá „húsmæður“. Hér er slíkri aðgreiningu sleppt.

Heimild: Manntalið 1703, 48-50 (t.V.)

Þetta atriði. Í töflu 11 kemur einnig fram að hvaða marki hjúskapur var bundinn stöðu húsráðanda.

Tafla 11 staðfestir það sem áður er getið að hjúskap fylgdi náíð heimilisforræði. Í þremur yngri aldursflokkunum til samans nemur hlutfall „annarra“ (en húsráðenda) af öllum giftum, að ekkjufólki meðtöldu, aðeins 2,7% hjá körlum en 10,2% hjá konum.<sup>34</sup> Kynjamismunurinn stafar eingöngu af því að ekkjur eru miklu fleiri að tiltölu en ekkjar meðal „annarra“ giftra. Af sömu ástæðu sýnir elsti aldursflokkurinn langtum hærra hlutfall „annarra“ giftra, einkum hjá konum, en hinir yngri.<sup>36</sup> Væri ekkjufólk flokkað sérstaklega kæmi m.ö.o. engin hækkun fram eftir aldri undir þessum lið. Það gildir nokkurn veginn óháð aldri að fólk hefur yfirleitt ekki getað stofnað til hjúskapar nema með því að gerast um leið húsráðendur. Á hinn bóginn er ljóst að heimilisforræði hefur ekki verið bundið hjúskap að sama skapi, a.m.k. hvað karla áhrærir; u.þ.b. sjötti hver húsbóndi hefur verið ókvæntur.<sup>37</sup>

34 Hvað karla snertir er þessi niðurstaða samhljóða þeirri er H.O. Hansen komst að með annars konar greiningu á manntalsgögnunum 1703, sjá *Manntal 1729*, bls. 10.

35 Í aldursflokknum 50-54 ára nemur hlutfall ekkjufólks af „öðrum“ giftum um 43% hjá körlum og 85% hjá konum.

36 Sameiginlegt báðum kynjum er það að „aðrir“ giftir eru langflestir ættingjar eða skylduómagar húsráðenda (ca 70% karla og 80% kvenna). Um 90% kvennanna eru ekkjur.

37 Ætla má að í þessum tilvikum hafi einkum ættingjar og ráðskonur farið með hlutverk húsmóður. Hin tiltölulega mörgu heimili sem ekkjar/ekkjur veita forstöðu (eða 5%/10,5% af öllum „giftum“ húsráðendum) hafa sennilega kallað á svipaða staðgengla.

Með hliðsjón af framansögðu er ekki að undra þótt hlutfallstala giftra í hinum ýmsu aldursflokkum komi í meginatriðum heim og saman við þær niðurstöður sem eru sýndar í mynd IV, þ.e. hlutfall húsráðenda af fólksfjölda í sömu aldursflokkum. En til viðbótar þessu sést á töflu 11 hve miklu skeikar í hjúskaparhlutfalli eftir kynferði. Að undanskildum aldursflokknum 25–29 ára<sup>38</sup> eru til muna fleiri konur ógiftar en karlar; munurinn eykst með aldrinum nokkuð í samræmi við vaxandi misvægi í fjölda eftirlifandi karla samanborið við konur (sbr. *infra* bls. 112). Við 50–54 ára aldur hafa upp undir 3/4 karla einhvern tíma gengið í hjónaband en ekki nema 3/5 kvenna; er þetta þó sá aldursflokkur þar sem hlutfall „giftra“, bæði karla og kvenna, hefur náð sama sem hámarki. Ef miðað er við alla, sem fylla aldursflokkinn 20–49 ára, hafa ekki nema 36,6% karla og 34% kvenna verið í hjúskap þegar manntalið var tekið. Er þetta til vitnis um hinar ströngu hjúskaparhömlur sem voru innbyggðar í samfélagsgerð þessa tíma.<sup>39</sup>

Þegar tillit er tekið til hins furðulága giftingarhlutfalls, sem manntalið 1703 sýnir, er ekki nema vonlegt að efasemdir hafi vaknað um að skráningar þess séu áreiðanlegar að þessu leyti.<sup>40</sup> Menn hafa getið sér þess til að þar sem karl og kona hafi verið í vinnumensku sitt á hvorum bæ kunni þau í einhverjum tilvikum að hafa verið gift án þess að slíks væri getið („non-functional marriages“). Þótt finna megi dæmi um vanskráningu af þessu tagi virðist hitt ljóst að þau breyta ekki að marki niðurstöðu manntalsins.<sup>41</sup> Það eykur líka traust á henni að fyrri hjúskaparstöðu manna, þ.e. ekkjufólks sem hafði misst maka sinn við töku manntalsins, virðist hafa verið haldið vel til haga. Þetta má ráða af töflu 12 (sjá næstu bls.) er sýnir hlutfall giftra og ekkjufólks í hverjum 5 ára aldursflokki 40 ára og eldri; ekkjufólki fjölgar stöðugt með aldrinum.

Hið tiltölulega jafna hlutfall giftra og ekkjufólks samanlagt (sbr. dálkar 1+2) er vísbending um að skráning manntalsins á hjúskaparstöðu muni vera nokkuð áreiðanleg ef gefa má sér á annað borð að giftingartíðni hafi ekki tekið verulegum breytingum á síðari helmingi 17. aldar þegar fólk í umræddum aldursflokkum var á „besta“ giftingaraldri.<sup>42</sup> Annars hljóta ályktanir um áreiðanleika manntalsins að þessu leyti að hvíla á rökstuddum tilgátum sem setja má fram um samspil efnahagslegra, veðurfarslegra og lýðfræðilegra þátta á 17. öld og áorkan þeirra á giftingarmöguleika einstakra aldursflokka.<sup>43</sup> Í ljósi þessa má gera ráð fyrir að fjöldi

38 Undantekningin stafar auðsælega af því að giftingaraldur kvenna hefur verið mun lægri að meðaltali en karla.

39 Leggja ber áherslu á að þessar hömlur voru ekki settar að lögum heldur stöfuðu þær af efnahags- og félagslegum ástæðum, sjá nánar Gísli Gunnarsson: *Fertility and Nuptiality* . . . , 10–14.

40 Manntalið 1703, 15; Þorsteinn Þorsteinsson: „Manntalið 1703“. *Andvari* 72 (1947), 26–50, einkum 42; Hajnal: *Art. cit.*, 137.

41 Varðandi rökstuðning fyrir þessu, sjá Gísli Gunnarsson: *Fertility and Nuptiality* . . . , 10 og 14, þar sem höfundur fjallar um athugasemd Hajnals varðandi „non-functional marriages“.

42 Þegar talað er um „tiltölulega jafnt hlutfall“ ber að undanskilja karla megin aldursflokkinn 75–79 ára sem lítið er leggjandi upp úr vegna fæðarinnar (76 einstaklingar).

43 Sjá t.d. Helgi Skúli Kjartansson: „Spáð í píramída“. *Afmælisrit Björns Sigfússonar*, 120–34, þar sem höfundur leitast við að draga upp mynd, á grundvelli aldursskiptingar fólksfjöldans skv.



Tafla 12. Gift fólk og í ekkjustandi 40–79 ára 1703. 5 ára aldursflokkar.

Aldur	KARLAR			KONUR		
	1 giftir	2 ekklar	1+2 %	1 giftar	2 ekkjur	1+2 %
40-44	67,0	2,6	69,6	52,4	1,8	54,2
45-49	68,2	5,2	73,4	48,5	8,8	57,3
50-54	74,7	1,8	76,5	45,1	13,4	58,5
55-59	67,3	8,3	75,9	35,1	20,6	55,7
60-64	61,0	9,3	70,3	28,5	23,4	51,9
65-69	55,2	15,0	70,2	21,2	35,1	56,3
70-74	46,7	22,7	69,4	15,5	42,7	58,2
75-79	26,0	32,1	58,1	11,7	43,2	54,9

Heimild: Manntalið 1703, 48-50 (t.V).

ógiftra, einkum karla, sé eitthvað oftalinn í manntalinu 1703 en skekkjan breytir varla miklu um heildarniðurstöðu. Giftingarhlutfallið hefur verið með orðalagi Hajnals „staggeringly low even for a European population“.<sup>44</sup>

Eins og áður er vikið að er miklum erfiðleikum bundið að alhæfa um giftingarhlutföll á 18. öld út frá einu manntali, hvort sem gengið er út frá manntalinu 1703 eða öðrum.<sup>45</sup> Þetta verður ljóst við samanburð á þeim manntalsheimildum sem að svo stöddu eru fallin til slíkrar greiningar og nýttar hafa verið við gerð töflu 13.

manntalinu 1703, af stærð einstakra fæðingarátgangna (meybarna) allt frá 1633. Séu giftingarhlutföllin í töflu 12 athuguð í slíku ljósi – og þó einkum með hliðsjón af mismunandi stærð fæðingarátgangna – er það einkum lækkunin hjá körlum 60 ára og eldri sem vekur grundsemdir um vanskráningu (ekkla?). Að öðru jöfnu hefði mátt búast við herra hlutfalli hjá þessum aldursflokkum, einkum 60-69 ára, þar sem samsvarandi fæðingarátgangar (f. 1634-43) hafa trúlega verið mjög fámenntir sökum harðinda og bólusóttar sem þá gengu yfir (sjá, auk Helga Skúla Kjartanssonar: Art. cit., 121-23 og 130, Hannes Finnsson: *Mannfækkun af hallærum*, 53-56), og fámennið hefði átt að gera fleirum úr þessum aldursflokkum mögulegt að stofna bú og festa ráð sitt en þeim sem tilheyrðu aldursflokkunum 45-54 ára (f. 1649-58). Hinir síðarnefndu munu nefnilega hafa verið skv. útreikningi Helga Skúla u.þ.b. þriðjungi fjölmennari; og þar sem þeir voru á „besta“ giftingaraldri um það leyti er harðna fór í ári (upp úr 1680) hefði mátt búast við lægra hlutfalli giftra meðal þeirra en hinna eldri átgangna. Manntalið sýnir þó þveröfuga niðurstöðu og styrkir þetta eins og áður segir grunsemdir um vanskráningu. Í ljósi þessa er mjög hæpið að álykta eins og R.F. Tomasson: „A Millennium of Misery: The Demography of the Icelanders“. *Population Studies* 31 (3, 1977), 20, að „the higher proportion of unmarried over age 60 seems to indicate that in the latter decades of the seventeenth century, when the population was larger, a still smaller proportion of the total population was married“ en reyndist vera 1703 skv. manntalinu enda er þessi ályktun í mótsögn við það sem höfundur segir á öðrum stað (art. cit., 18): „ . . . I could find no „obvious misclassification“ except for the suspicious high percentage of unmarried over 60. I suspect that some widowed and separated persons were classified as unmarried“.

44 Hajnal: Art. cit., 137.

45 Fram að þessu hafa einungis verið nýtt í þessu skyni manntölin 1703 og 1729. Sóknarmannatöl og manntalið 1762 gætu eflaust gefið fróðlegar upplýsingar um hvernig giftingarhlutfalli var háttáð mitt á milli manntalsáranna 1729 og 1785.

Tafla 13. Karlar og konur, gift og í ekkjustandi, á Íslandi 1703 – 1850

Ár	Gift fólk af fólksfj. í heild %	20 ÁRA OG ELDRI					
		1	2	3	4	1+3	2+4
		Giftir karlar %	Giftar konur %	Ekkjar %	Ekkjur %	%	%
1703	23,2	32,6	32,9	3,1	7,9	35,7	40,8
1729	27,8	56,2	44,7			56,2	44,7
1785	26,0	52,3	38,0	7,8	15,0	68,7	61,1
1801	32,4	63,7	47,2	6,3	16,2	70,0	63,4
1850	29,2	56,7	48,4	7,2	13,0	63,9	61,4


Heimildir notaðar við útreikning: (1703) Manntalið 1703, 50 (t.V); (1729) Manntal 1729, 18 (t.2), tekur aðeins til þriggja sýslna í Skálholtsstifti; (1785) Hanneð Finnsson: Mannfækkun af hallærum, 140, og Manntal 1729, 38 (t.15), tekur aðeins til Skálholtsstiftis; (1801) Manntalið 1801 1-3.; (1850) Skýrslur um landshagi 1, bls. 40-41 (t.C).

Auðsæilega kemst ekkert þeirra ára sem taflan nær yfir í samjöfnuð við 1703 hvað hið lága giftingarhlutfall varðar. Munurinn kemur gleggst fram þegar litið er á hlutfall giftra 20 ára og eldri, þ.e. þegar útilokuð hafa verið áhrif mismunandi aldurskiptingar að svo miklu leyti sem hún á rót að rekja til ólíks vægis aldursflokka 0–19 ára.<sup>46</sup> Fráleitt væri að kenna vanskráningu einni um þennan mismun, t.d. á hlutfalli giftra 1703 og 1729; með því móti væri líka gert upp á milli manntalanna tveggja hvað áreiðanleik varðar að þessu leyti en til þess skortir haldbær rök.<sup>47</sup> Skýringanna verður þess vegna að leita í hinum sögulega veruleika, þ.e. í breyttum aðstæðum sem hafa orkað á samspil helstu uppistöðubáttanna í fólksfjöldakerfinu. Einfölduð tengslamynd af þessum þáttum getur hjálpað til að skýra sveiflur í giftingarhlutfallinu sem voru svo einkennandi fyrir íslenska samfélagsgerð fyrr á tíð.

46 Hið breytilega hlutfall aldursflokka 0-19 ára endurspeglar meðal annars hina dramatísku fólksfjöldapróun 18, aldar en það var sem hér segir skv. manntölum: 1703 37,4% 1729 44,4%, 1769 37,5% (áætlað), 1785 40,9%, 1801 40,4%, 1850 44,2%.

47 H.O. Hansen, sem sá um úrvinnslu manntalsins 1729, hefur gert minna úr umræddum mismun en efni standa til þar sem hann segir: „Hið lága hlutfall gifts fólks við manntölin 1703 og 1729 virðist þó vera einkenni mannfjöldans á Íslandi varðandi hjúskaparstétt eins og það var í manntölum fram yfir miðja 19. öld, fremur en sé um að ræða undantekningu frá þeim“ (Manntal 1729, 11). – Varðandi áreiðanleika skráningar gerir Hansen ekki upp á milli manntalanna tveggja; hann telur fjölda fólks sem skráð er gift vera lágmarkstölu í báðum tilvikum (sjá op. cit., 10). Bæta mætti því við að helst væri ástæða til að telja manntalið 1729 gloppóttara þar sem heildartala ekkjufólks „er ekki fyrir hendi“ (op. cit., 10, skýr. við töflu) eins og eyðan í töflu 13 að ofan ber raunar með sér. Hins vegar birtir Hansen tölur yfir hlutfall ekkla og ekkna af húsráðendum, loc. cit.: ekkjar 0,3% húsráðenda 1729 (sem er ótrúlega lágt hlutfall) á móti 4,8% árið 1703; ekkjur 7,3% húsráðenda 1729 á móti 5,1% árið 1703.

## Mynd V. Tengsl nokkurra breyta í hefðbundnu fólksfjöldakerfi



(Aðlagð eftir Schofield: „The Relationship between demographic structures and environment in pre-industrial western Europe“, í Conze (rits.), *Sozialgeschichte der Familie in der Neuzeit Europas*, 152.)

Stöðugleiki kerfisins ræðst af samspili breytanna tveggja, dánartölu og fæðingartölu. Ef dánartala hækkar af völdum efnahagslegra þrenginga og/eða sóttástanda verður fólksfækkun; en þar sem fjöldi efnahagsseininganna, bændabýla, var lítt breytilegur rýmkuðust við fólksfækkun möguleikar ógifts fólks á „giftingaraldri“ til að festa ráð sitt og stofna heimili (því jákvæð tengsl dánartölu og giftingarhlutfalls). Í kjölfar mannfellis hækkaði því brátt giftingarhlutfallið og síðan sjálf fæðingartalan í framhaldi af því. Þannig orkuðu giftingarhlutfallið, ásamt giftingaraldri, sem mikilvægir gangráðar í þessu kerfi. Eftir að fleiri voru komnir í hjónaband – og þar að auki yngri að árum – en gerðist fyrir mannfellinn, fylltist smám saman í skörðin (hækkandi fæðingartala) sem fellirinn hafði skilið eftir uns þar kom að þrengja fór að hinum fjölmennu, uppvaxandi árgöngum. Afleiðingin

varð lækkandi giftingarhlutfall samfara hækkandi giftingaraldri o.s.frv.,<sup>48</sup> sem þýddi aftur fjölgun í flokki vinnuhjúa.

Saga Íslands á 18. öld geymir dæmi um einstaklega djúptækar sveiflur í slíku fólksfjöldakerfi sem stjórnaðist meira eða minna af sjálfu sér.<sup>49</sup> Mismunur á giftingarhlutföllum sem tafla 13 sýnir (dálk. 1 og 2) er til marks um áhrif þessara sveiflna. Þannig birtast, með áður nefndum fyrirvörum, í „lægðinni“ miklu 1703 sameinuð áhrif harðinda- og hungurfellisáranna fyrir og um 1700: þau hafa ekki aðeins slitið mörg hjónabönd heldur og latt mjög til hjúskaparstofnunar.<sup>50</sup> Letjandi áhrif harðæris á giftingartíðni voru vel kunn lýðfræðingum 18. aldar. Um þetta atriði farast Hannesi Finnssyni m.a. svo orð:

. . . eftir hallæri eru fá standandi hjónabönd, því bæði sundurleysast þau þá mörg og fá bindast. . . . Að fáir giftast í hallærum er náttúrulegt og auðsjáanlegt, því þó sumir hafi litla forsjón fyrir framtíðinni, þá eru samt aðrir, sem víla fyrir sér að hleypa sér og sínum í aðra eins eynd og sáran dauða, er þeir í harðærum sjá allt í kringum sig.<sup>51</sup>

Á hinu leitinu endurspeglar „hæðin“ 1729 (sbr. tafla 13) áhrif mannfellisins mikla af völdum stórubólu 1707 – 08 á giftingartíðni árána þar á eftir.<sup>52</sup> Eftirlifendur hafa þá fengið óvanalega rúm tækifæri til bústofnunar og giftingar, hvort sem var í fyrsta eða annað sinn. Áhrifin munu hafa orðið þeim mun djúptækari sem þessi skæða smitsótt kom í kjölfar hungurfellisins kringum undangengin aldamót. Hið sama gerðist í lok Móðuharðindanna 1786 þótt í miklu minna mæli væri. Skv. frásögn Hannesar Finnssonar urðu sjálf Móðuharðindin skeinuhættust búlausum fátæklingum en bólusóttin sýndist hafa „valið úr til bana hið bezta og

48 Schofield: Art. cit., 151-53; Eversley: „Population, Economy and Society“, í Glass og Eversley (rits.), op. cit., 35-46. – Skörp sveifla af þessu tagi, t.d. hækkun á giftingarhlutfalli ásamt eftirfarandi hækkun á fæðingartölu, gat orðið upphaf bylgjuhreyfinga í kerfinu sem áttu eftir að setja mark sitt á margar kynslóðir, sjá Helgi Skúli Kjartansson: Art. cit., 126-31. En skylt er að gæta þess sem bent hefur verið á að „the propagation of the wave depends . . . on births associated with marriage peak, on the survival of this „bulge“ generation to nubile age, and on conditions prevailing when this age is reached“. (Eversley: Art. cit., 30.) – Varðandi áhrif lækkaðs giftingaraldurs á fólksfjölgun sjá Habakukk: „The Economic History of Modern Britain“, í Glass og Eversley (rits.), op. cit., 150-54.

49 Ljóst er að sveiflurnar áttu sér stað innan efnahagslegra/félagslegra marka sem settu kerfinu skorður. Umræddur stöðugleiki kemur því aðeins í ljós að langtímasjónarmiði sé fylgt, sbr. þá staðreynd að fólksfjöldinn var hinn sami um 1825 og verið hafði í upphafi 18. aldar.

50 Áþreifanlega lýsingu á þessari langvinnu óáran gefur Hannes Finnsson: Op. cit., 61:77. – Viðlíka áhrif eru vel þekkt úr fólksfjöldasögu grannlandanna þar sem eftirfarandi regla er talin hafa gilt á þessu tímabili: „If land was short in supply and alternative means of supporting a family were scarce, then marriage was postponed. After periods of demographic crisis and during times of prosperity, the number of marriages would increase“. (Eriksson og Rogers: *Rural Labor and Population Change*, 108.) Sjá ennfremur Wrigley og Schofield: Op. cit., 359-60.

51 Hannes Finnsson: Op. cit., 142, 146.

52 Einstæða vitneskju, þótt takmörkuð sé, um áhrif stórubólu að þessu leyti veitir prestsþjónustubók Möðruvallaklaustursprestakalls sem til er frá 1694. Á árabílinu 1794 – 1703 var stofnað til 12 hjónabanda í prestakallinu en aftur á móti til 43 á jafnlöngu árabíli frá 1708, sjá Imhof: *Aspekte der Bevölkerungsentwicklung in der nordischen Ländern 1720 – 1750*, 1.hl., 288 (t.56).

mannvænlegasta fólk . . .“.<sup>53</sup> Því má álykta að „örvandi“ áhrif mannfellis hafi valdið mestu um hið tiltölulega háa giftingarhlutfall áráanna 1729 og 1801,<sup>54</sup> samanborið við næstu manntalsár á undan.

Annað einkenni á þeim giftingarhlutföllum sem birtast í töflu 13 er hinn mikli munur sem fram kemur eftir kynjum. Þessi mismunur verður mestur manntalsárin 1785 og 1801; á sama hátt verður þá hlutfall ekkna hæst (sbr. t. 13, dálk 4). Til hins síðarnefnda vísar Hannes Finnsson þar sem hann fjallar í riti sínu um áhrif Móðuharðindanna: „Karlmennt deyja fleiri í harðindum en kvenfólk . . .“<sup>55</sup> og „ . . . þar til deyja flestir þá á uppvaxtar og fullorðins aldri“.<sup>56</sup> Að sögn biskups leiddi þetta til þess m.a. að árið 1785 voru ekkjur „þrefalt fleiri en ekkjar eður eins og 3:1, sem er dæmalaust“.<sup>57</sup> Biskup bætir því við að á Íslandi þurfi ekki að óttast svo sem „víða annars staðar“ að „yngissveinar giptist ofmjög gömlum ekkjum“ meðfram vegna þess „að karlmenn hér í landi deya svo margir miðaldra bæði af voveiflegum og öðrum tilfellum“.<sup>58</sup>

Eins og fram kemur í ofangreindum athugasemdum stafaði mismunurinn á hlutfalli giftra karla og kvenna aðallega af hinu afar ójafna kynhlutfalli er viðgekkst hér á landi á 18. öld og raunar lengur. Lægra hlutfall karlmanna var vissulega regla í Evrópu norðvestanverðri en hÉrlendis hallaði miklu meira á þá, miðað við konur, en gerðist á öðrum Norðurlöndum svo sem tafla 14 ber með sér.

*Tafla 14. Kynhlutfall á Íslandi, í Danmörku, Noregi og Svíþjóð 1703 – 1850 (karlar á 1000 konur)*

Ár	Ísland	Danmörk	Noregur	Svíþjóð
1703	832			
1729	865			
1749				885
1769	843		903	911
1785	784	977*		920
1801	839	979**	918	914
1850	913	968	965	940

\* Á við árið 1787; kaupstaðir undanskildir.

\*\* Kaupstaðir undanskildir.

Heimildir: (Ísland) Ívitnuð manntöl; (Danmörk) Johansen: Befolkningsudvikling og familjestruktur . . . , 187 (bil. III) og 190 (bil IV); (Noregur, Svíþjóð) Tomasson: Art. cit., 16 (t.12); í töflunni er talan fyrir Ísland ranglega færð 747 í stað 784.

53 Hannes Finnsson: Op. cit., 139.

54 Hér mætti að öllum líkindum bæta við manntalinu 1769 ef samanburður væri mögulegur á því giftingarhlutfalli er það sýnir, við hlutfall giftra kringum 1750, sbr. *infra* bls. 115 nmgr. 66.

55 Hannes Finnsson: Op. cit., 146.

56 Ibid., 145.

57 Ibid., 143. – Þetta er að vísu nokkuð ýkt: Í Skálholtsstifti voru skv. manntalinu 1785 602 ekkjar/1590 ekkjur, sbr. *ibid.*, 140.

58 Ibid., 143.

Eftir manntalsárum 18. aldar að dæma hefur fjöldi karla á Íslandi, miðað við hverjar 1000 konur, ekki farið fram yfir 865. Í Móðuharðindunum hefur hlutfallið orðið lægst, tæpl. 4 karlar á hverjar 5 konur.<sup>59</sup> Það er fyrst um miðbik 19. aldar sem Ísland sýnir svipað kynhlutfall og var við lýði í Noregi/Svíþjóð kringum 1770. Því má segja með réttu að karlmannafæð sé áberandi formgerðareinkenni á íslensku þjóðfélagi á umræddu tímabili.

Til þess að greina nánar hvern þátt hið ójafna kynhlutfall á í misvægi giftra karla og kvenna, eins og það birtist í töflu 13, er þarflegt að athuga hvernig kynhlutföllum hefur verið háttáð eftir aldursflokkum. Í þessu efni skipta nefnilega heildarhlutföllin ekki svo mjög máli sem hitt hversu margar konur/karlar voru í þeim aldursárgöngum sem giftingar voru tíðastar í.<sup>60</sup> Slík aldursbundin kynskipting er sýnd í töflu 15.

*Tafla 15. Konur af hverjum 1000 Íslendingum 1703 – 1850.  
10 ára og 30 ára aldursflokkar*

<i>Aldur</i>	<i>1703</i>	<i>1729</i>	<i>1801</i>	<i>1850</i>
0- 9	511	513	499	502
10-19	524	508	505	501
20-49	545	539	554	526
50-79	604	593	609	562

Heimildir: Manntalið 1703, 42-43 (t.II); Manntal 1729, 16-17 (t.1); Manntalið 1801, Norður- og austuramt, t.2; Skýrslur um landshagi 1, bls. 40-41 (t.C).

Eins og vænta mátti hafa konur mesta yfirburði í elsta aldursflokknum; en það sýnir sig jafnframt að í aldursflokknum 20–49 ára, þ.e. á því aldursbili þegar flestir stofnuðu til hjúskapar, hafa konur verið á 18. öld umtalsvert fleiri en karlar eða sem svarar 8–10%. Aftur á móti er tiltölulega lítil munur á hlutfalli kynjanna í

59 Þetta ótrúlega mikla misvægi staðfestir áður tilvitnaða athugasemd Hannesar Finnssonar um stórum hærri dánartíðni karla en kvenna hungurárin 1784-85. Til þess að finna í öðrum manntölum samsvörun við slíkt kynhlutfall þarf að fara alllangt upp eftir aldursstiganum þar sem misvægið eykst nokkurn veginn í réttu hlutfalli við hækkandi aldur (sjá Tomasson: Art. cit., 16, (t.11)). Árið 1703 er kynhlutfall sambærilegt í aldursflokknum 40-49 ára (780) og árið 1801 í aldursflokknum 31-40 ára (807).

60 Hajnal: Art. cit., 60. – Höf. bendir á að þegar konur reynast vera fleiri í heild en karlmenn („surplus women“) kunni munurinn að stafa aðallega af því að þær séu fjölmennari í aldursflokknum 60 ára og eldri (vegna lengri meðalævi); umframfjöldi kvenna sem þannig sé tilkominn þurfi ekki að orka á giftingarhlutfall kynjanna öðruvísi en þannig að ekkjur verði mun fleiri en ekkjar í eldri árgöngunum. Því sé mikilvægt að þekkja „the ratio of male to female population at the prime marriageable ages“.

yngstu aldursflokkunum 0–19 ára:<sup>61</sup> Því er ljóst að hið mikla misvægi sem einkennir aldursflokkinn 20–49 ára á rót að rekja til mun hærri dánartíðni karla en kvenna á þessu aldursbili. Staðfestir þetta réttmæti þeirrar athugasemdar sem höfð var eftir Hannesi Finnssyni að framan (sbr. bls. 112).<sup>62</sup> Hinar tíðu slysfarir, einkum við sjósókn, hafa átt drjúgan þátt í hinni háu dánartíðni karla á besta aldri.

Það lætur að líkum að þessi sérstæðu kynhlutföll segja til sín þegar hlutfall giftra/ógiftra hérlendis er borið saman við það sem gerðist á öðrum Norðurlöndum. Þetta kemur fram í töflu 16 yfir hlutfall ógiftra.

Tafla 16. Ógift fólk\* 20–49 ára á Íslandi, í Danmörku, Noregi og Svíþjóð um 1800. 10 ára aldursflokkar

	KARLAR				KONUR			
	20-29	30-39	40-49	20-49	20-29	30-39	40-49	20-49
Ísland 1703	94,1	53,4	28,7	61,6	88,5	53,6	41,9	62,3
1801	70,2	23,0	10,7	39,3	67,8	34,1	25,7	45,2
Danmörk 1801**	78,9	26,2	8,9	40,7	62,1	18,3	7,9	32,7
Noregur 1801 <sup>+</sup>	73,3	22,6	8,7	38,1 <sup>++</sup>	64,5	26,7	15,3	38,6 <sup>++</sup>
Svíþjóð 1800	70,3	21,2	8,1	36,4	64,2	24,7	13,4	36,1

\* Ekkjufólk ekki meðtalið.

\*\* Kaupstaðir ekki meðtaldir.

+ Aldursflokkar afmarkaðir 21-30 o.s.frv.

++ Samtalan miðast aðeins við 4 fylki af 17 (ca 30% landsmanna, sbr. að neðan Heimildir (Noregur): Op. cit., 90 (t.4.11).

Heimildir: (Ísland): Manntalið 1703, 50 (t.V); Manntalið 1801, Norður- og austuramt, t.2.; (Danmörk) Johansen: Befolkningsudvikling og familiestruktur . . . , 187 (bil. III) og 190 (bil. IV); (Noregur) Drake: *Population and Society in Norway 1735 – 1865*, 77 (t.4.3); (Svíþjóð) Historisk statistik för Sverige. Del 1, bls. 70 (t.18).

Varðandi þær niðurstöður sem tafla 16 sýnir verður hér látið nægja að undirstrika tvennt: a) Ókvænishlutfall karla á Íslandi 1801 hefur verið svipað og gerðist

61 Bak við meðaltalið yfir hlutfall yngstu aldursárganganna felast hneigðir sem hafa gengið í gagnstæða átt eftir einstökum aldursárum. Hérlendis sem annars staðar hafa sveinbörn verið fleiri en meybörn við fæðingu en ungbarnadauði hefur verið mun meiri meðal hinna fyrrnefndu (eða 329% / 288% hjá sveinbörnum skv. elstu tiltækum tölum, fyrir árabilið 1850-56 (sjá Skýrslur um landshagi 1, bls. 386). Hins vegar hefur dánartíðni eftir kynjum verið öfugt farið í árgöngunum 1-5 ára þannig að niðurstaðan fyrir aldursflokkinn 0-9 ára í heild hefur ekki orðið verulega óhagstæð sveinum. Þó er sýnt, hverjar svo sem ástæðurnar kunna að vera, að fyrri helmingur 18. aldar, einkum harðindakaflinn fyrir og um 1700, hefur verið mun skeinuhættari drengjum en stúlkum.

62 Skv. elstu tiltækum skýrslum yfir dauðsföll af völdum slysfara árið 1850-55 (sjá Skýrslur um landshagi 1, bls. 385) námu þau 4,9% allra dauðsfalla. Ef aðeins er miðað við karla – flest slysin bitnuðu á þeim – hafa þau numið 9,3% allra dauðsfalla.

á öðrum Norðurlöndum<sup>63</sup> en aðeins hér á landi hefur hlutfall ógiftra kvenna verið miklu hærra en ókvæntra karla. Þetta endurspeglar eflaust þá staðreynd að hér var margt kvenna umfram karla í þeim aldursflokkum þar sem giftingar voru tíðastar; b) Lýðfræðilegar aðstæður á Íslandi 1703 og 1801 hafa verið nánast því eins ólíkar og hugsast getur; í fyrria tilvikinu mótuðust þær af hallæri og fólksfækkun undangenginna ára, í því síðara af hinni geysiöru fólksfjölgun árána sem fylgdu í kjölfar Móðuharðindanna.<sup>64</sup> Að þessu leyti eru niðurstöður manntalanna heldur veikur grundvöllur til samanburðar þar sem leitað er fremur hins reglubundna og eðlilega en hins óvanalega og skrykkjótt. Sýnir þetta að viðleitni í félagsfræðilegum dúr til að leiða í ljós þær lýðfræðilegu reglur er einkenndu íslenskt þjóðfélag stangast á við þær sérstöku ástæður sem hvöttu stjórnvöld á 18. öld til að afla gagna um þjóðarhagi. Er hér einkum átt við endurtekin stóráföll af náttúrunnar völdum. Slíkum áföllum má „þakka“ þá sagnfræðilegu vitneskju sem t.d. manntölin 1703 og 1785 veita; en einmitt vegna þess hve umrætt tímabil var stóráfallasamt er meiningarlítið að tala um „eðlilegt ástand“ í fólksfjöldalegu tilliti nema þá helst í þeim skilningi að skakkaföllin hafi verið órjúfanlegur hluti hins eðlilega.

Hve manntölin 1703 og 1801 gefa öfgakennda mynd af hjúskaparaðstæðunum sést m.a. á því að árið 1850, þegar á undan höfðu gengið nokkrir stóráfallalausir áratugir, var hlutfall ókvæntra karla 20–49 ára 45,7%<sup>65</sup> eða eins konar meðalhóf þeirra ókvænishlutfalla sem manntölin sýna (sbr. tafla 16). Sömu ályktun má draga af manntalinu 1729; skv. því nam hlutfall ókvæntra karla 20–49 ára 41,1% ef til vill að einhverjum ekkjum meðtöldum (sbr. *supra* bls. 109, nmgr. 47). Þetta hlutfall hefur þó sjálfsagt lækkað eftir mannfellisárin 1755 – 59 svo sem ráða má af annars óglöggum upplýsingum manntalsins 1769 um hjúskaparhlutföll.<sup>66</sup> Þannig bendir allt til þess að upphaf og lok 18. aldar marki ystu mörk í sveiflu hjúskaparhlutfalla á umræddu tímabili. Í takt við þessar sveiflur hefur ungdómsflokkurinn svo stækkað eða minnkað eftir atvikum.

Í þessari athugun á hjúskaparhlutföllum á 18. öld hefur enn ekki verið tekið til-

63 Á hinn bóginn sker Danmörk sig úr öðrum með því að til muna fleiri karlmenn að tiltölu hafa verið ógiftir en konur. Ástæðan liggur eflaust í óvenjulegum kynhlutföllum aldursflokksins 20-49 ára (karlar fleiri en konur, sjá Gille: „The Demographic History of the Northern European Countries in the Eighteenth Century“. *Population Studies* 3 (1, 1949), 19 (t.2) og 56-57 (Append. II)), svo og í óvenjuháum giftingaraldri karla.

64 Árin 1791 – 1800 eru annar „frjósamasti“ áratugur íslenskrar fólksfjöldasögu frá a.m.k. 1736 að telja (fæðingarhlutfall 41,4 ‰). Geta má sér þess til að giftingartíðni hafi ekki í annan tíma orðið öllu hærri enda í mörg skörð að fylla eftir eyðingu árána fyrir 1790.

65 Í þessu sambandi ber að hafa í huga það sem áður er ályktað (sbr. *supra* bls. 108) að fjöldi ógiftra, einkum karla, muni vera nokkuð ofreiknaður í manntalinu 1703. – Benda má á að árið 1850 var hlutfall *giftra* kvenna héraendis 15 ára og eldri 40,1% en aftur á móti 46,5% í Svíþjóð.

66 Ólafur Ólavíus: *Ferðabók* 2, bls. 253 (t. II). – Eftir því sem næst verður komist um hlutfall ókvæntra karla 20 ára og eldri skv. þessu manntali ætti það að hafa verið 31,3% eða 1,3% hærra en það reyndist vera árið 1801, sbr. *infra* tafla 19. Á sama hátt ætti hlutfall ógiftra kvenna í sömu aldursflokkum að hafa verið 38,9% eða 2,3% hærra en 1801. Þessar tölur eru því aðeins sennilegar að gert sé ráð fyrir mjög háu hlutfalli ekkjufólks, einkum ekkna, sem er raunar ekki ólíklegt að hafi verið eftir mannfelli sjötta áratugarins.



lit til ekkjufólks. Vegna hinnar háu dánartíðni lentu þá miklu fleiri einstaklingar í ekkjustandi þegar á „miðjum“ aldri en gerist á okkar dögum. Þetta þýddi jafnframt að af þeim hjónaböndum er stofnað var til árlega voru furðumörg – miðað við aðstæður síðari tíma – sem ekkjufólk átti aðild að, annaðhvort ekkjar eða ekkjur nema hvorttveggja væri.<sup>67</sup> Þannig hefur verið áætlað að í Svíþjóð á seinni helmingi 18. aldar hafi um fimmti hver brúðgumi verið ekill og liðlega sjöunda hver brúður ekkja.<sup>68</sup> Skv. elstu tiltæku skýrslum yfir hjónavígslur eftir hjúskaparstétt brúðhjóna á Íslandi, frá fimmta áratug 19. aldar, voru um 18% brúðguma ekkjar og 14,6% brúða ekkjur.<sup>69</sup> Telja má víst að hlutfall ekkjufólks af öllum er vígðust til hjúskapar hafi verið talsvert hærra hér á landi á 18. öld. Það er því ekki að ófyrirsynju sem lýðfræðingar samtímans álitu þessar tíðu endurgiftingar jafngilda nokkurs konar fjölgifti (polygamia successiva).<sup>70</sup> Þegar þessa er gætt verður ljóst að það kann að hafa breytt nokkru um hjúskaparhlutföll kynjanna hvernig ekkjufólk hagaði makavali sínu.

If widowers remarry far more frequently than widows, it is possible for every woman to get married at least once in her life even in a population where the number of men falls short of the number of women. In this respect the remarriage of widowers works like polygamy.<sup>71</sup>

Í endurgiftingum felast þannig í orði möguleikar á að draga úr áhrifum ójafns kynhlutfalls á giftingarmöguleika karla/kvenna. Á Íslandi, þar sem óvenjumargt kvenfólk var umfram karla, hafa þessir möguleikar nýst að vissu marki. Má ráða það af því að talsvert algengara hefur verið að ekkjar gengju aftur í hjónaband en ekkjur – og um leið að þeir gengju að eiga yngismeyjar. Með slíku makavali hafa fleiri stúlkur komist í hjónaband en orðið hefði ef kynhlutfall eitt hefði, að öðru jöfnu, ráðið ferðinni.<sup>72</sup>

Þeir jöfnunarmöguleikar sem fólust í slíku makavali ekkla hafa þó vitanlega ekki nýst til fullnustu: ekkjar hafa oft gengið að eiga ekkjur.<sup>73</sup> Hitt hefur þó verið algengara að ekkjur, sem héldu einatt búsföræði eftir fráfall húsbóndans, giftust „áður ókvæntum“ karlmönnum (yngissveinum);<sup>74</sup> þar með spilltu þær fyrir yngis-

67 Með öðrum orðum, þær ástæður sem lágu til endurgiftingar voru þá yfirleitt fráfall maka en ekki skilnaður eins og tíðast er nú á tímum.

68 Gille: Art. cit., 29.

69 Tölfræðihandbók 1974, bls. 39 (t. II-25): – Í þessu felast eflaust lýðfræðilegar ástæður „stjúpusagnanna“ sem setja svo áberandi mark á arfsagnir fyrri daga.

70 Hajnal: Art. cit., 128.

71 Ibid., loc. cit.

72 Með öðrum orðum, miðað við heildarfjölda hjónabanda sem bast á hverju ári, vígðust fleiri kvenmenn en karlmenn til hjúskapar í fyrsta sinn, sjá ibid., loc.cit., og Skýrslur um landshagi 1, bls. 380.

73 Um miðja 19. öld gerðist slíkt í tæpl. fjórða hvert skipti sem ekill vígðist til hjúskapar. Af öllum hjónavígslum 1850-55 námu slík hjónabönd 8,5%, samanborið við 3,2% í Noregi 1841-45, sjá ibid., loc. cit., og Drake: Op. cit., 230 (t.31).

74 Af öllum hjónavígslum námu slík hjónabönd réttum fimmtungi, samanborið við 6,3% í Noregi (sjá sömu heimildarstaði og í nmgr. 73).

meijjum sem hefðu ella getað hreppst hið torgæta hnoss! Leiða má líkur að því að „ekkjubrúðkaup“ hafi verið tíðari að tiltölu hérlendis á 18. öld en í Svíþjóð þar sem umframhlutfall kvenna komst þó næst því að jafnast á við það sem gerðist hérlendis.

Tafla 17. Ekkjufólk á Íslandi og í Svíþjóð á 18. öld.  
Hlutfall af aldursflokkum

	EKKLAR		EKKJUR		
	20-49 ára	50-69 ára	20-49 ára	50-69 ára	
Ísland*	1703	1,7	11,4	3,5	24,9
	1801	1,2	12,0	3,5	31,8
Svíþjóð	1750	3,2	12,8	9,5	43,4
	1800	1,9	16,8	4,8	39,6

\* Aldursflokkun í manntalinu 1801 miðast við heilan áratug, 21-30 o.s.frv.

Heimildir: (Ísland) Manntalið 1703, 50 (t.V); Manntalið 1801. Norður- og austuramt, t.2; (Svíþjóð) Historisk statistik för Sverige. Del 1, bls. 70 (t.18).

Sjá má á töflu 17 að ekki er áberandi munur á hlutfalli ekkla í löndunum tveimur. Hins vegar eru mun fleiri ekkjur hlutfallslega í Svíþjóð í báðum aldursflokkunum.<sup>75</sup> Þetta kemur nokkuð á óvart og þarfnast skýringar. Nú hefur meðalævi sænskra karla eflaust verið lengri en kynbræðra þeirra íslenskra<sup>76</sup> og minni munur kynja að þessu leyti þar en hér. Það sem Svíþjóð taldi af ekkjum umfram Ísland verður því að rekja til þess að þarlendis hafi ekki verið jafntítt og hér að ekkjur giftust aftur.<sup>77</sup> Bendir þetta aftur til þess sem áður er minnst á að hlutfall ekkna af öllum brúðum hafi verið til mun hærra á Íslandi á 18. öld en hjá Svíum (sbr. *supra* bls. 116). Til hins sama bendir sú staðreynd að á fyrri helmingi 18. aldar var um fjórðungur allra íslenskra eiginkvenna eldri en eiginmenn þeirra og liðlega 1/10 eiginkvenna hafði 5 ár eða meira umfram eiginmennina.<sup>78</sup> Svo mikið er víst

75 Ljóst er að þær aðstæður sem sköpuðust í Móðuharðindunum og Hannes Finnsson kallaði „dæma-  
lausar“ (sbr. *supra* bls. 112) hafa birst í enn skarpri mynd hjá Svíum um miðja 18. öld.

76 Gille: Art. cit., 43 (t.18). – Sambærilegar upplýsingar fyrir Ísland liggja fyrst fyrir um 1850, sjá Töl-  
fræðihandbók 1974, bls. 56 (t.II-54).

77 Var það m.a. vegna þess að þær höfðu ekki svo oft búsforráð sem hér á landi? Nánari könnun þyrfti  
til að skera úr því.

78 Manntalið 1703, 46-47 (t.IV) og Manntal 1729, 25 (t.7). – Gagnkvæmur aldur hjóna með viðlíka  
sniði og þessu hefur verið talinn eitt af höfudeinkennum vestur-evrópskrar fjölskyldugerðar, sjá  
Laslett: Family Life . . . , 26-29. Í umfjöllun um þetta einkenni vitnar höfundur til íslenskra  
manntalsgagna, m.a. manntalsins 1703. Ofsagt er hjá honum að „in 1914 of those marriages [þ.e.  
allra hjónabanda 1703], almost exactly a third, wives were older than husbands“ (op. cit., 28,  
nmgr. 9). Hlutfallið verður raunar ekki reiknað nákvæmlega út þar sem 5 aldursár eru flokkuð  
saman en eins og flokkunin liggur fyrir nemur það 25% (1448/5798 hjónabönd).

að tíðar endurgiftingar ekkna hafa þrengt möguleika „yngismeyja“ til að komast í hjónaband og stuðlað þar með óbeinlínis að hinu einstaklega háa hlutfalli ógiftra kvenna hérlendis.

Það sem sagt hefur verið að framan um áhrif ójafnrar kynskiptingar og endurgiftinga á giftingarmöguleika fólks áréttar hve torvelt er að greiða úr efninu svo vel sé eftir manntalsgögnum einum saman. Nú má vissulega sneiða hjá flækjunni með því að athuga einfaldlega hlutfall þeirra sem höfðu aldrei gengið í hjónaband innan tiltekinna aldursmarka. Í töflu 18 eru slík hlutföll sýnd fyrir aldursbilið 40–50 ára, bæði kynin tekin saman.<sup>79</sup>

*Tafla 18. Tala þeirra sem höfðu aldrei gifst við 40-50 ára aldur á Íslandi og í grannlöndum um 1700 og 1800*

	Ár	Aldurs- flokkur	%	Ár	Aldurs- flokkur	%
Ísland	1703	40-44	366	1801	41-50	193
Danmörk				1801	41-50	85
Noregur				1801	41-50	120
Svíþjóð	1750	40-44	98	1800	40-49	109
England	1701	40-44	249	1801	40-44	68

Heimildir: (Danmörk) Johansen: *Befolkningsudvikling og familiestruktur . . .*, 190 (bil. IV); (Noregur) Drake: *Op. cit.*, 77 (t.4.3.); (Svíþjóð) Sama og við töflu 17; (England) Wrigley og Schofield: *Op. cit.*, 260 (t.7.28).

Hvað Norðurlönd varðar sýnir taflan (aftari dálkur) sömu niðurstöður og komu fram í töflu 16 (dálk. „40–49 ára“), hér hefur aðeins körlum og konum verið slegið saman. Enn blasir við sérstaða Íslands – og er þó miðað við það manntalsár er sýnir hæsta giftingarhlutfall á öllu tímabilinu 1703 – 1801 (sbr. tafla 13).

Dæmi Englands er einkar forvitnilegt fyrir þær sakir að það gerir mögulegan samanburð við Ísland í upphafi 18. aldar. Þá hafa verið hér a.m.k. þriðjung fleiri í tölu „aldrei giftra“ 40–44 ára en í Englandi. Talið er að skömmu áður, eða um 1690, hafi hlutfall ógiftra þar í landi náð hámarki (270 %), frá því að það mun hafa verið lægst (42%), í upphafi aldarinnar.<sup>79</sup> Hinar ensku niðurstöður minna á það, til viðbótar við íslenska dæmið, hve hlutfall þeirra er giftust aldrei gat sveiflast mikið á einni öld á „foriðnbyltingarskeiði“, einkum eftir efnahagslegum og náttúrlegum ástæðum. Þótt mismunur á hlutfalli ógiftra kunni að virðast ótrúlega mikill, t.d. á Íslandi 1703 og 1801, eru m.ö.o. ekki efni til að túlka hann fortaks-laust sem vitnisburð um veilur í sjálfum heimildunum.

<sup>79</sup> Wrigley og Schofield: *Op. cit.*, 260, 262-64, þar sem höfundar leita skýringa á þessum gífurlegu sveiflum. Þeir taka raunar fram að hámarkið 270 % megi „safely be regarded as exaggerating the phenomenon“ þar sem leynilegar giftingar hafi verið tíðar „in the Restoration period“ (bls. 263).

Það sem að framan greinir skýrir að nokkru í hverju hjúskaparhlutföll á Íslandi á 18. öld hafa einkum vikið frá því sem gerðist í grannlöndum okkar. Frávikin stafa aðallega af því hve fólksfjöldasveiflurnar voru miklu dýpri hér en þar.<sup>80</sup> Þessar miklu sveiflur höfðu afdrifarík áhrif á allar hjúskaparaðstæður, þ.m.t. á hlutfall kynjanna. Um 18. öldina í heild mun óhætt að fullyrða að á Íslandi hafa fleiri að tiltölu verið útilokaðir frá því að giftast og gerast húsráðendur en í öðrum nálægum Evrópulöndum. Hinar efnahagslegu og félaglegu skörður þrengdu þó mjög misfast að fólki bæði eftir árferði og kyni. Eftir harðinda- og mannfellisár losnuðu fleiri jarðir en ella og þeir sem höfðu orðið að fresta hjúskaparáformum sínum – hvort sem þeir skipuðu á heimili stöðu „barna húsráðenda“ eða vinnuhjúa – fengu þar með óvænt tækifæri til að stofna fjölskyldu. En vegna hins mjög svo ójafna kynhlutfalls hlutu fleiri konur en karlar að eyða ævinni utan hjónabands, sem félagslega ófullveðja einstaklingar.

## Heimilisgerð og hjúahald. Samanburðarsjónarmið

Með hliðsjón af því að hin hefðbundna formgerð þjóðfélagsins hélst lítið breytt á Íslandi langt fram eftir 19. öld er ekki að undra þótt heftingarhrif hennar kæmu þá fyrst að fullu í ljós þegar stóraföll á borð við þau sem einkennt höfðu 18. öldina voru úr sögunni og fólksfjölgun varð varanlegt fyrirbæri. Þá þrengdist um giftingarmöguleika nýrra kynslóða og hlutfall ógiftra af fólkstölunni varð hærra en verið hafði á þeim tímaskeiðum 18. aldar sem brúuðu bilið milli mestu mannfelliskaflanna. Þessi þróun hélst í hendur við það að fólki fjölgaði að meðaltali þr. heimili, hlutfall vinnuhjúa af fólkstölunni fór hækkandi og óskilgetnum börnum af öllum fæddum fjölgaði stórlega. Í töflu 19 er sýnt, miðað við nokkur manntalsár, hvernig ofangreindir þættir héldust í hendur (sjá næstu bls.).

Hér er ekki staður til að greina í einstökum atriðum hvernig háttað muni tengslum þeirra þátta er taflan sýnir. En nefna má nokkur dæmi um hvernig þau horfðu við samtímamönnum. Arnljótur Ólafsson, fremsti lýðfræðingur Íslendinga á 19. öld, taldi þá helstu ástæðu fyrir hinu lága giftingarhlutfalli að „svo margir lifa á landbúnaði, en svo sárafaír á verknaði en í öðrum löndum eru svo mýmargir verkmennt kvæntir, er fara með dagkaup“.<sup>81</sup> Starfsbróðir Arnljóts, Sigurður Hansen, telur að manntalið 1855 sýni líka að á Íslandi komi fleiri menn á heimili en „í flestum öðrum löndum“; mismunurinn eigi „að líkindum helstu rót sína í því að

80 Segja má að á Íslandi hafi viðhaldist allt til loka 18. aldar hinar hádramatísku fólksfjöldaaðstæður sem höfðu sett mark sitt á þróun mála í grannlöndunum fram undir 1710, sjá t.d. Wrigley: *Population and History* 53-80. – Þótt dánartíðni á tímabilinu 1735 – 1800 hafi í meðalári verið öllu lægri á Íslandi en öðrum Nordurlöndum, t.d. Svíþjóð, varð niðurstaðan af þessu miklu minni fólksfjölgun hér en þar, sjá Gille: Art. cit., 37 (t.17) og 65 (t.6 c).

81 Arnljótur Ólafsson: „Um mannfjölda á Íslandi.“ Skýrslur um landshagi 1, bls. 379. – Árið 1850, sem höfundur miðar við, töldust daglaunamenn 0,7% og iðnaðarmenn 1,3% af þeim sem „stöðu sjálfir fyrir atvinnuvegi“ á Íslandi. Fyrir utan hið einhæfa atvinnulíf nefnir höfundur þá orsök að „jarðir séu stórar og fólkskýlar, en lítið sé unnið að því að létta og spara mönnum vinnuna“.

Tafla 19. Fólksfjöldi, meðalmannfjöldi á heimili, hlutfall vinnuhjúa af fólksfjölda, ókvæni og óskilgetni á Íslandi 1769 – 1880

Ár	Fólks- fjöldi	Meðalm.fj á heimili	Hlutfall vinnu- hjúa %	Ókvæni 20 ára og eldri		Óskilgetin börn af öllum fæddum %
				Karlar ‰	Konur ‰	
1769	46201			313	389	8,5*
1801	47240	6,38	23,0	300	366	8,1**
1850	59157	6,76	25,6	361	378	14,5
1880	72445	7,40	26,7	436	438	20,7

\* Aðeins Skálholtsstifti; meðaltal árána 1771 – 75.

\*\* Aðeins Skálholtsstifti.

Heimildir: (Óskilgetni) 1769 og 1801, Skýrslur um landshagi 1, bls. 338 og 341; 1880, *Stjórnartíðindi fyrir Ísland* árið 1884, C-deild; (Ókvæni) 1769, Ólafur Ólavíus: Op. cit. 2, bls. 253; 1880, *Stjórnartíðindi f. Ísland* árið 1884, 33; (Vinnuhjú) 1801, Manntalið 1801, Norður- og austuramt.; 1850, Skýrslur um landshagi 1, bls. 27; 1880, *Stjórnartíðindi f. Ísland* árið 1884, 19.

atvinnuvegunum á Íslandi sé svo háttað, að búandi menn, einkum til sveita, verða að halda mörg vinnuhjú, og eru þau eigi allsjaldan gipt“.<sup>82</sup> Í athugasemdum við niðurstöður manntalsins 1850 vekur Sigurður ennfremur athygli á því að hér séu „miklu fleiri konur en karlar, og er mismunur þessi meiri þar en í öðrum löndum“.<sup>83</sup>; auðséð sé þó „að mismunur þessi er að færast nokkuð í lag“.<sup>84</sup> Varðandi lausaleik er bent á að hann hafi farið í vöxt með „fríhöndlaninni“. Arnljótur Ólafsson hefur orð Magnúsar Stephensen fyrir því að á öndverðri öldinni hafi „fjör“ komið í menn og „skortur á jarðnæði“ sagt til sín.<sup>85</sup> „Það er og svo, að höfuðástæðan til fjölda óskilgetinna barna er sú, að annars vegar eiga svo fáir kost á að taka sér konu og reisa bú meðan þeir eru enn á besta aldri, en hins vegar eiga vinnuhjú ekki örðugt með að hafa ofan af fyrir barni sínu“.<sup>86</sup> Af þessum ástæðum

82 Sigurður Hansen: „Fólkstala á Íslandi.“ Skýrslur um landshagi á Íslandi 1, bls. 412. – Þar sem manntalsskýrslur þeirra Sigurðar og Arnljóts fyrir árin 1850-80 sýna ekki giftingarhlutföll eftir heimilisstöðu manna verður ekki skorið úr því með tölum hvað það merkir að vinnuhjú hafi um 1855 verið „eigi allsjaldan gipt“. Að þessu leyti er samamburður við manntalið 1703 útilokaður.

83 Ibid., 5-6. – Bæði Sigurður og Arnljótur finna sömu ástæður fyrir þessu og Hannes Finnsson á sínum tíma (sbr. *supra* bls. 137), þ.e. hversu margir karlmenn á besta aldri deyja „vóveiflega og af eigin slysförum, það er næstum 20. hver af öllum dánnum“ árin 1850 – 1855. (Arnljótur Ólafsson: Art. cit., 385.)

84 Sigurður Hansen: Loc. cit., – Höfundur skírskotar til þeirra breytinga sem höfðu orðið til jöfnunar á kynhlutfallinu frá 1801 að telja, sbr. tafla 14, er birtist aftur í því að ókvæni (karla) jókst mun meira en hjá konum á tímabilinu 1801 – 50, sbr. tafla 19.

85 Arnljótur Ólafsson: Art. cit., 373.

86 Ibid., loc. cit.

en „eigi af siðaspillingunni né siðaleyssi landsmanna“ komi hinn mikli fjöldi óskilgetinna barna.<sup>87</sup>

Ofangreindar athugasemdir eru til vitnis um að á 19. öld gerðu menn sér ljósa grein fyrir þeim efnahags- og félagslegu aðstæðum sem mörkuðu Íslandi því meiri sérstöðu meðal landa í norðvestanverðri Evrópu sem lengra leið á öldina. Í athugasemdunum er bent á formgerðareinkenni sem eru hvert öðru tengd: atvinnuleg einhæfni, lítt breytilegur fjöldi bóndabýla, hátt hlutfall ógiftra, margmenni heimila að meðaltali og hátt hlutfall vinnuhjúa af fólkstölunni í heild. Um tvö síðasttöldu einkennin gildir það sem áður segir um ókvænishlutfallið: þau urðu meira áberandi á 19. öld en samanborið við grannlöndin mörkuðu þau samt Íslandi sérstöðu þegar á 18. öld. Til marks um þetta eru upplýsingar sem fengnar eru um nokkur byggðarlög, að því er Danmörku og Noreg varðar, úr manntalinu 1801 og sýndar eru ásamt niðurstöðum úr íslenskum og enskum manntalsgögnum í töflu 20 (sjá næstu bls.).

Ekki er um það að villast að á Íslandi fylltu fleiri flokk vinnuhjúa á síðari helmingi 18. aldar en í samanburðarlöndunum þar sem sveitahéruð eru þó eingöngu tekin með í reikninginn (þó ekki í Englandi).<sup>88</sup> Þótt tölur séu ekki tiltækar má ætla að í flokkinn „börn húsráðenda“ hafi á Íslandi árið 1801 komið ámóta margir og var um miðbik aldarinnar.<sup>89</sup> Þetta þýðir aftur að flokkurinn hefur verið hlutfallslega fjölmennari en var í Danmörku 1801 en eitthvað fámennari en í Englandi og Noregi.<sup>90</sup> Í heild verður niðurstaðan sú að á 18. öld hafa hlutfallslega flestir fyllt flokk ungdómsins á Íslandi og helst það í hendur við þá staðreynd að hér hafa mun færri verið húsráðendur eða „sjálfs sín“ en í samanburðarlöndunum.<sup>91</sup> Hið sama verður uppi á teningnum þegar samanburður er gerður við Svíþjóð.<sup>92</sup>

Önnur hlið á sama máli er sá mismunur sem kemur fram á heimilisstærð á Íslandi og í grannlöndum og áður er vikið að (sbr. *supra* tafla 19). Taka ber fra

87 Ibid., 374.

88 Eins og áður er bent á (sbr. *supra* bls. 104-05) og fram kemur við samanburð á hlutfalli vinnuhjúa og ómaga á Íslandi eftir tímabilunum þremur er ástæðulaust að túlka vinnuhjúahlutfallið 1703 sem undantekningu frá þessari reglu.

89 Vísbendingu um þetta gefur aldursskiptingin sem sýnir svipað hlutfall í aldursflokknum 0-19 ára 1748-63 (39,4%) og 1801 (40,4%).

90 Hins vegar er hlutfall vinnuhjúa í Noregi áberandi lægra en bæði á Íslandi og í Danmörku eins þótt miðað sé við landsmeðaltal (13,1%) fremur en héruðin þrjú í töflu 20. Sérstaða Noregs að þessu leyti skýrist sennilega með því að sjálfseignarbændur voru þar mun fleiri meðal búandi manna í lok 18. aldar en bæði á Íslandi og í Danmörku og „húsmönnum“, sem lögðu bændum, einkum austanfjalls, til mikið vinnuafll, hafði fjölgað mjög á seinni helmingi aldarinnar, sjá Dyrvik: Op. cit. 131-60, og nánar *infra* bls. 126. – Í þessu sambandi ber að minnst hins háa hlutfalls „lodgers“ (sbr. skýringu við töflu 20); allmargir þeirra voru raunar í hjúskap eða 18,7% þeirra sem voru yfir 19 ára, sjá Drake: Op. cit., t.18.

91 Það er til marks um lífseiglu hinnar hefðbundnu formgerðar að árið 1880 var hlutfall húsráðenda (að húsmæðrum undanskildum) svo til hið sama og árið 1703, 15,7% á móti 16,2%, sjá Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1884, C-deild, 51-53. Á tímabilinu hafði heimilum ekki heldur fjölgað nema um 16,5%.

92 Winberg: Op. cit., 300 (t.X.), og Hanssen: *Østerlen*, 50-53 (t.4-10).

Tafla 20. Skipting manna eftir heimilisstöðu á Íslandi og í grannlöndum á 18. öld

	Fólks- fjöldi	Húsráð- endur* %	Börn húsráð.** %	Ætt- ingjar %	Vinnu- hjú %	Ómag- ar %	Aðrir %	Alls %
<b>Ísland</b>								
1703	50358	26,5	31,0	6,2	17,8	13,5	5,0	100,0
1729	7932	30,1	38,9	2,1	17,2	2,1	9,6	100,0
1748–63	1761	27,9	39,0	1,6	22,1	4,9	4,5	100,0
1801	47227				23,0	3,0		
<b>Danmörk</b>								
1801	7360	37,8	36,4	4,8	16,3	0,4	4,3	100,0
<b>Noregur</b>								
1801	20829	33,2	41,0	4,3	8,3	2,7	10,5+	100,0
<b>England</b>								
1571–1821	68407	34,3	42,7	3,4	13,3	6,3		100,0

\* Varðandi flokkun á húsfólki með tilliti til húsforræðis sjá *infra* bls. 123.

\*\* Fósturbörn ekki meðtalin.

+ Allur þórrinn (eða 9,9% af heildinni) eru „lodgers“, sbr. *supra* nmgr. 90.

Heimildir: Ísland) 1703, Manntalið 1703, 48-50 (t.V) og 52-53 (t.VII); 1729, Manntal 1729, 28-29 (t.10) og 34-37 (t.14); 1748–63, Loftur Guttormsson: Op. cit., 170, bil. IV (með þeirri breytingu að „ættingjar“ hafa verið dregnir út úr flokknum „andre“; þeir eru þó að öllum líkindum vantaldir vegna óglöggra upplýsinga sálmaregistranna um heimilisstöðu þeirra sem teljast ekki til fjölskyldukjarnans); 1801, Manntalið. Norður- og austuramt, t.3; (Danmörk) Johansen: Befolkningsudvikling og familiestruktur . . . , 141 og 159 (t. 10.4 og 10.19, taka til 26 sveitasókna); (Noregur) Drake: Op. cit., 214-19 (t.18, tekur til 3ja héraða); (England) Laslett (rits.), op. cit., 83 (t.1.13).

að þær niðurstöður, sem tafla 21 sýnir, eru fengnar með ólíkum hætti eftir löndum: tölurnar yfir Svíþjóð miðast við eitt afmarkað svæði og geta því með engu móti talist landsmeðaltal í líkingu við hin löndin. Þá er þess að gæta að við afmörkun á fjölda heimila á Íslandi er sleppt húsfólki sem var aðeins eitt á bæ. Með því er vikið frá þeirri flokkun sem fylgt hefur verið við úrvinnslu manntalanna 1703 og 1729 þar sem húsfólk, jafnvel þótt eitt væri á bæ, var talið mynda sjálfstætt heimili.<sup>93</sup> Slík flokkun orkar tvímælis; kemur það m.a. fram í því hve heimili húsfólks, sem eru þannig flokkuð, reynast afbrigðileg miðað við önnur heimili: 2/3 þeirra telja aðeins einn mann og verða þar með 9/10 allra eins manns heimila á landinu; ennfremur lýtur tæpur helmingur þeirra forstöðu kvenna<sup>94</sup> og á aðeins 15% þeirra býr húsráðandi með maka. Með því að sleppa eins manns

93 Manntalið 1703, 51 (t.VI).

94 Ibid., 52 (t.VII).

Tafla 21. Heimilisstærð, fjölskyldustærð og hlutfall óvandabundinna af heimilisfólki á Íslandi og í grannlöndum á 18. öld

	Ár	Svæði	Fjöldi heimila	Meðal mannfjöldi á heimili	Meðalfj. í fjölskyldukjarna <sup>1</sup>	Óvandab. af öllu heimilisfólki %	Fjöldi heimila með vinnufólk %
Ísland	1703	Allt landið	7669	6,57	3,01	36,3	
	1729	Þrjár sýslur	1332	6,03	4,01	28,9	
	1748-1763	9 prestaköll	267	6,60	4,42	32,1	67,4
Danmörk	1787	26 prestaköll	1301	5,20	3,79	21,7	41,0
Noregur	1801	3 fylki	3662	5,70	4,17	19,0	
	1801	1 prestaköll <sup>2</sup>	302	5,58	4,06	16,3	26,2
Svíþjóð	1724-1737	1 hérað <sup>3</sup>	1307	5,16			46,7
	1771	2 prestaköll <sup>4</sup>	200	4,70	3,92		
	1574-1821	100 prestaköll		4,75	3,66	19,6	28,5

1) Þ.e. húsráðendur og börn þeirra (fósturbörn ekki meðtalin)

2) Rendalen í Austurdal

3) Västmanland í Mið-Svíþjóð. (7 prestaköll).

4) Í Østerlen á Skáni.

Heimildir: (Ísland) Manntalið 1703, 52-53 (t.VII); Manntal 1729, 31 (t.12) og 33 (t.13); 1748 – 63, Loftur Guttormsson: Op. cit., 168-70, bil. II og IV, svo og óprentuð gögn; (Danmörk) Johansen: Befolkningsudvikling og familiestruktur . . . , 146 og 159 (t.10.2 og 10.2.5); (Noregur) 3 fylki, Drake: Op. cit., 214-29 (t.18); Østerdalen, Sogner: *Folkevækst og flytting*, 290-91 (t. 35); (Svíþjóð) Västmanland, Gaunt: „Household Typology: Problems, Methods, Results“, í Åkerman o.fl. (rits.), *Chance and Change*, 75 (t.2); Østerlen, Hanssen: Op. cit., 51, 53 (t.5.-6., 9.-10.); (England) Laslett (rits.), op. cit., 83 (t.1.13), 152 (t.4.13).

„heimilum“ húsfólks er farinn e.k. meðalvegur milli hinnar einhliða formlegu viðmiðunar sem ofangreind flokkun styðst við og þeirrar raunverulegu félags/heimilisstöðu sem gera má ráð fyrir að húsfólksnafngiftin hafi stundum vísað til.<sup>95</sup> Varðandi þann hluta húsfólks sem býr stakt á bæ er raunar viðurkennt að það hafi

95 Eftirtektavert er í þessu sambandi að húsfólk hefur verið langflest að tiltölu á svæðinu frá Snæfellsnesi til N-Ísafjarðarsýslu þar sem bjargræði manna byggðist mjög á útræði. Líklegt er að húsfólk hafi hér oft verið notað í sömu merkingu og tótmúsfólk enda viðurkennt að „stundum geti verið erfitt að aðgreina þá [þ.e. húsmenn] frá tótmúsmönnum“ (Manntalið 1703, bls. 21). Staðfesting á slíkri orðanotkun fæst raunar við athugun á sóknarmannatölum og manntalinu 1762 yfir Reykjanessvæðið.



„verið til húsa hjá öðrum“.<sup>96</sup> Hans O. Hansen, sem annaðist úrvinnslu manntalsins 1729, efast líka mjög um réttmæti þeirrar flokkunar sem hafði verið fylgt gagnvart húsfólki í manntalinu 1703 þótt hann hylltist til að fylgja fordæminu til að auðvelda samanburð.<sup>97</sup>

Tölurnar yfir Ísland kalla á nokkrar athugasemdir; þær eru allbreytilegar eftir tímabilum en þegar tillit er tekið til hinnar skrykkjóttu fólksfjöldaþróunar á 18. öld koma sveiflurnar á meðalmannfjölda á heimili og hlutfalli óvandabundinna ekki á óvart. Fækkunin sem kemur fram undir þessum liðum 1729, miðað við 1703, samsvarar nokkurn veginn fólksfækkuninni sem varð í landinu á tímabilinu. Um miðjan sjötta tug aldarinnar – miðbik þess tímáskeiðs sem sóknarmannatölin níu ná yfir – var fólksfjöldinn í landinu hins vegar kominn langt með að ná sama stigi og 1703 (eða sem svarar 96%). Um leið hafa heimilin náð aftur álíka stærð að meðaltali og í upphafi tímabilsins.<sup>98</sup>

Að öðru leyti sýnir tafla 21 að íslensk heimili hafa verið að meðaltali u.þ.b. fjórðungi margmennari en heimili í grannlöndunum. Ennfremur er ljóst að mismunurinn stafar ekki af því að sjálfur fjölskyldukjarninn hafi verið stærri að jafnaði heldur af hinu að fleiri óvandabundnir komu á hvert heimili að meðaltali.<sup>99</sup> Í grannlöndunum telst aðeins fimmti hver heimilismaður hafa verið óvandabundinn húsráðanda en hér á landi var þriðjungur heimilisfólks í þeirri stöðu. Þar vege þyngst vinnuhjúin sem voru, eitt eða fleiri, á tveimur af hverjum þremur heimilum um miðbik 18. aldar, þ.e. miklu herra hlutfall en gerðist annars staðar.<sup>100</sup> Íslensk heimilisgerð hefur m.ö.o. verið mun „afturúrlegri“ en gerðist almennt í norðvestanverðri Evrópu á 18. öld ef metið er eftir mælistiku Ariès (sbr. *supra* bls. 45).

Sérkenni íslenskrar heimilisgerðar á þessu tímabili stendur í nánú sambandi við það sem áður segir um hjúskaparhlutföll hér á landi samanborið við grannlöndin (sbr. *supra* bls. 120). Hér voru meiri líkur en þar til þess að einstaklingarnir, einkum kvenfólkið, yrðu að þjóna öðrum fram yfir þrítugt sem vinnuhjú. Tafla 22 sýnir nánar hvernig þessu var háttað á Íslandi og í grannlöndum (sjá næstu bls.).

Skv. töflu 22 hafa um tvö af hverjum fimm vinnuhjúum hér á landi verið yfir þrítugt en aftur á móti tæplega eitt af hverjum fimm í samanburðarlöndunum. Áberandi er hve stór hluti vinnukvenna hefur verið á þessu aldursbili. Þegar

96 Ibid., loc. cit., – Slíkir einstaklingar ættu eðlilega að flokkast með þeim sem kallast „lodgers“ í enskum manntalsgögnum.

97 Manntal 1729, bls. 7.

98 Óbeinlínis bendir þetta til þess að prestaköllin níu, sem liggja dreift um Skálholtsstifti, gefi nokkuð rétta mynd af heildinni. Þannig ætti fjöldi heimila með vinnuhjú, sem hefur aðeins verið talinn eftir þessu „úrtaki“, að gefa almenna hugmynd um hlutfallslega útbreiðslu þeirra. Með hliðsjón af því að fjölskyldukjarninn 1748-63 er „eðlilega“ stór má ætla að þetta hlutfall sé ekki herra en svarar meðaltali á tímabilinu.

99 Á töflu 20 sést að á hvert heimili á Íslandi hafa ekki komið fleiri ættingjar (resident kin) en í grannlöndunum.

100 Næst koma að tiltölu niðursetningar sem voru á tæplega þriðja hverju heimili 1748 – 1763.

Tafla 22. Vinnuhjú 30 ára og eldri á Íslandi og í grannlöndum sem hlutfall allra vinnuhjúa á 18. öld

	Vinnu-	Vinnu-	Bæði kyn	
	menn	konur	Fjöldi	%
	%	%		
Ísland				
1703	37,5	51,8	8953	45,6
1729	25,0	48,7	1381	39,7
1749- 1763	36,4	42,3	390	40,2
Danmörk				
1787	18,7	14,6	1265	16,8
Noregur				
1801	10,2	21,5	1881	17,2
Svíþjóð*				
1780			147	18,4

\*Dalaprestakall í Dalarna.

Heimildir: (Ísland) 1703, Manntalið 1703, 48-49 (t.V.); 1729, Manntal 1729, 26-27 (t.9); 1748 – 63, Loftur Guttormsson: Op. cit., 170, bil. IV, og óprentuð gögn; (Danmörk) Johansen: Befolkningsudvikling og familiestruktur . . . , 158 (10.18); (Noregur) Drake: Op. cit., 214 – 19 (t.18); (Svíþjóð) Winberg: Op. cit., 207 (t.B:26).

Þess er gætt að auki að „börn húsráðenda“ voru að meðaltali mun eldri hér á landi en t.d. í Noregi,<sup>101</sup> er ljóst að íslenskur ungdómur hefur orðið að bíða í lengstu lög eftir því að losna undan foreldra- eða húsbóndavaldi.

Í þessu sambandi er vert að athuga nánar þau efnahagslegu og félagslegu skilyrði sem mörkuðu fólksfjöldaþróun og um leið ferli ungdómsins ólíkan farveg á 18. öld í þessum tveimur löndum Danakonungs, Íslandi og Noregi. Í síðarnefnda landinu varð mikil fólksfjölgun á tímabilinu eða um 72%<sup>102</sup> en Íslendingum fækkaði aftur á móti um 6,3%. Á sama tíma og byggð dróst hér saman af völdum harðæris og náttúruhamfara fjölgaði þar býlum í sjálfseign eða leiguábúð um 65,5%.<sup>103</sup> Fjölgunin varð með þeim hætti að ýmist voru stofnuð nýbýli á áður ónumdum svæðum, einkum í landinu norðanverðu, eða áður einsetnum jörðum var skipt milli tveggja ábúenda. Flest ný heimili urðu þó til með þeim hætti að

101 Hlutfall þeirra sem voru 20 ára og eldri nam hér 19,5% árið 1703 og 22,4% á árunum 1748 – 63 en ekki nema 10,7% í Noregi 1801, sjá sömu heimildir og fyrir töflu 22.

102 Íbúatala Noregs hefur verið áætluð 512 þús. árið 1701 en árið 1801 var hún 883 þús., sjá Dyrvik: Op. cit., 84.

103 Jensen: *Norges historie 1660 – 1814*, 103. – Hér á landi nam fækkun býla, að grasbýlum og þurra- búðum meðtöldum, á tímabilinu 1703 – 1801 um 3%, sjá Manntalið 1703, 21, og Skýrslur um landshagi 2, bls. 75.

skikar af bændajörðum voru fengnir „húsmönnum“ til ábýlis,<sup>104</sup> árið 1723 voru húsmannsheimili aðeins um 12 þús. en áttatíu árum síðar voru þau orðin nálega átta sinnum fleiri, þar af hafði allt að helmingurinn grasnyt.<sup>105</sup> Fyrir bónda gat það komið sér betur að láta jarðarskika af hendi við húsmann – sem auk gjalds í fríðu galt fyrir afnot hans með vinnuafli sínu og fjölskyldu sinnar á annatímum ársins – en að ráða vinnuhjú í hálfárs- eða heilsársvist.<sup>106</sup> Húsmennska eða vistráðning gat þannig verið raunverulegur valkostur fyrir marga bændur sem þurftu á aðfengnu vinnuafli að halda.

Generally speaking, there were relatively few servants in the districts where the number of cotters [p.e. húsmanna] was relatively high. The percentage of servants varied from 6,5 to 21 from one district to another.<sup>107</sup>

Í formi húsmennsku hafði þannig myndast í Noregi um aldamótin 1800 geysifjölmenn lágstétt er þjónaði um margt sömu bændahagsmunum og vinnuhjúin.<sup>108</sup> Réttarstaða þeirra var miklu lakari og ótryggari en leiguliða (leiglendinga) en að tvennu leyti voru þeir betur settir en vinnufólk: þeir voru yfirleitt húsráðendur og gátu ráðstafað vinnuafli sínu að hluta í þágu eigin fjölskylduframfærslu.<sup>109</sup> Aftur á móti voru vinnuhjú:

hired for a year or six months, and they were much more dependent on the landlord than were the cotters. They belonged to his household and were under his authority, not only in their workhours. They lived in his house, most often in one of the side-houses . . . Only very seldom could the servants marry and have a family.<sup>110</sup>

Félagsleg staða vinnuhjúa í Noregi og á Íslandi hefur skv. þessu verið mjög áþekkt (sbr. *supra* bls. 84); aðeins hlutu miklu fleiri af hverri íslenskri kynslóð að una hlutskipti hjúsins alla starfsævi sína og útilokast þar með frá því að geta nokkurn tíma ráðið húsi og eignast skilgetin börn. Þveröfugt við það sem gerðist í Noregi á þessu tímabili varð hjúskapur hérlendis enn bundnari við búskap á lögbýlum en verið hafði í upphafi 18. aldar; undir lok aldarinnar höfðu hjáleigumenn mjög

104 Dyrvik: Op. cit., 103-13; – Að dómi höf. varð „husmannsvesenet den andre hovedløsningen på 1700-tallets spenning mellom voksende befolkning og stillstående næringsstruktur“ (bls. 138).

105 Jensen: Op. cit., 103.

106 Dyrvik: Op. cit., 134-38.

107 Grønseth: „Notes on the historical development of the relation between nuclear family, kinship system and the wider social structure in Norway,“ í Hill og König (rits.), *Families in East and West*, 236-39.

108 Húsmannsheimili voru allt að því jafnmörg og bændahaimili þótt heimilisfólk væri aðeins 3/5 af fjölda heimilisfólks á bóndabýlum. Meðalstærð húsmannsheimila var m.ö.o. 3,23 á móti 5,19 hjá bændum (sbr. tafla 21).

109 Varðandi réttarstöðu húsmanna, sjá Jensen: Op. cit., 97-102, og Dyrvik: Op. cit., 399-401.

110 Tilvitnun í S. Steen hjá Grønseth: Art. cit., 239. – Af öllum vinnumönnum 10 ára og eldri í sveita-héruðum landsins árið 1801 voru aðeins 4% kvæntir.

týnt tölunni.<sup>111</sup> Þessi þróun mun að nokkru leyti hafa fylgt fólksfækkuninni, ekki síst í kjölfar Móðuharðindanna. Þá hefur jarðeigendum verið meira í mun að byggja auðar lögbýlisjarðir en hjáleigur. Þetta þýðir jafnframt að á fólksklu-tímum hafa sveitabændur orðið að styðjast fyrst og fremst við það aðfengna vinnuafli sem vinnuhjú létu í té.

Miðað við þarfir bændastéttarinnar fyrir slíkt vinnuafli hefur 18. öldin í heild verið fólksklu-tímabil. Til vitnis um það eru m.a. siendurteknar umkvartanir málsvara hennar yfir skorti á vinnufólki.<sup>112</sup> Einna háværarstar hafa þær orðið eftir mannfellisskeiðin þegar losnaði um margar jarðir og margt vinnufólk fékk aðstöðu til að stofna bú og ganga í hjónaband.<sup>113</sup> Á seinni helmingi 18. aldar brugðust stjórnvöld við þessum vanda með því að leggja grunn að fólksfjölgunarstefnu svo sem fram kemur m.a. í erindisbréfi landsnefndarinnar 1770.<sup>114</sup> Helstu ráðin sem beita skyldi í þessu skyni voru skipting stórrjarða og viðreisn eyðibýla. Um síðarnefnda atriðið voru þeir áhrifamenn sem nefndin leitaði álitshjá nokkurn veginn sammála. Það er hins vegar athyglisvert að hinn upplýsti búaugðismaður, Ólafur Ólavíus, taldi að fjölgun eyðibýla á 18. öld stafaði ekki síður af manna en af náttúrunnar völdum; álasaði hann eigendum og ábúendum á aðalbýlum fyrir vanhvirðu og „kapp þeirra að hafa stærri áhöfn en hinar niðurníddu jarðir þeirra gátu borið, og því lögðu þeir hjáleigurnar smám saman niður“.<sup>115</sup> Sama skoðun kom fram í álitserðum nokkurra sýslumanna sem bárust landsnefndinni: þeir sökuðu jarðeigendur um sérgæsku eða hirðuleysi, þeir þæfðust gegn því að stórrjörðum væri skipt milli fleiri ábúenda og gæði þeirra þannig nýtt betur.<sup>116</sup> Jarðeigendur, að Skálholtsbiskupi meðtöldum, brugðust líka neikvætt við hugmyndum stjórnvalda um eflingu „húsmannastéttar“ til að ráða fram úr vinnuhjúaeklu. Í álitserð Finns biskups segir þannig:

Det samme vilde jeg sagt have om Husmænds Nedsettelse paa store Gaarders Grund til at arbeide for Gaardens Beboere til at spare hans Folkehold. Thi naar disse Husmænd

- 111 Fækkun hjáleigumanna verður ekki metin að svo stöddu eftir fjölda húsráðenda þar sem hann hefur ekki verið reiknaður eftir manntalinu 1801; en sé miðað við heimilisfólk, að vinnufólki frá-töldu, á býlum hjáleigumanna hefur fækkunin numið um 67%.
- 112 Jón Eiríksson hefur niðurstöður manntalsins 1769, nánar tiltekið hlutfallið milli giftra og ógiftra 9 ára og eldri, til sanninda um „hvílikur skortur er á vinnufólki til að stunda atvinnuvegina sæmilega“ (Ólafur Ólavíus: Op. cit., 2, bls. 254). Og að dómi Skúla Magnússonar 1784 var „vinnufólksleysið aðalmei landbúnaðarins, bændur hafa ekki nándar nærri nóg vinnufólk til að halda jörðunum í sæmilegri rækt“ (Þorvaldur Thoroddsen: Lýsing Íslands 4, bls. 329).
- 113 Sbr. *supra* bls. 111. Þannig má ætla að tilviljun hafi ekki ráðið tímasetningu alþingissamþykktarinnar um lausamenn og vinnuhjú eða húsatilskipunarinnar (sbr. *supra* bls. 70); báðar komu í kjölfar sveifluhæðar á giftingartíðinni (þ.e. eftir 1709 og 1740).
- 114 „Instruction for den islandske Landcommission“, 1. gr., 3 gr. a og d. Lovs. for Isl. 3, bls. 665 o. áfr.
- 115 Ólafur Ólavíus: Op. cit., 2, bls. 145.
- 116 *Landsnefndin 1770 – 71*, 2, bls. 229, 272. – Andstaða stórrjarðeigenda við þessari ráðagerð kom fram bæði í álitserð Finns Jónssonar biskups og Ólafs Stephensen amtmanns, sjá *ibid.*, 1, bls. 74-75 og 227-28.

ikke arbejder for sig selv saa kand de ikke heller forsorge sig og sin Familie, hvor for det vil komme paa Husbonden og falde hannem langt kostbarere end at underholde ordinaire Tieneste Folk.<sup>117</sup>

Miðað við vinnuafslparfir bændastéttarinnar í heild er óhætt að segja að afstaða jarðeigenda hafi verið dálítið mótsagnakennd; að sögn Finns biskups var vist-ráðið vinnufólk ódýrasti kosturinn en hann útilokaði jafnframt, að öðru jöfnu, að giftingarhlutfall hækkaði, fólki fjölgaði að sama skapi þannig að drægi með tímanum úr vinnuhjúaeklu. Raunar má ætla að þessi ekla hafi ekki komið svo mjög við sjálfa jarðeigendurna sem bændur í leiguabúð. Sökum frumstæðrar framleiðslu-tækni, sem og kunnáttu- og framtaksleysis, þörfnuðust þeir meira vinnuafsl en ætla hefði mátt eftir búsaðhöfn þeirra sem var einatt furðulítilfjörleg.<sup>118</sup>

Við þessar aðstæður varð hver að toga það til sín af vinnufólki sem hann var maður til. Sérstaklega áberandi er reipdráttur sveitabænda og sjávarbænda er áttu mest undir sér á Reykjanesi, Snæfellsnesi og á Vestfjörðum.<sup>119</sup> Sjávarbændur gáfu hinum fyrrnefndu ekki neitt eftir í umkvörtunum yfir skorti á fólki – til að manna báta sína til fiskveiða.<sup>120</sup> Kvartanir þeirra urðu háværari upp úr 1760 þegar “Compagniet” (Almenna verslunarfélagið) tók að hvetja menn með verðlaunum að smíða stærri báta og herða sjósókn<sup>121</sup> enda var það eitt af verkefnum landsnefndarinnar að finna úrræði til að unnt yrði að svara aukinni spurn eftir bátsmönnum í helstu verstöðvum landsins. Þessi úrræði hlutu að koma niður á sveitabændum, a.m.k. sunnan- og vestanlands: þeir höfðu löngum reynt með hjálp yfirvalda að sporna við „flakki“ fólks sem vildi leita til helstu fiskiveranna í bjargarleit eða til þess að losna undan húsaga sveitanna.<sup>122</sup> Í álitgerð sinni til landsnefndarinnar lýsti Ólafur Stephensen amtmaður þessari hagsmunastreitu frá sjónarmiði sveitarhöfðingjans og búaugðismannsins á eftirfarandi hátt:

Island fattes frem for dem Folk, Formue og Anstalter til at kunde dyrke Jorden som det burte. Men det som allermeest har herudi været til Hinder siden dette 100 Aars Begyndelse, er Mandskabets stærke Fiskeries Søgning, som Aar efter andet tiltager, mest siiden 1755. Compagnierene har . . . lokket dem [p.e. Indbyggerne] fra Landet til Söen, og

117 Finnur Jónsson: „Anmærkninger over Hr Hr Hr Land Commissariernes Instruction“, í *ibid.*, 1, bls. 75. – Minna má á í þessu sambandi að Gísli Magnússon Hólabiskup setti fram kröfu um að eignalitlu fólki yrði torvelað að festa ráð sitt með því að það yrði að fullnægja skilyrði um lágmarkseign til þess að hljóta hjónavígslu, sjá *ibid.*, 1, bls. 135.

118 Ólafi Olavíusi, sem kynntist náðið búskaparháttum landsmanna á áttunda áratug aldarinnar, runnu mjög til rifja léleg vinnuafköst sem hann rakti til skipulagsleysis og vankunnáttu bænda, sjá *op. cit.*, 1, bls. 281 – 83, og 2, bls. 35-36 og 134-35.

119 Gísli Gunnarsson: *Economic Stagnation and Monopoly Trade in Iceland*, 48-53.

120 Landsnefndin 1770 – 71, 2, bls. 67-68, 200, 209, 225-226; Þorv. Thoroddsen: *Op. cit.*, 4, bls. 329.

121 Landsnefndin 1770 – 71, 1, bls. 203; 2, bls. 69-71, 117. – Aukin sjósókn um þetta leyti var eðlilegur fylgifiskur fjársýkinnar, „den største Skade landet har nogensinde paafalden“ (Ólafur Stephensen: „Betæknninger om Island“, í *ibid.* 1, bls. 216).

122 Með alþingissamþykkt 1679 hafði þurrabúðarmönnum (tómthúsmönnum) verið leyft í fyrsta sinn að ala önn fyrir sér og sínum í þurrabúð við sjó, gegn því skilyrði að þeir reru á skipum bænda, sjá Lovs. for Isl. 2, bls. 376.

Indbyggerne har selv synst, at de kunde fortjene meere ved Fiskeriet end Landvæsenet, som ikke har faaet nær saa stoer Opmuntring.<sup>123</sup>

Á sama tíma og hjáleigumönnum fór fækkandi fjölgaði nú öreiga tómthús-  
mönnum og lausamönnum við sjávarsíðuna: frá sjónarhóli búauðgismanna var  
slík þróun skaðsamleg bæði í efnahagslegum og siðferðilegum skilningi.<sup>124</sup> Hags-  
munir sveitabænda réðu því síðan að blátt bann var lagt við lausamennsku árið  
1783 á þeim forsendum að:

. . . disse Folk ei tage stadig Tjeneste hos Bonden, men leie derimod deres  
Arbeide . . . imod saa høi og overdreven Løn, at Bonden derved udsues, hvorved til-  
lige foraarsages Mangel paa ordentlig og stadige Tjenestefolk.<sup>125</sup>

Viðbótarröksemd fyrir lausamenskubanni var sú að lausamenn lifðu mestan  
part í iðjuleysi og „eenlig Stand, hvorved baade Folkets Formerelse hindres og de  
selv paa deres Alderdom blive Landet og de Fattige Casse til Besvær“.<sup>126</sup> Með til-  
skipuninni var öllum lausamönnum, hvort sem þeir hefðu heimildarbréf frá yfir-  
völdum eða eigi, boðið að ráðast í ársvist hjá bændum – eða leigja jarðarparta,  
hjáleigur ellegar reisa við eyðijarðir;<sup>127</sup> aðeins húsfólki bænda og hjáleigu-  
mönnum við sjávarsíðuna skyldi leyfast að vinna fyrir daglaun, svo og þeim er  
sýslumaður reyndist ófær um að útvega jarðnæði til ábúðar eða ársvist. Þá var einn-  
ig gert fyllra ákvæði húsaगतilskipunarinnar um þjónustuskyldu bóndabarna í  
heimahúsum (sbr. *supra* bls. 101). Foreldrar máttu ekki halda sonum sínum  
heima lengur en til 18 ára aldurs;

þá skulu þeir vista sig hjá öðrum, nema svo sje, að þeir þjóni hjá foreldrunum fyrir kaup  
og fæði, eins og annað vinnufólk; og mega þá ekki fleiri vera heima þar, en til fyrirvinnu  
þarf á bæ þeirra.<sup>128</sup>

123 Landsnefndin 1770-71, 1, bls. 203.

124 Ólafur Ólavíus færir efnahagsleg rök fyrir skaðsemi þess að ungir menn í Húnaþingi „vildu ekki  
ráðast í vinnumennsku heldur þyrptust vestur undir Jökul“ þar sem þeir „hefðu miklu herra kaup  
sem lausamenn en í vinnumennsku hjá bændum“. (Ferðabók 1, bls. 280-82.) Þorvaldur Thor-  
oddsen endurómar hins vegar siðferðilega vandlætingu sveitabænda með ummælum sínum:  
„ . . . sérstaklega stóðu mikil vandræði af þessum lýð á 18. öld“ (op. cit., 331). Sjá einnig *infra* bls.  
130.

125 „Forordning ang. Lösemænd paa Island“. Lovs. for Isl. 4, bls. 683, birt að hluta á íslensku í Laga-  
safni handa alþýðu 1, bls. 96-97.

126 Ibid., loc. cit.

127 Tilskipunin táknaði afturkast frá alþingissamþykktinni 1722 sem veitti mönnum skilyrta heimild til  
lausamennsku, þ.e. ef þeir ættu lágmarkseign tíundarskylda í dauðu og ' viku fé (10 hdr.) og gætu  
sannað að þeir hefðu boðið bændum vist sína gegn sanngjörnu gjaldi, sjá Alþb. Ísl. 10, bls. 558. –  
Þorvaldur Thoroddsen telur raunar að fáir embættismenn hafi fylgt tilskipuninni sem var  
„heimskulega hörð“ (op. cit., 342); allt um það lýsir hún vel vilja yfirvalda og það skiptir mestu  
máli í þessu samhengi.

128 „Tilskipun, sem bannar lausamenn á Íslandi, ásamt fleiru“, 7. gr. Lagasafn handa alþýðu, 1, bls.  
97. – Þessi ákvæði voru mjög samhljóða þeim er sett höfðu verið í Noregi 1754 þess efnis að „alle  
af bondestanden både mands- og quindes-personer, som ei bruge gårde eller husmands-pladse,  
skulle være forbundne at fæste sig i årlig tjeneste, og ei være tilladte at arbeide for dagløn“. (Til-  
vitnun hjá Dyrvik: Op. cit., 401.) Enginn bóndi mátti halda heima fleiri börnum 18 ára og eldri en  
naudsýnlegt væri fyrir búreksturinn. Athyglisvert er að sýslumaður Norðmýlinga, Pétur Þorsteins-

Öll þessi lagasetning hneig að því að tryggja bændum nægilegt og ódýrt vinnu-  
afl. En að sögn Magnúsar Stephensen dómstjóra gátu menn enn sniðgengið lausa-  
mennskubannið undir yfirskyni tómthúsmennsku: gagnstætt anda laganna frá  
1783 hefði ungt, ókvongað fólk komist í tómthúsmennsku sem var „eintóm og  
óleyfileg lausamennska.“<sup>129</sup> Margur vinnudrengur hefði þar með útvegað sér  
grasnyt fyrir sex ær og færri fengist í vistir að sama skapi. Af þessum sökum hafi  
tómthús- og þurrbúðarlíf verið fleirum framvegis fyrirboðið með konunglegri  
skipun árið 1808.<sup>130</sup> Skv. henni var húsmennska við sjávarsíðuna aðeins leyfð með  
því móti að húsinu fylgdi grasnyt fyrir eina kú eða sex ær ásamt kálgarðsstæði. Þar  
með var ákveðið að grashúsmennsku þurfti til að komast í „búenda tølu, og ødlast  
þeirra rétt“.<sup>131</sup>

Bannið við tómthús- og lausamennsku var ekki aðeins hugsað sem ráð til að  
bæta úr vinnuhjúæklelu bænda heldur og til að létta á framfærslubyrði hreppsúa.  
Rétt til framfærslu á vegum hreppsins gátu menn nú ødlast því aðeins að þeir  
hefðu búið þar við umrædda grashúsmennsku í tuttugu ár. Þetta átti að koma í  
veg fyrir að sjópláss „undirokuðust af flóttamönnum“.<sup>132</sup> Í skýringum Magnúsar  
dómstjóra fyrir hinni nýju löggjöf 1808 koma skýrt fram hagsmunasjónarmið  
sveitarhöfðingjans, blandin siðferðilegri vandlætingu:

Nærst straffsverdri og bygdur útarmandi *Lausamennsku*, hefir tómthús- og þurrabuda-  
fólks líf, um aldur og æfi, þókt hid skadvænlegasta landinu. Svipull sjáfarabli hefir leidd  
margann í tóma kofa, til að eyða þar dögum og mánudum saman í ómennsku, ala upp  
við sømu, og óþrifnað, já allopt óknytti, fjölmennann ungdóm, er fátt gagnlegt eða gott  
lærði . . . ungdómur þessi sjálfur [vard], vegna misjafns uppeldis, einhvörr enn lakasti  
og óbjargvænlegasti landsins.<sup>133</sup>

Þessi harði áfellsdómur dómstjórans yfir uppeldisaðstæðum sjávarplássanna  
minnir á að engin tilviljun réð því að til skólahalds skyldi fyrst stofnað héraendis  
í slíkum plássum þegar leið á 19. öld: að því verður vikið nánar síðar (sbr. *infra*  
bls. 205). En með almennum orðum má segja að lagasetningin báðum megin alda-  
mótanna beri vott um þráláta viðleitni embættismanna og sveitarhöfðingja til að  
halda hefðbundinni þjóðfélagsgerð í skorðum, einkum með því að girða fyrir

son, óskaði eftir því, í álitserð sinni til landsnefndarinnar 1771, að þessi tilskipun yrði lögleidd hér  
á landi, sjá Landsnefndin 1770–71 2, bls. 238.

129 Magnús Stephensen: *Hentug Handbók fyrir hvørn Mann*, 101. – Sjá einnig Guðmundur Jónsson:  
*Vinnuhjú á 19. öld*, 17–18. Að sögn höf. höfðu „margir útvegsbændur menn hjá sér í sýndarvistum  
til þess að geta mannað báta sína á vertíðum“. Ólögleg lausamennska mun þó fyrst hafa ágerst að  
marki þegar leið á 19. öld, sjá *ibid.*, 61.

130 Magnús Stephensen: *Op. cit.*, 101. – Sjá nánar „Kgl. Resolution ang. Foranstaltninger i Island“  
(21. júlí 1808). *Lovs. for Isl.* 7, bls. 192.

131 Magnús Stephensen: *Op. cit.*, 101 g.

132 *Ibid.*, loc. cit. – Sjá einnig Gísli Gunnarsson: *Nuptiality and Fertility . . .*, 12–14, þar sem ræðir  
um þessa ástæðu fyrir andstöðu yfirvalda gegn heimilisstofnun fátæklinga.

133 *Ibid.*, 100.

myndun þéttbýlis við sjávarsíðuna er drægi til sín vinnuafli úr sveitum.<sup>134</sup> Hið hefðbundna kerfi studdist m.a. við verslunarhætti einokunarskipulagsins<sup>135</sup> og aldagamlar venjur um verðlag í innanlandsviðskiptum, þ.e. hinum íslenska landaurabúskap, sem skráðar voru í Búalögum.<sup>136</sup> Á svipaðan hátt hafði löngum verið reynt að binda kaupgjald vinnuhjúa, með alþingisdómum ellegar lagasetningu, til þess að fyrirbyggja samkeppni og kauphækkanir sem hún kynni að valda.<sup>137</sup> En sökum mikilla sveiflna á framboði vinnufólks hafði reynst ókleift að halda kaupgjaldinu jafn stöðugu og landauraverðinu: það hafði ekki aðeins tekið umtalsverðum breytingum í tímans rás heldur var það einnig allmisjafnt eftir landshlutum á sama tíma.<sup>138</sup> Um 1770 voru valdsmenn enn trúaðir á að afstýra mætti samkeppni um vinnuaflið og eyða misræmi í kaupgjaldi og viðurgerningi „med een Politie Anordning over heele landet, hvor j alt sædvanlig Arbeide og Føde blev fastsatt og taxerit.“<sup>139</sup>

Fastheldni á vistarbandið og viðleitni yfirvalda til að færa það á sem flesta, sem bjuggu á annað borð ekki við grasnyt, var önnur leið að sama marki. Með vistarbandsstefnunni hömluðu yfirvöld gegn því að tækifæri gæfust til að stofna fleiri fjölskylduheimili en fjöldi byggilegra grasbýla sagði til um hverju sinni. Þannig gildi sú regla langt fram á 19. öld að drjúgur hluti barna hinna fátækari bænda varð að eyða bestu árum ævi sinnar, ef ekki ævinni allri, án þess að verða fullveðja í félagslegum skilningi; því eins og áður er lýst kom fjölskyldustofnun tæpast til greina nema aðgangur fengist að jarðnæði. Nokkur hluti vinnufólks, einkum vinnukvenna, hreppti m.ö.o. hlutskipti ævihjúa. Slíku hlutskipti fylgdi ófrjósemi í félagslegum skilningi nema því aðeins að hjú, sem eyddu ævinni í vinnu-mennsku, eignuðust börn utan hjónabands. Þótt slíkt hafi ekki verið óalgengt<sup>140</sup>,

134 Gísli Ágúst Gunnlaugsson: *Ómagar og utangarðsfólk*, 39-44. Höf. greinir m.a. frá róttækum aðgerðum bæjaryfirvalda í Reykjavík 1804–07 til að bægja frá kaupstaðnum réttláusu utansveitarfólki. Brottvísun þess endurtók sig síðan oft á 19. öld.

135 Danska einokunarverslunin á Íslandi hefur verið kölluð „the prerequisite for the continued existence (sic!) of Iceland’s archaic socio-economic structure . . . through its price system it made capital accumulation in fishing more or less impossible“. (Gísli Gunnarsson: *A Study of Causal Relations in Climate and History*, 15.)

136 Þetta kerfi var í eðli sínu afar íhaldssamt enda tiltölulega ónæmt fyrir verðsveiflum í utanríkisversluninni, sjá Gísli Gunnarsson: „Landskuld í mjöli og verð þess frá 15. til 18. aldar“. *Saga* 18 (1980), 31-36.

137 Þorvaldur Thoroddsen: Op. cit., 299-327. – „Bessastaðapóstar“, alþingissamþykktin frá 1722 og húsagatilskipun (sbr. *supra* bls. 70) geyma t.d. ákvæði um slíka kaupbindingu.

138 Ibid., 325, þar sem byggt er á Ferðabók Eggerts Ólafssonar.

139 Hans Wium: „Tienstskyldigste Besvarelse paa de fra . . . Kongl. Commissarier forelagte Spørsmaal“. Landsnefndin 1770–71, 2, bls. 267. – Til marks um nauðsyn kaupbindingar hafði höf. að „den eene practicerer fra den anden hanzz Tienestefolk med Caresser og Hykleri og omgaes der med som staaene Koster, saa den som saaledis kand best smigre, beholder Seyeren“.

140 Á síðasta fjórðungi 18. aldar mun hlutfall óskilgetinna af öllum fæddum (illegitimacy ratio) hafa verið innan við 10% (sbr. *supra* bls. 120, t.19) en fór síðan hækkandi fram undir lok 19. aldar, sjá Gísli Gunnarsson: *Fertility and Nuptiality . . .*, 23 (t.5). Höf. sýnir fram á náð samband milli hins lága giftingarhlutfalls og hins háa óskilgetnihlutfalls á Íslandi, samanborið við önnur Evrópulönd (bls. 28-38). Hið síðarnefnda þýddi hins vegar ekki að frjósemi kvenna utan hjónabands



vantaði mikið á að vinnuhjúastéttin viðhaldi sjálfri sér, þ.e. að börn vinnuhjúanna, sem voru flest óskilgetin, næðu að fylla skörð ævihjúanna eftir því sem þau „dóu út“ með hverri kynslóð. Til viðbótar hefur þurft stöðugt aðstreymi bændabarna sem lentu þá neðar í þjóðfélagsstiganum en foreldrarnir og héldust þar svo lengi sem þeim tókst ekki að festa ráð sitt.

Vegna tilvistar hins „félagslega ófrjóa“ hluta þegnanna er ljóst að hneigð til hreyfanleika niður á við hefur verið ígróin hinu hefðbundna þjóðfélagskerfi hér á landi.<sup>141</sup> Í þessum skilningi hrærðist kerfið í eins konar vítahring: með því að útiloka nokkurn hluta kvenna frá því að leggja sitt af mörkum til viðhalds eða fjölgunar fólkstölunni varð varanlegur skortur á vinnuafli sem bændur kvörtuðu löngum undan. En að sama skapi og „félagslega frjóar“ konur voru færri að tiltölu hefur barneignabyrðin lagst á þær af óvenjumiklum þunga. Ætla má að þessar aðstæður hafi haft sín áhrif á ríkjandi viðhorf til barna og barnauppeldis; að því verður vikið m.a. í næsta kafla.

---

(illegitimacy fertility rate) væri tiltakanlega mikii. En sennilegt er að „the high number of female servants and paupers were mainly responsible for procuring the illegitimate children“ (bls. 18).

141 Þessi sjónarmið reifaði Helgi Skúli Kjartansson í fyrirlestri á aðalfundi Sögufélagsins 1980 undir heitinu „Húsbændur og hjú í fólksfjöldasögu Íslands“.

# MEÐHÖNDLUN BARNNA OG ALDURS- FLOKKUN Á ÍSLANDI

Í undanfarandi kafla var staldrað við ýmis einkenni hefðbundins þjóðfélagskerfis hér á landi, einkum þau sem lúta að heimilisgerð og stöðuskipan. Út frá þessu kerfissjónarmiði verður nú reynt að nálgast einstaklingsviðhorfið þar sem spurningar um merkingu umræddra fyrirbæra færast í forgrunninn. Hvað merkti það að vera foreldri, eignast börn og ala þau upp við íslenskar aðstæður fyrr á tíð? Slíkar spurningar mætti nálgast eftir sálfræði- eða félagssálfræðilegum leiðum<sup>1</sup> en hér verður stuðst við það félagssögulega sjónarhorn sem markað var í upphafi: með því að rekja nánar nokkra lýðfræðilega þætti hins hefðbundna þjóðfélagskerfis verður reynt að leiða líkur að því hver voru ríkjandi viðhorf til barna og barnaupveldis, svo og aldursflokkunar yfirleitt. Með skírskotun til hins evrópska bakgrunns sem lýst var í fyrsta kafla, verður athugað í hverju uppeldi á Íslandi fylgdi almennu sniði samtímans eða að hvaða leyti það má kallast sérkennilegt. Loks verður svipast um eftir hérlendum teiknum um breytt viðhorf til barnaupveldis, í anda upplýsingarinnar, um það bil er leið að lokum einveldisaldar.

## Barneignir og ungbarnaeldi

Eins og áður er komið fram var hið lága giftingarhlutfall kvenna mjög einkennandi fyrir íslenska samfélagsgerð fram eftir 19. öld (sbr. *supra* bls. 114, t. 16). Þrátt fyrir þetta var fæðingartíðni á Íslandi ekki lægri en gerðist í grannlöndunum svo sem sjá má í töflu 23.

Tafla 23. Fæðingarhlutfall á Íslandi og grannlöndum 1735 – 1850

	1735–1800	1801–1850
	‰	‰
Ísland	32,1	35,1
Danmörk	30,8	30,9
Noregur	33,0	30,4
Svíþjóð	33,6	32,3
England	35,4	37,9

1 Auk áður ívitnaðra rita eftir E.H. Erikson og D. Hunt, sjá Marwick: „Nature Versus Nurture: Patterns and Trends in Seventeenth Century French Child-rearing“, í de Mause (rits.), op. cit., 259-301.

Heimildir: 1735–1800, Gille: „The Demographic History of the Nordic Countries in the 18th Century“. *Population Studies* 3 (1, 1949), 30 (t.9); (England) Wrigley og Schofield: Op cit., 528-29 (t.A 3,1); 1801–1850, (Ísland) Tölfræðihandbók 1974, 12-13 (t.II-2); (Danmörk) Johansen: En samfundsorganisation i opbrud 1700–1870 (bil.IV); (Noregur) Drake: Op. cit., 186-87 (t.5); (Svíþjóð) Historisk statistik för Sverige. Del 1, 88-89 (t.28).

Pegar fæðingarhlutfallið er borið saman við hlutfall giftra kvenna í umræddum löndum, blasir við sú almenna niðurstaða að íslenskar konur í hjónabandi hafa verið frjósamari en stöllum þeirra í grannlöndunum.<sup>2</sup> En gleggri vitneskja um frjósemina fæst með því að athuga hana í ljósi skiptingar kvenna á barn eignaskeiði í 5 ára aldursflokka. Hvað Ísland varðar eru tölulegar upplýsingar um þetta atriði ekki tiltækar fyrir 18. öld, hinar elstu taka til árabilsins 1856–60. En ástæða er til að ætla að þær sýni ekki ósvipaða niðurstöðu og fengist við úrvinnslu gagna úr prestspjónustubókum frá síðari helmingi 18. aldar.<sup>3</sup> Skv. töflu 23 hefur fæðingartalan verið nokkru hærri á síðara tímabilinu en sá mismunur mun varla rýra að ráði yfirfærslugildi talnanna frá miðri 19. öld fyrir fyrra tímabilið, þar sem óskilgetnihlutfallið var mun hærra 1801–50 (sbr. *supra* bls. 120, tafla 19).<sup>4</sup> Þar að auki benda a.m.k. dæmi Svíþjóðar og þó einkum Englands til þess að frjósemi kvenna í hjónabandi hafi haldist lítt breytt langtímum saman fyrir upphaf iðnvæð-

Tafla 24. Aldursbundin frjósemi kvenna í hjónabandi á Íslandi og í grannlöndum 1733–1860

Landsvæði	Árabil	Lifandi fædd börn pr. 1000 „hjúskaparár“				
		20–24 ára	25–29 ára	30–34 ára	35–39 ára	40–44 ára
Ísland						
Allt	1856–1860	555	550	408	360	181
Danmörk						
26 sveitasóknir	1760–1801	495	415	358	326	181
Noregur						
3 sóknir*	1715–1843	467	396	337	277	175
Svíþjóð						
Öll	1776–1800	467	382	323	224	121
England						
12 sóknir	1750–1799	411	338	283	234	118

\*Þessar sóknir eru: Etne 1715–1843, Ullensaker 1733–1843 og Rendalen 1733–1828. Tölurnar sýna meðaltal sóknanna þriggja án tillits til mismunandi fjölda sóknarmanna.

2 Þessi niðurstaða stendur óhögguð þótt tekið sé tillit til þess að óskilgetnihlutfall hérlendis var allt að þriðjungu til helmingi herra en í samanburðarlöndunum, sjá Gísli Gunnarsson: Nuptiality and Fertility . . . 23 (t.6); Johansen: En samfundsorganisation i opbrud 1700–1870, 67 (t.7); Laslett: „Longterm Trends in Bastardy in England“, í *Illicite Love* . . . , 119 (mynd 3.3) og 156-57 (Append. 2).

3 Slík rannsókn er nú í gangi en tölulegar niðurstöður liggja ekki enn fyrir.

4 Hér við bætist að giftingarhlutfall kvenna 20 ára og eldri mun hafa verið eitthvað herra á síðara tímabilinu (sbr. *supra* bls. 109, t.13).

Heimildir: (Ísland) Skýrslur um landshagi 1, bls. 470; 2, bls. 3, 229, 355, 575; 3, bls. 152, 191; (Danmörk) Johansen: *Befolkning og familiestruktur* . . . , 112 (t.128.); (Noregur) Etne, Dyrvik: „Historical Demography in Norway 1660–1801“. *Scandinavian Economic History Review* 20 (1972), 39 (t.3); Halvorsen og Indseth: *Befolkningsudviklingen i Ullensaker 1733–1845*, bls. 118 (t.III 5.); Sogner: *Op. cit.*, 346 (t. 65 a); (Svíþjóð) Hofsten og Lundström: *Swedish Population History*, 30 (t.2.3); (England) Wrigley og Schofield: *Op. cit.*, 254 (t.7.25) og 248 (upplýsingar um sóknirnar 12).

ingar.<sup>5</sup> Þrátt fyrir tímabilsmuninn sem kemur fram í töflu 24 milli Íslands og grannlandanna ættu því tölurnar að vera nokkurn veginn samanburðarhæfar.

Samanburður sýnir mesta frjósemi hjá íslenskum konum í öllum aldursflokkum fram að fertugu; næst þeim komast danskar eiginkonur. Rétt er að leggja mest upp úr mismuninum á frjósemi aldursflokka 25–34 ára: giftar mæður á þessu aldursbili ólu 57,6% allra barna á Íslandi um miðbik 19. aldar.<sup>6</sup> Frjósemin hjá þessum tveimur aldursflokkum merkir að giftar mæður á Íslandi hafa að jafnaði alið barn liðlega annaðhvert ár en hjá stöllum þeirra í Noregi og Svíþjóð hafa hins vegar liðið hátt í þrjú ár milli fæðinga.<sup>7</sup>

Með hliðsjón af hinni aldursbundnu frjósemi má fara nærri um hve mörg börn giftar konur hafi eignast að meðaltali ef miðað er við tiltekinn giftingaraldur. Kona sem giftist t.d. 27 ára, þ.e. nálægt áætluðum meðalgiftingaraldri kvenna við fyrstu hjónavígslu hér á landi, hefði skv. meðaltalsreglunni eignast 6–7 börn fram að 44 ára aldri<sup>8</sup> en norsk stallsystir hennar hefði aftur á móti sloppið með 5,2 börn og hin enska með 4,2 börn.<sup>9</sup> Hvað sem annars má segja um gildi slíks líkindareiknings, sýnir hann þó svart á hvítu að bil milli fæðinga hefur allajafnan verið áberandi styttra (eða m.ö.o. fæðingar tíðari) hjá íslenskum eiginkonum en hjá stöllum þeirra í grannlöndunum.

Nú segir það sig sjálft, þegar myndun einstakra fjölskyldna er rakin eftir heimildum, að nánast hver og ein sýnir sérkenni eða frávik frá meðaltali enda reynist

5 Wrigley og Schofield: *Op. cit.*, 254 (t. 7.25); *Historisk statistik för Sverige. Del 1*, 106 (t. 35). – Skýlt er að geta þess að miðað við aldursbundna frjósemi kvenna í hjónabandi, sem hefur áður verið reiknuð út fyrir árabilið 1856–65 (sjá *Tölfræðihandbók* 1974, bls. 48 (t. II-43) sýnir útreikningur minn fyrir fyrri helming þess (1856–60) talsverð frábrigði frá meðaltali aldursflokka 20-24 ára (555/619 að meðaltali) og 25-29 ára (550/447 að meðaltali). Bendir þetta til allmikilla sveiflna sem verða ekki skýrðar án frekari könnunar á giftingaraldri og giftingarhlutfalli hvors helmings árabilsins um sig.

6 Loftur Guttormsson: „Barnaeldi, ungbarnadaudi og viðkoma á Íslandi 1750–1860“ (skammst. hér á eftir L.G.: „Barnaeldi . . . “), í *Afmælisrit helgað Matthíasi Jónassyni áttæðum*, 152 (t.8). – Ef næsti aldursflokkurinn, 35-39 ára, er talinn með, nemur hlutfallið 77,3% allra fæddra.

7 Nánar tiltekið hefur komið 0,48 barn pr. hjúskaparár í umræddum aldursflokkum hérlendis en 0,36 barn í Noregi og Svíþjóð (samandregið meðaltal).

8 Ef konan hefði gifst 5 árum yngri, þ.e. 22 ára, hefði hún eftir sömu reglu mátt búast við að eignast 2-3 börn til viðbótar eða alls 9-10 börn við 44 ára aldur. Sýnir þetta vel hve giftingaraldursmarkið hefur verið afdrifaríkt atriði í lífi kvenna fyrr á tímum.

9 Dyrvik: *Op. cit.*, 73, gerir ráð fyrir 6 börnum pr. hjónaband að meðaltali ef konan giftist 25 ára gömul.

frjósemi kvenna vera háð mörgum þáttum. Auk giftingaraldursins má þar nefna lengd hjúskapar, siðaboð, heilsufar, lífskjör, efnahagsstöðu og – það sem var ná-tengt henni – fjarvistartíðni eiginmanns frá heimili.<sup>10</sup> Ef margt lagðist á eitt í ferli fjölskyldunnar, t.d. annaðhvort hjóna féll frá eftir 10 ára sambúð<sup>11</sup> og eftirlifandi kona giftist ekki aftur, sambúðarár þeirra féllu saman við langvarandi óáran til lands og sjávar<sup>12</sup> og húsbóndinn var í veri nokkra mánuði á ári, var ekki við því að búast að konan skilaði mörgum börnum í heiminn. Slík tilvik, sem hafa verið legió með ýmsum tilbrigðum, urðu til þess að hefta meðalfrjósemi kvenna, svo ekki sé talað um þann hluta hjónabanda sem voru „ófrjósöm“ annaðhvort allt frá stofnun þeirra (primary sterility) eða frá því að eiginkonan hafði náð ákveðnum aldri.<sup>13</sup>

Á hinn bóginn hafa mörg hjónabönd verið yfrið frjósöm. Það er eflaust sann-mæli hjá Eggert Ólafssyni að ekki hafi verið sjaldgæft að hjón eignuðust 10–15 börn.<sup>14</sup> Geta má nærri, þegar svo bar undir, að eiginkonunni hefur ekki gefist löng hvíld frá því hún varð léttari og þar til hún fór aftur að þykkna undir belti. Til þess að áþreifanleg mynd fái af slíku fjölskyldumyndunarferli skal hér rakið eitt dæmi frá þriðja fjórðungi 18. aldar, úr Mosfellsprestakalli í Grímsnesi.

Skv. sóknarmannatali haustið 1762 bjuggu á Kringlu þar í sókn hjónin Ólafur Grímsson 35 ára og Ingunn Henrichsdóttir 30 ára. Ljóst er að þau hafa flust í sóknina á árunum 1757–58.<sup>15</sup> Skv. sóknarmannatalinu 1762 hafa þau áður verið búin að eignast eitt barn. Ef því er bætt við þau börn sem Ingunn og Ólafur eignuðust skv. prestsþjónustubókinni frá 1758 að telja lítur fjölskyldumyndun þeirra út eins og sýnt er í töflu 25.<sup>16</sup>

Nú er giftingaraldur Ingunnar ekki þekktur en miðað við fæðingu fyrsta barns hennar er ekki ólíklegt að hún hafi gengið í hjónaband árið 1755, þegar hún var 23 ára. Á átján árum hefur hún síðan alið 15 börn, þar af eina tvíbura og eitt barn andvana fætt. Frá öðrum barnsburði hennar að telja (1758) og til hins síðasta

10 Sauvy: *General Theory of Population*, 353-60. Sjá einnig Marcy: „Factors Affecting the Fecundity and Fertility of Historical Populations“. *Journal of Family History* 6 (3, 1981), 309-14.

11 Á þessum tímum hárrar dánartíðni slitnaði drjúgur hluti hjónabanda eftir tiltölulega skamma sambúð. Þannig er vitað að á öndverðri 19. öld slitnaði hátt í þriðjungur hjónabanda í Englandi innan 15 ára frá stofnun þeirra vegna fráfalls maka, sjá Marcy: Art. cit., 310.

12 Hörgull á járni, B-vítamíni og hvítu eru meðal þeirra skortseinkenna sem sérfróðir álíta að stuðli að lágrri frjósemi (subfecundity): „There is every reason to believe that these deficiencies were wide spread in poorly nourished pre-industrial populations“. (Marcy: Art.cit., 321.)

13 Sauvy: Op. cit., 348-51. Áætlað er að við þritugs aldur sé ein kona af hverjum tíu „definitively sterile“. Skv. rannsókn Sølvi Sogners: Op. cit., 366, nam þetta hlutfall 7,8% allra hjónabanda í Rendalen í Noregi.

14 Eggert Ólafsson: Op. cit. 1, bls. 314.

15 Skv. elsta sóknarmannatali Mosfellsprestakalls frá 1756 (Þjskjs. Prestsþjónustubækur og sóknarmannatöl: Sóknarmannatal 1756–1779 (ranglega talið hefjast 1754)) voru hjónin ekki í tölu sóknarbarna. – Ef treysta má aldursfærslu sóknarmannatalsins 1762 hefur Ólafur verið fæddur 1727 og Ingunn 1732.

16 Þjskjs. Mosfell í Grímsnesi: Prestsþjónustubók 1756–1816.

Tafla 25. Fjölskyldumyndunarferli: dæmi um óvenjumikla frjósemi kvenna í hjónabandi á 18. öld

Skírnar- dagur	Ár	Aldur móður	Fæðingabil (í mán)	Nafn barns	Greftrunard.
	1756	24		Sveirn	
Snemma árs	1758	26		Helge	
Síðla árs	1759	28	ca. 20	Agnes	
08.09.	1760	29	11	Olafur	
10.03	1762	30	18	Erlendur	
24.07	1763	31	16	Grímur	
03.09	1764	32	13	Jon	21.10. 1764
29.08	1765	33	11	Jon	15.09. 1765
02.08	1766	34	11	Henrich	
01.12	1767	35	16	Piltbarn	Andvana f.
12.07	1769	37	19	Jon	
14.09	1770	38	14	Porunn	02.10. 1770
14.09	1770	38	14	Helga	26.09. 1770
06.03	1772	39	18	Biarne	
07.11	1773	41	20	Margret	

(1773) hafa að meðaltali liðið 14,4 mánuðir.<sup>17</sup> Og af 14 börnum hennar lifandi fæddum hafa 4 dáið á fyrsta aldursári. Þess má geta að af 10 eftirlifandi börnum hennar bjuggu 8 enn í foreldrahúsum árið 1776.<sup>18</sup>

Það skal áréttað að barneigniferill Ingunnar í Kringlu er dæmi um óvanalega mikla frjósemi, þ.e. börnin eru bæði fleiri og fædd með skemmra millibili en títt var.<sup>19</sup> Hitt er víst að finna má í hverri sókn á 18. öld nokkur dæmi um sambærilega frjósemi. Þau benda eindregið til þess að óbreytt bóndafólk hafi yfirleitt ekki haft vísitandi stjórn á barneignum sínum;<sup>20</sup> það er líka ósennilegt að efnalitlir foreldrar hafi séð sér hag í að eignast viðlíka stóran barnahóp og Ingunnól jafnvel þótt þau gerðu ráð fyrir miklum „afföllum“ á uppvaxtarárum þeirra (sbr. *supra* bls. 41). Þar sem barneignahömlum mun hafa verið lítt beitt að yfirlögðu ráði verður að ætla að takmörkun á náttúrlegri frjósemi kvenna hafi verið háð öðrum

17 Tvíburafæðingin 1770 telst hér aðeins sem ein fæðing.

18 Að heiman voru þá farin skv. sóknarmannatali næstelsta barnið (Helgi) og Erlendur sem farið hefur úr föðurgarði 13 ára.

19 Um miðja 19. öld mun bil milli fæðinga hjá giftum konum 20-39 ára hafa verið að jafnaði 26 ½ mán., sjá Loftur Guttormsson: „Barnaeldi . . .“, 152 (t.8.)

20 Um þetta atriði má fá alltrausta vísbendingu með því að bera saman barneigniferil kvenna sem giftast hafa á ólíkum aldri. Sýni kona sem giftist t.d. 34 ára mun tíðari fæðingar á aldurs skeiðinu 35-39 ára en önnur sem giftist 24 ára, er mismunurinn gjarnan rakinn til viðleitni hinnar síðarnefndu (eða öllu heldur beggja hjónanna) til að halda aftur af barneignum, sjá t.d. Sogner: Op. cit., 353 og 357-60. Skv. niðurstöðum höf. hafa norskir foreldrar ekki takmarkað vísitandi barneignir sínar fyrir 1780 en um aldamótin 1800 fer að gæta hneigðar í þá átt. Íslenskar rannsóknarniðurstöður liggja ekki fyrir um þetta atriði.

menningarþáttum, bæði efnahagslegum og félagslegum. Nokkrir slíkir voru nefndir að framan en vandséð er að þeir dugi til að skýra hvers vegna íslenskar eiginkonur ólu fleiri börn en stöllur þeirra í grannlöndunum í sömu aldursflokki; að svo miklu leyti sem þessir þættir verða raktir til lélegrar afkomu og rýrs fæðukosts ættu þeir a.m.k. ekki að hafa verið síður að verki hér en þar.

Það bendir margt til þess að hinn séríslenski barneldisháttur, sem fólst í því að gefa nýburum kúamjólk í stað brjóstamjólkur, hafi valdið mestu um yfirburða frjósemi íslenskra kvenna.<sup>21</sup> Vitað er að regluleg brjóstgjöf dregur mjög úr getnaðarlíkum hlutaðeigandi kvenna fyrsta árið eftir barnsburð með því að hún veldur lengri tíðatöf (amenhorrea) en ella.<sup>22</sup> Eftir rannsóknum á nútíðarsamfélögum að dæma nemur þessi töf einatt 6–7 mánuðum.<sup>23</sup> Varðandi samfélög á liðinni tíð verða áhrif brjósteldis að þessu leyti aðeins metin á óbeinan hátt, þ.e. með því að bera frjósemi kvenna í brjósteldissamfélögum saman við önnur samfélög þar sem börn hafa farið á mis við brjóstamjólk.<sup>24</sup> Þar sem aðstæður og heimilakostur hafa gert slíkan samanburð mögulegan, t.d. í sænsk-finnskum byggðarlögum á fyrri helmingi 19. aldar, hefur fengist staðfesting á umræddum getnaðarvarnaráhrifum brjóstgjafar.<sup>25</sup> Þótt finnanleg séu þannig dæmi um héruð í Svíþjóð/Finnlandi þar sem brjósteldi var ekki algengt, mun meginreglan hafa verið sú að bóndakonur í Danmörku og Skandinavíu ólu börn sín á brjósti í 1–2 ár.<sup>26</sup> Þar sem annars staðar í Evrópu hafa helst verið undanþegnar reglunni tignar konur sem fengu mylkar fóstrur til að annast nýbura sína (sbr. *supra* bls 26).<sup>27</sup> En þegar á heildina er litið verður ekki annað séð en að Íslendingar hafi verið einstæðir meðal þjóða í norðvestanverðri Evrópu í því að láta nýbura fara á mis við brjóstamjólk.

Einhlít skýring hefur ekki fengist á því hvers vegna íslenskar mæður lögðu ekki „börn sín á brjóst eins og í öðrum löndum er venja víðast hvar“.<sup>28</sup> Um tilgátur sem hafa verið settar fram í þessu efni vísast til umfjöllunar er liggur fyrir á öðrum

21 Um þetta efni er fjallað nokkuð ítarlega í áður ívitnaðri grein minni, „Barnaeldi . . . “ 1. og 3. k. Sjá einnig Sigríður Sigurðardóttir: „Höfðu konur börn á brjósti 1700–1900?“ *Sagnir* 3 (1982).

22 Varðandi rökstuðning fyrir þessu, sjá L.G.: „Barnaeldi . . . “, 3. k.

23 Marcy: *Art. cit.*, 314–15 (t.2).

24 Önnur leið til að meta umrædd áhrif er að ganga úr skugga um hverju það breytir um fæðingabil hjá brjóstalandi konum að barn deyr skömmu eftir fæðingu (eða fæðist andvana) eða lifir a.m.k. þangað til það er vanið af brjósti. Eftir þessu gat fæðingabil hjá konum af sama aldursflokki verið allbreytilegt, sjá t.d. Halvorsen og Indseth: *Op. cit.*, 201–05.

25 Lithell: „Breast-feeding Habits and their Relations to Infant Mortality and Marital Fertility“. *Journal of Family History* 6 (2, 1981), einkum 189 (t.2). Sjá einnig L.G.: „Barnaeldi . . . “, 153 graf 2.

26 Johansen: En samfundsorganisation i opbrud 1700–1870, 71; Dyrvik: *Op. cit.* 74. Skv. Troels-Lund: *Dagligt liv i Norden i det 16de Aarhundrede*, 226 „brugte man dengang at give Børnene Die indtil langt ind i deres tredie Aar. Denne Skik . . . fulgtes af alle i Danmark.“

27 *Ibid.*, 226–27. – Til slíkra kvenna mun m.a. hafa verið vísað með því ákvæði kirkjuordinanzíunnar 1537 er mælti fyrir um að mæður skyldu sjálfar gefa börnum sínum brjóst. Að sögn Eggerts Ólafssonar: *Op. cit.* 1, bls. 229, voru íslenskum ungbörnum aldrei fengnar fóstrur í þessu skyni.

28 Jón Pétursson: *Lækninga-Bók fyrir almúga*, 9.

stað.<sup>29</sup> En svo mikið er víst að um miðbik 18. aldar var kúamjólkgjöf föst venja sem lærðir menn eins og Eggert Ólafsson, Jón Pétursson fjórðungslæknir og Hannes Finnsson höfðu lítið eða ekki við að athuga.<sup>30</sup> Þeir beindu gagnrýni sinni á barneldishætti Íslendinga aðallega að því hvernig kúamjólkinn var tilreidd ofan í hvítvoðunga – þeim væri gefin „of þung, of mikil og ísköld mjólk“ eins og Jón Pétursson kvað að orði.<sup>31</sup> Þó að læknirinn viðurkenndi að móðurmjólkinn væri nýburum „hid hollasta og náttúrulegasta næringarmedal“, varaði hann mæður við að leggja börn sín á brjóst ef þær væru ekki að öllu leyti heilbrigðar og lifðu af hollum mat.<sup>32</sup> Hannes Finnsson varaði hins vegar afdráttarlaust við brjósta-mjólk.<sup>33</sup> Í reynd munu það líka helst hafa verið börn fátækra verstöðvarkvenna sem voru – af illri nauðsyn – lögð á brjóst þar sem kúamjólk var illfánleg.<sup>34</sup>

Frá 18. öld er til fátt heilsteypra lýsinga á meðhöndlun hvítvoðunga. Eftir því sem næst verður komist ber svo að skilja að þeir hafi verið „nærdir strax á kúamjólk og henni optast eptirhreyttri“;<sup>35</sup> nýburinn hafi síðan um hríð verið falinn grannkonu til umönnunar. Danskur læknir, P.A. Schleisner, sem varð nákunnugur barneldisháttum Íslendinga á fimmta tug 19. aldar, lýsir þessu atriði á eftirfarandi hátt:

. . . Moderen, saa snart hun kun vel har født, overgiver sit Barn til den nærmest boende Kone, der har betjent hende ved Fødslen . . . hvorledes de stakkels Børn behandles hos disse saakaldte Jordemødre, hvor en gammel Kjærling sættes til at passe dem, kan man let tænke sig.<sup>36</sup>

29 L.G.: „Barnaeldi . . . “. 155-58.

30 Ibid., 138-41 þar sem tíunduð eru allmörg dæmi um þessi viðhorf.

31 Jón Pétursson: Op. cit., 15. – Að sögn höf. verður „sú góða mjólk er þeir [þ.e. Íslendingar] svo mjög elska oft súr í barnanna veika maga, oft að litlum tíma lidnum“ (bls. 11), gjarnan með banvænum afleiðingum.

32 Ibid., 8-9. – Jón Sveinsson landlæknir tók kröftuglega undir þessa fyrirvara 1791; hann vildi aðeins ráða heilbrigðum mæðrum“ . . . til at frelsa samvitskur sínar . . . at hafa barn sitt á brjósti hina fyrstu viku.“ „Tilraun at upptelia Sjúkdóma þá er að bana verda, og ordid géta, fólki á Íslandi.“ *Rit hins Konungliga Íslenzka Lærdóms lista Felags* 15 (1794), 135.

33 Hannes Finnsson: „Um Barna-Dauda á Íslandi“. *Rit þess Íslenzka Lærdóms-Lista Felags* 5 (1784), 122.

34 Um þetta atriði ber þeim saman Jóni Péturssyni og Eggert Ólafssyni, sjá L.G.: „Barnaeldi . . . “. 139-40.

35 Jón Sveinsson: Art cit., 133. – Af 18. aldar heimildarmönnum er Eggert Ólafsson sá eini sem gefur í skyn að mæður hafi haft börn á brjósti fyrstu dagana eftir barnsburð, „1-3 daga“ (op. cit. 1, bls. 229). Af þeim sökum orkar sanngildi þessa vitnisburðar tvímælis; auk þess stangast hann beinlínis á við vitnisburð Sigríðar Örum yfisetukonu (sem tilfærður er í dr. Scheel: „Om Barselkoners og spæde Børns Behandling i Island, med Hensyn til de Midler, som kunne formindske den store Mortalitet iblandt de sidste.“ *Nyt Bibliothek for Physik, Chemie og Oeconomie* 9 (1806), 88): „Faa Koner give Børn Die, især ved Søekanten, men meget faa begynde dermed, førend Barnet er 8 Dage gammelt . . . “. – Í riti sínu, Merkis dagar á mannsævinni vitnar Árni Björnsson í grein Scheels eftir þýðingu Jónasar frá Hrafnagili, Lbs. 3200 4to; verður farið eftir henni hér svo fremi hún reyntist sæmilega nákvæm. – Sigríðar Örum er ekki getið í *Íslenzkum ljósmæðrum* en hún mun hafa numið hjá Sveini Pálssyni handlækni og starfað sem yfisetukona sunnanlands; var annars uppalin norðanlands eins og marka má af frásögn hennar.

36 Schleisner: *Island undersøgt fra et lægevidenskabeligt synspunkt*, 158.



Skiljanlegt er að hinn danski læknir skuli ekki fyrirvaralaust hafa viljað kalla þessar gömlu konur ljósmæður: í langflestum tilvikum hefur verið um að ræða ólærðar almúgakonur. Fyrir stofnun landlæknisembættisins 1760 voru ekki gerðar neinar formlegar kröfur um hæfni yfirsetukvenna fyrir utan guðrækilegt innræti sem kveðið var á um í kirkjuordinanzíunni 1537. Þar segir m.a.:

Kennimennirner skulu læra yfirsetvkonunar. þegar þær ero þar til ut valldar. hverninn þær skule sier þa hegda. bæde vid oliettar (konunar og þær sem barnburdinum ero nær komnar. og þær) kunne þær ad hugga. og til þackargiordar ad aminna. J. fyrir þa Gudliga blezan. ad han gefur þeim avauxt þeirra kvidar. huad allar kuinnur fa eckj.<sup>37</sup>

Þær bjargir sem slíkar „nærkonur“ gátu veitt hafa einna helst verið fólgnar í huggunarríkum bænaáköllum. Þetta kemur m.a. fram í lýsingu Gyðu Thorlacius, danskrar sýslumannsfrúar, sem búsett var austanlands í upphafi 19. aldar. Engin lærd ljósmóðir var þá eystra; í barnsnauð frúarinnar var leitað ásjár tveggja gamla kvenna í grenndinni. Önnur á að hafa brugðist við með svofelldum orðum:

Guð einn getur leyst frá yður burðinn, ég get enga hjálp veitt fyrr en hann fær mér barnið í hendur . . . Þessar gömlu konur sátu báðar yfir mér í tvo sólarhringa og lásu yfir mér bænir á íslensku, sem ég skildi auðvitað ekki nokkurt orð í . . . Að lokum hjálpaði guð og minn æskuþróttur, og allt fór vel.<sup>38</sup>

Þetta dæmi er til vitnis um hve hægt hefur miðað að umbreyta hefðbundnu hlutverki yfirsetukvenna. Þótt gert hafi verið ráð fyrir að ákveðin kona hefði það með höndum í hverju prestakalli, var ekki óalgengt, að sögn Halldórs Brynjólfssonar verðandi biskups, að „hvör ein var köllud til þessa sem fyrer vard, so þar dugde eingen Umvandan“.<sup>39</sup> Ekki hefur þó sængurkonum verið öllu betur borgið í höndum hinna, sem sátu jafnaðarlega yfir í sínum sóknum, ef marka má ummæli Halldórs Brynjólfssonar:

. . . eg hefe grant þeckt þa Yfersetu-konu, er allstadar ad i krijng var sookt, og hafde. þa eg vid hana skilde, epter henar Reikninge teked vid 300. Børnum, og took þo vid fleirum sijdan; En ei bar hun Vit til nockra Urræda ef nockud Vandasamt skylde uppa koma.<sup>40</sup>

37 „Kirkjuordinanzia Kristians konungs hins III“ (1537). *Dipl. Isl.* 10, bls. 153.

38 *Endurminningar frú Gyðu Thorlacius*, 25-36. – Ráða má af frásögn höf. að í upphafi 19. aldar hafa læknar einnig lesið bænir yfir sjúklingum í lækningaskyni. Nokkru eftir umræddan barnsburð syktist Gyða í brjósti og var Brynjólfur Pétursson fjórðungslæknir eystra (1772–1807) tilkvaðdur. Þar sem bænalesturinn og „dreifandi“ plástrar stöðuðu ekki, „bað ég hann að skera í brjóstið. Það kvaðst hann ekki þora, því að hnifar sínir væru ryðgaðir“ (bls. 27).

39 De Buchwald: *Sa niie Yfersetukvenna Skoole*. Formáli Halldórs Brynjólfssonar (1746), án blst.

40 *Ibid.*, formáli H.B.

Slík dæmi hafði höfundur til sannindamerkis um að íslenskar yfirsetukonur þörfuðust sárlega bóklegar „Underviisunar um Yfersetu Kvena Konstina.“<sup>41</sup> Sú var skoðun lærðra manna en almenningur mun hafa litið öðrum augum á málið. Svo mikið er víst að Bjarni Pálsson landlæknir, sem átti m.a. að veita siðsömum konum fræðslu í ljósmóðurlist, bar sig undan því við yfirvöld „að mjög fáar ljósmæður eiga eða hafa lesið Yfirsetukvennaskólann sem er þó ágæt bók . . .“.<sup>42</sup> Þrátt fyrir einarða viðleitni hins fyrsta landlæknis til að sjá Íslendingum fyrir lærðum, eiðsvörnum yfirsetukonum, fyrirfannst enn engin slík í þriðju hverri sýslu árið 1785. Og á þriðja áratug 19. aldar var það enn baráttumál þáverandi landlæknis að fá a.m.k. eina lærða ljósmóður skipaða í hverri sýslu.<sup>43</sup> Það er því auðsætt að á öllu þessu tímabili hefur þorri íslenskra nýbura farið um hendur ólærðra, „fávitra“ yfirsetukvenna.<sup>44</sup>

Eins og áður segir mun það hafa fylgt starfi yfirsetukvenna að annast barnið fyrstu dagana. Skv. lýsingu Sigríðar Örum, einnar af fáum lærðum yfirsetukonum, sem voru starfandi um aldamótin 1800, gekk þessi umönnun þannig fyrir sig:

. . . það er nánast órjúfandi regla, að yfirsetukona tekur barnið heim til sín fyrstu vikuna, því að óvíða er til fólk til þess að hjálpa konunni, meðan hún liggur á sæng. Og þó að svo sé, þá er þetta orðin svo föst venja, að það er varla út af því brugðið.<sup>45</sup>

Meðan þessi venja var við lýði<sup>46</sup> var vitaskuld ekki um það að tala að mæður færu að ráði Jóns Sveinssonar landlæknis „að hafa barn sitt á brjósti hina fyrstu

41 Þannig hljóðaði undirtitill Yfirsetukvennaskóla de Buchwalds.

42 Tilvitnun í bréf til Gísla Magnússonar Hólabiskups 1761 hjá Sigurjóni Jónssyni: *Ágrip af sögu ljósmæðrafræðslu og ljósmæðrastéttar á Íslandi*, 12. – Í öðru bréfi kenndi landlæknir „brjálæðiskenndri feimni og blindri óbeit á öllu nýju“ um þetta ástand (loc. cit.).

43 Ibid., 7-13, 33-39.

44 Í áður ívitnuðum formála Halldórs Brynjólfssonar segir að „ei sé ad undra þoott vorar Yfer-setu-Konur, hafe vered miög faavitrar i sliju. þar siaa ma . . . hvada Vitleysu þær Utlensku Yfer-setu-Konur hefe teked til Bragds . . .“.

45 Tilvitnun í dr. Scheel: Art. cit., 88, hjá Árna Björnssyni: Op. cit., 42, sbr. *supra* bls. 135 nmgr. 35. – Sjá ennfremur *Íslenzkar ljósmæður* 2, bls. 227; hér er haft eftir Ragnhildi Jónsdóttur (f. 1792), ljósmóður í Mýrdalnum, að hún hafi verið „vön, ef fátæk heimili áttu í hlut, að taka nýfædda barnið heim með sér og annast það sjálf í skemmri eða lengri tíma“. Ef marka má sjálfsævisögubrot manna, sem ólust upp á síðasta fjórðungi 18. aldar, hefur umrædd venja ekki verið bundin við „fátæk heimili“, sjá Þórarinn Sveinsson: „Æfisögubrot“. *Blanda* 2 (1921–23), 313, og Magnús Pálsson: „Lífs- og ævisaga“. *Blanda* 4 (1928–31), 2-3. Skv. þessum heimildum hafa hvítvöðungarnir stundum „dagað uppi“ svo mánuðum og jafnvel misserum skipti hjá þeim sem tóku við þeim; í báðum þessum dæmum var það ekki „ljósan“ sem tók við hvítvöðungunum heldur hjón sem voru henni tengd.

46 Venjan virðist hafa verið í góðu gildi fram á miðja 19. öld. Anna Thorlacius, sem ólst upp í Grundarfirði (f. 1839), minnst þess að alltaf hafi verið eitthvert ungbarn hjá ljósmóður sinni, „því hún tók þau öll heim í viku“. (A.T.: „Æskuminningar“. *Eimreiðin* 11 (1915), 94.) Þetta hefur líka ásannast í rannsókn á manndauða sem gerð var eftir kirkjubókum tveggja prestakalla í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 1800–1850: „Við nafnasamanburð fæddra og dauðra sá ég að nýfædd börn dóu oft á öðrum bæjum en þau fæddust.“ (Helgi Guðbergsson: „Mannadaði á fyrri hluta 19. aldar.“ *Læknaneminn* 30 (4,1977),40.) Jónas frá Hrafnagili ræðir aftur á móti um þessa venju sem liðna tíð („ . . . algengt fyrrum . . .“, op. cit., 263).

viku.“ Yfirsetukonan – sem var jafnframt guðmóðir flestra skírnbarna – tók hvítvoðunginn oftast heim með sér að aflokinni skírn í kirkjunni (sbr. *infra* bls. 144) eða kom honum fyrir hjá einhverjum nágranna; þar, fjarri móðurinni, var ungbarnið alið um hríð, oftast með því að því var gefin kúamjólk gegnum fjöðurstaf; sá endi pípunnar sem barnið saug var vafinn lérefsti eða pergamenti til hlífðar.<sup>47</sup>

Það virðist svo aftur hafa farið allmjög eftir mjólkurkosti á hverjum stað hve mikið eða lengi ungbörn voru alin með dúsu. Sigríði Örum segist svo frá:

Flestir við sjávarsíðuna láta börnin fá dúsu: lérefstuskur, sem konurnar láta í dálítið af mat, einkum brauð og smér. Þessu er stungið upp í barnið og það tottar þetta. Til sveita, þar sem mjólkinn er nóg, er þetta sjaldan gert . . . Norðanlands er sjaldan farið að gefa þeim [þ.e. börnunum] mat fyrr en þau eru þriggja mánaða gömul.<sup>48</sup>

Notkun dúsunnar má vissulega setja í samband við hið brjóstvana barnaeldi sem viðgekkst hér á landi; en mikilvægi hennar hefur að líkindum verið háð vistfræðilegum aðstæðum á hverjum stað, a.m.k. framan af: því mjólkurrýrara sem umhverfið var þeim mun fyrr hefur dúsan verið lögð í munn barnanna. Þegar líða tók á 19. öld hefur sennilega verið farið að nota dúsu tiltölulega óháð slíkum aðstæðum. A.m.k. benda ummæli Jónasar frá Hrafnagili til þess að dúsan hafi þá verið búin að öðlast sjálfstætt, jákvætt gildi í vitund manna.<sup>49</sup>

Fyrir lífslíkur ungbarna hlýtur það að hafa skipt ekki litlu máli hvort þeim var gefin dúsa eða ekki; því dúsunni fylgdi það að tuggið var í börnin – brauð, kjöt, fiskur, jafnvel fisklifur (í sjóplássum). Fyrstur lækna til að andæfa þessari eldisvenju, svo vitað sé, var Jón Pétursson. Hann taldi „að slíkt ætti aldrei að ské.“<sup>50</sup> Hálfri öld síðar lét Sveinn Pálsson læknir hins vegar við það sitja að mæla með ráðum til að draga úr skaðvænlegustu áhrifum dúsunnar.<sup>51</sup> En greinilegt er að

47 Árni Björnsson: *Op. cit.*, 42. – Um pela getur Sigríður ekki, gagnstætt Horrebow (*op. cit.*, 197) sem kveður hann notaðan hér ekki síður en í Danmörku. Að þessu leyti kemur lýsing hins þýska borgmeistara, Andersons, sem Horrebow vildi rengja í flestu, betur heim við vitnisburð Sigríðar. Jónas frá Hrafnagili (*op. cit.*, 268) segir afdráttarlaust að þeli hafi ekki þekkt utan kaupstaða fyrr en á síðari helmingi 19. aldar.

48 Tilvitnun í dr. Scheel: *Art. cit.*, 90, hjá Árna Björnssyni: *Op. cit.*, 42. – Í þessu efni reynist Horrebow aftur ótraustur heimildarmaður þar sem hann þrætir fyrir notkun dúsu á Íslandi (*op. cit.*, 197).

49 Jónas Jónasson: *Op. cit.*, 268. Að sögn höf. var „dúsan þá almenn – og börn alltaf látin vera að totta hana sofandi og vakandi, og var almennt álit meðal mæðra og barnfóstra, að ekkert barn héldist spakt án hennar“.

50 Jón Pétursson: *Op. cit.*, 48.

51 *Ibid.*, loc. cit., – Þannig kvað Sveinn Pálsson mjög hættulegt „að láta gamla heilsulausa tannfellinga og gamalmenni tyggja í börn, eða hafa þau í rúmi hjá sér . . . “. Sjá nánar L.G.: „Barnaeldi . . .“, 142, og Þórarinn Sveinsson: *Art. cit.*, 313. Höf. greinir frá því að hjá hjónunum, sem tóku við honum eftir skírnina, hafi verið „gömul kona, er Hildur hét, og höfðu þau hana til að liggja undir börnum, einkum á sumrin; voru og opt tvö í einu. Vildi þá svo til, að tvö voru komin áður en eg, sem þá varð hið þriðja . . . “. Jón Steingrímsson getur þess og að kona á bænum hafi „legið undir sér“ nýfæddum „nokkra stund“. (J.St.: *Sjálfsævisaga*, 9.) Þetta var reyndar á heimili foreldra hans.

hægt hefur miðað að sannfæra almenning um óhollustu þessarar eldisvenju því nálægt miðbiki 19. aldar varaði Jón Thorstensen enn við þeim ósið „að tryggja í ungbörn allra handa þúngann mat . . . og er þessi óvani hvörgi svo almennur sem hér á landi“.<sup>52</sup>

Hafi notkun dúsu verið nokkurt auðkenni á íslenskum uppeldisháttum, a.m.k. þegar komið var fram á 19. öld, verður hið sama ekki sagt um þann sið að reifa ungbörn. Reifun mun hafa tíðkast um alla Evrópu frá fornu fari þótt aðferðirnar hafi verið talsvert breytilegar eftir löndum.<sup>53</sup> Siðvenja þessi mun hafa stuðst við þá trú að nauðsynlegt væri að hefta fálmkenndar hreyfingar hvítvoðungsins, ella væri hætt á að hann afmyndaðist eða færi sér að voða. Þar að auki mun fullorðnum hafa þótt augljóst hagræði að því að hafa ungbörn í reifum; með því móti mátti leggja þau frá sér nánast hvar sem henta þótti eins og hvern annan stranga.<sup>54</sup>

Nú er ósannað að reifun hafi hlotið að hefta líkamlegan eða andlegan viðgang ungbarnsins ef sómasamlega var gengið frá henni eða reifabarnið vel hirt að öðru leyti.<sup>55</sup> Hins vegar gat ekki hjá því farið að reifarnar heftu mjög viðbrögð barnsins og alla tjáningarmöguleika þess. Í þessu tilliti álitur Edward Shorter að reifun sé:

. . . a measure of motherly *interaction* with the infant . . . if mothers tied the children from head to feet so that they *couldn't* respond to tickling, clucking, and cajoling, it must mean the mothers had little interest in such things in the first place. Liberating the child from its linen bonds would mean liberating it to interact with newly playful mothers.<sup>56</sup>

Sjálfsgagt mætti halda því fram að jafnvel þótt mæður hefðu gjarnan viljað gæla við ungbörn sín hefði þeim, miðað við allar samtímaaðstæður, gefist lítið tóm til þess í dagsins önn. Það er m.ö.o. enginn hæðarleikur að greina sundur hvern hlut áhugaleysi eða andhverfar aðstæður hafa átt í tiltekinni uppeldisvenju sem stangast á við nútíðargildi (sbr. „the newly playful mothers“). En sé aðeins höfð hliðsjón af þessum síðarnefndu er óhætt að taka undir með Shorter að reifun fylgdi mikil hefting á samskiptum. Eins er líklegt að reifunin hafi oft komið niður á líkamlegum velfarnaði barnanna einmitt vegna þess að henni var m.a. ætlað að létta gæslubyrði af fullorðnum og barnfóstrum. Reifabörn munu stundum hafa verið skilin eftir klukkutímum saman án þess að skipt væri á dulunni innst sem átti

52 Jón Thorstensen: *Hugvekia um meðferð á ungbörnum*, 69.

53 Shorter: Op. cit., 197; Stone: Op. cit., 161. – Í æskuminningum sínum lýsir Anna Thorlacius: Art. cit., 93-94, ítarlega aðferðum við reifun barna hjá efnafólki á 19. öld. Lýsingin ber með sér að íslensk reifabörn hafa þá getað hrært handleggi og höfuð („það var það eina sem kvikað gat“); en að sögn Stones (op. cit., 161) voru reifabörn í Englandi „unable to move either head or limbs, they were completely immobilized“.

54 Ibid., 81, 162. – Höf. vísar til rannsóknarniðurstaðna er sýni að reifun „slows down the heart-beat and induces for longer sleeps and less crying“.

55 Ibid., 162.

56 Shorter: Op. cit., 196-97.

að taka á móti vætu og saur.<sup>57</sup> Má geta nærri að undir reifunum hafa oft myndast fleiður á hörundi og ígerð í holdi barnsins.<sup>58</sup> Að þessu hafa líka stuðlað hinar „heitu reifar, sem hér – því midur! – er brúkad“.<sup>59</sup> Þá hafa menn hneigst til að reifa of fast, jafnvel með þeim afleiðingum sem erlendur gestkomandi varð vitni að húsi einu í Hafnarfirði seint á 18. öld:

Á leiðinni til bátsins komum við enn í eitt hús, þar sem húsfreyjan hafði alið barn fyrir nokkrum klukkustundum . . . Barnið var sveipað í reifar úr grófu vaðmáli svo þétt, að það var helblátt í framan. Ég bauð að afklæða það og síðan var það reifað á ný, og nú dugðu tveir klútar, náttreyja og 2-3 lambskinn.<sup>60</sup>

Ekki er fullljóst hve börnum var haldið lengi fram eftir fyrsta aldursári í þeirri spennitreyju sem reifarnar voru. Ef trúa má Horrebow hafa ungbörn ekki verið klædd í föt fyrir en þau voru 9–10 vikna gömul.<sup>61</sup> Sigríður Örum tilgreinir aftur á móti 6 vikur sem venjulegan reifabarnsaldur nema á Suðurlandi, þar séu börn höfð í reifum aðeins um vikutíma.<sup>62</sup> Að sögn Önnu Thorlacius í Grundarfirði voru börn höfð í reifunum „í 4 mánuði, en þó stundum skemur, væru þau hraust“.<sup>63</sup> Þessi dæmi benda til þess að reifabarnsaldurinn hafi verið talsvert á reiki, a.m.k. í upphafi 19. aldar.

Ekki er að efa að heilsu og lífi ungbarna hefur stafað hætta af ýmsum öðrum misbrestum í uppeldisumhverfi þeirra en taldir eru að framan. Íslenskir foreldrar hafa ekki verið lausir við þær vanrækslusyndir sem settu mark sitt á evrópska uppeldishætti á nýöld og getið var í fyrsta kafla (sbr. *supra* bls. 27). Verður nú dregið á nokkur dæmi um þær eftir prentuðum heimildum.

Skv. húsagatilskipun frá 1746 skyldi færa nýbura til kirkju til skírnar innan viku frá fæðingu; skírn í heimahúsum var því aðeins heimiluð að heilsa barnsins eða óveður bönnuðu kirkjuferð.<sup>64</sup> Eftir prestsþjónustubókum frá seinni helmingi 18. aldar að dæma hafa börn verið skírð í kirkju oftast á fyrsta eða öðrum degi frá fæðingu.<sup>65</sup> Bersýnilega hefur mikið þótt liggja við að særa út sem fyrst hinn ó-

57 Eins og fram kemur í lýsingu Önnu Thorlacius var „enginn hægðarleikur að komast eftir, hvort barnið væri búið að væta sig“. (Art. cit., 94.)

58 Jónas frá Hrafnagili kveður börn því hafa þjáðst „víða af skinnleysi og húðveiki“. (Op. cit., 268-69.)

59 Jón Pétursson: Op.cit., 5. – Höf. bætir við: „Heitir ullar-flókar ættu að leggjast af. því sodhiti sá, sem þeir abla, gjörir börnin dádlaus, bleikleit, þrútin . . .“. Ekki hefur bætt úr skák sú venja sumra sem höf. varar við (bls. 49) „að maka nýfædd börn með smjöri í þeirri meiningu, að þau styrkist þar við.“ Sjá annars umræðu um þetta hjá dr. Scheel: Art cit., 94.

60 *Íslandsleiðangur Stanleys 1789*, bls. 96. – Sá sem talar hér fyrir hönd leiðangursmanna er James Wright, læknir í leiðangri Stanleys.

61 Horrebow: Op. cit., 198. – Skv. því ættu íslensk börn að hafa verið ámóta lengi í reifum og tíðkað-ist t.d. á Englandi á 17. öld, sjá Stone: Op. cit., 161.

62 Tilvitnun í dr. Scheel: Art. cit., 91, hjá Árna Björnssyni: Op. cit., 42.

63 Anna Thorlacius: Art.cit., 94.

64 Tilskipan um hús-agann 2. gr.

65 Frásagnarheimildir staðfesta þetta. Þannig lýsir Horrebow því sem venju að farið sé með nýbura til kirkju, „sem er oft alllög leið“ (op. cit., 197). Þá greinir Sveinn Pálsson frá því að hann hafi

hreina anda, sem barnið var talið fæðast með, svo að heilagur andi gæti búið um sig í brjósti þess.<sup>66</sup> Má fara nærri um að á þessum kirkjuferðum í misjöfnu veðri hafi hvítvoðungarnir týnt eitthvað tölunni – og það því fremur sem leiðin lá oftast áfram úr kirkju heim til ljósmóðurinnar eða þess sem tók við nýburanum.

Þótt vöggur muni ekki hafa verið óalgengar, ýmist á völtum eða upphengdar, höfðu margir – sjálfsagt einkum fátæklingar – börnin hjá sér í rúminu.<sup>67</sup> Sennilegt er að slíkt hafi stundum orðið hvítvoðungum að fjörtjóni þótt heimildir segi eðlilega fátt um það.<sup>68</sup> En dómsorð eru til vitnis um að yfirvöldum hefur þótt ástæða til að vera á varðbergi gagnvart foreldrum sem sýndu hirðuleysi í gæslu ungra barna. Þannig voru í gildi viðurlög við fargan ungbarna.<sup>69</sup> Þá greinir í Alþingisbókum frá dæmum um dómsáfalli foreldra sem töldust hafa átt nokkra sök á láti barna „vegna vanrækslu“ eða „athugaleysi“.<sup>70</sup> Sömu heimildir geyma nokkur dæmi um s.k. dulsmál þar sem annaðhvort barnsmóðirin eða báðir foreldrar voru sakfelld og dæmd fyrir að hafa hylmað yfir fæðingu barns og síðan fyrirkomið því.<sup>71</sup> Hin ákærðu áttu það þá til að skírskota til mildandi kringumstæðna, t.d. að örn hefði hrifsað hvítvoðunginn eða barnið hefði fæðst andvana.<sup>72</sup> Dulsmálum lyktaði ósjaldan með því að barnsmóðirin var dæmd af lífinu; og dæmi er um að barnsfaðirinn týndi einnig lífinu þar sem um ítrekað hórdómsbrot var að ræða.<sup>73</sup>

verid „skírður sama dag [og hann fæddist eða 24. apríl 1762] í messunni að Reykjum“ í Skagafirði. („Æfisaga“. *Ársrit hins íslenska fræðafélags í Kaupmannahöfn* 10 (1929), 7.) Eins var um Jón Ólafsson frá Grunnavík: „Sr. Halldór minn ehruverdur veitti heilaga skírn í embættisgjördinni þess sama dags“, 16. ágúst 1705. (Tilvitnun í bréf sr. Ólafs, föður Jóns, hjá Jóni Helgasyni: *Jón Ólafsson frá Grunnavík*, 4.) – Marka má af ummælum Magnúsar Stephensen dómstjóra að „á seinni tímum“ hafi margir aðhyllt þann „aflaga ósið . . . að skíra heldri manna börn nauðsynjalaust í heimahúsum“; skírn hans sjálfs sem og allra systkina hans fór hins vegar fram í kirkju „lögum samkvæmt“. (M.St.: „Autobiographia“. *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags* 9 (1888), 197.) Höf. mun hafa ritað ævisögu sína kringum 1830.

- 66 Varðandi framkvæmd skírnarathafnarinnar og rítúal, sjá Árni Björnson: Op. cit., 68.
- 67 Jónas Jónasson: Op. cit., 270. – Ofmælt mun hjá Horrebou: Op. cit., 197, að vöggur hafi verið almennt notaðar handa ungbörnum. Hér sem oftar skekkist lýsing Horrebous af því að hann hefur helst haft kynni af heimilum efnafólks. Á öllum slíkum heimilum hafa einu sinni ekki verið vöggur, sbr. frásögn Ingunnar Jónsdóttur („Fyrstu endurminningar mínar“. *Gömul kynni*, 99-100) sem ólst upp á Melum í Hrutafirði um miðja 19. öld. Þegar Ingunn var á þriðja ári eignaðist hún systur og „gat þess vegna ekki sofið hjá henni [þ.e. móður sinni] lengur.“
- 68 Sbr. *supra* bls. 142 nmgr. 51. Um dánarvottorð var ekki að ræða utan skráningu prestsins á greftrun barnsins, þegar svo bar undir. Upplýsingar um dánarorsök sem flutu stundum með hafa verið komnar frá foreldrum eða aðstandendum. Þess vegna tekur það ekki af tvímæli þótt Hannes Finnsson segist ekki hafa heyrt getið um „at barn hafi hér á landi nockurn tíma vorit legit til dauds.“ (Art. cit., 119.)
- 69 Helgi Þorláksson: Op. cit., 148.
- 70 Alþb. Ísl. 7, bls. 323-24; 9, bls. 52, 104, 441; 10, bls. 375, 436-37.
- 71 Í öllum tilvikum er um að ræða óskilgetin börn; gjarnan er tekið svo til orða að barnspungi hlutað-eigandi kvenna „hafi ei til skila komið“ eða „óvenjuleg þyckt“ þeirra hafi „ei opinberlega fram komið“. (Alþb. Ísl. 7, bls. 342, 609.) Sjá ennfremur *Safn til sögu Islands* 4, bls. 176 (Annáll Magnúsar Magnússonar (1683)).
- 72 Alþb. Ísl. 8, bls. 37, 105-106.
- 73 Jón Þorláksson á Barðnesi í Norðfirði „straffaðist á lífinu sem sannur óbótamaður“ á Alþingi 1686 fyrir sök á dulsmáli sem var um leið þriðja hórdómsbrot hans. (Alþb. Ísl. 8, bls. 106.)

En í anda Stóradóms voru barnsmæður allajafna látnar bera þyngri sök en feðurnir í slíkum málum.<sup>74</sup> Er ekki að efa að hin ströngu refsíákvæði Stóradóms um „frillulífi“ hafa ýtt einstaka konum til að bera út óskilgetin börn sín.<sup>75</sup> Aftur á móti er ekki vitað til þess að skilgetin börn hafi verið borin út á Íslandi á þessu tímabili, ólíkt því sem gerðist í borgum Vestur-Evrópu (sbr. *supra* bls. 27).

Jafn-bágborin og húsakynni Íslendinga voru á þessum tímum og hreinlæti ábótavant þarf engum getum að því að leiða að loftið innanhúss hefur verið með afbrigðum óheilnæmt.<sup>76</sup> Þeim sem létu sér annt um heilsufar ber líka saman um að „at en Forandring i den islandske Bygningsmaade“ teldist „en af de vigtigste Opgaver, som et samvittighedsfuldt Sundhedspolitie bør have for Öie . . . “ eins og P.A. Schleisner komst að orði.<sup>77</sup> Áttu menn þá einkum við innibyrgt loftið í nánast aflokuðum baðstofum þar sem sótt og reykur af grútartýru, taði eða fiskúrgangi blönduðust óþef af öllum búnaði manna, að ógleymdum mannlíkamanum sjálfum.<sup>78</sup> Eins og Jón Thorstensen landlæknir benti á urðu ungbörn einkanlega fyrir barðinu á þessu skaðræðis-umhverfi:

Hinir fullordnu eru . . . ei svo fastir inni í húsunum, að þeir ei vid og vid komi út undir beran himin . . . en börnin koma sjaldan undir beran himin fyrstu vikurnar, og meiga alltaf lifa í því lopti, sem er í foreldra húsunum.<sup>79</sup>

Það ber að taka skýrt fram að framangreind dæmi verða fundin tiltölulega léttvæg þegar reynt er að greina meginorsök hins mikla ungbarnadauða á Íslandi fyrir á tíð. Í þessu sambandi hafa verið leidd rök að því að Íslendingar hafi „þá lítt öfundsverðu sérstöðu“ meðal þjóða í norðvestanverðri Evrópu á ofanverðri 18. öld að sýna hlutfall dáiinna barna á fyrsta aldursári af öllum lifandi fæddum sem

74 Þorgeir Kjartansson: „Stóridómur“. *Sagnir* 3 (1982), 10-12.

75 Sjá t.d. sögn í *Syrpu úr handritum Gísla Konráðssonar* 2, 31-32. Sögnin hermir að Árni prestur Jónsson á Látrum á Breiðafirði á fyrri helmingi 17. aldar bjargaði barni sem móðirin, „griðkona ein . . . þunguð eftir húskarl“, hafði borið út.

76 Því er það að vonum að fátt í menningu Íslendinga hefur fengið lakari vitnisburð hjá erlendum gestum sem sóttu landið heim en húsakostur þeirra og þrifnaður, sjá t.d. *Glögg er gests augað* (W. Hooker), 111-12, og von Troil: Op. cit., 69-70; hinn orðvari Svíi undraðist t.d. að reykþáfur skyldi ekki „einu sinni í eldhúsinu“. – Vissulega þurfti ekki útlendinga til að hneykslast á óþrifnaði landans, sjá t.d. Jón Pétursson: „Um Orsakir til Siúkdóma á Íslandi, yfirhøfud.“ *Rit þess Konungliga Íslenszka Lærdóms-ListaFélags* 11 (1790), 109, 112-15, og (frá miðri 19. öld) Ólöf Sigurðardóttir: „Bernskuheimili mitt“. *Eimreiðin* 11 (1906), 102-103; Elínborg Lárusdóttir: Op. cit., 7-13. – Í „Instruction for Repstyrene“, 5. og 23. gr. Lovs. for Isl. 7, bls. 309-10 og 326, koma fram „upp lýst“ viðhorf til hefðbundinna umgengnishátta og óþrifnaðar.

77 Schleisner: Op. cit., 125. – Höf. bætir við, „ . . . en Forbedring heri inden kort tid vil hæve den nu saa usædvanlig lave Livsalder paa Island“.

78 Helgi Guðbergsson (Art. cit., 46) áttlar að í meðalstórri baðstofu á fyrri helmingi 19. aldar hafi „vart komið meira en 3 ½ rúmmetri á mann. Nú er talið að svefnherbergi þurfi að vera 15-20 m<sup>3</sup>/mann“.

79 Jón Thorstensen: Op. cit., 13-15. – Höf. bætir við: „Það ríður því meira á því [að inniloptið blandist með hreinu lopti utan að], sem fleiri menn sitja inni í litlu rúmi, sem opt mun vera hér á landi á vetrarkvöldum í badstofuloptum; og ætti því í öllum þeim húsum að vera vindhola, eða lítill strompur upp úr mæninum.“

svarar um 300%.<sup>80</sup> Af áður nefndum grannlöndum hafa Svíþjóð/Finnland komist næst Íslandi að ungbarnadauða (204/218 ‰).<sup>81</sup> Um leið bendir allt til þess að dánartíðni ungbarna hafi vaxið enn á fyrri helmingi 19. aldar eða nánar tiltekið eftir 1815<sup>82</sup> og sérstaða Íslands hafi þar með orðið enn augljósari.

Skv. þeim fáu dæmum sem dregin hafa verið fram í dagsljósið um brjósteldis-snaud samfélag er engum blöðum um það að fletta að ungbarnadauði hefur verið þar óvenjumikill áður en nútíðarlegir hreinlætishættir og sóttvarnir ruddu sér til rúms.<sup>83</sup> Það þarf því varla að efast um að barneldishættir þeir sem viðgengust hér á landi fram eftir 19. öld hafa valdið mestu um að íslenskum ungbörnum var hættara við að týna lífinu en jafnöldrum þeirra í grannlöndunum. Greinilegt er að kúamjólkur- og/eða dúsgjöfin hefur oft og einatt orðið meltingarfærum nýbura ofraun. Og þar sem ungbörn voru ekki lögð á brjóst fóru þau jafnframt á mis við þá sóttvörn sem móðurmjólkin hefði stundum getað veitt.

Tvennt er það m.a. sem áréttar áhrif hinna sérstæðu eldishaða á Íslandi: 1) Af öllum dánur ungbörnum á fyrsta aldursári reynast einstaklega mörg hafa látist – um miðbik 19. aldar þegar hagskýrslur veita fyrst tölulegar upplýsingar – innan eins mánaðar frá fæðingu; hlutfall þeirra nemur rúmlega helmingi allra látinna á fyrsta aldursári.<sup>84</sup> Sýnir þetta hve mjög íslenskum ungbörnum hefur verið hætt við banvænum meltingarsjúkdómum fyrstu vikunnar eftir fæðingu; 2) Sú aukning sem varð að öllum líkindum á ungbarnadauða á öðrum fjórðungi 19. aldar skýrist trúlega með því að landið var þá komið í miklu greiðara samband við umheiminn en verið hafði á einokunartímabilinu og á árum Napóleonstyrjaldanna þegar sam-

80 L.G.: „Barnaeldi . . .“, 149. – Að svo stöddu verður þessi áætlaði ungbarnadauði, sem miðast við landið í heild, hvorki staðfestur né hrakinn með dæmi einstakra sókna; til þess er söfnun gagna úr prestsþjónustubókum þeirra of skammt á veg komin í rannsókn minni. Auk þess er miklum vandkvæðum bundið að fá örugga vitneskju um ungbarnadauða með tilstyrk þessara heimilda sökum óvissu um hvort foreldrar nýfæddra barna muni hafa búið í sókninni þar til þau höfðu náð eins árs aldri, og öll dauðsföll ungbarna, sem fæddust þar sannanlega, hafi þar með verið skráð af hlutað-eigandi sóknarpresti. Eftir því hvort reiknað er með þessu óvissuatriði eða ekki verður niðurstaðan breytileg í þremur prestaköllum sem hér segir:

Prestakall	Ungbarnadauði		
	Tímabil	Lágmark ‰	Hámark ‰
Möðruvallaklaustur Eyjaf.	1716–30	218	299
Reykholt Borg.	1732–47	228	272
Mosfell Árn.	1754–74	200	255

Sé farið bil beggja verður útkoman 245‰ að meðaltali og má það vel vera nærri réttu lagi. Eins og áður segir þarf slík útkoma ekki að stangast á við áður nefnda ágiskunartölu sem gilda ætti um landið í heild (300‰). Engin þessara sókna er t.d. við sjávarsíðuna þar sem ungbarnadauði hefur verið allmiklu meiri en í uppsveitum.

81 L.G.: „Barnaeldi . . .“, 149 (t.6).

82 Ibid., 145 (t.5.). Sjá einnig Helgi Guðbergsson: Art.cit., 44-47.

83 L.G.: „Barnaeldi . . .“, 142-45 (t.1-3.).

84 Ibid., 150 (t.7.). – Í þremur héruðum Bæjaralands, sem komast næst Íslandi að þessu leyti, meðal hinna fáu brjósteldissnaudu samfélaga í Evrópu sem vitað er um, nam þetta hlutfall þó „ekki nema“ rúml. 40%.



skiptin voru bæði einhæf og stopul. Þar með dró mjög úr þeim vörnum gegn aðkomu-sóttveikjum sem fólust í hinni tiltölulega miklu einangrun landsins fyrir 1815. Sóttarfarsskýrslur sýna að upp frá þessu voru dæmigerðir barnasjúkdómar, eins og kíghósti eða mislingar, mun tíðari vágestir í landinu en á 18. öld.<sup>85</sup> Svo virðist m.ö.o. að hér á landi hafi fyrst á þessu tímabili komið fram af fullum þunga afleiðingar þess sem hefur verið nefnt „sóttkveikjusameining“ heimsins.<sup>86</sup>

Af undanfarandi yfirliti verður ályktað að Ísland sýnir eitt landa í norðvestan-verðri Evrópu hvaða lýðfræðilegar afleiðingar það hafði fyrir á tímum að ungbörn skyldu yfirleitt ekki vera alin á brjósti; hér fylgdist að einstaklega „há dánartíðni ungbarna og mikil frjósemi kvenna, (sem við aðstæður fyrri alda þýddi fyrst og fremst frjósemi giftra kvenna).“<sup>87</sup> Með öðrum orðum mætti segja að það sem náttúran gaf foreldrum rausnarlega með annarri hendinni svipti hún þá miskunnarlaust með hinni. Nærtækt væri að ætla að þetta öfugsnúna kerfi hafi sett mark á viðhorf foreldra til ungbarna og til uppeldis yfirleitt. Til þess að meta slíkt er þó nauðsynlegt að glöggva sig á hver staða var mörkuð þeim börnum sem komust á annað borð á legg. Um leið gefst tækifæri til að athuga – með hliðsjón af almennum reglum um aldursflokkun í evrópskum þjóðfélögum – hvernig skil voru mörkuð í uppveiti barna á Íslandi fyrrum.

## Uppvöxtur og aldursskil

Sú vitneskja sem sótt verður í lagabálka og mannfjöldagögn um uppeldi barna og félagslega stöðu þeirra er út af fyrir sig nokkurs virði, eins og væntanlega hefur komið fram hér að framan. En hverjum þeim sem hugar að raunverulegum upp-vaxtarskilyrðum barna fyrr á tíð má vera það ljóst að slíkar heimildir eru einar sér harla ófullnægjandi. Uppeldislöggjöf er ekki annað en eins konar veruleikaímynd yfirvalda á hverjum tíma; og á hinn bóginn sýna mannfjöldatölur aðeins niðurstöður ferla sem hafa markað misjafnlega afdrifarík rof á æviferli manna. Í báðum tilvikum saknar nútíðarmaður vitneskju um hvernig almenningur hefur brugðist við lagaboðunum og hinu óafturkræfa dómsorði lífs eða dauða. Leitin að merkingu slíkra „atburða“ reynist sorglega endaslepp nema persónulegir vitnisburðir samtíðarmanna komi einnig til skjalanna.

Þegar ræðir um uppvöxt manna er þess helst að vænta að slíkir vitnisburðir komi fram í bréfum sem gengið hafa milli skyldmenna eða kunningja ellegar í ævisögum, einkum sjálfsævisögum. Nú er það svo að persónuleg bréf, sem kunna að

85 Ibid., 2.k.

86 Til dæmis um beitingu þessa hugtaks sjá Le Roy Ladurie: „Un concept: l' unification microbienne du monde“, í *ibid.*, *Le territoire de l'historien* 2. bls. 37-97. Þótt viðfangsefni höf. sé útbreiðsla sótta í Evrópu og Ameríku frá 14. til 16. aldar, tekur hann skýrt fram eftirfarandi: „Il n'est pas question non plus d'affirmer que le processus „d'unification“ se termine vers 1600, ou même 1700: la diffusion du choléra, au XIXe siècle, suffirait à réfuter cette absurdité“ (bls. 39).

87 L.G.: „Barnaeldi . . .“, 138.

hafa varðveist frá þessum tímum, hafa fæst komist á prent og væri því tímafrekt að þefa þau uppi í bréfasöfnum. Nokkuð öðru máli gegnir um þá tvo flokka ævisagna sem nefndir voru;<sup>88</sup> a.m.k. flestar sjálfsævisögur frá 17. og 18. öld, sem varðveist hafa í handritum, hafa verið gefnar út á prenti. Þótt ekki væri nema af þessum sökum er freistandi að leiða þær til vitnis eftir því sem við getur átt.

Sá sem leitar á vit sjálfsævisagna eftir persónulegum viðhorfum og skoðunum er dálítið undarlega settur gagnvart hefðbundnum kröfum heimildafræðinnar. Einmitt vegna þess að hann slægist eftir því sem huglægast er í þessum heimildum hneigist hann til að meta gildi þeirra í réttu hlutfalli við hreinskilni og bersögli höfundanna.<sup>89</sup> Er þá oft ekki annar kostur en að taka það sem höfundarnir kunna að greina frá um viðhorf til sjálfs sín og sinna nánustu eins og það „kemur af skepnunni“. Út frá þessu sjónarmiði er líka dálítið þversagnakennt að ætla sér að úrskurða um sanngildi slíkrar sjálfstjáníngar – sem alltof fá dæmi eru til um frá umliðnum öldum miðað við þarfir athugandans.<sup>90</sup>

Nú ber að hafa hugfast að þótt sjálfsævisögur greini gjarnan frá strjálum atvikum úr bernsku höfundar, er ekki þar með sagt að þær lýsi reynslu barna eða ferskum bernskuviðhorfum. Flestir höfundar hafa ekki ritað sögu sína fyrr en þeir voru komnir á efri ár og því geymir frásögnin, þegar svo ber undir, minningu hins fullorðna um bernskuna. Um leið má búast við að lýsingin dragi dóm af þeirri endurtúlkun á æviferlinum sem á sér stað, meira eða minna ósjálfrátt, eftir því sem aldur færir yfir mann.<sup>91</sup> Við þennan annmarka bætist svo svipaður túlkunarvandi og vikið var að í umfjöllun um aðferðafræði Philippe Ariès (sbr. *supra* bls. 24), þ.e. hvaða ályktanir muni heimilt að draga af sjálfslýsingunni – því sem hún segir eða þegir um.

Því er hér minnst á annmarka ævisagna sem heimilda í bernskusögu að hér á eftir verður ósjaldan vitnað til þeirra. Til þess að varpa ljósi á hvert gildi þær geta

88 Af þessum tveimur flokkum svarar sjálfsævisagan vitaskuld miklu betur umræddum tilgangi: miðað við hann reynast sögur annarra um persónur liðins tíma oftast lítils virði einfaldlega vegna þess að persónuleg kynni og reynslu brestur. Ein fára íslenskra ævisagna um mann, sem var uppi á tímabilinu og nýttist vel í þessu skyni, er *Um þá lærðu Vídalína* eftir Jón Ólafsson frá Grunnavík, enda var sögupersónan, Páll Vídalín, fóstri Jóns. – En jafnólíkir og ævisagnaflokkarnir tveir eru að þessu leyti, eiga þeir sammerkt í því að hafa oftast „merkismenn“ fyrir sögupersónur. *Ævisögurnar rjúfa þannig ekki þagnarmúrinn sem umlykur almúga fyrri alda.*

89 Síngilt dæmi eru Játningar Rousseaus – bersöglimál færð í listilegan búning.

90 Þetta er sagt með nokkrum ýkjum; í félagssögulegu samhengi verður t.d. ekki vikist undan því að meta að hve miklu leyti frásögnin lýsir einskærri sérvisku höfundar eða útbreiddum viðhorfum. Og sé sjálfsævisagan notuð sem leif, þ.e. skoðuð sem liður í ákveðinni sögulegri framvindu, hlítir hún edlilega reglum heimildafræðinnar, sjá (almennt um flokkun heimilda) Sveinbjörn Rafnsson: *Skrift, skjöl og skjalasöfn*, 7-12. Um heimildanot sjálfsævisagna fjalla ýmsir höfundar í *Cahiers internationaux de sociologie* 69 (1980).

91 Þannig er óvíst að sr. Þorsteinn Pétursson á Staðarbakka hefði í *Sjálfsævisögu* sinni tekið til þess að hann hafi alist upp „í stóru eftirlæti og sjálfræði“ (bls. 9) hjá afa sínum og ömmu nema af því að hann minntist bernskuáranna sem aldurhninginn heittrúarmaður. Raunar er þessi ályktun hálfgerð endileysa; því án kynna Þorsteins af heittrúarstefnunni, sem vakti svo marga áhangendur til sjálfsrýni, hefði hann sjálfsagt ekki skilið eftir sig neina „lífshistoríu“ eins og hann nefndi ævisögu sína.

haft, með öllum sínum annmörkum, verða fyrst tekin sýnishorn úr þremur sjálfsævisögum. Æviskeið höfunda þeirra spanna til samans um það bil tvær aldir en val sýnishornanna ræðst aftur af því að höfundarnir lýsa sameiginlegri reynslu – föðurmissi sem bar að höndum þegar þeir voru á unga aldri (6–10 ára).

Jón Ólafsson Indíafari (f. 1593) er ekki margorður um uppvaxtarár sín í Álfta-firði vestra þangað til hann sigldi út í heimliðlega tvítugur að aldri. Fyrir honum vakti aðallega að miðla samlöndum sínum nokkru af því sem hafði fyrir hann borið á langri vegferð um heimsins höf og af reynslu sinni af framandi fólki. Verkið er því fremur reisubók en eiginleg sjálfsævisaga<sup>92</sup> enda nefndi höfundurinn það svo sjálfur; skv. því lýkur frásögninni þar sem Jón sté á skipsfjöl „í Jesú nafni“ og sigldi aftur til síns „fátæka föðurlands“ (árið 1625).<sup>93</sup>

En Jóni farast svo orð um föðurmissinn:

Á sjöunda ári míns aldurs var eg undir bók settur. Á því ári ár gekk hjer blóðsótt mikil í landi, í hverri margir í burt sofnuðu. Úr þeirri sótt sofnaði í burtu hjedan minn sálugi faðir og fleiri bændur þessarar sveitar um haustið í Octobris mánuði. Halldór minn bróðir var þá 20 ára gamall; hjelt hann samt búskap með móður okkar.<sup>94</sup>

Þessi stuttaralega frásögn ber með sér að höfundi hefur legið mikið á að hefja frásögn af reisu sinni. En það hversu frásögnin er lítt blandin tilfinningalegri tjáningu kann einnig að stafa af því að Jón hafi ekki á sínu sjöunda aldursári verið nátengdur föður sínum þar sem hann hafði að sögn verið að heiman í fóstri á þriðja og fjórða aldursári.<sup>95</sup> Annars verður ekki úr því skorið með neinni vissu hvað hefur ráðið hinum hófsama tjáningarhætti höfundar.

Annar hljómur er í frásögn Jóns Steingrímssonar (f. 1728) enda er þar á ferðinni ósvikin sjálfsævisaga. Höfundur greinir allítarlega og af skýrri sjálfsvitund frá uppvaxtarárum sínum í Blönduhlíð. Honum farast svo orð um föðurmissinn:

Eftir þennan fellir [vorið 1737] tók faðir minn sótt og andaðist á 37. aldursári. Vorum við nú börn hans eftir 4 á lífi, og eitt í móðurlífi. Hans hægur og sáluhjálplegur viðskilnaður skeði á trinitatishátíðarmorgun. Er mér sá hátíðisdagur ætíð þaðan í frá minnistæður. Hann var fram eftir nóttinni að mæla fram mörg vers úr Passíusálmum; við það sofnaði

92 Guðbrandur Jónsson harmar réttilega (í formála að ævisögu Jóns Steingrímssonar) að sá sem gaf út verk Jóns Indíafara skuli ekki hafa haldið hinu upprunalega heiti.

93 Jón Ólafsson Indíafari: *Æfisaga samin af honum sjálfum*, 384. – Þótt guðrækilegra formúla gæti minna í texta Jóns, sem var maður ólærður, en hjá flestum geistlegum samtímamönnum hans, skírskotar hann einatt til guðlegrar forsjónar til skýringar á því hvernig hann bjargaðist úr bráðum lífsháska; notar hann þá gjarnan tækifærið til að minna lesendur sína á að „lukkan er völt, en það yfir alt fram að . . . dauðinn er vís en dauðastundin óvís“ (bls. 354).

94 Jón Ólafsson Indíafari: *Op. cit.*, 8.

95 Höfundur hefur á hinn bóginn lagt slíkar tilfinningar í frásögn sína af viðskilnaði við móður, vandamenn og vini, þegar hann sté á skipsfjöl: „Jónsmessukvöld um náttmálabil skildist eg við mina (elskulega) móður *Olöfu Þorsteinsdóttur*, sú eð hafði öðlast af Drottni 68 ára aldur. Margir syrgðu mína burtför . . . Að morgni fórum við til skips, og var gjörð stór veisla. Síðan skildum við með gráti og bað hver öðrum góðs.“ (Ibid., 13.)

eg í rúmi, sem var fyrir framan sængurhúsdýrnar. Þar lá fjósadrengrur á móts við mig, sem hét Ásmundur Einarsson. Hann vakti mig upp með þessum orðum: „Vaknaðu Jón, faðir þinn er dauður . . . “ Eg vaknaði, sá og heyrði móður mína grátandi sitja yfir líkinu og bræður mína þar á móti í rúmi. Eg fór á fætur, lét ei neitt á mér bera, en hafði þó nóg, fór út og í afvikið pláss og grét mig þar þreyttan. En svo fékk eg nýjan styrk, svo aumur sem eg var, að þaðan í frá fannst mér sem þetta ekkert væri“.<sup>96</sup>

Varla leikur vafi á því að guðsmaðurinn Jón ætlaði lesandanum að skilja frásögn sína svo að æðri máttur hefði komið honum, drengstaulanum á 10. aldursári, til hjálpar og sefað harminn. Höfundur var líka mikið í mun að sýna afkomendum sínum, sem hann tileinkaði ævisöguna, fram á að hjálpræði drottins væri aldrei fjarri sanntrúuðum manni á þraustastund; eða eins og hann tekur fram sjálfur í inngangi að verkinu:

. . . eg sikta fyrst og fremst hér upp á guðs dýrð, æru og vegsemd, fyrir allt blítt og strítt, sem hann hefur látið við mig koma, að dæmi margra guðsmanna á hinum fyrri öldum, sem að hafa og þar til samantekið sínar ævisögur.<sup>97</sup>

Í þessum skilningi sver ævisagan sig í ætt við guðrækilegt vakningarrit, samið í fyrstu persónu. En úr hinu fæst seint skorið að hvaða marki höfundur hefur hagrætt frásögninni til þess að hún mætti hér sem víðar bera vitni um vegsemd drottins.

Þriðja dæmið er sótt til Magnúsar Pálssonar prests Magnússonar á Valþjófsstað (f. 1779) sem áður er vitnað til. Eftir frásögn hans að dæma má ætla að harðdrægni og ill meðferð frænda hans og mágs hafi síðar orðið honum hvöt til að taka saman bernskuminningar sínar. Telur Magnús sig hafa sætt af hendi þeirra „ofsóknum, svikum og vélum“; þeir hafi svælt í sig það mesta sem hefði átt að koma í hlut hans við arfaskipti „sem síðar mun greint verða“.<sup>98</sup> En frá fráfalli föðursins segist honum svo:

Við vetrarins byrjun [1788] tók eg að læra 2. töfluna í Ponta, lærði eg þann vetur fram til drottinlegrar bænar. Það sumar veiktist faðir minn á visitatíuferð, svo hann varð að snúa heimleidis aftur; var hann svo veikur það eptir var sumarsins, en um haustið komu hjónin frá Ási, prestur Vigfús Ormsson og Bergljót Þorsteinsdóttir upp að Valþjófsstað. Talaðist svo til, að Einar Þorsteinsson, bróðir Bergljótar, skyldi fara að Valþjófsstað og

96 Jón Steingrímsson: *Ævisaga eftir sjálfan hann*, 17-18. – Höf. greinir frá því að með ráði Skúla fógeta hafi verið ráðið að búið „skyldi ófargað standa næsta ár“, þrátt fyrir fráfall fyrirvinnunnar, „og við vera hjá henni“ [móðurinni].

97 Ibid., 2. – Bersýnilegt er þó að höf. hefur ekki síður verið umhugað að setja saman varnarrit svo að afkomendur hans gætu hnekkt rógi og „mannhatursólyfjan“ sem hann taldi víst að „öfundar og hatursmenn“ sínir mundu útausa hann látinn.

98 Magnús Pálsson: „Lífs- og æfisaga“, 4-5.

læra latínu hjá bróður sínum Hjörleifi<sup>99</sup>, en eg í staðinn út að Ási um veturinn. Petta varð seinasti viðskilnaður okkar föður míns sáluga í þessum heimi . . . Strax eptir að lát föður míns heyrðist út að Ási, sem var sunnudaginn fyrsta í aðventu, þá grét Mangi minn [sögumaður] kirfilega, en Fúsi prestur huggaði mig um kvöldið niðri í lambshúsi, með stórri hýðingu.<sup>100</sup>

Frá „Fúsa“ kveðst Magnús hafa sloppið um vorið (1799) upp að Valþjófsstað til móður sinnar; ekki kunnir hann að segja hvort móðir sín hafi tekið sér vel „en hitt vissi eg, að öll lukka var á enda í heiminum þar sem faðir minn var . . . “ burtkallaður.<sup>101</sup> Petta sama vor fluttist svo móðir hans, prestsekkjan, að Arnheiðarstöðum og var Magnús hjá henni um sumarið „í engu eptirlæti“.<sup>102</sup>

Undanfarandi þrjár sjálfslýsingar opna örliðla gátt inn í hugarheim bernskunnar á 17.– 18. öld og gefa hugboð um viðbrögð barna við hremmingum samtímans. Hér verður það látið kyrrt liggja í bili hvort höfundarnir sýni að þessu leyti „sanna“ mynd af sjálfum sér eða jafnvel af samtímanum.<sup>103</sup> En lögð skal áhersla á hitt að á þessum öldum var það óefað algeng reynsla barna þegar á unga aldri að missa annað foreldri sitt, ef ekki bæði föður og móður. Af manntölum og sóknarmannatölum má raunar fá nokkra vitneskju um þetta efni þótt á óbeinan hátt sé; fara má nærri um hve hátt hlutfall allra barna t.d. innan 5 eða 10 ára voru án föður eða móður, ef ekki munaðarlaus með öllu, þegar manntalið var tekið. Byggju þau annars staðar en í foreldrahúsum voru þau skráð í manntalinu fósturbörn (tökubörn), skylduómagar eða niðursetningar.<sup>104</sup>

Nú hefur vitaskuld ekki nema hluti þessara barna, sem héldu til hjá öðrum en foreldrum sínum, verið munaðarlaus í þeim skilningi að báðir foreldrar væru fallnir frá. Sem kunnugt er þótti fráfall annars foreldris, einkum föðurins, einatt gild ástæða til að leysa upp heimilið, ef börn voru þar á ómagaaldri, og setja fólkið niður á hreppinn. Hreppstjórar og aðrir „góðir“ bændur sáu sér ótvíræðan hag í að viðhalda þessari reglu: hún var þeim uppspretta ódýrs vinnuafls enda sætti hún ekki gagnrýni málsmetandi manna á þessum tíma nema í fáum tilvikum.<sup>105</sup> Aftur á móti þótti sumum útlendingum sem urðu vitni að framkvæmd hennar „aumk-

99 Magnús sögumaður var systrungur þeirra bræðra, Hjörleifs og Einars, og Bergljótar, konu Vigfúsar á Ási. Tveimur árum síðar gekk svo að Hjörleifur að eiga systur Magnúsar, Bergljótu Pálsdóttur, en hann hafði þá um hríð verið heimiliskennari á Valþjófsstað, hjá föður þeirra, sjá Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* 2, bls. 367-68; 5, bls. 57.

100 Magnús Pálsson: Art. cit., 4-5.

101 Ibid., loc. cit.

102 Ibid., 5-6.

103 Með nánari krufningu á baksviði og ásetningi ævisöguritaranna en hér gefst ráðrúm til mætti hugsanlega skýra að einhverju marki þann mismun sem kemur fram í lýsingu þeirra.

104 Eins og áður hefur verið bent á (sbr. *supra* mynd IV) hafa óvanalega mörg börn lent í þessum flokki skv. manntalinu 1703 (eða 11% allra 0-4 ára og 27,2% allra 5-9 ára barna).

105 Pétur Þorsteinsson sýslumaður Norðmýlinga lagði árið 1753 fyrir stjórnvöld tillögu þess efnis að banna skyldi „Adskillelse af Börn og Forældre, men de Forældre, sem tjente paa et andet Sted, skulle . . . begive sig til de Sogne, hvor deres umyndige Börn underholdes . . . “. („Reskript . . . ang. nogle Forslag til Fattigvæsenets Ordning“ (27. febr. 1756). Løvs. for Isl. 3, bls. 230.) Tillaga

unarvert á að horfa“.<sup>106</sup> Þetta sama aumkunarverða hlutskipti munu sum óskilgetin börn hafa hlotið þótt mæðrum þeirra væri heimilt að lögum að halda börnunum og ala þau upp.<sup>107</sup> Feðrum slíkra barna var gert skylt, með lagatilskipun 1763, að kosta framfærslu þeirra til jafns við mæðurnar en skv. erindisbréfi hreppstjóra frá 1809 var þeim meinað að hafa nokkur mök við börn sín. Var hreppstjórum fyrirskipað „að líða ekki . . . brotlegum persónum að legorðsmálum að halda til á sama bæ eða í sömu sókn.“<sup>108</sup>

Á okkar dögum er það uppeldisfrömuðum nokkurt áhyggjuefni hve farið hefur í vöxt að undanfögnu, með hækkandi skilnaðartíðni, að ungbörn njóti aðeins samvista við annað foreldri, þá helst móður. Er ekki að efa að slíkum uppvaxtar-skilyrðum geta fylgt ekki aðeins efnahagsleg heldur einnig tilfinningaleg vandkvæði af ýmsu tagi. En slík skilyrði eru sannarlega ekki ný af nálinni; föðurlaus/móðurlaus heimili hafa löngum einkennt uppeldisaðstæður margra ungra barna þótt tildrög fjarvistarinnar hafi oftast verið önnur áður fyrr (þ.e. dauðsfall) en nú á tímum. Nákvæma vitneskju skortir um hve foreldramissir barna hefur verið algengt fyrirbæri á Íslandi á umræddu tímabili. Erlendar niðurstöður sem hafa fengið um þetta atriði ættu þó að gefa vísbendingu sem styðjast má við.

Skv. enskum og frönskum rannsóknum hefur 7.–8.hvert barn verið orðið föðurlaust við sjö ára aldur.<sup>109</sup> Eins sýna þær að ekki hefur verið jafntítt að mæður féllu frá ungum börnum sínum – svo sem við mátti búast með hliðsjón af því að meðalævi kvenna var mun lengri en karla. Við nánari aldursgreiningu sést að tíunda hvert barn í Englandi hefur verið annaðhvort föður- eða móðurlaust, um lengri eða skemmri tíma, á fyrstu þremur aldursárum ævinnar – einmitt þegar börn eru allra háðust umönnun annarra.<sup>110</sup> Allar líkur eru til þess að dauðinn hafi verið enn aðgangsharðari við foreldra ungra barna á Íslandi en í Englandi, a.m.k. eftir miðja 18. öld, þegar meðalævi þarlenda fór smám saman að lengjast. Hin þungu högg sem dauðinn greiddi foreldrum þeirra barna sem komust á legg hafa

Þéturs náði ekki fram að ganga; upplýsingarmenn gerðust síðan talsmenn nýrra úrræða í fátækramálefnum, sjá t.d. Hannes Finnsson: Op. cit., 189-190, 203-204; Magnús Stephensen: Hentug handbók fyrir hvörn Mann, 97-109. Yfirlit gefur Gísli Á. Gunnlaugsson: Op. cit., 14-20.

106 Henderson: *Ferðabók*, 83. – Höf., sem fór um landið 1814–15 og dreifði Biblíunni á báðar hendur, lýsir reglunni þannig: „Þegar svo fer um eitthvert heimili, að það er ekki lengur sjálfþjarga, er því tvístrað og hverjum heimilismanna fengin dvöl annars staðar“. Sjá enn fremur Lýður Björnsson: *Saga sveitarstjórnar á Íslandi* 1, bls. 174-76.

107 „Forordning ang. uægte Børns Opfostring“ (30. maí 1794). Lovs. for Isl. 6, bls. 175. – Lagasetningin var rökstudd með því að feður óskilgetinna barna reyni að hliðra sér hjá framfærsluskyldu, sem hvíli á þeim til jafns við mæðurnar (skv. lögum frá 1763), og beri því við að þeir vilji sjálfir taka við börnunum og annast þau jafnvel þótt þeir ráði ekki húsi.

108 „Instruction for Repstyrene i Island“ (24. nóv. 1809). Lovs. for Isl. 7, bls. 308.

109 Spufford: „First Steps in Literacy“. *Social History* 4 (3, 1979), 420. – Að sögn höf. hlaut jafnan af þessu að „the family economy collapsed. A son still at school usually left, either to earn his living, or to help his mother“. Minnir þetta á að minnstu munaði að fráfall föðursins hindraði Jón Steingrímsson í að komast í Hólaskóla.

110 Laslett: „Parental deprivation in the past in England“, í *ibid*: *Illicite love* . . . 170 (t.4.4). – Í sumum tilvikum hafa stjúpa eða stúpi verið komin „í stað“ þess foreldris sem hafði fallið frá. Um leið er hætt við að þá hafi sum börn fengið áþreifanlega reynslu af stjúpuminni þjóðsagnanna.

eflaust sett mark á tilfinningalegt inntak í samskiptum foreldra og barna (sbr. *infra* bls. 193).

Uppeldisaðstæður á Íslandi mörkuðust jafnframt af fallvættleik hins unga lífs eins og skiljanlegt er í ljósi þess sem áður segir um hinn mikla ungbarnadauða. Þessa sjást m. a. merki í orðalagi ævisagnahöfunda þar sem greinir frá barnafjölda hjóna; er einatt tekið svo til orða að þau hafi eignast svo og svo mörg börn er „komust til aldurs“.<sup>111</sup> Höfundar hirða oftast ekki um að nafngreina hin sem dóu á þeim aldri að hann varð ekki talinn í árum. Þannig má kalla það óvanalega hirðusemi af Jóni Indíafara að tiltaka að foreldrar hans hafi eignast „14 börn í heiðarlegum búskap“ þótt hann nafngreini ekki þau sem létust á unga aldri.<sup>112</sup> Og Jón Ólafsson frá Grunnavík (f. 1705) getur þess um afa sinn (sr. Pál sýslumannsson) og ömmu (Guðrúnu prestsdóttur) að þau hafi átt þrettán börn saman; en þar af nafngreindir hann aðeins synina tvo sem dóu þó báðir áður en þeir urðu fulltíða (annar fjöggra ára gamall). Um systurnar segir Jón aðeins, þá hann hefur getið móður sinnar: „Hin voru þá ellefu stúlkur, af hverjum fjórar hafa látið börn eptir sig.“<sup>113</sup> Fyrir sjónum minningasmiða vildu stúlkubörn þannig líða hjá nafnlausar, jafnvel þótt upp hefðu komist, líkt og þau börn sem hurfu kornung til moldar.

Þótt dauðans stund væri óvís, eins og Jón Indíafari komst að orði, hefur það verið almenn reynsla manna að drjúgur hluti þeirra sem í heiminn voru bornir varð að hlýða kallinu þegar á ungbarnaaldri. Er skiljanlegt að þessi reynsla hefur ekki látið ósnortin viðhorf manna til ungbarna og yngsta æviskeiðsins. Meðan barn var á því skeiði var með öllu óvíst að það „kæmist til aldurs“. Þetta viðhorf kemur t. d. skýrt fram hjá Hannesi Finnssyni þar sem hann fjallar um barnadauða á Íslandi:

Þar at auk er fellir á nýfæddum stærstr, en á hinum, sem enda ómagaalldrinn, minnztr (z); þat er at skilja: fleztir deya, af jafnmörgum, hrá-úngir, en lang-fæztir um 15 vetra alldurinn, svo þeir seinni meiga álítaz úr háska heimtir, þar sem þeim nýfæddu er lánghættast. Nálægt 15 vetra alldrinum umbreytiz og mezt mannedlit, náttúran er þá í broddi lífs síns, og stjórnari lýdsins má þá fyrst álíta, at hann eigi meir enn mannsefni. Bezta úrvalit er þá eptir, þegar þeir ófullkomnu vísarnir eru affallnir, sem ei ná ávaxtar-tím-anum . . .<sup>114</sup>

111 Sjá t. d. Jón Ólafsson Indíafari: Op. cit., 7; Jón Steingrímsson: Op. cit., 14; Bogi Benediktsson: *Æfi-Agrip fedganna* . . . , 38, 51; „Úr líkræðu Jóns Vídalín“, í Jakob Benediktsson: *Gísli Magnússon (Vísí-Gísli)*, 149.

112 Jón Ólafsson Indíafari: Op. cit., 7. – Að undanskildum Jóni sjálfum sem var „næstur seinasta barni minnar móður fæddur“, fær lesandinn ekki að vita hvar hin tvö systkini hans sem upp komust voru í röðinni.

113 Jón Ólafsson frá Grunnavík: Op. cit., XXVIII-XXIX. – Þótt móðursystur Jóns hafi flestallar orðið langlífari en bræðurnir, sér hann m. ö. o. ekki ástæðu til að geta þeirra að öðru en því að þær hafi (fáar?) alið erfingja. Vitað er eftir heimildum að þær komust allar upp utan ein og þar af giftust níu embættismönnum eða „betri bændum“, sjá Íslenzkar æviskrár 4, 124–25.

114 Hannes Finnsson: Art. cit., 132–33. – Neðanmáls (z) tilfærir biskup „tölu hinna dauðu á hverju aldurs ári“, eins og hún megi teljast líklegust, þ. e. 290% allra barna innan eins árs „þar sem ei deyi

Ummæli biskups eru til marks um það að börn á yngsta aldurskeiði hafa komið mönnum fyrir sjónir sem ótryggt efni í fullburða manneskju; með náttúrlegu úrvali fékkst úr því skorið hvert hald væri í slíku mannsefni.<sup>115</sup>

Í umfjöllun Hannesar kemur það jafnframt fram að „sá alldr, sem börn eru almennast firmd á, svarar rett 15 ára aldrinum,“<sup>116</sup> þ.e. áðurnefndum endalokum ómagaaldursins. Við þessi aldursmörk miðaði biskup þegar hann reyndi að reikna út frá dánarskýrslum presta hve barnadauði væri mikill á Íslandi. Í þessu skyni gat hann raunar aðeins nýtt sér skýrslur úr Hólastifti þar sem prestar höfðu „adskilid börn frá fullordnum i daudra registrum.“<sup>117</sup> En slík gróf tvískipting var mjög ótraustur grunnur til að byggja á útreikninga eins og þá sem vöktu fyrir biskupi:

. . . þat er til at geta, hvada all dri þau börn hafi nád, sem þar reiknaz svo [þ.e. í dánarskýrslunum]; sumir kalla *Börn* alla þá sem eru á ómaga all dri, þat er til 16 vetra, adrir þá sem eru 12 vetra og yngri; nockrir 7 vetra og yngri; en adrir þrevetr börn og þar fyrir innan, sem stundum reiknaz fyrir *Tannleysingja*.<sup>118</sup>

Þótt Hannes fengi í lið með sér hálærða menn í Hólastifti, eins og Hálfðan Einarsson, ef takast mætti að eyða þessari óvissu, fékkst ekki nein ótvíræð niðurstaða. Að undangenginni könnun varð meistari Hálfðan að viðurkenna að lærðir menn þar í stifti hefðu lagt ærið misjafna aldursmerkingu í hugtakið.<sup>119</sup> Þó væri líklegast að velflestir hefðu „reiknat alldr barna, þar til þau væru 7 vetra, þar barns-árin hjá Conforino og ødrum gömlum hafi þángat til reiknut verit, og mein-ar, at hofundir *Christinn-retta* hafi þar til litit.“<sup>120</sup>

— — —

nema 2 af jafnmörgum 15 vetra“. – Skv. elstu upplýsingum sem hagskýrslur geyma yfir meðalævi, fyrir tímabilið 1850–60 (sjá Tölfræðihandbók 1974, 56), var meðalævi eins árs karla 43,4 ár, eins árs kvenna 49,2 ár. Karlar sem náðu á annað borð 15 ára aldri, áttu þá í vændum 40 ár ólífud (dánaraldur 55 ár) en konur 47,5 ár (dánaraldur 62,5 ár). Einni öld fyrr hafa þessi meðaltöl sjálfsagt verið talsvert lægri; mætti ætla að einstaklingur, sem náði fimmtugu, hafi að álitu þeirrar tíðar manna verið farinn að nálgast gamals aldur (sbr. *infra* bls. 161 nmgr 146).

115 Í ritinu Mannfækkun af hallærum sýndi Hannes fram á að við lok fyrsta áratugar ævinnar væri náttúruúrvalið að mestu um garð gengið: „Frá 11 árum til 20 deyr alminnilega fæst fólk“, að meðaltali 32-45% (bls. 147).

116 Ibid., 123.

117 Ibid., 125. – Prestum var ekki gert að skyldu að skrá aldur dáiinna sóknarbarna sinna fyrr en 1784, þá reyndar að frumkvæði Hannesar, sjá „Umburðarbréf Hannesar biskups Finnssonar til klerkdómsins í Skálholtsbiskupsdæmi“. *Skjalasöfn klerkdómsins*, 177.

118 Hannes Finnsson: Art. cit., 125. – Höf. efast um fyrirfram að til barna hafi aðeins verið talin þau sem voru eins „hrá-ung“ og síðasttaldi flokkurinn; því hérlendis gjaldist „eptir börn ei meira enn helfingr af legkaupi og líksaungseyri mót fullordnum“. Þess vegna hafi foreldrar ábata af því að vana aldur barna sinna fremur en auka hann.

119 Ibid., 126.

120 Ibid., loc.cit. – Við þetta aldursmark miðar Magnús Stephensen: *Hentug Handbók fyrir hvørn Mann*, 116–22, þar sem hann leitast við að túlka ákvæði í húsagatilskipuninni (9. gr.) um að taka megí börn frá foreldrum ef þeir sýna vitaverða vanrækslu í uppeldi þeirra (sbr. *supra* bls. 101). Í því sambandi vitnar hann m.a. til Norsku laga, 3-9-17, „sem álitur börn á unga aldri til fullra 7 ára [og] ecki mega módur-hjúkrunar án vera, eda ad þessum smælingjum fyrr sé frá mædrum færandi.“ Reynslan sýni líka að „eckert fóstur jafnast vid gódrar módur náqvæmni og ást til síns afkvæmis . . . “ (bls. 116).



Það er óneitanlega táknrænt að lærðir menn íslenskir á 18. öld skyldu skírskota til „hinna gömlu“ og kanónískra réttarhefða þegar nauðsyn bar til að flokka „börn“ nákvæmlega eftir aldursárum. Eins og áður segir (sbr. *supra* bls. 46-47) höfðu klerklærðir miðaldahöfundar tekið upp eftir Rómverjum aldursflokkun sem miðaðist við fjögur eða, það sem algengara var, sjö æviskeið. Heitin á þessum æviskeiðum voru síðan færð í norrænan búning í helgiritum og heilagra manna sögum. Í Maríusögu er „bernska“ þannig látin merkja latneska heitið *infantia*, „sveindómr“ samsvarar *pueritia* og „æska“ *adolescentia*.<sup>121</sup> Ekki hefur þó tekist að festa þessa hugtakanotkun, jafnvel ekki í kirkjulegum bókmenntum.<sup>122</sup> Enn síður virðist hún hafa náð að festa rætur í veraldlegum ritum, t.d. Íslendingasögum, enda má ætla að orðfæri þeirra hafi líkst meir alþýðumáli samtímans en málfarið í kirkjulegum bókmenntum.<sup>123</sup>

Geta má nærri að alþýða manna hefur leitt hjá sér smásmugulegar skilgreiningar lærdómsmanna á hinum ýmsu skeiðum ævinnar. Þá er og auðsætt að norðlenskir prestar á 18. öld hafa ekki tekið mikið mark á þeim enda fátt í starfi þeirra sem krafðist nákvæmrar aldurstalningar. Ekki er heldur undarlegt þótt óhönduglega tækist til að koma íslenskum aldursheitum yfir á latínu; sýnir orðabókargerð Guðmundar Andréssonar (á 17. öld) eftirtektarverð dæmi um þetta.<sup>124</sup>

Sá vandi sem Hannes biskup átti við að kljást varpar á sinn hátt ljósi á andstæður fræðahefða og alþýðlegs skilningsmáta. Hins vegar væri mjög hæpið að draga þá ályktun af þessu dæmi að tvískiptingin: börn/fullorðnir – sem prestar nyrðra notuðust við í skýrslugerð – sé hliðstæða þeirrar óljósu aðgreiningar sem Ariès taldi að hefði viðgengist í evrópsku miðaldasamfélagi (sbr. *supra* bls. 46).<sup>125</sup> Þó að finna megi slíkri skiptingu stað í öðrum heimildum, er a.m.k. nauðsynlegt að gæta vel að eðli þeirra og samhengi áður en slík ályktun væri af þeim dregin.

Óþarft ætti að vera að fjölyrða um það sem er næsta auðsætt að við skýrslugerð og í rituðu máli yfirleitt hafa menn skipt ævinni í jafnmörg skeið og henta þótti hverju sinni. Tvískiptingin sem fylgt var í dánarskýrslum Hólastiftis hefur þannig eflaust samrýmst óljósum væntingum stiftsyfirvalda um aðgreiningu á látnum

121 Fritzner: *Ordbog over Det gamle norske sprog* 3, bls. 1079 (*æska*).

122 Í *Stjórn*, hinu forna biblíusöguhandriti, er t.d. orðið „drengr“, látið samsvara lat. *adolescens*, sjá *ibid.* 1, bls. 264.

123 Þannig segir í Sögum Noregs konunga: „Öllum mönnum ero kunnig vandræði þau er við höfum, ok svá æska, er þú ert 5 vetra gamall, en ek þriggja;“ (Tilvitnun hjá *ibid.* 3, bls. 1079.) Í *Egils sögu Skalla-Grimssonar*, 98-102, (40.k.), er t.d. fróðleg lýsing á „sveinaleik“; getið er aldurs nokkurra þátttakendanna og um leið eru höfð yfir þá ákveðin aldursheiti („smásveinn“, „sveinn“, „maðr á ungun aldri“).

124 Í orðabókinni, *Lexicon Islandicum* (útg. 1683), er t.d. „ungmenne“ látið merkja á lat. *juvenis* og „ungdomr“ *juventus* (bls. 258). Skv. íslenskri málvenju fornri kölluðust menn á barnsaldri „ungmenni“, sjá tilvitnun í Flateyjarbók hjá Fritzner: *Op. cit.*, 3, bls. 790 (*ungmenni*). Þýðing Guðmundar kemur í bág við langa fræðahefð allt frá Ísidóri frá Sevilla sem kallaði *juventus* fjórða æviskeiðið í röðinni, næst á eftir *adolescentia*, sjá Ariès: *Centuries . . .* 19. – Betur hefur Guðmundi tekist til með „piltur“: *puellus* (bls. 191), og „yngismadr“: *adolescens*.

125 Þegar vísað er til slíkrar aldurskiptingar, skv. kenningu Ariès, ber að hafa hugfast að hún telst því aðeins marktæk að hún hafi verið ígróin viðhorfi almennings til félagslegrar stöðu manna eftir aldri; eða með öðrum orðum sagt: að með skiptingunni hafi verið afmörkuð aldurshlutverk.

eftir aldri.<sup>126</sup> Á sama hátt er skiljanlegt að Hallgrímur Pétursson hefur talið það svara kröfum skáldskaparmálsins, í *Mannsins ævi*, að ganga út frá tveimur „ævum“ í lífi manns:

Mannsins ævir tel eg tvær,  
því trúa máttu.  
Ellin hefir allt það nær  
sem ungir áttu<sup>127</sup>

Eitthvað allt annað hefur þeim ókunnu höfundum gengið til sem settu saman þessa þulu um „aldur mannsins“:

Fyrstu tíu vetur: barn,  
tuttugu ára: ungur,  
þrjátíu ára: fullorðinn,  
fjörutíu ára: í sínum blóma . . .<sup>128</sup>

Þessi samsetningur byggist greinilega á sértækri, talnafræðilegri viðmiðun, ekki ósvipaðri þeirri sem hagsýslumenn beita við úrvinnslu manntalsgagna. Hér hefur svo hver áratugur fengið sína einkunn sem átti að lýsa þroskaferlinum uns „guði var náð“ við hundrað ára aldur!<sup>129</sup> Hvað sem öllum lýðfræðilegum aðstæðum leið er látið svo sem menn ættu von á að komast upp á hæsta þrepið í aldurspíramíðanum. Enn má nefna dæmi, frábrugðið þessu síðasta, þar sem ævinni er skipt í fernt; slíka fjórskiptingu munu lærðir menn eins og Jón Ólafsson frá Grunnavík hafa tekið upp eftir „hinum gömlu“.<sup>130</sup>

Ofangreindar aldursflokkarnir má réttilega kalla tilbúning lærðra manna sem gripið var til þegar henta þótti. Þær geta því alls ekki talist spegla almenningsviðhorf eða lýsa raunverulegum aldurshlutverkum. Gera verður ráð fyrir því að

126 Líklegt er að umrædd flokkun hafi oft ekki orðið til fyrr en við úrvinnslu prófasts á sóknarskýrslum prestanna; úr þessu er þó erfitt að skera því að seðlar þeir sem prestar sendu prófasti sínum eru yfirleitt glataðir. Ef dæma skal hins vegar eftir nokkrum prestsþjónustubókum, sem hafa verið færðar fyrir 1784, sýnast prestar hafa tilgreint aldur látinna lauslega („ungbarn“, „um fimmtugt“, „gömul kerling“) fremur en nákvæmlega eftir aldursárum.

127 Hallgrímur Pétursson: „Mannsins ævi“. *Hallgrímsljóð*, 298. – Geta má sér þess til að burtséð frá rökum skáldskaparins hafi tvískiptingin hjá Hallgrími byggst á fyrirmyndum úr Biblíunni; a. m. k. kemur andhverfan: börn/fullorðnir þar allvíða fyrir, sjá skrá Orðabókar Háskólans, *fullorðinn* (dæmi úr Guðbrandsbiblíu).

128 Ólafur Davíðsson: *Íslenzkar þulur og þjóðkvæði*, 272. – Prentað eftir handritasafni Árna Magnússonar.

129 Þroskaferillinn var líka skv. gamalli rómverskri venju álitinn með afbrigðum hæggengur. Í framhaldi þulunnar segir að við fimmtugt komist maður fyrst á „athugaaldur“.

130 Ibid., 273, eftir óprentaðri orðabók Jóns frá Grunnavík, *aldur*. Hér segir: „Barndómurinn líður fram í leikaraskapnum, æskan í hégómanum, karlmannsaldurinn í erfiðinu, ellin hnígur aftur til hins fyrra“. Í þessu orðalagi leynir sér ekki hið klassíska ættarmót, sjá Ariès: *Centuries . . .*, 20; hér rúmar ævin aðeins fjögur skeið, *quator vitae aetatum*, sem taldi hvert tvo tugi ára. Það er því aðeins á ytra borðinu sem fjórskiptingin hjá Jóni Ólafssyni líkist aldursflokkun á einveldisöld (sbr. *supra* mynd 1).

sú flokkun, sem almenningi var töm, hafi einkum mótast af reynslu hans af breytingum er urðu á félagslegri stöðu einstaklinganna með aldrinum. Í ljósi þessara breytinga – sem voru vitaskuld nátengdar uppvextinum í líffræðilegu tilliti – hefur „aldurinn“ öðlast merkingu í vitund manna. Eins hefur merkingin ugglaut litast af þeirri reynslu að menn stöldruðu misjafnlega lengi við, ef svo mætti segja, á einstökum skeiðum ævinnar, einkum hinum fyrri. Því er ekki undarlegt þótt almenn aldursheiti eins og „æska“ eða „ungdómur“ væru notuð í mjög rúmri og losaralegri merkingu. Slíkt var eðlileg afleiðing af því „aldurshlaupi“ sem allir máttu sjá að var á tilfærslu manna úr einum félagsflokki í annan, t.d. úr ungdómnum í tölu fullorðinna. Á hvaða aldri menn voru þegar þessi tilfærsla átti sér stað fór að miklu leyti eftir því, eins og áður er lýst, hvaða vald eða tök þeir höfðu á þeim þáttum þjóðfélagskerfisins sem réðu úrslitum um stöðuveitingu. Það var ekki svo mjög aldurinn sem réð því hvenær eða hvort Guðrún og Jón gerðust hús-ráðendur og losnuðu undan persónulegum yferráðum annarra – sem hitt hvort þau fengu, fyrr eða síðar, aðstöðu til að nýta vinnuafli sitt í þágu eigin fjölskylduframfærslu. Meðan fólk var í þjónustu annarra mátti því ekki „lídast, því sjálfu til gagnsmuna, að vinna ser, að vild sinni, og þar með forsóma húsbóndans gagn“, eins og Magnús Stephensen dómstjóri útskýrði.<sup>130 a</sup>

Þegar þetta er haft í huga verður ljóst að fánýtt væri að reyna að koma sér niður á nákvæma afmörkun á æviskeiðunum, eins og þau horfðu við Íslendingum á einveldisöld. Það sem áður segir um þetta efni í vestur-evrópsku samhengi gildir einnig að flestu leyti um Ísland (sbr. *supra* mynd I). Hér á eftir verður því aðeins staldrað við nokkur atriði sem telja má alleinkennandi fyrir íslenskar aldursmerkingar.

Ef dæma má eftir því sem lærðir menn á 18. öld létu frá sér fara, hafa verið notuð fjölbreytileg aldursheiti yfir þá sem töldust ekki til fullorðinna. Fjölbreytt orðaval fylgdi eðlilega hinni óljósu aldursflokkun og hefur um leið stuðlað að því að viðhalda henni. Til dæmis um þetta má taka þrjá „lærða“ texta, tvö umburðarbréf sem Finnur Jónsson biskup sendi prófasti og prestum í Árnessýslu 1756 og 1762<sup>131</sup> og áður ívitnaða grein eftir son hans, Hannes biskup, er birtist 1785. Í eftirfarandi lista hafa verið dregin saman úr þessum textum bæði persónubundin aldursheiti og heiti sem tákna aldurskeið; heitin eru talin upp í tilviljunarkenndri röð líkt og þau koma fyrir í textunum.

130a Magnús Stephensen: Hentug Handbók fyrir hvörn Mann, 206, nmgr. r. Með þessum orðum útlistar dómstjórinn 22. gr. í húsaatilskipuninni.

131 Í fyrra umburðarbréfið er áður vitnað, sjá *supra* bls. 80; hið síðara ber sama skjalanúmer, dags. 1. des. 1762.

<i>Persónubundin</i>	<i>Heiti á</i>
<i>aldursheiti</i>	<i>aldursskeiðum</i>
börn	ungdómur
ungdómur	ómagaaldur
ungbörn	fermingaraldur
ómyndugir	barnæska
ungmenni	æskuskeið
tannleysingjar	lögaldur (lögráða
ungfólk	aldur)
unglingar	
sveitarbörn	

Hvort sem litið er á hvorn dálk út af fyrir sig eða báða saman sést að sum heiti eiga betur saman en önnur. Svo er t.d. um heitin „ómyndugir“, „ómagaaldur“ og „lögaldur“; þau hafa öll lagalegt viðmið. Í lögum var ákveðið á hvaða aldri menn yrðu myndugir eða lögráða (sbr. *supra* bls. 49 nmgr. 166). Eins var ómagaaldur ákveðinn í lögum en það þýddi vitaskuld ekki að þeir sem höfðu verið á sveit „á barnsaldri“ hyrfu sjálfkrafa úr tölu ómaga þegar þeir komust á 16. aldursár. Breyting á stöðu þeirra var komin undir heilsufari og efnalegum aðstæðum hlut- aðeigandi ef ekki beinlínis geðþótta hreppstjóra.<sup>132</sup>

Fyrirfram hefði mátt ætla að aldursmerking heitisins „tannleysingjar“ væri nokkuð ótvíræð þar sem það vísar til líkamlegs þroskaeinkennis; svo reynist þó ekki hafa verið.<sup>133</sup> Eins hefur eflaust háttað til um „ungbörn“.

Aðrar aldursmerkingar en þær sem nú voru nefndar reynast hafa verið því óhnitmiðaðri og reikulli sem þær eru almennari eftir orðanna hljóðan. Fyrst skal drepið á „ungmenni“. Þetta heiti gat merkt einstaklinga sem voru vel innan við 10 ára eða allt að þrítugir. Í húsatilskipuninni frá 1746 er t.d. tekið svo til orða: „Engu ungmenni sem eldra er en 10 vetra . . .“ o.s.frv. (sbr. *supra* bls. 101 nmgr. 19). Og í umburðarbréfi Finns Jónssonar frá 1762 er talað í nokkrum hneykslunartón um „ungmenni . . . 3 Persónur sem finnast á einum bæ, ein 27 ára, önnur 25 og þriðja 19 vetra, sem öll eru fáfród“. En algengast hefur þó eflaust verið að nota orðið um þá sem voru milli 10 ára og tvítugs.<sup>134</sup>

132 Fróðlega og um leið átakanlega lýsingu á kjörum „sveitarbarns“, líklega eins og þau gerðust einna verst, gefur Sæmundur Stefánsson (f. 1859) í æviágripi sínu, *Æfisaga og draumar*. Á 16. ári hafði hann verið fermdur ólæs upp á „tossakverið“, á Akranesi. „Eg gat ekki unnið fyrir mér, og varð því að flytja mig á fæðingahreppinn . . . upp á Hvítársíðu“ (bls. 15). Eftir að sveitarbörn komust af ómagaaldri voru þau sett í vist ef heilsa leyfði. En sem vinnuhjú voru þessir sveitarómagar bundnir, skv. húsatilskipun, við „uppfósturshreppinn“ svo lengi sem hreppsnefnd þóknaðist. Þetta kallaði upplýsingarmaðurinn Magnús Stephensen „ísjárvert bodord eptir að breyta . . . að því leiti það verda kann *skadlegt band á frelsi manna* . . .“. (Hentug Handbók fyrir hvörn Mann, 203–04.)

133 Hannes Finnsson: Art.cit., 125. – Höf. hefur það eftir Hálfani Einarssyni að Hólabiskupa hafi greint á um það hvort telja skyldi til „tannleysingja“ börn allt að þriggja ára gömul.

134 Þetta verður ráðið af bæði kirkjulegum og veraldlegum heimildum; varðandi hinar síðarnefndu, sjá t.d. *Íslenzkir annálar 1400–1800*, 1, bls. 239 (Skarðsárannáll 1633).

Unglingsheitið vekur ef til vill meiri athygli í þessu sambandi vegna hinnar til-  
tölulega föstu aldursmerkingar sem það hefur áunnið sér á okkar dögum. Á 18.  
öld var orðið hins vegar nánast merkingarlaust sem aldursheiti. Það kemur fyrst  
fyrir, svo vitað sé, hjá Hallgrími Péturssyni.<sup>135</sup> Unglingar þeir sem hann kveður  
um í *Mannsins ævi*, hafa verið á dæmigerðum leikaldri. Í öðru og þriðja erindi  
kvæðisins stendur:

Ungir hlæja, leikum láta,  
listir reyna . . .

og:

Unglingarnir bæi byggja  
og beinin teygja . . .<sup>136</sup>

Finna má dæmi þess að „unglingsaldurinn“ hafi verið færður neðar en þessu  
nemur. „Unglingar“ Jóns Péturssonar læknis svara að aldri til ungbarna okkar  
tíma: hann notar orðið yfir „mállessa smælingja“.<sup>137</sup> Hvað efri mörkin áhrærir er  
víst að þau gátu legið kringum tvítugt og jafnvel þar yfir. Hannes Finnsson talar  
á einum stað um „unglinga frá 11-20 ára“.<sup>138</sup> Og dæmi finnst í prestspjónustubók  
um 1760 að látinn maður (Sigurður Bjarnason), 21 árs að aldri, hefur verið  
skráður „unglingur og fáráður“.<sup>139</sup>

Þessi dæmi ættu að nægja því til áréttingar að bæði heitin, „ungmenni“ og „ung-  
lingur“, voru notuð sitt á hvað yfir einstaklinga sem voru á harla ólíkum aldri. Hið  
eina sem þau merkja örugglega er að hlutaðeigandi hafa ekki verið komnir í tölu  
„fullorðinna“.<sup>140</sup>

Um nokkur heiti sem standa í orðalista biskupanna hefur enn ekki verið fjallað  
sérstaklega, þ.e. ungdómur, ungfólk, barnæska, æskuskeið. Verður nú vikið laus-  
lega að notkun þessara orða.

„Ungfólk“ eða, það sem algengara var, „yngisfólk“, var yfirleitt haft á 18. öld

135 Dæmið hjá Hallgrími Péturssyni er m.ö.o. mun eldra en það sem skrá Orðabókar Háskólans til-  
greinir sem elsta dæmi um notkun orðsins í prentuðu máli, sbr. *supra* bls. 15 nmgr. 1. Annað eldra  
dæmi en Orðabókarskrá telur er að finna hjá Páli Vídalín: *Vísnaðver*, 80. – Annars er ljóst að á  
18. öld hafa menn notað orðið í ámóta rúmri aldursmerkingu og Eyjólfur á Hvoli vandist seint á  
19. öld, sbr. ofanefnda nmgr.

136 Hallgrímur Pétursson: Op. cit., 298.

137 Jón Pétursson: Op. cit., 4 – Orðið kemur fyrir þar sem höf. ræðir um nauðsyn þess að málleysingjar  
séu reglulega þvegnir; því betur dampi út af líkamanum „sem betur er unnid ad þessari líkamans  
hreinsun unglínganna“.

138 Hannes Finnsson: Op. cit., 147.

139 Sigurður þessi er skráður látinn í prestspjónustubók Mosfells í Grímsnesi 1759; í sóknarmanna-  
talínu frá 1756 er hann sagður 18 ára, sbr. nánari heimildartilvísun *supra* bls. 136 nmgr. 15-16.

140 Varðandi önnur dæmi um notkun orðsins „unglingur“ (eða „ynglingur“) má vísa til eftirfarandi:  
áður ívitnað umburðarbréf Finns Jónssonar frá 1762; Jón Pétursson: Op. cit., 51; Sveinn Pálsson:  
*Æfisaga Bjarna Pálssonar*, 16; Magnús Stephensen: Art. cit., 203–09.

um þann hluta „ungdómsins“ sem kominn var á „giftingaraldur“ og þó enn í þjónustu annarra. Það táknaði því fremur hjúskaparstöðu en nokkurt ákveðið aldursbil (fyrir ofan ca 25 ára markið).<sup>141</sup> Í þessari merkingu var orðið notað í manntals-skýrslum og sem titill í rituðu máli allt fram á þessa öld.<sup>142</sup>

Hin heitin þrjú fela ekki heldur í sér skýra aldursmerkingu.<sup>143</sup> Gildir svipað um þau og persónubundnu aldursheitin að notkun þeirra var breytileg eftir samhengi málsins. Stundum, einkum í leikmannamáli, létu menn sér nægja að skipta ævinni í tvennt, t.d. ungdómsár/fullorðinsár eða (Eggert Ólafsson) æskualdur/fullorðinsár.<sup>144</sup> Í bundnu máli kemur slík tvískipting jafnvel fram í andhverfunni: Ungdómsár/elli. Í minningarkvæði Bjarna Jónssonar „skálda“ (ca 1575/80–1655/60) segir þannig:

Nokkur ungdómsár fyrir elli,  
ólst ég upp á Húsafelli,  
með litlum burðum, lágur að velli,  
látinn þangað fyrir bón . . .<sup>145</sup>

Varla er ástæða til að taka þetta dæmi hátíðlega – eins víst að „elli“ komi hér fyrir rímsins vegna – enda mjög óvanalegt að elli væri talin taka við af „ungdómsárum“. Hins vegar minnir þetta þarflega á hve skammt gat verið milli þessara tveggja skeiða þegar í hlut áttu menn sem stofnuðu annaðhvort seint eða aldrei heimili. Um fimmtugsaldur voru ellimörkin farin að láta á sér kræla.<sup>146</sup>

Í öðrum tilvikum, einkum í lagatextum og kirkjulegum ritum, hefur þótt þörf

141 Líklega á þessi merking orðsins sér ekki langa sögu. A. m. k. virðast hvorki „yngisfólk“ né „yngismaður“ hafa haft slíkt hjúskaparviðmið eins og þau eru notuð í kveðskap fyrir ca 1650; þar koma þau fram sem andheiti við „elli“, sjá t. d. Jón Hallsson (d. um 1540): „Erindi úr Ellikvæði“. *Íslands þúsund ár 1300–1600*, bls. 41–43. („Nær á mann stríðir elli (ungir mega þar þenkja á) . . . “ og: „Elli trúi eg að engi yngismaðurinn /fordast kann; . . . “); ennfremur sr. Ólafur Guðmundsson (1537–1609): „Elle Kvæde“, *Vísnaþók Guðbrands Þorlákssonar* („Eymder slijar Ellen fær/allar giet ei reiknad þær/Ynges Foolked að því hlær . . . “, 24. erindi bls. 318). – Sjá einnig „Úr líkræðu Jóns Vídalíns“, í Jakob Benediktsson: Op. cit., 149, þar sem orðið „Ingis-Madur“ er notað um son Vísa-Gísla sem dó 18 ára gamall.

142 Ingibjörg Benediktsdóttir: „Titlar“. *Hlín* 3 (1919), 63–66. Höf. ræðir m. a. um þær ógöngur sem menn voru komnir í með „titlatogið“ samfara breyttum þjóðfélagsaðstæðum og viðhorfum: „Rosknar konur ógiftar eru nefndar ungfrúr eða ungfreyjur og gárungarnir lesa auðvitað glottandi utan á umslögin“.

143 „Ungdómur“ gat raunar merkt hvort sem var, aldurs skeið eða safn einstaklinga. Þannig talar Finnur Jónsson um „þann confirmerada Ungdóm“ í umburðarbréfi sínu frá 1756.

144 Eggert Ólafsson: *Ferðabók* 1, bls. 14. – Magnús Stephensen skipti æviteini sínum í ungdómsaldur/manndómsskeið, sjá *Autobiographia*, 197 og 266.

145 Bjarni Jónsson: „Minningarkvæði um Jón Grímsson.“ *Íslands þúsund ár 1600–1800*, bls. 37. – Að vissu leyti birtist hér sams konar andhverfa og hjá fyrirrennurum Bjarna, Jóni Hallssyni og sr. Ólafi, sbr. nmgr. 141 hér að framan. Kvæðið lýsir annars ágæta vel hverjir voru höfuðkostir „góðra“ húsbænda í augum vinnuhjúa.

146 Horrebow: Op. cit., 191–94; Eggert Ólafsson: Op. cit., 1, bls. 14. – Sjá einnig Sigurjón Einarsson: „Séra Ólafur á Söndum.“ *Skírnir* 134 (1960), 97. Höf. vitnar til ellikvæðis Ólafs sem hann orti 54 ára gamall (árið 1612). Skáldið kveður að sér færi sem þeim er „sorg og elli síðir fann . . . Hnignar skart, hamlar margt / en heilsutjón þó mestan part . . . “

á að sundurgreina „ungdómsárin“ („æskuskeið“). Dæmi um þetta er að finna í *Hústöflunni* sem var hluti af Fræðunum minni<sup>147</sup> og eins í húsagatilskipuninni; þar er vísað með óbeinum hætti til bernsku og „ungdóms“ sem mismunandi aldurs-skeiða.<sup>148</sup> Sama er að segja um notkun orðanna „barnæska“ og „æskuskeið“ hjá Hannesi Finnssyni.<sup>149</sup> Enn ber að leggja á það áherslu að slíkar aðgreiningar eru lærðra manna verk. Líklegt er að almúginn hafi látið sér nægja almennari og að sama skapi óljósari aldursflokkunar.<sup>150</sup>

Af þessu yfirliti um notkun aldursheita má álykta að það hefur ekki samrýmst vitund manna fyrir aldursskilum á 18. öld að eigna þeim hópi sem nú kallast unglingar sérstakt skeið á æviferlinum.<sup>151</sup> Eins og áður er komið fram (sbr. *supra* bls. 94–95) var fermingaráldur barna mjög á reiki fram eftir öldinni; og um löögaldursmarkið er það að segja að gagnvart flestum uppvaxandi einstaklingum hefur það ekki markað nein þáttaskil í sjálfu sér. Með öðrum orðum, hvorki lögræði né ferming, eftir að hún kom til sögunnar, hafa markað skil í uppvexti einstaklinganna nema breyting yrði samtímis á heimilisstöðu þeirra; er þá átt við að í stað foreldravalds kæmust þeir undir vald óvandabundinna eða fjarskyldra yfirboðara. Slík tilfærsla hefur sjálfsagt oft átt sér stað um það leyti er ungmenni urðu lögráða eða fermdust en á þessu hefur verið allur gangur: sumir ólust upp hjá vandalausum eða ættmönnum allt frá bernskuskeiði, aðrir voru hjá foreldrum sínum eða foreldri og stjúforeldri fram yfir tvítugt, enn aðrir voru látnir fara að heiman 7–11 ára um lengri eða skemmri tíma. Um þetta var engin föst regla. Það eitt er víst að uppeldisskilyrði barna hafa verið afar ólík eftir efnahags- og félagsstöðu foreldra eða vandamanna þeirra og að sama skapi hlaut reynsla manna af

147 Sa *Mini Catechismus D. Marth. Lutheri*, sbr. *supra* bls. 68 nmgr. 51.

148 Tilskipan um hús-agann, 9. og 19. gr. – Annars virðist bernskuheitið koma helst fyrir í skáldskap, sjá skrá Orðabókar Háskólans, *bernska*. Hjá Bjarna skálda kemur orðið fyrir í merkingunni „barnaskapur“, sjá „Úr Flóresrínum“. Íslands þúsund ár 1600–1800, bls. 34. Algengara er aftur á móti „barndómur“, bæði í bundnu og óbundnu máli.

149 Hannes Finnsson: Art.cit., 137. – „Æskuskeið“ eða „æska“ kemur ekki fyrir í lagatilisskipunum 17.-18. aldar. Hið síðarnefnda er aftur á móti ekki óalgengt í kveðskap fram á 17. öld; t.d. kemur það fyrir í áður nefndum ellikvæðum þeirra Jóns Hallssonar og Ólafs Guðmundssonar. Hinn fyrrnefndi segir í upphafi kvæðisins: „Í æsku . . . beiddi mig . . .“ hin unga kæra. Á 17. öld kveður Jón Guðmundsson lærði hins vegar þannig: „Í minnar ömmu ungdómstíð . . .“. („Úr Áradalsóði“. Íslands þúsund ár 1600–1800, bls. 22.) Þannig virðist „æska“ hafa þokað nokkuð fyrir „ungdómur“ eftir því sem lengra leið frá siðbreytingunni, líklega fyrir áhrif kirkjulegrar uppfræðslu. All-óvenjuleg dæmi um notkun orðanna eru annars hjá Magnúsi Stephensen: Art.cit., t.d. „ . . . ungdómur hans frá 3. aldursári . . .“ (bls. 198-99), og „ . . . í æsku þessa unglings . . .“ (bls. 203); Magnús hefur þá verið 9-11 ára.

150 Í daglegu máli munu t.d. heitin „piltur“ og „stúlka“ gjarnan hafa verið notuð yfir þá sem voru á „ungmenna“ aldri. Í *Æfisögu* Bjarna Pálssonar, 25-26, talar Sveinn Pálsson þannig um þá „skólupilta“, Bjarna og bróður hans, sem „leikfull ungmenni“. Eins og þessi heiti eru notuð í Manntalinu 1703 virðist 25 ára aldurinn hafa skilið nokkuð milli „vinnupilts/vinnustúlku“ og „vinnumanns/vinnukonu“.

151 Þótt Jónas frá Hrafnagili gæfi ekki beinlínis gaum að þessu atriði kveðst hann hafa fundið „undarlega fátt í íslenskri þjóðtrú og þjóðsiðum sem snerta þau árin menn og konur yrðu frumvaxta . . .“ (op. cit., 278). Slíkt er ekki nema eðlilegt í ljósi þess sem að ofan greinir.

uppeldinu að verða mismunandi. Til vitnis um þetta eru m.a. þær brotakenndu sjálfslýsingar sem menn hafa látið eftir sig frá einveldisöld.

## Aldurshlutverk og félagslegur mismunur

Lærdómsmenn á 18. öld hölluðust helst að því að sjö ára aldurinn markaði skil barna og fullorðinna. Þessi skilgreining kemur allvel heim við reynslu samtímamanna eins og hún birtist þeim í minningunni. Eftir æviminningum að dæma hefur aðallega tvennt borið til: um 6–7 ára aldur voru börnum fengin ábyrgðarmikil hlutverk í heimilisbúskapnum; þá voru þau jafnframt „sett til bókar“ og upp úr því var þeim brátt gert að standa húsbændum og þó einkum sóknarpresti skil á kunnáttu sinni í guðsorði (sbr. *supra* bls. 79). Hið verklega nám, jafn óformlegt og það annars var, og hið bóklega komust þannig á dagskrá um svipað leyti hjá uppvaxandi kynslóð.

Nú þurfti enga dagskipun „að ofan“ til þess að börn væru sett til verka innanhúss eða utan: það var einfaldlega lífsbjargarnauðsyn. Fullgild þátttaka þeirra frá unga aldri í heimilisverkunum tryggði að þau yxu ekki úr grasi án þess að hafa tileinkað sér þá yfirgripsmiklu verkunnáttu sem líf manna í lítt verkaskiptu þjóðfélagi útheimti. Öðru máli gegndi um „bókalærdóminn“: hann stóð ekki í neinum augljósum tengslum við lífsbjargarviðleitni manna. En hver sem bar umhyggju fyrir velfarnaði sínum og sinna handan grafar hlaut að sannfærast um að guðsorðaiðkun væri sáluhjálparatriði. Eins og áður greinir voru þessir tveir meginþættir uppeldisins, hinn bóklegi og hinn verklegi, samtvinnaðir í hugmyndafræði einveldisins; en hitt er með öllu óvíst að svo hafi verið í reynslu barnsins sem tókst á við þessi verkefni. Það gat verið eitt að beygja sig undir kröfu verksins – henni varð að svara af næsta augljósum ástæðum á tilsettum tíma – og annað að lúta aga bóklestrarins. Hvorttveggja gat líka komið fram í huga barnsins sem þvingun og andstreymi – eitthvað sem kom í veg fyrir að það gæti gefið sig leiknum á vald.

Í sjálfisævisögum, svo og einstaka ævisögum öðrum, má finna mörg dæmi sem gera býsna áþreifanlegt það sem að ofan segir. Í þessu sambandi ætti ekki að vera goðgá að seilast til höfunda sem voru á barnsaldri á tímabilinu 1850–1870; því langt fram eftir 19. öld mótuðu andi og ákvæði húsagans uppeldishætti heimilanna. Til sanninda um þetta má vísa t.d. til lýsingar Kristleífs Þorsteinssonar á barnauppleidi kringum 1870.<sup>152</sup> Varðandi nýtingu ævisagna í þessu skyni verður þess enn að gæta að mjög hallar á alþýðufólk í persónuvali. Um ævisagnapersónur frá 17.–18. öld gildir það sem Indriði Einarsson sagði um föðurfrændur sína, að þeir áttu kyn að rekja til höfðingja í marga ættliði, „forfeður þeirra voru óslitinn

152 Kristleifur Þorsteinsson: „Borgfirzka æska fyrir sjötíu árum“. *Ur byggðum Borgarfjarðar* 1, bls. 33–43. Sjá ennfremur Indriði Einarsson: *Séð og lifað*, 21–24. Þar sem höf. ræðir um bókmenntasmekk og -neyslu segir að „miðöldin hafi lifað hér í landinu hjá alþýðu til 1870“ (bls. 22).



embættis- og ríkismannabálgur sem flestir höfðu lifað góðu lífi . . . “<sup>153</sup> Sumar sjálfsævisögurnar eru þó alþýðlegri ættar: Þorsteinn Pétursson (f. 1710) og Jón Steingrímsson voru af bændaættum og komust í Hólaskóla aðeins fyrir ölmusu.<sup>154</sup> Gísli Konráðsson (f. 1787) var að sönnu af góðbændaætt en hins vegar varð ekki af skólagöngu hjá honum.<sup>155</sup> Enn má geta ævisagnabrota yfir nokkra höfunda sem þegar hefur verið vitnað til (sbr. *supra* bls. 141 nmg. 45) Það er hins vegar ekki fyrr en með þeirri kynslóð er ólst upp á síðari helmingi 19. aldar sem hin búlausa lágstétt og kvenþjóðin samanlögð eignuðust sjálfsævisögur enda skriftarkunnátta fágæt meðal þeirra fram undir það. Þarf engum að koma á óvart þótt hinn geysimikli stéttamunur speglar á ýmsan hátt í ferli og viðhorfi höfundanna.

Áður nefnd aldursskil koma fram hjá flestum þessara höfunda, tiltölulega óháð stéttarstöðu þeirra. Þeir geta þess að bóklegt nám þeirra hafi hafist kringum 6–7 ára aldur.<sup>156</sup> Framan af 18. öld var um að ræða hjá allmörgum utanbókarlærdóm (sbr. *supra* bls. 73) en þetta gildir vitanlega ekki um umræddar ævisagnapersónur eða höfunda. Þeir voru allir „settir undir bók“ eins og Jón Indíafari komst að svo vel að orði. Sjö eða átta vetra gamall var Páll Vídalín látinn læra „að lesa á lögbók gamalli sem skrifuð var á kálfskinn . . . “<sup>157</sup> Á svipuðu reki mun Jón Steingrímsson hafa verið þegar hann hóf að nema á bók; honum segist svo frá lestrarnámi sínu:

Mér var kennt að stafa og lesa á bók; en af því eg var látinn of fljótt taka saman og einnig málstirður, var eg ei vel lesandi; kunni of margt af því utanbókar, er eg var látinn stafa og lesa, og pretaði þetta hvortveggja.<sup>158</sup>

Einsætt er að námsárangur hefur farið allmjög eftir gæðum kennslunnar. Sem kunnugt er voru synir efnafólks einatt sendir að heiman og komið fyrir hjá prestum eða öðrum lærdómsmönnum til latínunáms. En það var einnig algengt að þeir færu að heiman fyrr til þess að fá tilsögn í lestri og skrift. Svo var t.d. um Pál Vídalín sem nam hjá uppgjafapresti í grennd við Víðidalstungu, heimili hans. Að sögn fóstursonar Páls hafði sá þá kenningaraðferð „að þá þeir sátu yfir matborði, lét hann Pál í hvert sinn segja inntak þess, sem hann hafði lesið um morguninn eður fyrir miðdegið, áður en þeir gengu til máltíðar“.<sup>159</sup> Þetta var einkakennsla sem hefði nánast hæft konungbornu fólki enda reyndist hún skilvirk mjög. Jón

153 Indriði Einarsson: Op. cit., 29.

154 Þorsteinn Pétursson kallar foreldra sína „frómt almúgafólk . . . fátæka mjög frá upphafi“ (op. cit., 9) en búnaðist síðan vel á leigujörð.

155 Að föður Gísla fráföllnum, þegar hann var 11 ára, var móðir hans þess letjandi að hann færi í skóla, sjá *Æfisaga*, 32.

156 Hún verður þó að undanskilja hina fátækustu sem og mörg sveitarbörn, sjá Loftur Guttormsson: Op. cit., 162-63.

157 Jón Ólafsson frá Grunnavík: Op. cit., XXXIX.

158 Jón Steingrímsson: Op. cit., 15. – Frásögnin minnir á hve skammt gat verið milli utanbókarlæsis og eiginlegs bóklæsis.

159 Jón Ólafsson frá Grunnavík: Op. cit., XXXIX.

frá Grunnavík var líka sjö ára þegar hann fór að heiman (1712) til Páls í Víðidals-  
tungu. Lögmaðurinn hafði heimiliskennara (hrösulan prest) handa sonum sínum  
og fóstursonum; hjá honum lærði Jón Ólafsson hinn fyrsta vetur „að lesa og  
nokkuð að draga til stafs“. <sup>160</sup> Í sama skyni var Þórði Sveinbjarnarsyni (f. 1786) á  
Ytrahólmi komið á 6. aldursári til þáverandi sóknarprests á Akranesi „til þess að  
hann kenndi mjer að lesa og skrifa, fyrir það fyrsta.“ <sup>161</sup>

Allt önnur og lakari skilyrði til náms voru búin bóndasonum, svo ekki sé talað  
um hina sem voru af lægri stigum. Jón Steingrímsson hefur eflaust notið tilsagnar  
föður síns sem kunni að lesa þótt hann væri „skrifandi lítið, en umfram allt guð-  
hræddur, [og] siðferðisgóður . . . “. <sup>162</sup> Þorsteinn Pétursson naut að sögn kennslu  
frá sjö ára aldri hjá afa sínum, sem hann ólst upp hjá; en frásögn hans ber með sér  
að honum hefur miðað hægt í náminu enda uppallinn „í stóru eftirlæti og sjálf-  
ræði“. <sup>163</sup> Langtum minni stuðning hefur þó Gísli Konráðsson haft af vanda-  
mönnum sínum. Hann segir svo frá (Gísli talar um sig í þriðju persónu eins og  
ekki var ótítt á þessu tímabili um ævisagnaritara sem veigruðu sér við að nota  
hið sjálflæga „ég“):

Gísli var allbókhýsinn í æsku, en eingi var þess kostur, er móðir hans var varla bæna-  
bókarfær. Var honum varla meira kent en þekkja stafinu og var svo um þá báða bræður.  
Gísli fýstist mjög að læra að skrifa, bjó sér til blek úr steinkolum, er hann neri í vatn á  
tindiski, og hafði í fjárhúsum er hann skyldi vinsa garðaló og bera moð. <sup>164</sup>

Í frásögn Gísla kemur fram það sem margar aðrar heimildir staðfesta að bónda-  
börn, sem fýsti á annað borð að læra að skrifa, nutu til þess lítils stuðnings ef þau  
mættu ekki beinlínis andstöðu. Almennigur var fjarri því sama sinnis og Jón frá  
Grunnavík að öllum væri þjónanlegt að læra að skrifa, „hvort sem verda lærdir  
eða leikir, yfirmenn eða undirsátar eða hvernig helzt sem ævin byltist“. <sup>165</sup> Á 18.  
öld var skriftarkunnátta ekki heldur útbreiddari en svo að fremd þótti að því að  
hafa hana á valdi sínu. <sup>166</sup> Þannig vantaði mikið á að allir hreppstjórar kynnu að  
skrifa nægilega vel til þess að þeir gætu rækt embættisstörf sín eins og til var  
ætlast. <sup>167</sup> Afskiptaleysi almennings um skriftarnám barna, einkum stúlkna, hélst

160 Jón Helgason: Jón Ólafsson frá Grunnavík, 8.

161 Þórður Sveinbjarnarson: *Ævisaga*, 7.

162 Föðurnum, Steingrími, hefur farist kennslan eitthvað óhönduglega eins og dæmi höf. sannar; móðir hans mun hafa verið ólæs þótt hún kynni allar „hannyrðir, sem bændafólki vel þénar.“ (Jón Steingrímsson: Op. cit., 13.)

163 Þorsteinn Pétursson: Op. cit., 9.

164 Gísli Konráðsson: Op. cit., 27.

165 Lbs. JS. 83 fol: Hagþenkir, handrit eftir Jón frá Grunnavík (1737), 5. k. Gagnsemi skriftarkunnáttunnar rekur höf. nánar í 4. k. Þrátt fyrir þetta telur hann „hégóma“ að halda örsnaudum „til bókarinnar nema hann hafi ágæta gott höfud“. – Lýður Björnsson lektor lét mér góðfúslega í té uppskrift sína af handritinu.

166 Bogi Benediktsson: Op. cit., 32. – Höf getur þessa um afa sinn sem var fæddur 1723.

167 Sbr. ummæli prests í „Tilforladelige Tabeller over Guldbringesysslen for aar 1787“. Þjskjs. Skjalasafn sýslu- og sveitarsjórna I, 2: Gullbringusýsla XXIV, 2. Þar sem hreppstjórar væru „ulærde folk,

raunar langt fram á 19. öld.<sup>168</sup> Í ungdæmi Gísla Konráðssonar hefur það ráðið ríkjum en honum varð til happs að hann fékk að láni handrit af sögum og rímum hjá tveimur bændum í sókninni sem voru hreppstjórar. Annar þeirra, Jón Bjarnason „skyttu“ í Álptagerði, var að sögn Gísla:

. . . vel skrifandi og kallaður vel að sér; ætluðu margir Jón skyttu margvísan, og víst átti hann rúnir og ristingar. Apaði Gísli mjög í fyrstu eptir rithönd hans og nálega hverri hönd annarri, er hann sá, svo all óskipulegt var þar hans í fyrstu.<sup>169</sup>

Jafnvel þótt ekki sé farið út fyrir hinn þrönga hóp „pilta“ sem komust í stól-skólana á Hólum og í Skálholti, kemur fram áberandi aðstöðumunur, t.d. eftir því hve gamlir þeir voru við upphaf skólagöngu. Margir embættis- og ríkismannasynir, sem hófu latínunám skömmu eftir að þeir urðu læsir, voru teknir „barnungir“ í skóla.<sup>170</sup> Hér skulu aðeins rakin fáein dæmi af þekktum mönnum.

Í líkræðu sem Jón Vídalín flutti yfir Gísla Magnússyni lögmannssyni (f. 1621) árið 1696 segir:

Sjðann þegar Alldurinn leifdi, settu þaug [þ.e. foreldrarnir] hann til Booknams, að læra Rudimenta Lingvæ Latinæ, bæde heima á Mwakþvera, sem og þess i mille hia Sr. Gijsla Sal. ad Hrafnagile, þegar hann var 11 Vetra gamall, sendu hanns Gøfugu Forelldrar hann i Skálholtts Skoola . . .<sup>171</sup>

Ekki hefur það verið neitt einsdæmi um höfðingja- og kennimannasyni að þeir hæfu skólanám á svo ungum aldri. Brynjólfur Sveinsson síðar biskup (f. 1605) kom í Skálholtsskóla 12 ára gamall<sup>172</sup> og áður nefndur Bjarni Bjarnason á 11. ári.

ved ei mere en skrive deris Navn i Nødfald og snart intet at regne“, kveðst prestur sjálfur hafa orðið að semja búnaðarskýrslurnar sem hreppstjórnum var þó aðallega ætlað að gera, aðeins „med sóknarprestisins adstod“. („Instruction for Repstyerner“, 9. gr. Lovs. for Isl. 7, bls. 313.) Að þessu leyti hafa margir þeirra verið lítið betur settir en „óskrifandi almúgafólk“ sem þeir áttu að aðstoða, t.d. með því að gefa hjúum vitnisburð fyrir hönd húsbænda, sjá *ibid.*, 29. gr., bls. 328. Fyrir þessari vankunnáttu hefur Björn Tómasson sýslumaður fundið þar sem hann ræðir um hvað heyrir til embættis hreppstjóra. Ungir menn sem ættu í vændum að verða nefndir til hreppstjóra ættu „ad undirbúa sig þartil, med því að læra læsilega að skrifa, samt nockud í reikningi . . .“. (B.T.: Um Hreppstjórnar Embættid á Íslandi.“ *Rit þess Konungliga íslenzka Lærdóms-Lista Félags* 13 (1792), 134.)

168 Þorkell Bjarnason: „Fyrir 40 árum“. *Tímarit hins íslenzka bókmenntafélugs* 13 (1892), 223-24; Ólóf Sigurðardóttir: „Bernskuheimili mitt“. *Eimreiðin* 12 (1907), 108; Elínborg Lárusdóttir: *Frá liðnum árum*. Endurminningar Jóns Eiríkssonar frá Högnastöðum, 53; Sighvatur Gr. Borgfirðingur: „Æfisaga Jóns skálds Jónatanssonar“. *Blanda* 2 (1921-1923), 101-102.

169 Gísli Konráðsson: Op. cit., 28. – Sjá einnig Jón Aðils: „Daði Níelsson fróði“. *Merkir Íslendingar*. Nýr flokkur, 2, bls. 80-82. Daði (f. 1809) ólst upp við „skort og óþýtt atlæti“; hann lærði mest að lesa af eigin rammleik og skrift byrjaði hann að læra af sjálfum sér um tvítugt.

170 Þannig er tekið til orða um Bjarna Bjarnason (f. 1639), síðar óðalsbónda á Hesti í Súðavík, sjá Bogi Benediktsson: Op. cit., 24.

171 Jakob Benediktsson: Op. cit., 147-48.

172 Pétur Pétursson: „Ævisaga Brynjúlfs biskups Sveinssonar“. *Tímarit hins íslenzka bókmentafélugs* 5 (1884), 38.

Páll Vídalín (f. 1667) og Oddur Sigurðsson síðar lögmaður (f. 1681) voru að vísu nokkuð eldri við upphaf skólagöngu (eða 14 ára) en hve vel þeir hafa verið undir hana búnir má marka af því að þeir luku burtfararprófi eftir tvo vetur. Svipuðu máli gegndi um Magnús Gíslason síðar amtmann (f. 1704) og Magnús Ketilsson síðar sýslumann (f. 1732).<sup>174</sup> Ekki var óalgengt að menn tækju prófið utanskóla eins og Þórður Sveinbjarnarson sem áður er nefndur:

Var þáverandi biskup Geir Vídalín þá [1802] beðinn að reyna mig í lærdómsefnum mínum . . . Var ég þá á 16. ári, pasturslaus og heilsulinur aumingi, varla stærri en 12 vetra gamalt barn, því þegar jeg hjelt skólalausnar ræðu mína, hvað jeg eptir leyfi fjekk að gjöra á Melum, sást varla höfuðið á mjer upp úr stólnum, hvað að vísu má hafa litið kýmilega út fyrir söfnuðinum.<sup>175</sup>

Einu ári eldri var Magnús Stephensen síðar dómstjóri (f. 1762) þegar hann lauk burtfararprófi utanskóla; en ólíkt Þórði hefur hann ekki verið haldinn neinni minnimáttarkennd. Frá því hann var kornungur var það að hans eigin sögn „stöðug áhyggja hans beztu foreldra [Ólafs vice-lögmans og síðar stiptamt-manns og Sigríðar Magnúsdóttur amtmanns], að fá svein þenna sem bezt menntaðan“.<sup>176</sup> Magnúsi segist svo frá í *Autobiographiu* sinni:

Fann hann þá aldrei til minnstu feimni nje heldur við nein examina fyr eða síðar, og eptir það hann í fyrsta sinn prjedikaði fyrir dimmision sinni, sagði mag. Bjarni rektor við hann rjett á eptir: „Jeg bjóst við að heyra 16 vetra pilt prjedika, en jeg hélt það vera sex-tugan prest.“<sup>177</sup>

Hjá slíku atlæti og alúð sem lögð var við uppfræðslu höfðingjasona, áttu bónda-synir mjög á brattann að sækja. Í lærdómssökum var lítils af þeim vænst í uppvext-inum umfram þá kristindómsþekkingu sem þurfti til þess að þeir yrðu teknir til sakramentis – og síðar fermingar eftir að hún var upp tekin.<sup>178</sup> Sjálfstraustið hefur

173 Jón Jónsson: *Oddur Sigurðsson lögmaður*, 9-11; Páll Eggert Ólason: Op. cit., 4, bls. 19, 145; Jón Ólafsson frá Grunnavík: Op. cit., XI. – Höf. segir að Páll fóstri sinn hafi verið „tvo eða þrjá vetur“ í skólanum en bætir við að hann hafi kennt þar „mikinn tíma af einum vetri“.

174 Páll Eggert Ólason: Op. cit., 3, bls. 421, 440-41.

175 Þórður Sveinbjarnarson: Op. cit., 12-13.

176 Magnús Stephensen: Art.cit., 199. – Áður en Magnús fór í Skálholtsskóla 15 ára hafði hann allt frá 9 ára aldri notið einkakennslu í heimahúsum. Hann kennir ólempni og hranaskap eins kennara síns um það að hann hafi „tekið sáralitlum framförum í 3 ár“ (bls. 200).

177 Ibid., 211.

178 Um bóklegt nám í skóla var ekki að tala fyrir stúlkur – og mátti einu gilda hvort þær voru af háum eða lágum stigum. Ummæli Jóns Espólín (f. 1769) um systur sína, Margréti sýslumannsdóttur, varpa ljósi á væntingar karla um uppeldi slíkra stúlkna: „Minna var nám hennar til bókar en bræðra hennar, en löguð til búsyslu, þó eigi mætti hún hana til hlítar nema í föðurgarði; unni faðir hennar henni mjök og setti til hannyrða með heldri konum.“ (*Saga Jóns Espólíns hins fróða*, 6.) Einmitt þessi staðreynd – að „fyrir stúlkurnar var ekkert nám fánlegt né atvinna nema óbreytt heimilis-störf, og svo gifting eða húsmennska ævilangt“ – kom frumherjum kvenréttindabaráttu „til að fara að hugsa um mismuninn á aðstöðu kvenna og karla.“ (Bríet Bjarnhéðinsdóttir: [Sjálfsævisaga]. *Æviminningabók Menningar- og minningarsjóðs kvenna 1*, bls. 10.)

einatt farið eftir væntingum foreldra og annarra fullorðinna. Oftast var það líka einskær hending sem réð því hvort farið var að búa þessa drengi undir skólanám – velvilji sóknarprestisins eða tillitssemi foreldra gagnvart óskum ungsviðsins; en jafnframt gátu efnalegar aðstæður ráðið mati þeirra á því hvort búskapurinn mætti við þeim vinnuafslmissi sem skólasókn eins sonar kostaði. Allar þessar kringumstæður koma skýrt fram í frásögn þeirra Þorsteins Péturssonar og Jóns Steingrímssonar eins og nú verður rakið.

Þorsteinn var 15 ára þegar sóknarpresturinn fékk talið föður hans á að senda hann til sín að læra latínu:

Hann fór og strax að láta mig bera við að komponera latínu og kenndi mér glósur nokkrar. Sagði ég gæti vel lært. En til ógæfu var ég ekki lengur hjá honum [en hálfan annan vetur], því bróðir minn fatlaðist heima, og varð ég að fara og þjóna að búi föður míns einn vetur (og sumrin öll var ég alltið heima).<sup>179</sup>

Þorsteinn var orðinn 19 vetra þegar prófasturinn á Melstað kom honum suður í Skálholtsskóla. Þaðan útskrifaðist hann svo fimm árum síðar. Þótt hann hefði verið ástundunarsamur og „fengið sjaldan högg“ fyrir hegðun sína var sjálfs-traustið ekki upp á marga fiska. Þegar hann flutti burtfararprédikun sína í Skálholtsdómkirkju, að öllum lærðum mönnum á staðnum áheyrandi, kom fyrir óvænt atvik:

[Eg fekk] nokkra hindran, sem var þetta: Mér blæddu nasir stundarkorn, sem þó stytta upp síðan, svo ég strandaði ekki. Hefur það mátt koma af hræðslu nokkri eða hita höfuðsins.<sup>180</sup>

Jón Steingrímsson virðist hafa sótt það miklu fastar sjálfur en Húnavetningurinn að komast í skóla. Þótt hann lyki við „skyldunámið“ 10 ára gamall – hann var þá tekinn til altaris – horfði þunglega um framhaldið. Faðir hans var þá fallinn frá og fyrirvinnan, frændi hans, „allur upp á bústang, en lítið upp á bóklegar listir“<sup>181</sup>; stagaðist hann á því við drenginn að bókvisin mundi aldrei nýtast honum til lífsbjargar. Hann átti góðum undirtektum móður sinnar að þakka að hann komst í læri hjá sóknarpresti.<sup>182</sup> Hjá honum lærði hann að skrifa, reyndar við hörmulegan aðbúnað og síðan byrjunaratriði í latínu þegar hann var orðinn 13 ára. Þá var Harboe tekinn við stólsforráðum á Hólum; visitasía hans um Skagafjörð 1742 reyndist afdrifarík fyrir framtíð Jóns:

179 Þorsteinn Pétursson: Op. cit., 10.

180 Ibid., 11.

181 Jón Steingrímsson: Op. cit., 25.

182 Í minningu margra kemur fram hið sama og Jón reyndi; þ.e. að andspænis mótspyrnu fedra eða forsjármanna máttu synir helst vænta stuðnings mæðranna við lærdómsviðleitni sína.

Las ég þá á Flugumýri með öðrum börnum fyrir honum. Með honum var túlkur og nót-  
aríus, Jón Þorkelsson . . . Af hræðslu og óvana gátu börn varla leyst úr fyrir honum, en  
guð gaf það, að mér tókst ei svo illa upp, svo ég var sérdeilis nóteraður upp hjá  
honum.<sup>183</sup>

Fyrir frændrækni Jóns Þorkelssonar og atfylgi Harboes var Jón tekinn í skólann  
og honum úthlutað ölmusu, í trássi við stólshaldarann, Skúla Magnússon, sem  
ætlaði að láta ættingja sinn njóta hennar. Við svo búið fékk ekkert aftrað þessum  
15 ára „föðurlausa aumingja“ frá því að svala lærdómslyst sinni – hvorki ófull-  
nægjandi undirbúningur né fortölur öfundarmanna.<sup>184</sup> Hann útskrifaðist með  
góðum vitnisburði eftir fimm ára skólavist.

Fáum einum var gefið að komast inn fyrir dyr stólskólanna sem voru að sögn  
Tómasar Sæmundssonar „den eneste Kilde, hvorfra Oplysning kunde udflyde til  
Landets Børn.“<sup>185</sup> En allir hlutu að alast upp til „erfiðis“, hvort sem þeim þótti  
ljúft eða leitt. Börn voru vanin við verk frá blautu barnsbeini, einkum þrjóna-  
skap. 4-6 ára voru þau höfð til margs konar viðvika eða snúninga, sbr. heitin  
„snúningur“, „léttastúlka“, „vikapiltur“.<sup>186</sup> En um þennan þátt uppeldisins  
gegndi sama máli og bókalærdóminn að 7.–8. aldursárið markaði þáttaskil í lífi  
barnanna hvað varðar kröfur fullorðinna til þeirra: upp frá því var fyrst farið að  
gera börn fyllilega ábyrg fyrir tilteknum verkum.<sup>187</sup> Þetta þýddi m.a. að börnin  
voru hiklaust látin sæta refsingu ef þau skiluðu ekki verkinu eins og til var ætlast  
(sbr. *infra* bls. 180). Með hverju aldursári sem bættist við víkkaði svo verksviðið  
og að sama skapi þyngdust kröfurnar. Vallargæsla og hjáseta voru talin henta 8  
ára barni<sup>188</sup> en 11.–12. aldursárið markaði upphaf smalaaldursins.<sup>189</sup> Ellefu til tólf  
ára börn voru því mörg hver sett til verka sem kröfðust mun meiri líkamsburða en

183 Ibid., 31.

184 Ibid., 30-40. – Uppgjafaskólapiltur hafði m.a. útmálað skólann fyrir Jóni sem „argasta fangelsis-  
hús“ og lærdóminn þar sem „stundlega kvöl“.

185 Tómas Sæmundsson: *Island fra den intellektuelle Side betragtet*, 7.

186 Manntöl sýna að þessi heiti voru jafnframt notuð fram eftir „ómagaaldri“ um börn sem voru hjá  
vandalausum, annaðhvort sem „tökubörn“ eða sveitarbörn. Með tilvísun til hinna síðarnefndu  
bendir Magnús Stephensen á að bændur geti þurft með „únglinga til vika eða léttirs . . . [sem] gæti  
nockud til gagns unnid, en þó ekki fengid vist medgjafarlaust . . . “. (Hentug Handbók fyrir hvørn  
Mann, 110.)

187 Þetta ásannast m.a. á þrjónaskapnum sem börn fóru að sinna kornung; en úr því að þau voru 8  
vetra „var þeim sett fyrir . . . að skila einhverju ákveðnu eftir daginn eða vikuna og hert að sem  
mest mátti“. (Jónas Jónasson: Op. cit., 114.)

188 Indriði Einarsson: Op. cit., 38; Elínborg Lárusdóttir: Op. cit., 15. Sögumaður Elínborgar, Jón  
Eiríksson, kveðst auk þess hafa gengið 9 ára að slætti með föður sínum.

189 Magnús Pálsson: Art. cit., 12; Sighvatur Gr. Borgfirðingur: Art. cit., 100; Þórarinn Sveinsson:  
Art. cit., 323-24. Dæmi Þórarins minnir á að það fór einatt eftir aldursröð barnsins í systkina-  
hópnum hvaða verkum það gegndi á einstökum aldursárum. Þannig kom hjáseta í hlut Þórarins,  
sem var yngstur systkina, þegar hann var 12 ára en bróðir hans, 6 árum eldri, var þá smali. Skv.  
hinni aldursbundnu verkaskiptingu tók svo sláttumennska allajafna við af smalamennsku á sum-  
in, sjá t.d. Hannes Þorsteinsson: *Sjálfsævisaga*, 5.

svaraði aldri þeirra og þroska.<sup>190</sup> Að nokkru leyti munu börn á þessum aldri hafa verið talin í reynd „matvinnungar“ enda þótt þau kölluðust ekki svo að lögum fyrr en þau komust af ómagaaldri.<sup>191</sup> Aftur á móti munu drengir ógjarnan hafa verið sendir í verið fyrr en 14–15 ára, þ.e. kringum fermingu. Þetta má marka m.a. af frásögn Jón Eiríkssonar (f. 1854) sem ólst upp í Hreppunum:

Þegar ég var 14 ára, kom föður mínum í hug að taka mig út í Selvog og reyna að koma mér þar fyrir sem hálfdrætting . . . Ég vildi ólmur fara . . . Ef ég vann fyrir kaup, virtist mér ég þá vera orðinn fullorðinn maður og sjálfbjarga . . . Í vitund minni var ég [að vertíð lokinni] mikill maður, þótt ég væri ekki enn kominn í kristinna manna tölu.<sup>192</sup>

Jón Steingrímsson lýsir á sinn skilmerkilega hátt hvernig hann óx upp til starfa stig af stigi. Lýsing hans kemur í meginatriðum heim við það sem að ofan greinir eins og eftirfarandi dæmi sýna:

Þá var ég orðinn 7 vetra og þar yfir vandi hann [faðirinn] mig að gefa lömbum og brynna þeim, og síðan að ganga með sér til fjár, halda því til haga, brjóta ofan af fyrir því og moka, hvar til hann smíðaði mér litla göngu- og varreku; fékk eg strax stóra náttúru til þess og eftirlangan – en við fjósverk var eg ei hafður.<sup>193</sup>

Síðan axlaði Jón smám saman meiri ábyrgð og tók að sér fleiri verkefni. Hann var „fjár- og kúasmalamaður“ einum tveimur árum síðar; varð hann þá að fara árla morguns upp í hagahús langt frá bæ til að hleypa fénu út.<sup>194</sup> Nýjar skyldur lögðust á drenginn, sem var elstur þeirra systkina, þegar faðirinn dó: þá kom í hans hlut öll smalamennska og vallargæsla.<sup>195</sup> Þann tíma sem hann var að heiman að læra skrift og latínuhrafl hjá presti varð hlé á þeim verklegu störfum sem skyldan og allar heimilisáðstæður buðu; en strax við heimkomu var tekið til við þau aftur:

Nú [þegar Jón var á 14. ári] kom upp á mig aftur fjár umhirðing, og fór eg að brúka síði föður míns, og var mér það indæl iðja. Sömuleiðis tók eg mér fram um slátt, að ei þurfti að sjá mikið á bak annarra, læra að dengja og smíða mér orf og önnur verkfæri.<sup>196</sup>

Samanborið við þorra jafnaldra sinna hefur Jón Steingrímsson verið tiltölulega

- 190 Sighvatur Gr. Borgfirðingur: Art. cit., 100. Sögumaður, Jón Jónatansson, segir að sér, „barni á 11. ári hafi verið um megn“ að gegna smalamennsku á bænum (Aratungu í N-Ísafjarðarsýslu); hún „hafi verið þar örðug“.
- 191 Magnús Stephensen: Hentug Handbók fyrir hvørn Mann, 99-100; „Forordning ang. Udredelse af Alimentations-Bidrag til uægte Børn“ (1763). Lovs. for Isl. 5, bls. 496.
- 192 Elínborg Lárusdóttir: Op. cit., 76 og áfr. Sjá ennfremur Ólafur Guðmundsson, Snóksdalín: „Ævi-ágríp“. *Blanda* 8 (1944–1948), 255; Þórarinn Helgason: *Frá heiði til hafs*, bls. 38-39.
- 193 Jón Steingrímsson: Op. cit., 15.
- 194 Ibid., 16.
- 195 Ibid., 19.
- 196 Ibid., 28.

vel settur: hann átti að skilningsríka móður, fékk bókhneigð sinni fullnægt að nokkru og sinnti skylduverkum heima fyrir af fúsum vilja. Ólíkt því sem gerðist um marga á hans reki var vinnan ekki eintómt strit sem kæfði lystina til að læra á bók.

Enn síður verður það sagt um amtmannssoninn Magnús Stephensen að hann hafi orðið að fórna lærdómslyst sinni á altari vinnuþrældóms. Ekki er þó svo að skilja að hann hafi verið undanþeginn því að læra til verka; að eigin sögn var hann „vaninn við alls háttar búsýsl og heimastörf hispurslaust, eftir því sem hann til þeirra magnaðist . . . og var hann til alls þvílíks starfs og slarks fús og fýrugur . . .“<sup>197</sup>

Allt aðra reynslu af hinu verklega uppeldi hafa mörg þau börn fengið sem áttu ekki skilningi að mæta heima fyrir, svo ekki sé talað um hin sem voru af örsnaudu foreldri, fóru í vist til vandalausra á unga aldri<sup>198</sup> eða fæddust í „lausaleik“ og ólust upp á hreppnum allt frá frumbersku.

Gísli Konráðsson og Þórarinn Sveinsson geta talist fulltrúar hinna fyrstnefndu. Foreldrar beggja voru sæmilega efnnum búnir en synirnir urðu að fara í felur með bókhnýsi sína; þó höfðu þeir lag á að gera sér mat úr henni. Gísli segir svo frá:

Mjög hélt móðir hans þeim [þ.e. bræðrunum] til tóvinnu og vann Gísli hana jafnan nauðigur, en fyrir því að móðir hans var mjög gefin fyrir að heyra sögur eða rímur, freistaði Gísli að útvega þær og frelsti sig með þeim hætti við tóvinnu á kvöldvökum að lesa sögur og kveða rímur . . .<sup>199</sup>

Viðlíka brögðum beitti Þórarinn til að svala lestrarlöngun sinni. Hann hafði falað prentaða rímnabók af „stálpuðum dreng, en fátækum og svöngum“, fyrir smjörbita en gætti þess að enginn á bænum sæi bókina af ótta við að hún yrði þá brennd og hann fengi hýðingu fyrir brallið.<sup>200</sup> Síðar, þegar Þórarinn var 13 ára, fékk hann lánaðar rímur og sögur hjá Magnúsi Stephensen sem var nýsestur að á Leirá sem lögmaður og sagði honum til í skrift fyrir kunningskap við móður hans. Hvort sem hann sat yfir ám eða var í fjósi, hafði hann oftast einhverja skruddu í barminum.

Voru það rímur sem eg fékk að láni, því nú var eg farinn að lesa skrift . . . en þegar haustið kom, og farið var að vaka, átti eg að tæta ullu, og þótti eg nokkuð latur að því . . . sjómenn voru vanir að vera þar um nætur, en þegar þeir sáu skruddurnar hjá mér, og það að eg gaf þeim hornauga, spurðu þeir hvaða bók þetta væri, og eg sagði

197 Magnús Stephensen: Art. cit., 201.

198 Sennilega hefur slíkt einkum orðið hlutskipti barna í barnmörgum bóndafjölskyldum. Þannig greinir Ólöf Sigurðardóttir frá því að börnin hafi verið „látin burtu jafnskjótt og þau gátu fengið vist og unnið fyrir sér“ (art. cit., 96). Móðir hennar hafði gifst tvisvar og eignast 16 börn, þar af urðu 10 fullorðin. „Fátækt var mikil meðan börnin voru ung, en allgóður efnahagur síðan.“

199 Gísli Konráðsson: Op. cit., 28.

200 Þórarinn Sveinsson: Art. cit., 317-18.



þeim það; beiddu mig að hafa verkaskipti við sig, og neitaði eg því ekki. Móðir mín hafði heldur ekki neitt á móti þessu. Eg fór að lesa, en þeir tóku við ullinni.<sup>201</sup>

Drengir hafa þannig stundum getað komið sér undan verki með því að skemmta fullorðnum með bóklestri.<sup>202</sup> En slíkt var sjaldnast á færi þeirra barna sem ólust upp hjá vandalausum: á þau voru einatt lagðar svo þungar vinnukvaðir að þau tóku ekki út eðlilegan líkamsþroska og um leið var bókleg uppfræðsla þeirra herfilega vanrækt.<sup>203</sup> Þegar verst lét voru uppvaxtarár þeirra eintómt svartnætti og glórulaust strit.

Slíka reynslusögu hefur Sæmundur Stefánsson (f. 1859) skráð af uppvexti sínum í Borgarfirði. Foreldrar hans voru vinnuhjú í Hvítársíðu en „þjuggu ekki saman, sökum þess að þau voru fátæk“.<sup>204</sup>

Drengirnir voru því allir fluttir á móðurhreppinn. Eg var þeirra yngstur og var fluttur þriggja náttu fátækraflutning, sem kallað er, það er að segja: frá einum hreppstjóra til annars. Þegar eg kom að Bæ í Bæjarsveit, stóður tærnar út úr reifunum, að því er kona hreppstjórans sagði mér síðar. Var þá kalsaveður og frost.<sup>205</sup>

Sú meðferð er Sæmundur sætti í bernsku var öll eftir þessari fyrstu ferð að Bæ þar sem hann hafði við fram að átta ára aldri. Þá var hann ekki „stærri en þriggja ára drengur og mjög horaður“, að því er honum var síðar sagt.<sup>206</sup> Kærði þá vinnu- maður meðferð húsráðenda á honum fyrir hreppstjóra; var honum þá komið fyrir á öðrum bæjum, koll af kolli, þar sem vistin reyndist mun skárri. En þegar hann var orðinn fjórtán ára hafði hann enn enga uppfræðslu fengið „enda var það varla hægt, af því eg var orðinn mjög veikur.“<sup>207</sup>

Eins og áður segir gildir hið sama um stúlkur og um þá drengi sem ólust upp á hreppnum að persónulegar lýsingar á uppvexti þeirra eru vandfundnar nema farið sé nokkuð út fyrir mörk einveldisaldar (sbr. *supra* bls. 164). Með fyrirvara um hugs-

201 Ibid., 324.

202 Stundum hefur þó trúrækni fólks, líklega helst kvenna, bannað slíka skemmtun – í samræmi við fyrirmæli húsaðans (sbr. tilskipan um hús-agann, 7. gr.). Skv. frásögn Ólínu Jónasdóttur, sem ólst upp hjá vandalausum í Blönduhlíð laust fyrir síðustu aldamót, var húsmóðurinni (Kristrúnu) meinilla við sögur og rímur og „sagði að þær ættu ekki að vera lesnar á kristnu heimili; þjóðsögurnar fyrirbaud hún að lesa, sagði að af þeim stafaði óhamingja“. (*Eg vitja þín, æska*, 24.) – Þótt liðið væri að lokum 19. aldar þegar Ólína var að alast upp (f. 1885), endurspeglar reynsla hennar mun eldra tímabil; Kristrún húsfreyja mun hafa varðveitt „fornar kreddur og venjur“ betur en flestir samtímamenn. (Formáli Brodda Jóhannessonar.)

203 Hér ber þess vissulega að gæta að heimildir um reynslu slíkra barna hallast mjög á hlið þeirra sem hneigðust til bókar og tókst, þrátt fyrir allt, að afla sér nægilegrar kunnáttu til þess að geta síðar meir fest minningar sínar á blað.

204 Sæmundur Stefánsson: Op. cit., 7. – Foreldrarnir giftust aldrei en áttu tvo drengi fyrir utan Sæmund.

205 Ibid., loc. cit.

206 Ibid., 11.

207 Ibid., 12.

anlega „tímaskekkju“ verður hér gripið til vitnisburðar kvenna er ólust upp skömmu eftir miðja 19. öld.<sup>208</sup>

Hjá sumu alþýðufólki virðast ekki hafa verið skörp verkaskil milli drengja og stúlkna. Ólöf Sigurðardóttir (f. 1857), sem ólst upp á Vatnsnesi í Húnavatnssýslu í stórum systkinahóp (sbr. *supra* bls. 201 nmgr. 198), greinir frá því að börnin hafi farið að vinna í heyskap 7–8 ára.

Stúlkurnar slógu jafnt og drengirnir, eftir því sem hentaði . . . Börnin, sem þóttu of ung til heyrinnu, voru heima að gæta þeirra yngstu, búa til flatbrauð . . . berja harðfisk og „svo breiða á“ fyrir fólkið, þegar miðdegisverðartími var kominn. Matarverk og barnagæzlu höfðu drengir jafnt sem stúlkur á hendi hjá okkur. Svo mikið var eftir okkur rekið með vinnu, að ekki máttum við greiða okkur né þvo, nema á sunnudögum . . . Mestallan veturinn vorum við börnin iðjulaus. Oft grét ég þegjandi af leiðindum og löngun eftir að fá að læra einhvern „hégómann“, sem kallað var.<sup>209</sup>

Orðalagið hjá Ólöfu ber það með sér að ekki hafi verið alvanalegt að setja drengjum og stúlkum fyrir sömu verk eins og gert var á heimili hennar: flest stúlkubörn munu hafa verið vanin við innanhússverk miklu fremur en drengir, a.m.k. á sumrin. Þetta kemur t.d. fram hjá Guðrúnu Guðmundsdóttur (f. 1863) þar sem hún segir frá uppvexti sínum í Hornafirði (Nesjum):

Sumarið, sem ég var á fimmta árinu, átti ég að gæta Bergs bróður míns, sem þá var fárra vikna . . . Mér fannst að Guðmundur bróðir minn [tveimur árum eldri] átti að aðstoða mig við barnagæzluna. en var þá svarað því til, að strákar ættu aldrei að passa börn. Ég var því alltaf inni, þegar fullorðna fólkið var úti, og orgaði oft af leiðindum.<sup>210</sup>

Á meðan Guðmundur og félagar hans voru að leika sér úti á túni varð Guðrún systir hans að láta sér lynda að sitja á lengdar og horfa á; hann sagði „að það væri skömm fyrir mig að leika mér við stráka.“<sup>211</sup>

Eftir því sem barnahópurinn stækkaði lögðust fleiri skyldur á herðar Guðrúnar litlu. Þegar hún var á tíunda árinu var hún höfð ein heima um útengjasláttinn til að gæta yngri bræðra sinna, eins á fyrsta ári, annars tveggja ára og hins þriðja (Bergs) á sjötta ári. Auk barnagæslunnar átti hún „að búa um rúmin, sópa baðstofupallinn út úr dyrum, mala bankabygg út á grautinn og skera kálið, sem líka átti að hafa í hann.“<sup>212</sup> Einnig áttu börnin að moka fjósið og hafa lokið öllu saman þegar móðir þeirra kæmi heim af engjunum til búverkanna.

208 Sé á annað borð hætt við tímaskekkju í túlkun af þessum sökum ætti hún altént ekki að valda því að meira sé gert úr vinnukergju og hörku í barnauppedi en efni standa til; því heimildum ber saman um að upp úr 1850 hafi það orðið snöggtum mildara, sbr. *infra* bls. 184.

209 Ólöf Sigurðardóttir: Art. cit., 98. – Hin „hégómlega“ lærdómsþrá höf. þýddi að hún „vildi endilega líkjast prestsdætrunum, þó ég þyrði ekki að segja það.“

210 Guðrún Guðmundsdóttir: *Minningar úr Hornafirði*, 46.

211 *Ibid.*, 46-47.

212 *Ibid.*, 49. – Eldri bróðirinn, Guðmundur, var aftur á móti látinn reka kýrnar á morgnana og fara

Þau dæmi sem rakin eru að framan vekja hugboð um hve þungar vinnubrýðar voru lagðar á börn eftir að þau komust á „vinnualdur“; jafnframt sýna þau að börnum hefur verið mjög misjafnlega ljúft eða leitt að gegna verkefnum sínum: sumir minnst þeirra sem einskærs andstreymis og heftingar gegn því sem hugur stóð til, aðrir sem þroskavænlegra starfa er byggju í haginn fyrir framtíðina. Hver reynsla barnanna varð að þessu leyti hefur farið meira eða minna eftir uppeldis- aðstæðum – hvort þau ólust upp hjá sæmilega efnuðum foreldrum eða í fátækt og umkomuleysi í foreldrahúsum eða hjá vandalausum. Að öðru jöfnu virðist kynferði líka hafa skipt verulegu máli í þessu sambandi: reynslan hefur fært stúlkum meiri vonbrigði og sárindi en drengjum. En um leið og reynt er að tengja bernsku- reynsluna slíkum þáttum verður að bæta því við að hjá mörgum gat hún verið til- tölulega óháð þeim – og þá fremur komin undir einstaklingslegri lyndiseinkunn og innsæi uppalandans, hvort sem hann var hátt eða lágt settur í þjóðfélagsstiganum.

### „Berja skal barn til batnaðar“

Það er auðsætt af bernskuminningum manna að aginn sem þeir sættu í uppeld- inu hefur sett varanlegt mark á reynslu þeirra, líklega vegna þess hve hann var einatt strangur. Á hinn bóginn er mjög torvelt að gera sér grein fyrir því hvernig háttað hefur verið í einstökum atriðum tengslum ögunar og atferlis: beitti upp- alandinn ströngum aga vegna þess að honum þótti svo mjög skorta á æskilega hegðun hjá ungvíðinu? Eða var „óhlýðnin“ þvert á móti andsvar barnsins við harkalegri ögun af hendi uppalandans? Áreiti og svaranir hafa vitaskuld haldist í hendur með nokkrum hætti en forvitnilegt væri að komast að því hvernig upp- alendur skynjuðu og mátu tilteknar aðstæður. Nógu erfitt getur verið að greina og skýra atferlisvaka hjá núlifandi fólki sem þó er hægt að virða fyrir sér með berum augum, hvað þá heldur hjá löngu liðnum einstaklingum sem hafa aðeins skilið eftir sig óljós spor á stangli. Altéð þarf ekki að fara í grafgötur um að þá sem endranær hafa samskipti fullorðinna og barna verið flókið samspil – því flóknara sem sams konar viðbragð vakti einatt mismunandi andsvar eftir því hver átti í hlut. Og þar sem uppalandur hafa einatt ólíkt mat á aðstæðum hefur einum orðið það tilefni til refsingar sem annar lét óátalið.<sup>213</sup> Á sama hátt hefur refsiaðgerðin, t.d. hýðing, öðlast mismunandi merkingu í vitund barna eftir því að hvaða tilefni var til hennar gripið.

— — —  
svo á engjarnar (bls. 50). En af bernskureynslu sinni kveðst höf. hafa dregið þá ályktun á fullorð- insárum að aldrei skyldi trúá „krökkum fyrir litlum börnum“.

- 213 Rannsóknir í félagsfræði menntunar (á vegum Melwin Kohns o.fl.) hafa leitt í ljós áberandi stétt- armun á því hvers konar athæfi það er hjá börnum sem verður foreldrum tilefni til að refsa þeim. Mismunurinn er álitinn endurspeglar ólík uppeldisgildi foreldra eftir stéttarstöðu þeirra, sjá Boocock: *An Introduction to the Sociology of Learning*, 37-39. Ástæða er til að ætla að þessar niður- stöður gildi að sumu leyti – og að breyttu breytanda – um uppeldishætti í óiðnvæddum þjóðfé- lögum.

Í öðrum kafla var fjallað um uppeldislöggjöf einveldisins sem einkennist óneit-  
anlega af harðýðgi og eindreginni bælingarhneigð (sbr. *supra* bls. 76–77). Fræðimenn sem hafa reynt að leggja mat á uppeldisiðkan Íslendinga á þessu tímabili hafa þó st sannreyna að hún beri að flestu leyti sömu einkenni. Einna kunnust er umfjöllun Jónasar frá Hrafnagili sem telja má góðan fulltrúa fyrir frjálslynd og „framfarasinuð“ uppeldisviðhorf um síðustu aldamót. Að dómi hans einkenndust uppeldisaðferðir fyrri alda af gegndarlausri hörku:

Aginn var harður og miskunnarlaus, og ekki mátti neinu halla, svo að ekki riðu snoppungarnir og munnhögginn, svo að blóðið streymdi úr nösunum, og svo dundu hýðingarnar daglega . . . Prestarnir töluðu um það í ræðum og ritum, að menn ættu að kyssa hirtingarvönd drottins. Sama var með börnin. Þau voru oft þínd til þess að kyssa vöndinn, þegar búíð var að hýða þau. Þetta ól upp kergju í unglíngunum, bældi niður góðu tilfinningarnar, en gerði andlega lífið þrællundað og lítilmannlegt.<sup>214</sup>

Nú tíðarmenn, sem deila líklega flestir óafvitandi viðhorfi Jónasar til einveldisaldar, munu tæplega sjá ástæðu til að vefengja þetta mat. Hins er ekki að dyljast að með slíkum almennum ályktunarorðum komast menn ekki öllu lengra en að dæma fortíðarvenjur eftir nútíðarlegum gildiskvörðum.<sup>215</sup> Um leið er að mestu sneitt hjá þeirri spurningu hvers vegna uppalandur hegðuðu sér eins og lýst er, t.d. hvers vegna þeir álitu nauðsynlegt að „berja barn til batnaðar“. Menn hneigjast eðlilega til að tengja uppeldisaðferðir sem og aðrar síðvenjur við „tíðarandann“<sup>216</sup> en slíkt verður oft ekki annað en handhægt ráð til að sniðganga úrlausnar-efnið.

Hve mjög umrætt mat Jónasar frá Hrafnagili er háð gildum síns tíma sést m.a. á því að einni öld áður taldi Hannes biskup uppeldishætti Íslendinga síður en svo harðneskjulega – og var hann þó í tölu „upplýstustu“ manna síns tíma. Í áður-nefndri grein hans um barnadauða segir svo:

Undarligt þykir mér einnig að miðg illa sé af fióllda manns með börn farit, þar eg hefir ferdaz um meiri part lanzins, og sied fleiri enn helfing alls uppvoxanda folks, en þó alldrei enn sied neinn hnúdrbakadann . . .<sup>217</sup>

Eftir mælistiku Hannesar var yfirleitt ekki farið of harkalega með íslensk börn. Sjálfsagt dregur álit hans dóm af „tíðaranda“ 18. aldar, hugarheimi húsagans.

214 Jónas Jónasson: Op. cit., 272.

215 Jónas talar þannig um „þessa skaðræðisuppeldisstefnu“ sem kom til af hinni „undarlega ranghverfu stefnu fyrri alda að harðneskja og hræðsla væri eini vegurinn til að gera menn úr börnunum“. (Ibid., loc. cit.) Svipað viðhorf kemur fram hjá Þorkeli Bjarnasyni: Art. cit., 93.

216 Oft verður mönnum gripið til spakmæla eða málshátta til að lýsa tíðaranda: þetta gerir m.a. Jónas frá Hrafnagili. Um leið tengir hann við hugtakið flest milli himins og jarðar – löggjöf, trúarstefnu, hugsunarhátt, andlegt og efnalegt ástand yfirleitt, sjá op. cit., 272.

217 Hannes Finnsson: Art. cit., 118–19. – Þessi athugasemd var frá hendi höfundar liður í því að sýna fram á að á Íslandi kæmust ekki færri börn á legg að tiltölu en í öðrum löndum.

Þannig áleit biskup „vinnuleysi og ungdómsins vanaleysi til iðni . . . verra og skaðlegra en straungustu dýrtíð.“<sup>218</sup> Í baráttunni við slíkar ódyggðir hefur biskup bersýnilega ekki haft neitt við það að athuga að húsbændur beittu óspart því tyft-unarvaldi sem þeim var gefið að lögum, þ.á m. því „höfuðatriði í uppeldi æskulýðsins [sem] voru högg og hýðingar.“<sup>219</sup>

Eins og dæmin sanna er mat manna á uppeldisháttum mjög háð ríkjandi gildum á hverjum tíma. Þess vegna er æskilegt, ef leita á skýringa á þessum sömu háttum, að reyna að skygnast bak við hina hugmyndafræðilegu framhlið þeirra; í því sambandi verður nærtækast að athuga lýsingu samtímamanna á persónulegri uppeldisreynslu þeirra, einkum með þá spurningu í huga hvað varð uppaldunum tilefni til að beita „höggum og hýðingum“. Slík athugun varpar ef til vill ljósi á félagsleg skilyrði uppeldisins og ýmsar hindranir í umhverfinu sem voru því til fyrirstöðu að opinber markmið þess næðu farsællega fram að ganga.

Eftir bernskuminningum að dæma voru ýmis óhöpp og hættur sem börn á unga aldri lentu í á könnunarferðum um nágrenni bæjanna, algengasta tilefni til að refsa þeim harðlega. Tildrögin koma skýrt fram í eftirfarandi tveimur dæmum; hið fyrra er sótt í frásögn Jóns Indíafara:

Þá eg var 5 ára gamall var eg því nær í bæjarlæknum í Svarthamri í minni sjálfs vöggu drukknaður, sem vera átti skipsmynd, hefði ei mína sálugu móður svo skjótt að borið. Item í öðru sinni, þá eg var átta ára gamall . . . Ráðningu fjekk eg í hvert sinn hjer fyrir, svo sem verðugt var. Mín elsku móðir bar stóran kvíða fyrir mjer . . .<sup>220</sup>

Nýjungagirni og forvitni gagnvart umhverfinu leiddu Jón Steingrímsson oftar en einu sinni í lífsháska enda kvað hann að „fáa leiðir gott af forvitninni.“<sup>221</sup>

Annað sinn var eg að forvitnast um klett fyrir ofan bæinn við ána, er þar rennur. Áttu ókindur í honum að búa, og var okkur bannað að fara þangað. Datt eg þá ofan í ána og flaut svo fram eftir. Móðir mín var að þvo ull neðar í henni. Hagaði guðs forsjón því svo til, að mig rak þar að landi, er hún var fyrir, annars hefði eg lífi tapað. Hún greip mig upp, hljóp með mig heim á bæ, svipti af mér vosbúðinni, og strýkti mig milli hæls og hnakka. Mátti það vel svo vera, þó þá fyndist þungbært . . .<sup>222</sup>

Óhöpp af þessu tagi hefur oft hent börn í íslensku sveitaumhverfi; hér var alltof auðvelt að fara sér að voða – í sjávarkömbum, klettum, giljum eða mýrarflákum. Til þess að forðast slíkar hættur hefði þurft að gæta barnanna vel en í reynd nutu þau mikils frjálsræðis á „bernskuskeiðinu“ og gátu auðveldlega laumast burt til að svala forvitni sinni. Eins og áður er lýst voru lítil börn iðulega höfð í umsjá lítið

218 Ibid: Op. cit., 149.

219 Þorkell Bjarnason: Art. cit., 93.

220 Jón Ólafsson Indíafari: Op. cit., 9.

221 Jón Steingrímsson: Op. cit., 16.

222 Ibid., loc. cit.

eitt eldri systkina – sem voru þá allt að því jafn-leikgjörn og skjólstæðingarnir – eða fótíuina gamalmenna. Slíkar barnfóstrur voru illa til þess fallnar, vægast sagt, að hafa taumhald á krökkum í náttúrlegu umhverfi bóndabæjanna. Þegar leikurinn barst út fyrir leyfileg mörk og við lá að illa færi, fengu þeir líka að kenna á hendi og vendi.

Í ljósi þessara aðstæðna verður uppeldislegt gildi tröllasagnanna auðskilið. Þvílíkar óvættir var yfirleitt hægt að tengja náttúrlegum kennileitum í námunda við bæinn svo að þær urðu næsta hlutstæð fyrirbæri í vitund barnanna. Hlutverk sagnanna var m.a. að hræða þau frá hættulegum könnunarferðum og upp-átækjum og lappa þar með uppá það sem brast á barnagæsluna.<sup>223</sup>

Taumhaldshlutverk sagnanna kemur raunar glöggt fram í húsagatilskipuninni þar sem mælt er fyrir um afnám þess „heimskulega vana . . . að hræða börn með jólasveinum eður vofum . . . “. <sup>224</sup> Í stað slíkra heiðinglegra uppeldismeðala vildu heittrúarmenn styrkja kristilega samvisku barnanna, með skírskotun til guðsótta og refsivandar drottins. En hvað sem slíkum ásetningi leið héldu „grýlusögurnar“ gildi sínu meðal almennings sem eitt handhægasta uppeldismeðal húsagans enda voru persónur þeirra ólíkt hlutstæðari en hinar sem guðspjöllin höfðu upp á að bjóða. Börnum sem voru sett til að gæta yngri systkina sinna lærðist t.d. fljótlega að hagnýta sér þær sem hjálparmeðal. Páll Melsted (f. 1812) segir svo frá í sjálfs-ævisögu sinni:

Stundum lét hún [móðirin] mig gæta hinna yngri barnanna (systkina minna), og þótt mér þætti það ekki sælgæti, gjörði ég það nokkurn veginn lýtalaust. Ég fann það ráð, þegar þau fóru dálítið að stálpast, að segja þeim sögur, til þess að þau yrðu spakari; þessar sögur bjó ég flestar til, eftir því sem andinn blés mér í brjóst, og gjörði mér allt far um, að hafa þær sem hrikalegastar – tröllin óðu Lagarfljót undir hendur, og stukku fjall af fjalli – þá tóku börnin vel eftir og þótti bragð að sögum mínum; þetta brást mér aldrei.<sup>225</sup>

Allt bendir til þess að börn hafi vanist tiltölulega miklu sjálfræði fram að 6–7 ára aldri, þ.e. áður en bókalærdómur og vinnukvaðir fóru að þrengja að þeim að ráði. Á mestu annatímum ársins höfðu þau fremur lítið af foreldrum sínum eða hús-ráðendum að segja en þeim mun meira áttu þau saman að sælda við systkini sín eða fóstra/fóstrur – hvort sem þau voru ættingjar eða óvandabundið fólk.<sup>226</sup> Sem uppalendur komu foreldrarnir þá helst til skjalanna þegar hirta þurfti börnin fyrir brot á reglum leikaldursins.<sup>227</sup>

223 Frásögn Jóns Steingrímssonar minnir á að sagan af ókindinni hafði ekki ætíð tilætluð áhrif. Eins og hvað eina á mörkum hins náttúrlega og yfirnáttúrlega heillaði ókindin um leið og hún hræddi.

224 Tilskipan um hús-agann, 8. gr.

225 *Brautryðjendur*. Sjálfsævisaga Páls Melsted, 10-11.

226 Í þessum skilningi mætti e.t.v. heimfæra kenningu Ariès um „afskiptaleysi“ foreldra gagnvart börnum til íslenskra uppeldisaðstæðna, sbr. *supra* bls. 17.

227 Vegna ólíkra heimilisaðstæðna, t.d. eftir því hve margir voru í heimili, ber þó enn að fara varlega í að alhæfa um það hvernig háttáð var samskiptum foreldra og barna. Þegar í hlut átti fyrsta barn

Ætla má að vegna fyrri reynslu sinnar – tiltölulega mikils frjálstræðis í náttúrlegu umhverfi – hafi börn fundið mikið fyrir þeim skilum sem urðu í lífi þeirra við upphaf bókalærdóms og vinnuskyldu. Um leið og þau gengust undir þessar skyldur gerðust þau háðari valdi foreldra/húsbænda sinna og þessum síðarnefndu gáfust nú miklu fleiri tilefni en áður til að refsa börnunum fyrir yfirsjónir eða vanrækslu. Reynsla þeirra af hirtingarvaldinu birtist víða ljóslifandi í endurminningum eins og eftirfarandi dæmi gefa hugmynd um. Fyrst skal staldrað við þau sem varða bókalærdóminn.

Að sögn Þórarins Sveinssonar í Skarðskoti í Leirársveit lærði hann að stafa tæpl. 5 ára hjá fósturu sinni, vinnukonu á bænum, sem „elskaði mig vegna þægðar minnar.“<sup>228</sup>

Nú átti eg að taka saman og kveða að; ekki fór betur þá, því eg skildi ekki í hljóðinu. Því þegar eg átti til að mynda að kveða að á-i og segja a, skildi eg ómögulega . . . Af þessu reiddist fóstura mín, því hún kenndi mér að stafa og fékk eg þá hýðingu . . . Eftir að búíð var að hýða mig fór fóstura mín eitthvað út, en eg sat eptir grátandi, og var að þenkja um stafina og hljóðið . . .<sup>229</sup>

Nú mun það ekki hafa verið algengt að vinnuhjú kenndu börnum lestur en á heimili Þórarins var þá „einginn sem betur kunni það.“<sup>230</sup> Drengur mun þó ekki hafa fengið hýðingu af hendi fósturrinnar heldur móður sinnar. Ögunin var hér „blind“ í tvennum skilningi: fósturan sem átti að segja snáðanum til var varla meira en stautfær; og sú sem framkvæmdi refsinguna, móðirin, var með öllu ólæs og því ófær um að meta „yfirsjón“ sonarins af nokkurri skynsemi.

Annað dæmi má nefna eftir Magnúsi Pálssyni á Valþjófsstað sem áður er getið (sbr. *supra* bls. 151). Hann var að eigin sögn orðinn allvel lesandi 6 ára gamall:

. . . en með 7. ári fékk eg bóluna, svo eg varð nokkra stund blindur. Það var hér um bil mitt á milli þorra og þrettánda, þegar mér batnaði bólun. Þá fór eg að læra Pontoppidans spurningar og móðir mín setti mér blað á dag að læra, en ef eg kunni ekki vel, fekk eg óvægar hýðingar og snoppunga fyrir litla yfirsjón.<sup>231</sup>

Af einstökum dæmum sem þessum verður vitaskuld ekki ráðið hvort alvanalegt hefur verið að berja börn til bókar í eiginlegri merkingu en sennilegt er að það hafi tíðkast meðal alþýðufólks á 18. öld sem kunni margt lítt til bókar. Sökum skiln-

hjóna sem „komst til aldurs“, var stundum enginn annar á heimilinu en móðirin er gæti litið eftir því.

228 Þórarinn Sveinsson: Art. cit., 314.

229 Ibid., loc. cit.

230 Ibid., 314-15. – Faðir Þórarins, sem var „mikið góður lesari á þeim tíma“, var oftast við sjó.

231 Magnús Pálsson: Art. cit., 3. – Augljóst er af frásögn höf. að hann hefur sætt óvanalega harkalegri meðferð í uppeldinu, sbr. *infra* bls. 182. En Ólína Jónasdóttir kveðst líka hafa fengið kinnhest þegar hún las t.d. frelsari í staðinn fyrir freistari, sjá op. cit., 49.

ings- og reynsluleysis skorti marga forsendur til að meta hvað ætla mætti á um eðlilegar framfarir í bóknámi barna.<sup>232</sup> Vankunnátta sjálfra tilsejgjendanna stuðlaði ennfremur að hinum harðneskjulegu kennsluáðferðum: bæði í lestrar- og kristindómsiðkaninni leiddi blindur oft blindan og því var refsingum beitt án tillits til getu eða annarra námsskilyrða. Eins er ástæða til að ætla að báðir aðilar, börn og fullorðnir, hafi ósjaldan gengið til verksins, einkum kristindómsfræðslunnar, af einskærri hlýðni við lagaboð fremur en af innri hvöt eða áhuga og staglið hafi því viljað vekja gagnkvæma kergju og þverúð. Frá sjónarhóli nútíðarmanna er raunar með ólíkindum að 7–8 ára börnum skuli hafa verið gert að leggja á minnið annað eins torf og hinar fyrstu fræðaútskýringar voru.<sup>233</sup> Þarf engan að undra þótt ítrodslan hafi ekki viljað ganga á stundum nema gripið væri til „óvægra hýðinga“.

Með hliðsjón af öllum aðstæðum í lítt bókvæddu og hálf-ólæsu samfélagi um miðja 18. öld verður skiljanlegt að hið lögboðna bóknám vakti oftsinnis innri spennu og ýfingar sem húsráðendur hneigðust til að bæla með barsmiðum. Eins og áður er lýst voru þeir hvattir bæði af geistlegum og veraldlegum yfirvöldum til að ganga fram af fullri hörku (sbr. *supra* bls. 77). Þó er ekki frítt við að latínunámið hafi verið þeim alþýðumönnum, sem fengu á annað borð tækifæri til að búa sig undir skólagöngu, enn meiri þolraun en sjálft skyldunámið og þá jafnframt gefið kennurunum gilda ástæðu til hirtinga. Aðallega voru það sóknarprestar sem önnuðust slíka kennslu og þeir höfðu sjálfir vanist, margir hverjir, harkalegri meðferð á skólaárum sínum.<sup>234</sup> Það hafa því ekki verið svo lítil viðbrigði fyrir óbreytta bóndasyni að koma frá ættingjum sínum og gangast undir aga latínu-

232 Heldri manna synir voru miklu síður barðir til bókar en börn alþýðufólks, m.a. vegna þess að námsskilyrði hinna fyrrnefndu voru öll hagstæðari. Þar sem Jón Espólín (f. 1769) greinir frá því í ævisögu sinni að hann hafi „alist upp hjá foreldrum sínum við aga þann, er þá var tíðr á heldri börnum“, mun einkum átt við að faðirinn (sýslumaður) „barði ei á honum né hélt við strángan starfa . . .“. Þetta kom þó ekki í veg fyrir að sýslumaður vitti soninn „opt undarlega“ og hvatti hann „til dugnaðar með brizlyrðum meira en hæfilegu hrósi, er þó myndi nytsamara við eðli hans . . .“. (Saga Jóns Espólíns hins fróða, 8-9.)

233 Fátítt er að menn lýsi í ævisögum viðhorfi sínu til kristindómsfræðslunnar undir fermingu en hún mun í reynd hafa snúist mest um það að geta þulið utanbókar knúsaðar útskýringar fræðakversins. Finnur Jónsson (f. 1858), síðar prófessor, víkur þó að reynslu sinni með þessum orðum: „Kverið fórum við illu heilli mjög snemma að læra, jeg var búinn að læra það 8 vetra; það var Balle, með sínum 8 kapítulum, hverjum öðrum leiðinlegri – og svo urðum við að halda því til fermingar, og lesa það upp tvisvar á vetri. Jeg var orðinn steinleiður á þessu stagli, og varð auðvitað feginn að sleppa við það við ferminguna.“ (Finnur Jónsson: *Ævisaga*, 4-5.) – „B“e“ leysti af hólmi „Ponta“ (Pontoppidan: Sannleiki gudhræðslunnar) árið 1796 sem lögboðin fræðaútskýring og þótti ekki vera jafntyrfin og fyrirrennarinn. Ámóta neikvæðan vitnisburð fær kvernámið hjá Hannesi Þorsteinssyni (f. 1860): *Sjálfsævisaga*, 26-27, og Magnúsi Bl. Jónssyni (f. 1861): *Endurminningar* 1, bls. 68-69. – Vissulega hafa ekki allir haft jafnslæma reynslu af kristindómsfræðslunni og þessir, sjá t. d. Sögu Jóns Espólíns hins fróða, 8-9.

234 Jón Jónsson [Aðils]: Op. cit., 10-11. Höf. telur að höfðingjasonurinn Oddur Sigurðsson, sem ólst upp við dálæti hjá móður sinni, hafi fyrst í Skálholtsskóla sætt alvarlegri hirtingu af hendi og vendi Páls Vídalín skólameistara. (Sjá ennfremur Jón Ólafsson frá Grunnavík: Op. cit., LII.) Ekki var venja að berja heldri manna syni með hrísi enda er sagt að athæfi skólameistara hafi dregið dilk á eftir sér.



námsins hjá presti eða prófasti. Þorsteinn Pétursson lýsir reynslu sinni á eftirfarandi hátt:

Þótti mér í upphafi næsta vænt um þetta [latínunámið] . . . En þá ég skyldi fastur sitja þar við daglega, jók það mér snart angur og áhyggju og þótti brugðið mínu fyrri sjálf-ræði, einkum þar ég mátti þá fyrst læra undir eins að hlýða með auðsveipni og undirgefni, án möglunar og mótþróa . . . <sup>235</sup>

Aginn sem börnin fengu að reyna í því skyldubundna verknámi sem vinnan var, mun síður en svo hafa verið mildari í sjálfu sér en sá sem þau kynntust við bók-námið; hins vegar má gera ráð fyrir því að í reynslu þeirra hafi hin verklega ögun verið tiltölulega sjálfsagður þáttur í lífsbjargarviðleitni heimilisins – því samfélagi sem barnið ólst upp í. Auk þess höfðu húsráðendur allt aðrar og betri forsendur til að kenna börnunum réttu tókin á verkfærinu heldur en rétta aðferð að kveða að bókstafnum.<sup>235a</sup> Ennfremur ber þess að gæta að börn gátu fremur bjargað sér við ákveðið verk sem þeim var fyrirlagt – með því að fylgjast með öðrum og þreifa sig áfram – heldur en frammi fyrir óhlutstæðum táknum bókarinnar sem vonlítið var að ætla sér að ná tókum á tilsagnarlaust.

Þessar almennu athugasemdir ber þó ekki að skilja svo að ekki hafi oft þótt nauðsynlegt að beita börn þvingun til þess að þau ræktu verkefni sín eins og til var ætlast. Í samræmi við markmið húsagans voru þau vanin hlífðarlaust við vinnu-hörku sem var fylgifiskur hins tæknilega frumstæða samfélags. Til þeirra voru iðu-lega gerðar óbilgjarnar kröfur um afköst og árvekni. Þótt þessi kröfuharka verði ekki alltaf skýrð með því að efnahagsleg afkoma hafi verið í húfi, er auðsætt að fátækt fólk átti erfitt með að hlífa börnum við því sem kemur okkur nútíðar-mönnum fyrir sjónir sem óhóflegt vinnuálag, ef ekki beinlínis þrældómur. Hitt er svo annað mál að oft var miklu verr búið að börnum og hjúum en efni stóðu til.<sup>236</sup> Og oft verða ekki fundin nein „skynsamleg“ rök fyrir refsingunum sem þau máttu þola af hendi húsráðenda.

Eins og kunnugt er af eldri og nýrri dæmum var allajafna farið verr með sveitar- og tókubörn en hin sem ólust upp í foreldrahúsum.<sup>237</sup> Mörg hinna síðarnefndu

235 Þorsteinn Pétursson: Op. cit., 10. – Ekki hafa allir látið sér lynda slíka ögun. Bogi Benediktsson getur þess um afa sinn samnefndan (f. 1723) að kennari hans – þénari sýslumannsins á Skarði – hafi haldið „hann svo hardt, að hann lærði ekkert til nota, en fekk viðbjód á lærdómi.“ Þegar Bogi var síðan 10–11 ára við bóknám á Helgafelli „vildi hann ecki leggja á sig að læra látínska tungu . . . af því hann á þeim aldri var sjálfráður látinn og eptirlætis barn foreldra sinna . . . “ (op. cit., 28), sbr. *supra* bls. 165 nmgr. 166.

235a Það var ekki fyrr en á upphafi 19. aldar sem farið var að birta í stafrófskverum leiðbeiningar „til Kennenda . . . sem optast eru bóndi og húsfreyja“ um lestrarkennsluáðferðir, sjá Bjarni Arngrímsson: *Nýtílegt Barna-Gull*, 90-92. Stafrófskver Bjarna kom út 1817.

236 Það má styðja allmörgum vitnisburðum að viðurgeringur við hjú hefur farið allt eins eftir innræti húsráðenda sem efnahag þeirra, sjá t.d. Elínborg Lárusdóttir: Op. cit., 106-13.

237 Að sögn Jónasar frá Hrafnagili: Op. cit., 272, sættu þessi fyrrnefndu „miskunnarlausri bar-smíði . . . langt fram á síðari hluta 19. aldar.“

áttu samt ekki sjö dagana sæla, sérstaklega ef foreldrarnir bjuggu við kröpp kjör eða annað hvort foreldrið var fallið frá. Í þessu sambandi má enn vitna til Jóns Eiríkssonar (sbr. *supra* bls. 170) sem ólst upp í hópi margra systkina.<sup>238</sup>

Mér er margt í minni frá æskuárunum. En þó er mér ekkert eins eftirminnilegt og flengingarnar og kjaptshöggin . . . Það þurfti sannarlega ekki miklar né stórfelldar yfirsjónir til þess að vöndurinn væri gripinn og sýndur, og það var meira en að sýna eða látast eða hóta. Það virtist ríða á öllu að láta okkur finna sem mest til og refsingin yrði sem eftirminnilegust þeim sem brotlegir reyndust. Sárast af öllu þótti mér að verða sjálfur að hysja niður um mig, til þess að úttaka refsinguna, og að henni lokinni að kyssa á vöndinn. Það var okkur stranglega skipað, því að fyrr var refsingin ekki fullkomnuð.<sup>239</sup>

Í frásögn Jóns kemur ekki fram hvaða yfirsjónir það voru helst að dómi foreldranna sem verðskulduðu svo sára auðmýkingu; en hann kveðst efast um að þessar uppeldisaðferðir „hafi komið að tilætluðum notum . . .“.<sup>240</sup> Sá sem les frásögn Jóns af því hvernig hann afbar möglunarlaust sult og seyru þar sem hann var í vist eftir fermingu,<sup>241</sup> getur þó ekki varist þeirri hugsun að með þessum aðferðum hafi tekist að innræta honum nánast takmarkalausa hlýðni við húsbóndavaldið. Það er því ekki út í hött sem haft var eftir Jónasi frá Hrafnagili að framan að flengingarnar á börnum gerðu „andlega lífið þrællundað og lítilmannlegt“ (sbr. *supra* bls. 175).

Eins og áður segir vildu harðneskja og hrottaskapur í uppeldinu keyra um þverbak þegar í hlut áttu „olnbogabörn“ og niðursetningar. Sjálfsævisögubrot Magnúsar Pálssonar og Sæmundar Stefánssonar eru merkilegir vitnisburðir um reynslu manna er höfðu lent í slíkri stöðu. Hér verður aðeins vitnað til þeirra að svo miklu leyti sem þeir auka dráttum við myndina af samskiptum barna og húsráðenda.

Sem prestssonur hefði Magnús á Valþjófsstað átt að geta vænst sæmilegs atlætis í uppvextinum. Bróðir hans og frændur höfðu gengið í skóla og föðumissirinn (sbr. *supra* bls. 151) virtist ekki heldur ætla að koma í veg fyrir að Magnús færi að dæmi þeirra; því hann var 10 ára gamall settur til að læra latínu hjá frænda sínum, Hjörleifi Þorsteinssyni. Undir handarjaðri hans kynntist Magnús hýðingum og hörku sem munu hafa egnt hann til andófs og uppsteits. Þegar Hjörleifur gekk að eiga systur hans magnaðist andúðin á þessum harðhenta latínukennara: í brúðkaupsveislunni storkaði strákur mági sínum með ýmiss konar afkáraskap og háðglósum. Skömmu síðar gekk Hjörleifur svo kirfilega í skrokk á drengnum að hann

238 Elfnborg Lárusdóttir orðar þetta svo eftir sögumanni sínum, nefndum Jóni: „Á 10 árum urðum við 8 systkinin. Það gekk öllu verr að fjölga fénu jafn ört“ (op. cit., 7) – enda herjaði fjárkláðinn á þeim árum.

239 Ibid., 30-31.

240 Ibid., loc. cit.

241 Ibid., 100-113.

lá eftir handleggsbrotinn og „kvikur fleginn“ eins og fjórðungslæknirinn á að hafa komist að orði.<sup>242</sup>

Eins og áður er komið fram var Magnús í engu eftirlæti hjá móður sinni sem sat nú uppi sem prestsekkja á kristfjárfjörð. Það réðst því svo að hann fluttist með mági sínum, þá nývígðum presti, til Borgarfjarðar eystri þrátt fyrir allt sem á undan var gengið í samskiptum þeirra. Ættingjarnir virðast þá hafa verið orðnir fráhverfir því að koma drengnum áfram til mennta enda hafði sr. Hjörleifur ef-laust þörf fyrir vinnukraft hans þar sem hann var að hefja búskap. Svo mikið er víst að í Borgarfirði var hann hafður til alls konar verka, „oftast berfættur“ og illa haldinn í mat að eigin sögn.<sup>243</sup>

Sumarið eftir, þegar Magnús var á tólfta ári, gegndi hann smalamennsku hjá presti.

Eitt sinn í þoku vantaði mig 2 ær. Hann [Hjörleifur] sagði eg skyldi fara og nusa þær upp, eg sagði þær fyndust ekki í svarta þoku. Hann vildi þá berja mig, en systir mín bað hann að láta mig vera, svo annar átti að smala. Um kveldið birti upp; fór eg þá norður í eggjar og fann ærnar . . . En daginn eftir sagði prestur mér að fara ofan á Bakkagerði; gerði eg það. Þegar eg kom ofan þangað, kom prestur þar til mín með stóran hrossapöngul, tók mig og barði allan skrokkinn á mér bláan og blóðugan; sagði eg skyldi hafa þetta fyrir ærnar í gærkveldi.<sup>244</sup>

Ári síðar (1793) slapp Magnús úr vistinni og leitaði á náðir móður sinnar; hafði hann párað henni sendibréf og klegað yfir illri meðferð tengdasonar hennar. Tveimur árum síðar hvarf svo Magnús úr landi.<sup>245</sup>

Jafnvel þótt gert sé ráð fyrir einhverjum ýkjum í lýsingu Magnúsar á heiftrækni og hrottaskap séra Hjörleifs verður reynsla hans að teljast eftirminnlegt dæmi um hvað það gat kostað börn að segja kristilegum húsaga stríð á hendur.

Allt aðrar aðstæður réðu því að Sæmundur Stefánsson varð illilega fyrir barðinu í húsbóndavaldinu (sbr. *supra* bls. 172). Hann hlaut fátækraflutning í vöggugjöf og var haldið frá bóklegri iðju langt fram eftir unglingsárum meðan hann var hreppsómagi. Hann fékk sárari reynslu af uppeldinu en líklega flest önnur sveit-  
arbörn vegna þess að hann lenti hjá einstaklega „vöndu fólki“ á „Nesinu“ (þ.e. Akranesi).<sup>246</sup>

242 Magnús Pálsson: Art. cit., 10-11.

243 Ibid., 12.

244 Ibid., 13.

245 Frásögn Magnúsar lýkur þar sem hann fór upp á Hérað til móður sinnar. Vitað er að hann hélt til útlanda tveimur árum síðar og birtist ekki aftur eystra fyrr en að tuttugu árum liðnum; mun hann lengst af hafa haldið til í Kaupmannahöfn þar sem hann var m.a. „vaktari“. Heimkominn gerðist hann fyrst hjáleigubóndi og síðar „sjálfs sín“ – kallaður „fáfróður“ og „hvímleður“ í skýrslum presta en vel látinn af alþýðu, sjá Einar Jónsson: „Lífs og ævisaga Magnúsar Pálssonar . . .“. *Blanda* 4 (1928–1931), bls. 20-25.

246 Sæmundur Stefánsson: Op. cit., 7.

Og eitt með hinu fyrsta, sem eg man, [fjögra ára] er það að eg gekk ávallt berfættur. Fötin, sem eg man eftir, voru einir buxnalafar og peysugarmur. Rúmið, sem eg svaf í, var heybæli. Rúmfötin voru: seglgarmur, sem eg lá í, og undir höfðinu hafði eg torfunespil . . . Eg var ekki látinn borða með öðrum. Eg man ekki betur en eg væri barinn á hverjum degi í fjögur ár. Var eg orðinn þessum barsmíðum svo vanur að eg var hættur að gráta, þótt eg væri hýddur með vendi . . . Oft var eg hýddur fyrir það að eg bleytti rúmið á nóttum eða kastaði af mér þvagi upp fyrir rúmið eða í nánd við það, þar sem eg hélt að lítið bæri á. Kom þessi sóðaskapur minn til af því að eg var ekki látinn hafa næturgagn . . . Sá er hýddi mig var húsfreyja.<sup>247</sup>

Þessu lík voru uppvaxtarár Sæmundar á Akranesi uns hann hafði vistaskipti átta ára og komst undir annarra manna hendur (sbr. *supra* bls. 172). En Sæmundur beið aldrei bætur hinnar illu meðferðar í bernsku.<sup>248</sup> á fjórtánda ári var hann kominn „með kaun á hendur og lær“ og fór brátt að missa bein úr útlimum þegar hann hafði mikinn vaðal og vosbúð í smalamennsku.<sup>249</sup> Sextán ára gamall var hann talinn ófær um að vinna fyrir sér og var þá fluttur á „fæðingahreppinn“ upp í Hvítársíðu. Á ónefndum bæ var hann samt látinn standa yfir fé allan veturinn við nauman og illan kost. Eins og Sæmundur segir sjálfur að hafi viljað henda útingangfé, missti hann þróttinn þegar fór að hlýna í veðri:

Eg var boðinn upp á hreppskilum þá um vorið, en enginn vildi taka mig. Var það mikið sökum þess, að bóndinn, sem eg var hjá, sagði að eg væri svo kjaftfor við konu sína. Þetta var satt. Eg var stundum ærið orðhvass við hana. Gerði eg það með vilja . . . til þess eg losnaði frá þeim hjónum, því mér leið illa á þessu heimili.<sup>250</sup>

Niðurstaðan varð sú að Sæmundur var „skikkaður“ niður hjá bónda (í Kalmanstungu) sem hafði ekki komið á hreppskil. Þar var hann í sex ár og fór fram að þroska, „þökk sé húsmóður“.<sup>251</sup> Að þessum tíma liðnum komst hann af sveit, gerðist vistráðið hjú og nokkru síðar lausamaður. Gengu atkvæði um það í hreppsnefndinni hvort léttu ætti vistarbandinu af Sæmundi – og reið atkvæði sóknarprestsins baggamuninn.<sup>252</sup> En þrátt fyrir „frjálsa standið“ sem honum hafði nú hlotnast var hann sjúklingur ævilangt, vistaðist lengst af á holdsveikrahæli.<sup>253</sup> Með aðhlyningu þar á sínum efri árum naut hann þess þó að þjóðfélagið var að umbreytast í nútíðarhorf en inn í 20. öldina bar hann frá bernskuárum sínum

247 Ibid., 8-10. – Að sögn höf. lögðu húsbóndinn og elsti sonur þeirra hjóna aldrei til hans, ekki heldur gamall maður sem var þar í heimili.

248 Ástædulaust mun vera að bera brigður á frásögn Sæmundar því hann hefur verið orðvar maður og tillitssamur. Þannig skirrist hann við að nafngreina þá húsráðendur sem fóru hvað hraklegast með hann.

249 Ibid., 13. – Ljóst er að Sæmundur hefur verið haldinn holdsveiki.

250 Ibid., 15.

251 Ibid., 16.

252 Ibid., 22.

253 Sæmundur var tekinn inn á holdsveikrahælið á Laugarnesi árið 1901, þá 42 ára gamall.

líkamlegar menjar einveldisaldar. Svo var um marga samtímamenn hans sem öldin sú hafði þó ekki farið jafnhörðum höndum um.

Mönnum sem ólust upp á seinni helmingi 19. aldar var fullljóst að tíðarandinn var allur annar á uppvaxtarárum þeirra en verið hafði einum til tveimur kynslóðum fyrr. Sr. Þorkell Bjarnason (f. 1839), sem lýsti m.a. uppeldisháttum í ung-dæmi sínu í Skagafirði, kvað þannig barsmíðar húsbænda á börnum og hjúum:

. . . löngu fyrir lok liðnar fyrir minni þeirra manna, er nú lifa [kringum 1890]. Þó mundu gamlir menn, sem á lífi voru fram um 1850, eftir gapastokkunum, sem þó voru venjulega í æsku þeirra orðnir eins konar forngrípur . . . Þeir mundu og eftir því, að það tíðkaðist í uppvexti þeirra, að hýða börn og unglinga á föstudaginn langa, að minnsta kosti sumstaðar. Móðir mín heitin sá í æsku gamlan mann, Ólaf að nafni, er sagt var, að settur hefði verið í gapastokk um tvítugsaldur fyrir þá sök, að hann var tregur að fara til kirkju. Þessi siður var nú löngu horfinn fyrir mitt minni, en barnauppleidið var þó um miðja þessa öld og fyrir þann tíma miklu harðara en nú á dögum.<sup>254</sup>

Vitnisburður Hannesar Þorsteinssonar þjóðskjalavarðar (f. 1860) styður einnig þá ályktun að síðari helmingur aldarinnar hafi markað hvörf í uppeldisháttum hérlendis. Þannig segir Hannes í æviágripi er hann samdi árið 1926:

Menn hafa enga hugmynd um það nú, hversu óharðnaðir unglingar voru þrælkaðir í sveitunum fyrir 50-60 árum, því að nú eru allt aðrir tíma og hugsunarháttur manna mjög breyttur. Orðið „barnlúinn“ mun tæpast þekkt í sveitum nú, en þá heyrðist það opt sagt um miðaldra fólk og þar yfir, en þeim mönnum hafði verið ofþjakað á barnsaldri og báru þess menjar alla ævi.<sup>255</sup>

Það mundi leiða langt út fyrir mörk þessa rits að rekja efnahagslegar og félagslegar forsendur þeirrar hugarfarsbreytingar er Hannes Þorsteinsson þóttist hafa sannreynt. Þessar forsendur munu hins vegar koma óbeint fram hér á eftir – sem eins konar fjarvistarástæður. Er þá átt við að í hinu hefðbundna samfélagi, jafn-

254 Þorkell Bjarnason: Art. cit., 253-54. – Í athugasemdum við lýsingu Þorkels sem Húnvetningurinn Oddur Sigurðsson birti tveimur árum síðar undir samnefndu heiti („Fyrir 40 árum“. *Tímarit hins íslenska bókmenntafjelags* 15 (1894), 246), hélt hann því fram að „slíkt harðræði hafi verið að mestu lagt niður í byrjun þessarar aldar, eptir því sem mér var sagt“. En vitnisburðir samtímamanna, m.a. þeir sem vitnað er til að framan, benda til þess að tímasetning Þorkels á breytingunum sé í grófum dráttum rétt. Hitt má rétt vera hjá Ólafi að „hýðingar barna á föstudaginn langa [hafi] aldrei verið tíðkaðar nema af hinu lakasta og fáfróðasta fólki“.

255 Hannes Þorsteinsson: „Æviágrip“. *Blanda* 7 (1940-43), 6-7. Í sjálfsævisögu höfundar, þar sem sama sjónarmiði er lýst með öðrum orðum, segir ennfremur: „ . . . ég vissi dæmi til, að unglingar voru hálfðrepnir á öðrugri smalamennsku.“ (Sjálfsævisaga, 5.) Ólöf Sigurðardóttir vísar til hins sama þar sem hún segir um föður sinn að hann hafi oft verið kránkur: „Hafði sætt svo harðri meðferð í æsku, að hann varð aldrei að manni.“ (Art. cit., 110.) Sjá ennfremur: Finnur Jónsson á Kjörseyri: „Sjálfsævisaga (brot)“, í *ibid.*, *Þjóðhættir og ævisögur frá 19. öld*, 13-14, og Símon Eiríksson: „Búnaðarhættir, klæðnaður, venjur o.fl. um miðja 19. öld.“ *Blanda* 4 (1928-31), 215-20.

ólíkt og það var nútíðarþjóðfélagi að allri gerð, skorti skilyrði til þess að börn öðl-  
uðust þann sess í vitund fullorðinna sem 20. aldar menn eiga að venjast. Allir sem  
komust til vits og ára höfðu þá sem nú öðlast sína bernskureynslu; en þá höfðu  
bernska og ungdómur bæði sem persónuleg reynsla og sem uppeldislegt viðfang  
fullorðinna nokkuð aðra merkingu en á okkar dögum. Þetta er þegar orðið ljóst  
í einstökum atriðum af undanfarandi umfjöllun en í lokin verður reynt að taka hin  
helstu saman.

## NIÐURLAG: SAMFÉLAGSHÆTTIR OG FÉLAGSLEG VIÐHORF

Eins og fram kemur í bernskuminningum frá 17.–19. öld, sem hefur verið vitnað til að framan, lýsa höfundar uppeldisreynslu sinni gjarnan með orðunum harðræði eða eftirlæti/sjálfræði, eftir atvikum. Minnir þetta á greinarmuninn, sem hafður var eftir Ariès í upphafi þessa máls (sbr. *supra* bls. 11), á hugtökunum bernskuvitund og barnelska (affection for children). Ariès telur hið fyrrnefnda lúta einkum að því hversu tamt mönnum sé að viðurkenna séreðli bernskunnar en hið síðarnefnda lýsi sér almennt í hugarþeli fullorðinna (foreldra) í garð barna. Eftir skilningi Ariès er bernskuvitund samofin siðferðilegum, menningarlegum gildum en barnelskan ætti fremur að samsvara náttúrlegum þörfum barna fyrir ástúð og tilfinningatjáningu.

Umrædd aðgreining, sem er ef til vill túlkuð hér nokkuð frjállega eftir Ariès, getur vissulega verið gagnleg í fræðilegri krufningu; en hún býður jafnframt upp á að gert sé meira en efni standa til úr togstreitunni milli „náttúru“ og „menningar“ í reynslu barnsins;<sup>1</sup> og hvað varðar sjálfa uppeldisiðkanina, þá kynni þessi aðgreining að vekja hugboð um að þroskuð bernskuvitund sé líkleg til að gera foreldra og aðra uppalandur að ströngum siðameisturum er taki of lítið tillit til náttúrlegra þarfa barnsins. Út frá slíku sjónarmiði mætti jafnvel gera því skóna að barnelska fari eftir því hve eftirlátssamir foreldrar eru; en á hinn bóginn jafngildi slík eftirlátsssemi vísast tómlæti eða afskiptaleysi í augum ábyrgs uppalanda sem telur sér skylt að gera barnið að farsælum þjóðfélagsþegn.

Vissulega væri forvitnilegt að komast að raun um það hvort ólíkar, ef ekki beinlínis andstæðar, kröfur „náttúru“ og „menningar“ hafa markað reynslu manna sem ólust upp á löngu liðnum tímum. En úr því mun seint fást skorið þar sem skráning reynslunnar er nánast alltaf verk fullorðinna sem endurtúlka fortíðina meira eða minna í ljósi ríkjandi menningargilda: að bernskureynslu þeirra verður einfaldlega ekki komist milliliðalaust. Hér sem endranær verður því að una við vitnisburð hinna fullorðnu þegar athuga á hvernig bernskan horfði við í samtíð þeirra og hvern sess hún skipaði í vitund manna.

1 Án þess að farið verði lengra út í þá sálma má benda á að aðgreiningin „náttúra/menning“ gæti svarað nokkurn veginn til „það/yfirsjálfr“ í kenningakerfi Freuds, sjá Sigurjón Björnsson: *Úr hugarheimi*, 72-98.

## „Drottinn gaf og drottinn tók“

Jafnörðugt og það er að komast að traustri niðurstöðu um kenndir fortíðarmanna og viðhorf, hvort sem ræðir um bernskuvitund eða barnelsku, bendir þó allt til þess að þau séu eins og flest annað undirorpin umtalsverðum breytingum í tímans rás.<sup>2</sup> Nærtækast í þessu sambandi er að athuga viðhorf foreldra til barnamissis. Vitaskuld er ekki að efa að margir hafa fundið jafnmikið fyrir honum og títt er um fólk nú á dögum; sérstaklega hefur missirinn verið tilfinnanlegur þegar í hlut áttu börn sem voru komin nokkuð á legg.<sup>3</sup> Líklega hefur söknuður foreldra verið því sárari sem þeir áttu færri börn fyrir og hið burtkallaða þótti efnilegra. Þannig kvað sr. Þorvaldur Rögnvaldsson í Sauðanesi (f. um 1596) eftir seytján ára dóttur sína:

Áttum við okkur bæði  
eina dóttur kind,  
næm að nema fræði  
nokkur þótti á hind;  
bólán kom með bræði  
og burt tók þorna lind . . .

Angur eg í hljóði  
opt af slíku bar,  
sama sást á fljóði  
sorgin hjarta skar,  
mjög að mætu jóði  
missir okkur var . . .<sup>4</sup>

Nokkuð öðru máli gegndi um missi ungbarna sem flest hjón máttu eiga vísan svo og svo oft á hjúskapartíð sinni. Tilfinningaleg viðbrögð við dauða þeirra mót-  
uðust af því að hann var mörgum sinnum tíðari og væntingar um lífhald ungbarna  
að sama skapi veikari en á okkar dögum (sbr. *supra* bls. 25-26). Auk þess milduð-

- 2 Að þessu er áður vikið, sjá *supra* bls. . . Þetta þýðir að menn skyldu varast að gefa sér fyrirfram að „kærleikur foreldra til barna hafi ekki verið minni þá [á 18.-19 öld] en nú“. (Sigríður Sigurðardóttir: Art. cit., 32.) Áður en slíkt er staðhæft þyrfti a.m.k. að gaumgæfa merkingu hugtaksins í félagslegu samhengi.
- 3 Sjá t.d. Hallgrímur Pétursson: „Steinunn dóttir skáldsins“. Íslands þúsund ár 1600-1800, bls. 80-84. Eitt erindi kvæðisins hljóðar svo: „Unun var augum mínum / ávallt að líta á þig / með ungdóms ástum þínum / ætíð þú gladdir mig / rétt yndiselskulig . . .“; og ennfremur: „ . . . því mun eg þig með tárur / þreyja af huga sárum / heim til þess hédan fer“. – Um börn Guðríðar og sr. Hallgríms er fátt vitað annað en að þau höfðu áður eignast son (Eyjólf), sem lifði föður sinn, og misstu síðan annað barn (Guðmund) í frumbersku, auk Steinunnar, sjá Helgi Skúli Kjartansson: *Hallgrímur Pétursson*, 58-59, 88-89.
- 4 Þorvaldur Rögnvaldsson: „Æfiraun“. *Blanda 2* (1921-23), 357-58. – Sjá einnig Þorgeir Markússon: „Útfararsálmur eptir ungbarnid Valgérði Þorgeirsdóttur“. *Fáein ljódmæli*, 39-44. Í 26. erindi sálmsins segir: „Einka eg dóttur á / eptir að líta; / orsök mér aukast má, / að harma og sýta.“



ust viðbrögð forelda við ungbarnadauða fyrir tilverknað hinnar trúarlegu túlkunar á eðli og tilgangi jarðlífsins; skv. henni mátti hver sá kallast sæll er losnaði sem fyrst undan „eymdarpælu“ þess og fékk þar með „hörmunga og rauna frí“ eins og Hallgrímur Pétursson orti í tilvitnuðu kvæði. Eins fengu menn óspart að heyra það að hirting drottins væri órækur vottur um elsku hans og þess vegna mætti hver þakka fyrir vandarhögg himnaföðurins.<sup>5</sup>

Þessi hugmyndatengsl endurspeglast ljóslega í eftirfarandi erindum sr. Þorgeirs Markússonar (f. um 1722) er hann kvað árið 1752 eftir dóttur sína, „burtkvadda“ rúmlega mánaðargamla:

Pú [Jesú] burttókst það sem var, þitt, en mitt ekki, og styttir eymdirnar, eg náð slíkt þekki.

Ur þessum eymdardal, inn hana leiddir, í háfann himna sal, henni veg greiddir.

Barnsképnan blessud mín, burt er nú hédan; eg þakka elsku þín, þann afgang skédann.

Hana ei heimur kann, að hrekja lengur, né ángra armædan, sem að oss gengur.<sup>6</sup>

Enginn skyldi æðrast þótt drottinn tæki aftur það sem hann hafði náðarsamlegast gefið. Það taldist jafnvel „gæfa“ foreldra ef hann kallaði börn þeirra „barns á aldri“ til sín áður en „þau kvöldust veröld í“, eins og segir í útfararsálmum sr. Þorgeirs eftir annað ungbarn sem hann missti skömmu síðar.<sup>7</sup>

Hverjum sem kynnist því hvernig dauðinn vildi saxa niður barnahóp og frændgarð manna fyrr á tíð<sup>8</sup> verður auðskilið að þeir hafi verið slíkrar huggunar þurfsandi sem fólst í þessari heimssýn. En hitt er jafnljóst að vissa foreldra um að börnum hlotnaðist trygg „umsorgun“ handan grafar<sup>9</sup> var ekki til þess fallin að glæða umhyggju þeirra fyrir eldi barnanna og umhirðu í þessu lífi. Þess ber og að gæta að í fátækt og armóð höfðu margir foreldrar síður en svo ástæðu til að fagna hverri barnsfæðingu, jafntíðar og þær vildu verða (sbr. *supra* bls. 137).<sup>10</sup> Kæmust mörg barnanna á legg sem fátæk hjón eignuðust, kenndi reynslan þeim að þau

5 Sbr. vísuorð Hallgríms Péturssonar í „Hugbót“: „Guð elskar þann, sem hirtir hann . . . “. (Íslands þúsund ár 1600-1800, bls. 79.) – Í Passíusálmum Hallgríms er þessi heimssýn útlistuð til hins ýtrasta, sjá Halldór Laxness: „Inngangur að Passíusálmum.“ *Vettvangur dagsins*, 13-50.

6 Þorgeir Markússon: Op. cit., 41-42. – Höf. mun hafa verið af fátækum kominn, gegndi prestskap í nokkur ár (1747-53) en missti hempuna eftir að honum varð á „hrösun“.

7 Ibid., 47.

8 Meðaltöl lýðfræðinnar eru hér óljúfröðust en einstök dæmi gera þau að ápreifanlegri lífsreynslu, sjá áður ívitnaða „Æfiraun“ Þorvalds Rögnvaldssonar, og Sighvatur Gr. Borgfirðingur: „Art. cit., 113-16. Jón og kona hans voru fátæklingar á hrakningi, eignuðust 15 börn, þar af eitt andvana. Af börnunum 14 dóu 7 „í æsku“ (10 ára eða yngri).

9 Þorgeir Markússon segir á einum stað í útfararsálmum sínum: „Umsorgun hans rédst af mér taka, kann ekkert hann nú lengur saka . . . “ (op. cit., 47).

10 Mörg hjón hefðu getað sagt með orðum Halldórs Pálssonar á Ásbjarnarstöðum: „Á þessum tímum (10-12 fyrstu hjúskaparárunum) fæddist okkur hjónum oftast barn á hverju ári“. (Art. cit., 258.) – Umrætt viðhorf lætur Björn Halldórsson í Sauðlauksdal sögupersónu sína, Atla, enduróma í samræðunni við hinn „upplýsta“ fyrirmyndarbónda: „Enn eg er meire Mootlættes-Madr helldr en þu veitst, Børnen hafa vered arlega at hladaz a mig, eg a nu 6 Børn . . . “. (*Atli*, 166.)

yrðu að koma þeim fleiri eða færri af höndum sér sem fyrst, í fóstur eða í vist. Eins og allt var í pottinn búid og meðan „náttúran“ fékk að ráða barneignum nokkurn veginn óheft, var mörgum foreldrum enginn akkur í því að sérhvert nýfætt barn kæmist á legg.

Lærðir samtímamenn gerðu sér grein fyrir því, sumir hverjir, að þessar aðstæður ýttu undir hirðuleysi foreldra, vísvitandi eða ómeðvitað. Þannig tekur Sveinn Pálsson fram um tengdaföður sinn, Bjarna Pálsson landlækni, að hann hafi ekki verið „sá, sem æskti og bæði, að hvört barn dæi, jafnóðt sem það fæddist, hvað þó er grunnhyggni sumra“;<sup>11</sup> í sama streng tók Eggert Ólafsson í *Búnaðarbálki* og Björn Halldórsson í *Atla*.<sup>12</sup> Þegar kom fram á 19. öld gerðust lærðir menn harðorðari um hirðuleysi foreldra, kölluðu eldisvenjur þeirra – kúamjólkurgjöf í stað brjósteldis – „aðalorsök til ungbarnadauðans“.<sup>13</sup> Schleisner læknir, sem áður er nefndur, vildi meira að segja eigna þessum eldisháttum svipað hlutverk og barnaútburði til forna; er ekki ósennilegt að hann hafi þar getið sér rétt til.<sup>14</sup> Víst er það að slíkum skilningi má finna stað í ummælum alþýðumanna á 19. öld.<sup>15</sup>

## Efnahagur og bernskuvitund

Það hefur farið mikið eftir efnunum og ástæðum hvernig foreldrar umgengust börn sín eftir að þau fóru að stálpast. Hinir mörgu sem bjuggu við kröpp kjör hafa ekki tengst nánnum tilfinningaböndum við börn sín. Eins og áður segir höfðu foreldrar, einkum feðurnir, einatt lítil afskipti af börnunum – jafnvel þeim sem ólust upp í heimahúsum – áður en þau urðu hlutgeng til vinnu.<sup>16</sup> Í minningunni af þessu dæmigerða bernskuskeiði birtast foreldrarnir einna helst í líki þeirra sem hirtu mann, þegar eitthvað út af bar, og byrjuðu að temja við hið tyrfna guðsorð. Börn á þessum aldri hafa sennilega fundið oft til þess að þau væru tilfinningalega afrækt

- 11 Sveinn Pálsson: Op. cit., 74. – Tilefni þessara ummæla var það að „allir nærfellt á heimili hans [Biarna] lágu í skarlatssótt“.
- 12 Eggert segir um foreldra að þeir „vilji helst það [afkvæmið] deyi strax“. (*Kvæði*, 33.) Og Atli er látinn bregðast við hinum tíðu barneignum með svofelldum orðum: „Fegenn yrde eg, ef Guð tæke þaug [börnin] af mier, annadhvort í Bólunne, edr ødruvijsi enn eg fæ ecke so gott, at þaug deye.“ (Björn Halldórsson: Op. cit., 166.) Fleiri heimildastaðir eru tilgreindir hjá L.G.: „Barnaeldi . . .“, 158.
- 13 Arnljótur Ólafsson: Art. cit. Skýrslur um landshagi 1, bls. 387. – Höf. nefnir sem dæmi um hirðuleysi foreldra að „margir segja, að þau [börnin] séu bezt komin hjá himnaföðurnum, og samgledjist hver öðrum, ef Guð tekur börnin þeirra.“
- 14 Sjá tilvitnun í Schleisner hjá L.G.: „Barnaeldi . . .“, 158, svo og túlkun mína þar á lýðfræðilegu hlutverki (fúnksjón) eldisháttanna.
- 15 Guðrún Guðmundsdóttir: Op. cit., 51-54. Höf. greinir frá því hvernig lát tveggja yngri bræðra hennar bar að (sbr. *supra* bls. ). Skömmu síðar kom bóndi úr nágrenninu í heimsókn. „Segir hann þá við hann [föður Guðrúnar]: „Ja, þú varst heppinn. Það létti á þér.““ Sjá einnig Jónas Jónsson: Op. cit., 269.
- 16 Það var helst yfir vetrarmánuðina að börn á þessu skeiði voru mikið í návist mæðra sinna. Feður voru þá oft langtímum saman í verinu þar sem svo háttaði til, sjá Þórarinn Sveinsson: Art. cit., 315.

og lentu í skugganum af yngri systkinum sem nutu fremur blíðuhóta og návistar foreldranna.<sup>17</sup>

Að þessu leyti sem og í flestum öðrum greinum nutu börn höfðingja og efna-fólks, sem urðu á annað borð ekki hornreka fyrir einhverra hluta sakir, betra at-lætis á bernskuárum sínum. Foreldrar þeirra gátu fremur en fátæklingarnir séð af tíma til að sinna þörfum barnanna og gamna sér við þau. Skv. frásögn Jóns frá Grunnavík sýndi þannig Páll Vídalín börnum sínum, jafnt hinum „holdlegu“ sem fósturbörnunum, „einstakt ástríki“.<sup>18</sup>

Hann var sérdeilis barngóður, kvað við þau, og gerði vísur. Kunni að glingra við þau með ýmsu móti, helzt til þess aldurs, að þau tóku að vitkamt og blygðast sín, og hafði gaman af barngælum við þau.<sup>19</sup>

Sé þessi lýsing tekin ein út af fyrir sig gætu menn hneigst til að túlka hana að hætti Ariès sem vitnisburð um frumstæða bernskuvitund, það stig sem hann kennir við kjass eða gælur (sbr. *supra* bls. 19). En þegar hún er athuguð í sam-hengi við afskipti Páls af uppeldi fóstursona hans, eftir að þeir höfðu „vitkamt“ og voru komnir í skóla, sést að dæmi hans fellur ekki að kenningunni um stigskipt-ingu í sögulegri þróun bernskuvitundarinnar, eins og hún er sett fram af Ariès; því stórhöfðinginn Páll Vídalín lét sér sannarlega mjög annt um andlega velferð og „uppbyggingu“ barna sinna svo sem sendibréf hans bera glöggt vitni um.<sup>20</sup> Í barnauppeldinu sameinaði hann m.ö.o. innsæi í „barnaskapinn“ og siðferðilegan strangleika. Eftir lýsingu fóstursonar hans að dæma fór þetta tvennt vel saman og bar góðan ávöxt.<sup>21</sup> Þótt hann væri óneitanlega gæddur þroskaðri bernskuvitund verður þess ekki vart að eftirlæti hans við barnsnáttúruna stangaðist á við kröfur hins aristókratíska menningarumhverfis sem hann var fulltrúi fyrir.

Uppeldið sem samtíðarmenn Páls, Benedikt Jónsson í Hrapsey (f. 1758) og Ingibjörg kona hans, veittu syni sínum, Boga, bendir til svipaðrar niðurstöðu. Að sögn afkomanda Benedikts var hann „mikill framkvæmdar- og búskýslu-

17 Ingunn Jónsdóttir: Art. cit., 100. – Að sögn höf. þótti ekki „viðeigandi á þeim tíma [kringum 1860] að sýna börnum, sem nokkuð voru komin á legg, mikil blíðuátt.“

18 Jón Ólafsson frá Grunnavík: Op. cit., XCII. – Að sögn höf. var lögmaður þó „hardlyndur . . . hvatur í geði og rammyndur, einharður og kappgjarn . . .“, augun „hvöss og hörð eins og (f) fálka, svo unglingar þorðu ei vel móti að horfa . . .“ (bls. LXX-LXXI).

19 Ibid., LXXII. – Þetta staðfesta m.a. hinar mörgu gamanvísur um börn sem liggja eftir Pál, sjá *Vísna-kver*, 85-88.

20 Til þess að lýsa rækt Páls við fósturbörnin birtir Jón frá Grunnavík bréf sem Páll skrifaði 1722 „litlu Jónunum til Hólaskóla“ (þeir hafa þá verið 17-18 ára). Eftir ávarpsorðin, „börnin mín elskuleg“, segir í bréfinu: „Nú er það bréferindi alleitt: Leggið alla stund á að læra þá tvo hluti: að heiðra guð fremst og næst honum þá, sem yfir ykkur eru boðnir. Þann annan: af öllum kröptum að hirða um bóknám ykkar . . .“ (Op. cit., XCIII.)

21 Þess ber raunar að gæta að siðgæðismat Páls Vídalín var markað ferskum bónda-húmanisma og gjörsneytt hinu guðrækilega hispri og yfirdrepi sem Ariès fann hjá frönskum jansenistum og hann dró dæmi af í túlkun sinni (sbr. *supra* bls. 19). Menn minnst þess um leið að píetisminn var ekki kominn í landið á dögum Páls.

maður . . . reglufastur og vandlátur . . . “.<sup>22</sup> Bogi var eins og áður segir „eptirlætis barn“ í foreldrahúsum (sbr. *supra* bls. 180) og snemma vinsæll meðal nágranna. Kunningjakona móður hans „vildi hafa tekid drenginn sér til skémtunar . . . hjá hverri hann svaf þann eina vetrartíma, sem módir hans mátti með illslitrum af honum sjá . . . “.<sup>23</sup> Módir hans dó frá honum (14 ára), þegar þeir feðgar voru í kaupstaðarferð, og „þokti þeim báðum mjög dapurlegt heim að koma og höfdu lángann harm eptir hana.“<sup>24</sup>

Hugur Boga hneigðist meir til framkvæmda en langrar lærdómssetu enda sagður snemma „fullordinn til krapta og framsýni“.<sup>25</sup> Reisti hann sér bú 16 ára og fékk sér til fulltingis dóttur ríkisbóndans á Skarði (á Skarðsströnd); gekk hann síðan að eiga hana þegar hann náði tvítugs aldri. Sjálfræðisfullt dálætið sem Bogi hafði notið í bernsku reyndist ekki koma í veg fyrir að hann agaðist eins og af sjálfu sér við stórbúskap og sýndi með tímanum einmuna framtakssemi á þeirrar tíðar mælikvarða.<sup>26</sup>

Páll lögmaður í Víðidalstungu og Benedikt bóndi í Brokey voru báðir auðugir menn; annar réð yfir grónum auð, hinn yfir nýfengnum. Börnum þeirra stóðu líka opnar dyr til frama á sviði lærdóms eða verklegra umsvifa. Þeim voru í alla staði búnar þroskavænlegar aðstæður, ólíkt þeim sem þorri kotbænda, örsnauðir leiguliðar eða hjáleigumenn, gátu látið börnum sínum í té.<sup>27</sup> Hjá þessum síðarnefndu vildi glórulaus fátæktin smækka mannfólkið, krenkja vöxt þess í alla veru og gera samskiptin harðneskjuleg og niðurdrepandi í tilfinningalegum skilningi. Það er engin tilviljun að ævisagnahöfundum verður tíðrætt um að þeir hafi mætt, einkanalega eftir að þeir komust á vinnualdur, „kulda“, „ræktarleysi“ hjá foreldrunum, átt „litlu ástríki“ að fagna hjá þeim.<sup>28</sup> Refsingaharkan var vitaskuld eitt gleggsta tjáningarform þessa kulda í viðmóti foreldra; en í víðum skilningi endurspeglar hann einhliða áherslu þeirra á nytjagildi bernskunnar. Það þótti mest um vert að börnin yrðu þegar á unga aldri sem notadrýgstur vinnukraftur – sem virkust hjálpartæki við búskapinn og heimilishaldið.<sup>29</sup> Þetta tiltölulega einráða nyt-

22 Bogi Benediktsson: Op. cit., 30. (Höf. var vel að merkja sonarsonur og alnafni þess Boga sem hér um ræðir.) – Benedikt „ektaði Ingveldi, velættadri og góðri heimasætu þá hann var 74 ára“ (bls. 127).

23 Ibid., 28.

24 Ibid., 29.

25 Ibid., 43.

26 Hrapseyjarprentverk var eitt af mörgum fyrirtækjum sem Bogi studdi með fjármunum og framtaki „til síns Fødurlands heilla“. (Ibid., 63.)

27 Hin gífurlega misskipting auðæfa – þar sem auðsöfnun fáeinna ætta hélst í hendur við allsleysi fjöldans – er auðvitað mikilvægt atriði í uppeldissögu einveldisaldar eins og hér hefur orðið ljóst af eintökum dæmum. (Ítarlegasta grein fyrir þessari misskiptingu hefur gert Björn Lárússon: *The Old Icelandic Land Registers*.) Ljóst er að embættis- og auðmannaættir höfðu ríka tilhneingingu til að lina maka handa börnum sínum innan sinna eigin vébanda en það er ókannað í einstökum atriðum hvernig háttað var tengslum efnahags og makavals.

28 Jón [Jónsson] Aðils: Art. cit., 80-81. (Ummælin um eiginleika móðurinnar kveðst höf. hafa eftir sögusögn Daða sjálfs.) – Sjá einnig, auk áður nefndra dæma, Þórarinn Sveinsson: Art. cit., 313.

29 Stundum kemur nytjagildissjónarmiðið fram í allóvæntu samhengi hjá höfundum. Þegar Halldór Pálsson „hreppti þann skaða“ að missa „elzta piltinn“ [son sinn], á 15. ári“ úr brjóstveiki, segist

semisjónarmið útilokaði í mörgum tilvikum að foreldrar kæmu til móts við tilfinninga- og samskiptaparfir barnanna.<sup>30</sup>

Það var raunar í fullu samræmi við opinber uppeldismarkmið að foreldrar sinntu lítt tilfinningaríkum samskiptum heldur einbeittu sér að því að aga börnin við vinnu;<sup>31</sup> vinnuharka, iðni og alvöruþefni voru allt saman meginatriði í lögbundnum húsaga og skv. því voru „gleðir“, leikir og aðrar skemmtanir bannsungin. Þessi uppeldisgildi settu líka mark sitt á verðleika- og mannkostamat fátæklinga. Þannig prísar Halldór Pálsson eiginkonu sína sem „átti ekki eignir“ fyrir að hafa reynst sér „forsjál, hagnaðarsöm, þriffin, sparsöm, reglusöm og framkvæmdasöm.“<sup>32</sup> Slíka eiginleika kunnu þeir best að meta sem urðu að nýta hverja stund til þess að sjá sér og sínum farborða. Í vitund ráðsetts alþýðufólks var hugtakið „tómstundir“ nánast því ekki til nema þá í merkingunni iðjuleysi eða leti.<sup>33</sup>

## Kynhlutverk og lyndiseinkunn

Eins og vænta má dró persónuleiki fólks dóm af uppeldisaðstæðunum. Það fór ekki fram hjá útlendingum sem kynntust landi og þjóð á 18. öld hve Íslendingar voru alvöruþefnir, ómannblendnir og dulir.<sup>34</sup> Mjög svipaða sögu hafði Eggert Ólafsson að segja um skaphöfn landa sinna, sennilega í ljósi reynslu sinnar af öðrum þjóðum; gerði hann þó nokkurn mun á þeim eftir landshlutum.<sup>35</sup> Þótt léttara væri yfirleitt yfir Norðlendingum en Sunnlendingum að hans sögn, átti það ekki við norðlenskar konur: þær voru „ófrjálslegar í allri framkomu og umgengni, þögular og þunglyndar.“<sup>36</sup> Orsökina rakti hann til þess að þær sæktu hvorki

honum svo frá: „Var mér það hinn mesti bagi, þar hann var dyggur og laglegur unglingur, skýr og skynsamur í mörgu, líklegur til að verða hagar . . . “. (Art. cit., 259.)

- 30 Í félagsfræði og mannfræði er aðgreining hlutverka eftir því hvort þau teljast „instrumental“ eða „expressive“ allmjög tíðkuð. Oftast hefur það sýnt sig að hin fyrrnefndu koma helst í hlut föðurins en hin síðarnefndu í hlut móðurinnar. (Tekið skal fram að í mörgum rannsóknum hefur athygli fremur verið beint að sonum en dætrum.) Sjá Parsons og Bales: *Family. Socialization and Interaction Process*, 35-54, og Johnson: *Sociology. A Systematic Introduction*, 123-24. Þegar ævisögudæmi frá 18. öld eru athuguð í þessu ljósi sést að þessi hlutverk hafa alls ekki verið jafn-kynbundin og kennisetningin gerir ráð fyrir. Þannig verður ekki betur séð en móðirin hafi oft beitt refsivendinum (instrumental role) jafnvel þótt faðirinn væri nálægur. Hins vegar kann það að lýsa kynbundnum hlutverkavæntingum, eins og þær hafa verið túlkaðar, að „kuldi“ af hálfu móður fremur en af hálfu föður verður höfundum tilefni til athugasemda.
- 31 Tilskipun um hús-agann, 7.-8. gr. – Allt fram undir lok 19. aldar var þessum markmiðum framfylgt í reynd af sumum húsráðendum. Þannig lýsir Ólína Jónasdóttir (op. cit., 25) því hvernig húsmóðirin valdi lesefni handa henni eftir því hve vel það var fallið til að „glæða áhuga . . . á vinnunni.“
- 32 Halldór Pálsson: Art. cit., 258.
- 33 Þetta viðhorf minnir á tvíræða merkingu lat. orðsins „otium“, í senn næði og iðjuleysi, þ.e. frí-stundir frá líkamlegri vinnu. Alþýðu-fræðimaðurinn Halldór Pálsson stærir sig af því að hafa engar slíkar stundir ónýtt „svo ég hafi þá ei lesið eða kveðið eitthvað . . . “. (Art. cit., 262.)
- 34 Von Troil: Op. cit., 66; Íslandsleiðangur Stanleys 1789: 114, 132, 140.
- 35 Eggert kveður t.d. ómögulegt að segja um Kjósarmenn að „þeir séu glæðilegir. Sönnu nær er að kalla þá tómláta og ómannblendna“ (Ferðabók 1, bls. 15.) Húnvetningar og Skagfirðingar voru að sögn „léttlyndastir af Norðlendingum“ enda minni skortur skemmtunar í þeim héruðum vegna sífella ferðalaga. (Op. cit., 2, bls. 59.)
- 36 Ibid. 2, bls. 50.

skemmtanir né nytu annarrar tilbreytni, hefðu miklar kyrrsetur inni við ullarvinnu og önnur störf mestan hluta ársins. Bitnaði þetta háttalag bæði á andlegri og líkamlegri heilsu þeirra.<sup>37</sup>

Athugasemdir og ályktanir Eggerts Ólafssonar um þetta efni voru staðfestar tæpri öld síðar í skýrslu Schleisners um heilsufar Íslendinga:

For at komme tilbage til Islændernes Nationalcharakter, da skal jeg endnu bemærke om dem, at de ere meget indesluttede i sig selv, sjelden aabne, navnlig aldrig mod Fremmede . . . Den danske Aabenhed og Troskyldighed mod Fremmede, som Tydskerne kalde Dumhed, kjende Islænderne ikke noget til.<sup>38</sup>

Að sögn Schleisners var fávítaháttur líka tiltölulega mjög útbreiddur á Íslandi;<sup>39</sup> eins væri um „móðursýki“ (Hysterie) og taugaveiklun meðal kvenfólks, oftast „compliceret med Hypochondrie eller Melancholie.“<sup>40</sup> Taldi hann líklegast að þetta stafaði af hinu gleðisnauda lífi sem flestar íslenskar konur yrðu að láta sér lynda. Schleisner kvaðst játa að hin slæma geðheilsa kæmi á óvart þegar tekið væri tillit til hinna óbrotnu lífshátta landsmanna.

Pótt skýringar Eggert og Schleisners á lundarfari og geðveilum Íslendinga séu athyglisverðar ná þær bersýnilega of skammt; því lítil vafi er á að umrædd einkenni voru nátengd bernskureynslu hinna fullorðnu, eins og hún hafði markast af uppeldisháttum og félagslegum skilyrðum samtímans. Hvorttveggja hafði óhjákvæmilega í för með sér aftakamikla heftingu á mörgum frumpörfum barna – fyrir líkamlega snertingu (sbr. brjósteldisleysið), fyrir hreyfingu (sbr. reifarnar) og fyrir ástúð og umhyggju fullorðinna. Við þetta bættust síðan tíð tilfinningaleg áföll (sbr. missir foreldris eða systkina) og sú bæling sem harkalegar hirtingar fólu í sér. Þegar börn komust svo á vinnualdur, eins og hann var þá skilgreindur, fengu þau þörf sinni fyrir „leikfull“ og tjáningarrík samskipti lítt fullnægt vegna hinna þungu vinnukvaða sem lögðust á þau, oft langt umfram það sem þroski þeirra leyfði. Það er ekki að undra þótt upp úr slíkum jarðvegi spryttu persónuleikar með áberandi öryggisleysis- og afrækslueinkenni (deprivation syndrome) á borð við þau sem að ofan greinir.<sup>41</sup>

Að öðru leyti verður ályktað af lýsingu þeirra Eggerts og Schleisners að samfélagsgerðin hefur þrengt mun fastar að konum en körlum og bakað þeim að sama skapi meira andstreymi. Þetta kemur ekki heldur á óvart þegar höfð er hliðsjón

37 Tíðateppa, einkum hjá ógiftu kvenfólki, var mjög tíður kvilli sem Eggert vildi kenna um of miklum kyrrsetum.

38 Schleisner: Op. cit., 163.

39 Schleisner bætir við: „ . . . muligvis begrundet i en eller anden psychisk Potens“. (Ibid., 168.)

40 Ibid., loc. cit.

41 Vitaskuld voru slík uppeldisskilyrði ekki einskorðuð við Ísland, sjá t.d. Stone: Op. cit., 98-102, þar sem höf. ræðir um persónuleikagerð og samskiptahætti í Englandi um 1600 áður en fór að gæta áhrifa púritanismans. Hins vegar hafa fleiri „afrækslupættir“ verið samankomnir í íslensku uppeldisumhverfi á 18. öld en í hinu enska í byrjun 17. aldar.

af því hver mismunur var á möguleikum fólks eftir kyni til þess að gerast fullveðja þegnar í samfélaginu (sbr. *supra* bls. 112–14). Þær konur voru miklu fleiri en karlar sem urðu að una stöðu hjúsins langt fram eftir aldri ef ekki ævilangt. Samanborið við karl í sömu stöðu mátti raunar einu gilda hvort konan var hús-móðir eða „yngisfrú“: húsaginn var aðgangsharðari við hana að flestöllu leyti – um vinnuskyldu, nægjusemi og viðvist á heimilinu.<sup>42</sup> Þannig leyfðist körlum miklu fremur en konum að létta sér upp, fara í útreiðar um helgar og staupa sig, eins og margir gerðu ótæpilega.<sup>43</sup> Enn verður að telja þá byrði sem konur báru einar þar sem voru hinar afar tíðu barneignir er vildu einatt fylgja hjónabandi. Þannig reyndi þetta karlræðisþjóðfélag ólíkt meira á konur en á „sterka“ kynið, hver sem félagsleg staða þeirra var að öðru leyti, og eftir því voru þær yfirleitt verr á sig komnar andlega.

En burtséð frá hinum umtalsverða kynjamun, var hlutskipti mikils hluta ungdómsins ekki til þess fallið að fylla hann eftirvæntingu andspænis framtíðinni. Flestir drengir höfðu ekkert eiginlegt valfrelsi um stöðu sína á ungdómsárum. Að þessu leyti birtist mikil gylling á raunverulegum aðstæðum þeirra í *Ræðum Hjálmars á Bjargi*: synir fyrirmyndarbóndans (Hjálmars), þrír að tölu, gátu valið sér atvinnuveg með ráði föður síns eftir því sem hugur stóð til og eftir „því, sem hann héldi hverjum hentugast.“<sup>44</sup> Slíkt valfrelsi veittist yfirleitt aðeins sonum heldri manna og efnafólks.<sup>45</sup> Snöggum meira raunsæi lýsir sér í þeim orðum sem höfundur leggur Hjálmari í munn varðandi framtíðarstöðu dætra hans:

. . . þeirra *atvinnuvegur* og stétt fer optar eptir því, hvert eigulegt mannsefni nockurt býdst þeim til sambúdar og forsorgunar, af hverri helzt stétt sem er, framar en eptir eigin vali þeirra um gedfældast stand og stétt.<sup>46</sup>

Hér er kveðið skýrt að þeim sannindum að félagsleg staða bóndadætra réðist aðallega af því hvaða sess eiginmenn þeirra skipuðu í þjóðfélagskerfinu; maka-

42 Schleisner: Op. cit., 163. Sjá ennfremur frásögn um þetta efni hjá Ingibjörgu Jónsdóttur: „Æskuminningar“. *Hlín* 5 (1921), 69 og 73, og ibid: „Í Breiðafjarðareyjum fyrir 50-60 árum.“ *Hlín* 6 (1922), 48-66. Um vinnukonur segir höf. af eigin reynslu að „mjer fanst þær notaðar eins og vinnudýr, sem urðu að hlýða valdböði húsbændanna og oft duttlungum vinnumannanna“ (bls. 49). Ólíkt vinnumönnum áttu vinnukonur yfirleitt ekki kost á að fara í verið en slíkt þótti tilbreyting og tímabundin lausn undan hversdagsstriti húsagans, sjá t.d. Eggert Ólafsson: *Ferðabók* 1, bls. 317, og Lúdvík Kristjánsson: *Íslenzkir sjávarhættir* 2, bls. 381.

43 Þorkell Bjarnason: Art. cit., 237-38; Árni Sigurðsson: „Í Breiðdal fyrir 60 árum“. *Breiðdæla*, 118-22.

44 Magnús Stephensen: *Ræður Hjálmars á Bjargi*, 7. – Höf. lætur föðurinn skýra fyrir sonum sínum „Stöndin“ þrjú í landinu, þ.e. „Valdstjórnar-, Kennidóms- og Bændastétt“ (bls. 8). Sonunum ætlar hann síðan atvinnu hverjum í sinni stétt svo að þeir megi til samans „gagnast fósturjörðinni . . . í öllum þur stéttum“ (bls. 10).

45 Ferill Boga Benediktssonar, sem er áður rakinn, er gott dæmi um síðarnefnda flokkinn.

46 Ibid., 5.

valið var m.ö.o. úrslitaatriði fyrir kjör þeirra í framtíðinni. Lauslegar athuganir sýna það líka að heldri menn létu sér mjög annt um það og reyndu þar með að setja elkur við því að dæturnar eignuðust menn „af hverri helzt stétt sem var.“<sup>47</sup>

## Samfélagsleg kreppa

Að undanskildum þeim ungmennum sem ólust upp á hreppnum,<sup>48</sup> réð það mestu um stöðu þeirra á „ungdómsárunum“ hve lengi þau yrðu að lúta valdi foreldra eða annarra húsbænda. Foreldrar tóku um það ákvörðun, oft í samráði við hreppstjórnarmenn, hvenær börnum var komið fyrir í fóstur og ungmenni sett í vist. Slík ráðstöfun gat verið kvíðvænleg fyrir ungmenni kringum fermingaraldur, hvað þá heldur fyrir óhörðnuð börn, enda máttu þau eins vel búast við verri meðferð í vistinni en heima fyrir.<sup>49</sup> En allt um það markaði vistráðningin spor á þroskabrautinni í átt til meira sjálfræðis: þar með var maður farinn að vinna fyrir sér og á góðri leið með að standa á eigin fótum.

Eins og áður er rakið (sbr. *supra* bls. 104-105) vildu „ungdómsárin“ verða ærið langur kafli í lífi margra einstaklinga að tiltölu í hverjum fæðingarárgangi. Og nokkur hluti vinnuhjúa, einkum kvenna, hófst aldrei upp yfir ungdóminn í félagslegri merkingu orðsins (sbr. *supra* bls. 131). Skv. reynslu þessara einstaklinga var ungdómurinn allt annað en undirbúningur að fullgildri þjóðfélagslegri þátttöku: hann var helsi er batt þá langt fram eftir aldri á bás undirtyllunnar sem máttarvöld þjóðfélagsins sviptu rétti til kynlífs og sjálfstæðrar félagslegrar tilveru. Sem hjú vistuðust þeir ekki einasta á heimilum annarra heldur var þeim skipað að auki á bekk með börnum þegar kennimenn komu á vettvang til að líta eftir kristindómskunnáttu safnaðarins (sbr. *supra* bls. 88).

Undirtyllustaðan sem fylgdi langvarandi vinnumennsku setti eðlilega mark á lífsviðhorf þess fólks er átti í hlut. Þannig má ætla að í margumtalaðri þverúð og óhlýðni vinnuhjúa hafi speglast óánægja þeirra yfir hlutskipti sínu og hegðunar-einkenni, sem yfirvöld og húsbændur kenndu gjarnan við þvermóðsku og leti, hafi aðeins verið eðlileg tjáning vinnufólks á brostnum vonum og óánægju yfir hinum skarða hlut sem það bar yfirleitt frá borði.<sup>50</sup> Slíkrar óánægju gætti því

47 Íslenzkar æviskrár gefa ótal dæmi um þetta. Í sambandi við persónur sem hafa verið nefndar að framan sem dæmi, má benda sérstaklega á niðja Arngríms Jónssonar hins lærða (m.a. Vídalína) og afkomendur sr. Hjörleifs Þórðarsonar á Valþjófsstað, móðurföður Magnúsar Pálssonar sem getið er alloft að framan.

48 Hreppsómagar gátu helst vænst þess að komast í vinnuhjúastétt þegar þeir höfðu aldur og heilsu til (sbr. dæmi Sæmundar Stefánssonar *supra* bls. 183). Hins vegar voru hverfandi líkur til þess að þeir fengju að festa ráð sitt, sjá t.d. Árni Sigurðsson: Art. cit., 120.

49 Elínborg Lárusdóttir: Op. cit., 87 og áfr; Þórarinn Helgason: Op. cit., 36-37.

50 Einstæð heimild um slíka óánægju og það sem kalla mætti vísi að stéttarvitund vinnufólks er bréf sem ónafngreindur almúgamaður sendi landsnefndarmönnum um 1770, undirritað „Íslands fátæklingar“, sjá Guðmundur Jónsson: Op. cit., 28-29. Um stéttarstöðu vinnuhjúa ræðir *ibid.*, 79-81.



fremur sem flestöll hjú, er voru í vist fram eftir aldri, voru börn fátæks bændafólks rétt eins og hinir, samaldrar þess, sem höfðu verið svo lánsamir að geta stofnað bú og fest ráð sitt; með hliðsjón af sameiginlegum félagslegum uppruna gátu þau því gert tilkall til ámóta hlutskiptis í lífinu. Sennilegt er að á þessu hafi byggst m. a. sú jafnréttiskennd og virðingarleysi fyrir húsbóndavaldinu sem bæði erlendum og innlendum athugendum þótti áberandi í fari Íslendinga. Nítjándu aldar maðurinn Schleisner gat séð sitthvað jákvætt við slík viðhorf<sup>51</sup> en að dómi hins konungholla embættismanns og jarðeiganda, Eggerts Ólafssonar, höfðu þau í för með sér „agaleysi“ og óhlýðni vinnuhjúa sem hann kallaði „þjóðarböl.“<sup>52</sup> Afleiðingunum lýsti hann á eftirfarandi hátt:

Ef þeim [vinnuhjúum] er skipað að vinna þau störf, sem þeim falla miður, þá hlaupast þau á brott, því að þeim er kunnugt, að þau sakir fólksfæðarinnar geta fengið vinnu, hvar sem þau koma. Þar, sem húsbóndinn heldur fast á rétti sínum, tolla hjúin ekki og álasa mjög því samverkafólki sínu, sem er hlýðið húsbændunum og eirir á sama stað.<sup>53</sup>

Eins og gefur að skilja hefur jarðeigandinn frá Svefneyjum virt fyrir sér hátterni vinnuhjúa frá sjónarhóli „ábyrgs“ húsbónda. Þar fyrir þarf ekki að efast um sanngildi þess sem hann segir um ístöðuleysi og vistaráp íslenskra vinnuhjúa; flökkunheigð þeirra kemur berlega fram í sóknarmannatölum.<sup>54</sup> En hjúin kunna að hafa haft nokkuð aðrar ástæður til tíðra vistaskipta en þær sem Eggert tilgreinir; vinnuhjúin gátu séð sér akk í að skipta sem oftast um vist í von um betri viðurgering hjá nýjum húsbændum eða til þess að verða engum einum of háður eða þá einfaldlega til þess að leita færís á að losna undan vistarbandinu.

Þegar allt kemur til alls er auðsætt að með uppeldi í anda húsagans var stefnt að því að gera úr uppvaðandi einstaklingum auðsveipt og þjált vinnuafl til handa þeim er höfðu umráð yfir jarðnaði. Markmiðin samsvöruðu í grófum dráttum hagsmunum bændastéttarinnar í landinu, jafn sundurleit og hún annars var. En orð Eggerts Ólafssonar og fleiri talsmanna þessarar stéttar á seinni helmingi 18. aldar benda ekki til þess að dregið hafi úr sjálfræði ungdómsins eftir setningu hinna píetísku tilskipana.<sup>55</sup> Þannig er ekki að sjá að vinnuhjúaflokkurinn hafi tileinkað sér hin opinberu gildi að því marki að hann auðsýndi yfirboðurum sínum

51 Að dómi Schleisners var samt „denne Lighedsfølelse . . . i enkelte Retninger udartet. Der finder saaledes et besynderligt Forhold sted imellem Huusbonde og Tyende, hvilket sidste aldeles ikke har noget Begreb om Lydighed.“ (Op. cit., 163.)

52 Eggert Ólafsson: Op. cit., 1, bls. 317.

53 Ibid., loc. cit. – Lýsingin á beinlínis við vinnuhjú á Vesturlandi en höf. tekur fram að bölið „eigi sér stað hvervetna á landinu, en þó á mismunandi háu stigi“.

54 Hver sem freistar þess að rekja feril fólks í tímans rás eftir sóknarmannatölum kemst óðar að þeirri niðurstöðu að vinnuhjúin hverfa fyrr en varir af skrá, eitthvað út fyrir sóknarmörk.

55 Magnús Ólafsson varalögmaður greinir t.d. frá því í bréfi til landsnefndarinnar fyrri, . . . “ekki án eins konar kinnroda“, að sjálfur hafi hann orðið vitni að og „heyrt adra tala um það, að Börn og vinnuhiú hafa með háðssvip og Spéi sín á milli sýnt“ húsagatilskipuninni „ódulda fyrirlitningu, þegar hun er lesin af prédikunarstóli.“ (Tilvitnun hjá Guðmundi Jónssyni: Op. cit., 16.)

meiri undirgefni og hollustu en áður. Að þessu leyti virðist hin píetíska siðvæðing almúgans hafa mistekist (sbr. *supra* bls. 76).

Uppeldisvandinn – eða húsagabresturinn eins og kallað var á 18. öld – sem hús-bændur áttu við að glíma var tvímælalaust rótgróinn sjálfri samfélagsgerðinni. Það reyndist koma fyrir lítið þótt yfirvöld settu lög á lög ofan um endurbætur á húsaganum: meðan allir þjóðfélagshættir héldust í gamla farinu var viðbúið að framkvæmdin rynni að miklu leyti út í sandinn. Því er miður vel til fundið að kenna „hirduleysi yfirvalda“ um „þjóðarbölið“ eins og Eggert Ólafsson vildi gera.<sup>56</sup> Þá eru markverðari tvær aðrar orsakir sem hann taldi, þ.e. „aldargamall ósiður og skortur á fólki.“ Af hinni síðarnefndu hlaut að sögn að bændur urðu að sætta sig við að taka í þjónustu sína „jafnt dæmda þjófa sem heiðarlega menn.“<sup>57</sup> Með hinni fyrrnefndu virðist aftur á móti átt við þá afstöðu bænda að þeir gerðu ekki upp á milli duglegs og ónýts vinnufólks, greiddu því sama kaup, létu það borða saman og vera samvistum hvert við annað. En um báðar þessar orsakir gildir að ekki var á færi einstakra bænda að ráða við þær; fólksekluna má rekja til flókens samspils milli efnahagslegra og lýðfræðilegra þátta (sbr. *supra* bls. 110–111) og samræmdar kaupgreiðslur voru að vissu leyti lögboðnar með „töxtunum“ sem yfirvöld héldu fast við til þess að girða fyrir samkeppni bænda um vinnuaflið sem vildi orsaka kaupgjaldshækkun á fólksfækkunarskeiðum. Þannig voru orsakir „þjóðarbölsins“ nátengdar mótsögnum sem fólust í sjálfu þjóðfélagskerfinu.

## Menningarhefðir og upplýsing

Eins og gefur að skilja um lítt verkaskipt og skólalaust samfélag fór nánast öll uppeldisstarfsemi á Íslandi fram innan vébanda heimilanna. Þess vegna er mikilvægt atriði í þessari uppeldissögu hvernig heimilin voru saman sett. Sýnt var ræki-lega fram á það að framan (sbr. bls. 101–102 og 121–125) hve íslensk samfélagsgerð var að þessu leyti sérstæð miðað við grannlöndin: á 18. öld taldi mikill meirihluti heimila einhvern einstakling, einn eða fleiri, sem var óvandabundinn hús-ráðendum. Skv. kennisetningu Ariès ætti þetta að þýða að nútímaleg fjölskyldu-vitund hafi átt einkar erfitt uppdráttar hér á landi. Og að svo miklu leyti sem slík vitund er forsenda eða a.m.k. fylgifyskur breyttra viðhorfa til bernskunnar, má gera ráð fyrir því að þeirra hafi gætt minna hér kringum 1800 en í grannlöndunum. Ásamt skólaleysinu mætti hafa hvorttveggja til marks um hve íslenskir þjóðfélagshættir voru frumstæðir fram á 19. öld. Hér var hvorki fyrir að fara borgarastétt né borgarmenningu sem reyndust einmitt helstu gróðrarstöðvar hinnar nýju bernskuvitundar.

Í undanfarandi greinargerð fyrir meðhöndlun barna á Íslandi hefur raunar fengist staðfesting á framansögðu. Það var helst meðal embættis- og ríkismanna

56 Eggert Ólafsson: *Ferðabók 1*, bls. 317.

57 *Ibid.*, loc. cit.

sem greina mátti merki um uppeldishætti í nýjum dúr. En bak við uppeldishætti almúgans bjuggu svipuð viðhorf og ríktu á meginlandinu áður en „upplýst“ borgaramenning fór að ryðja sér til rúms (sbr. *supra* bls. 34–38). Hvað ungbörn snertir, birtust þessi viðhorf raunar í nokkuð ýktri mynd hérlandis – barneignir kvenna voru því tíðari sem brjóstagjöf tíðkaðist ekki, ungbarnadauði jafnframt einstaklega mikill, „fráfærur“ nýbura frá mæðrum algengar fyrst eftir fæðingu; allt vottar þetta í augum nútíðarmanna fávíslegt kæruleysi og skort á umhyggju fyrir ungiðinu. Fram yfir miðja 19. öld virðast foreldrar hafa haldið hefðbundnum barneldisvenjum og leyft börnum að koma í heiminn og skiljast við hann eins og um hvert annað náttúrlegt ferli væri að ræða sem tjóaði ekki að fást um.

Hérlandis sem víðast annars staðar til sveita höfðu foreldrar og aðrir húsráðendur næsta lítil afskipti af börnunum á fyrstu uppvaxtarárunum eftir að þau fóru að geta athafnað sig upp á eigin spýtur. Á þessu aldurskeiði höfðu börnin mjög takmarkað notagildi enda fékk leikgleði þeirra og sjálfstæð athafnaþrá þá helst að njóta sín. En sökum strjálbýlis í íslenskum sveitum og hins alltumlykjandi náttúrlega umhverfis munu íslensk börn hafa verið í reynd lausbeislaðri og óbundnari foreldrum eða öðrum fullorðnum en gerðist þar sem byggðin var með þorpssniði. Við þetta bætist að gagnvart hirtingarvaldi foreldranna gat barnið iðulega leitað athvarfs hjá einhverjum öðrum fullorðnum á bænum, þá oftast óvandað bundnum;<sup>58</sup> til vinnukonu, húsmanns ellegar ættingja gat barnið einnig sótt ýmislega sagnaskemmtun sem fór í bág við píetísk siðaboð. Frásagnir slíkra „óábyrgra“ heimilismanna luku upp fyrir mörgu barninu kynjaheimi ævintýra og huldufólks sem siðavandir foreldrar vildu helst halda þeim frá.<sup>59</sup> Með hliðsjón af hýbýlaskipan (sbr. *supra* bls. 102) og nánú samneyti barnanna við óvandabundið heimilisfólk er auðskilið að foreldrar og börn gátu hér illa myndað út af fyrir sig þá tilfinninga- og siðferðislegu einingu sem nútímaleg fjöskylduvitund byggist á.

Pegar leið að lokum hins eiginlega bernskuskeiðs og börnin urðu smám saman hlutgengur vinnukraftur, verður eigi annað séð en orðtak Ariès, „fullorðnir í smækkaðri mynd“, lýsi vel stöðu þeirra á Íslandi. Börn voru þá að flestu leyti samsömuð fullorðna fólkinu og þar með urðu sérlegar, aldursbundnar þarfir þeirra að þoka fyrir óvægilegum kröfum brauðstrits og kristilegra bókiðkana. Sem vinnuafli voru 8–10 ára gömul börn raunverulega smávaxnir fullorðnir og sem nemendur voru þau á góðri leið með að verða fullnuma í fræðunum eftir því sem krafist var fyrir altarisgöngu (sbr. *supra* bls. 92).<sup>60</sup> Á mestu annatímum ársins

58 Ólína Jónasdóttir segir þannig frá því að vinnumaður á bænum, systursonur húsfreyju, hafi oft laumað „að mér bita og lét ekki berja mig, ef hann var nærri“. (Op. cit., 8-9.) Margir ævisagna-höfundar taka fram að vinnufólk eða húsfólk hafi verið gott við þá í bernsku – og er þetta vottur um tilfinningalega samstöðu hinna undirgefnu.

59 Jón Steingrímsson: Op. cit., 10. Ingunn Jónasdóttir: Op. cit., 104; Ingibjörg Lárusdóttir: *Úr djúpi þagnarinnar*, 16-18; Ólína Jónasdóttir: Op. cit., 10.

60 Þetta breyttist vitanlega eftir að ferming var lögtekin upp úr 1740, sbr. *supra* bls. 92-95.

gafst þeim því ekki öllu rýmri tími til leikja en fullorðnum til hvíldar;<sup>61</sup> og innan-húss höfðu börn yfir vetrartímann skemmtun af mörgu hinu sama og fullorðna fólkið.<sup>62</sup> Klæðnaður var ekki heldur þess eðlis að hann markaði þeim sérstöðu nema þá helst að því leyti að þau voru gjarnan látin slíta út görmum af fullorðnum.<sup>63</sup>

Sem mælistika á bernskuvitund á ýmsum tímum hefur lestrarefni allmikla sérstöðu vegna áhrifa þess á viðhorf manna og lífssýn. Í þessu sambandi er m.a. athugunarvert hvað yfirvöld á einveldistímanum mátu hæft til útgáfu og hvernig var síðan farið með lestrarefnið, útgefið eða handritað, á heimilum. Hérlandis var það svo að langt fram eftir 18. öld taldist óþarft að gefa út sérstakt lestrarefni handa börnum.<sup>64</sup> Eins og áður segir (sbr. *supra* bls. 179) voru fræðaútskýringarnar – eina skyldubundna námsefnið undir fermingu fyrir utan sjálf Fræðin minni – torf sem fullorðnum leikmönnum var tæpast ætlandi að botna í. Það er líka afar sennilegt að hin knúsaða framsetning á trúargreinunum hafi þvælst mjög fyrir þeirri innrætingu og siðferðilegu uppbyggingu sem stefnt var að. En úr því að þannig var háttað um námsefni sem var einkum ætlað börnum og ungdómi, má fara nærri um að annað prentað mál – sem var eintómt guðsorð að kalla – hefur ekki verið sérlega aðgengilegt fyrir þau.<sup>65</sup> Einmitt vegna þess hve því fór víðsfjarri að prentaðar bækur svöruðu löngun barna og raunar alls almennings eftir veraldlegu skemmtiefni, væri fróðlegt að vita í hve ríkum mæli handrit komu til móts við hana; en um það mun litla vitneskju að fá í einstökum atriðum.<sup>66</sup> Svipað má segja um hinn munnlega sagnasjóð, ókjör efnis sem yfirfærðist við frásögn og áheyrn. Það eitt er víst að börn hafa verið fjarskalega sólgín í slíkt efni svo sem þjóðsögur og ævintýri.<sup>67</sup>

61 Helst urðu börnin að vinna eitthvað til þess að fá að leika sér, sjá Ingibjörg Jónsdóttir: Art. cit., 66. og Ólína Jónasdóttir: Op. cit., 52. Í leiknum, þ.e. „íðjuleysinu“, gaf maður líka kölska höggstað á sér; eða eins og sr. Vigfús Jónsson í Stöð kvað í ljóði til dóttur sinnar kringum 1740: „Illt lærum vier med Idiuleysi, þa er Saatan med Paunkum vondum, a allar Sydur astormandi“. (*Barnaljóð*, 20.)

62 Anna Thorlacius: „Minningar frá æskuárunum“. *Eimreiðin* 20 (1914), 55; Ólöf Sigurðardóttir: Art. cit., 108. Í ítarlegri lýsingu höf. á útileikjum kemur fram hve umhverfi bæjanna bauð börnum einatt upp á fjölbreytilegt leiksvið.

63 Ibid., 100; Ólína Jónasdóttir: Op. cit., 45-46.

64 Í grannlöndunum hófst útgáfa „barnabóka“ kringum miðbik aldarinnar, sbr. *supra* bls. 50. Sjá ennfremur Stone: Op. cit., 410-11; Leeson: *Children's Books and Class Society*, 12-26. Með útgáfu sinni á „A little Pretty Pocket Book . . .“ árið 1743, sem var ætluð börnum til fræðslu og skemmtunar, hefur John Newbery áunnið sér sæmdarheitið „the „father“ of children's books in England“ (bls. 22).

65 Hér mætti að vísu undanskilja ýmsar bænir og sálma, sem og hluta af Biblíunni en hún var hins vegar alltof dýr bók á þessu tímabili til þess að geta orðið almenningsseign, sjá Loftur Guttormsson: Op. cit., 139.

66 Ibid., 126. – Ævisagnadæmin sem rakin eru að framan veita nokkra innsýn í þessar aðstæður; eins sýna þau vel að aðgreining lesefnisins í prentað mál og handrit gerði helst kröfu um tvöfalt lestrar-nám, sbr. *supra* bls.

67 Athugun á því í hvaða tímaröð ýmislegt efni í handritum eða í munnlegri geymd hlaut meira eða minna opinbera viðurkenningu með því að komast á prent mundi trúlega leiða í ljós að það sem féll börnum einna best í geð hefur rekið lestina.

Pegar öldur „upplýsingarinnar“ bárust til Íslands stranda, nokkrum áratugum eftir að þær höfðu risið á meginlandinu, komst rót á hefðbundin viðhorf til barnauppeldis, sérstaklega varðandi það hvers konar lesefni hæfði farsælu uppeldi. Fyrir þessu umróti stóðu lærðir menn sem höfðu gengið upplýsingarstefnunni á hönd. Oddviti þeirra, Magnús Stephensen, lýsti andstæðu hennar, hefðarhyggjunni, á eftirminnilegan hátt:

*Tamir barns-vananum*, álíta margir óupplýstir það eitt gott og rétt og óvidjafnanlegt, sem þessi, og annara jafnaldra sidir og venia daglega hefur vanid þá á; fordæma opt það, er upplýstari mannvinnir til lagfæringar þess, sem áfátt er í mörngu, uppáhitta, sem óttalega *nýbreytni*, eins og alt gamalt sé gott, allt nýtt sé ónýtt, vor þekking og vorir sidir óumbætanlegir . . .<sup>68</sup>

Áhugi upplýsingarmanna helgaðist af þeirri vissu að upplýsingin „fyrst innrætist með góðu uppeldi barna . . . í hinni námgiørnu og til lærdóms góðra menta og sida svo hentugu æsku“ eins og Magnús Stephensen komst að orði.<sup>69</sup> Til þess að færa börnum og ungmennum birtu vísinda og þekkingar töldu þeir ekkert betur fallið en góðar bækur og „mannelsku-full Lærdóms-Félög“. Fyrstu barnabækurnar sem komu út á íslensku voru afsprengi þessa einkar praktíska uppeldisáhuga: það var einmitt að tilhlutan Magnúsar Stephensen, forstöðumanns hins íslenska Landsuppfræðingarfélags, sem slíkar bækur voru gefnar út.

Það sem forvígismenn íslenskrar upplýsingar voru jafnframt æðstu embættismenn landsins má nærri geta að þeir voru ekki fylgjandi frjálsræði í uppeldismálum.<sup>70</sup> Hins vegar höfðu þeir fullan skilning á því að uppbyggilegt lesefni þjónaði ekki tilgangi nema það væri áhugavert og aðgengilegt fyrir börn. Þeir áttuðu sig m.ö.o. á því að án innri námshvatar væri bóklesandi maður hálfblindur. Dapurleg reynsla Hannesar biskups af kristindómsfræðslu í landinu hefur sjálfsagt kennt honum að enginn beinni vegur væri til „ad giøra unglíngum gudlegann lærdóm væmisamann og leidan, enn ad neyda þá til ad hafa hann um hönd sí og æ, einkum yfir háls og höfud undirbúnings- og skilnings-laust . . .“.<sup>71</sup> Lestri guðsorðs mætti ekki halda svo að börnum að það yrði þeim einbært ok og refsing; af slíku stagli yxi einungis þverúð og kergja.

Gagnrýni upplýsingarmanna á hefðbundna kristindómsfræðslu tengdist að vissu leyti óbeit þeirra á því skemmtiefni sem almenningur hafði löngum haft um hönd. Þannig áleit Hannes Finnsson að útgáfupólitík fyrirrennara hans á biskupsstóli ætti nokkra sök á hve hann væri hallur undir „Trøllasögur og Æfintýri full af

68 Guðmundur Jónsson: *Sumar-Giøf handa börnum*, formáli Magnúsar Stephensen, án blst.

69 Ibid., loc. cit.

70 Í formála að *Qvøld-vøkum*, sem Hannes biskup tók saman fyrir Landsuppfræðingarfélagið, tók hann m.a. skýrt fram eftirfarandi: „ . . . [eg] held líka svo mikid uppá barna agann, ad eg ecki vil mæla því bót, ad lída ungdóminum síálfrædi, þrá eda óhlýdni í þessu [guðsorðalestri] né ødru“ (bls. XXII).

71 Ibid., XXI-XXII.

ósíðum og hjátrú“.<sup>72</sup> Klípan sem upplýsingarmenn stóðu hér frammi fyrir var óneitanlega bein afleiðing af einhliða hagnýtingu prentlistarinnar hér á landi allt frá upphafi í þágu trúarlegs efnis. Af þessum sökum hafði lestrarmenningin í landinu aðgreinst í tvennt, eins og áður er vikið að, í hina æðri og lægri, eftir því hvaða viðhorf stjórnvöld höfðu til efnisins. Undir yfirborði bóklæsisins þreifst annars konar „læsi“ – á mörkum handritaðs máls og munnlegrar geymdar – sem nærðist af „ósíðsamlegum æfintírum, riddara- og trølla-sögum . . .“.<sup>73</sup> Þennan fjölskrúðuga neðanjarðargróður vildu nú hollvinir lærdómslistanna uppræta með útgáfu lesefnis sem væri hvorttveggja í senn, skemmtilegt og siðbætandi, fræðandi og uppörvandi til framfara.<sup>74</sup> Með því að gefa börnum kost á slíku efni væntu þeir þess að almúginn tileinkaði sér smám saman siðsamlegt líferni í anda borgaralegs siðgæðis.<sup>75</sup>

Fyrsta bókin á íslensku sem var beinlínis og vísvitandi ætluð börnum og verðskuldar þar með nafngiftina barnabók er áður nefnd *Sumar-Gjöf handa börnum* eftir Guðmund Jónsson prófast.<sup>76</sup> Hún var gefin út 1795 af prentverki Magnúsar í Leirárgörðum, með formála eftir hann sjálfan. Bókin var færð í íslenskan búaing eftir danski þýðingu á hinni þýsku frumgerð, *Zeitvertreib und Unterricht für Kinder* – og hafði tekið allmiklum breytingum á leiðinni. Í formála fékk prófastur reyndar sérstakar þakkir fyrir að hafa „allvíða umsteypt eptir vorum landsháttum og með ástundan allstadar lagad eptir nátturlegu barnamáli . . . einungis í því skyni að Sumar-gjöf þessi mætti sem best gédiast og henta íslenskum ungdómi“.<sup>77</sup> Formálshöfundur lét þess jafnframt getið að bókin væri ekki aðeins gefin börnum heldur einnig foreldrum og húsbændum sem ættu að bera umhyggju fyrir „sósamlegum vana barna“ sinna og „undirgefínna únglínga“.<sup>78</sup> Eins og bókin var úr garði gerð og tilgangur hennar uppbyggilegur gat Skálholtsbiskup gefið henni bestu meðmæli.<sup>79</sup>

72 Ibid., XXI.

73 Ibid., XXIII.

74 Þennan ásetning má lesa út úr formálsorðum Hannesar, sjá einkum *ibid.*, VIII, XIV-XV. Að sögn hans var af nógu að taka sem þurfti betrunar við: „ . . . nóg af hiátrú og mirkfælni, drauga- og galdra-hrædslu, nóg af þrái og þverúð; nóg af atorkuleysi, óþrifnadi . . . “ (*ibid.*, XIV).

75 Með orðalagi Magnúsar skyldi stefnt að „dyggðanna innpløntun til sameiginlegra heilla“. (Guðmundur Jónsson: *Op. cit.*, formáli, án blst.)

76 Um innihald bókarinnar fjallar nánar Silja Aðalsteinsdóttir: *Íslenskar barnabækur 1780–1979*, bls. 40-42. – Höf. telur áður tilvitnuð Barnaljód eftir sr. Vigfús Jónsson „fyrstu bókina sem skrifuð var og gefin út sérstaklega handa íslenskum börnum“ (bls. 39). Þetta er vafasöm staðhæfing; það má marka bæði af formálsorðum Jóns Eiríkssonar og inntaki ljóðaflokksins að hér er ekki á ferðinni barnabók í ofangreindum skilningi heldur kristilegar heilræðavísur í anda hústöflunnar og húsaagans. Með útgáfu kversins vildi Jón Eiríksson, sem hafði ungur verið í læri hjá höfund, frænda sínum, gjalda honum þakkarskuld og jafnframt veita „Ættmönnum ockar síra Vigfúsar Sal. og kannskie nockrum fleirum úti á Íslandi . . . nockurs konar Skemtan eda Hugveckiu . . .“.

77 Guðmundur Jónsson: *Op. cit.*, formáli, án blst.

78 *Ibid.*, loc.cit.

79 Að sögn biskups var Sumargjöf „yfrid góð og þægileg bók til barna uppfræðingar“ (*Qvöld-vøkur*, XXIII). Um leið ráðlagði hann að í stað guðfræðiritra yrði bókin notuð til að kenna börnum „hinn fyrsta Bóklestur“ með smásögum, auðskildum heilræðum og þvílíku. Að því búnu gætu börnin æft sig í lestri á sumum frásögnum og dæmisögum í Kvöldvökunum.

Víst er að fróðleiks- og siðabækur þær sem upplýsingarmenn tóku saman urðu mörgum kærkomið lesefni á fyrstu áratugum 19. aldar<sup>80</sup> þótt almenningur hafi eflaust tekið fram yfir þær fornsögur og rímur sem höfðu nokkru áður komið út á vegum Hrappseyjarprents.<sup>81</sup> Á það er einnig að líta að eins og siðaboðskapurinn var settur fram, t.d. í Sumargjöf handa börnum, hefur hann ugglaustr ekki komist vel til skila: til þess miðaðist hann um of við aðstæður og gildi miðstéttarfólks úti í Evrópu sem lét sér annt um að börn temdu sér borgaralegt velsæmi. Má finna fjölmörg kátbrosleg dæmi um þetta í bókinni. Í uppbyggilegri sögu af því hvað hlotist geti af matgræðgi er „matgíruga barnið“ látið springa af óhóflegu hveitibrauðs- og kökuáti!<sup>82</sup> Á öðrum stað þar sem taldir eru upp „nockrir veniulegir Barna-brestir í halaróu“ er börnum kennt að varast að smakka á öllu því sem stendur á borðinu – af því læri þau að stela – og að hlaupa burt með öðrum án vitundar foreldra – af því geti þau komist í vandan soll!<sup>83</sup> Þá eru börnum settar ítarlegar borðreglur, m.a. að leggja „hníf, gaffal og pentudúkinn reglulega saman“ að máltíð lokinni.<sup>84</sup> Geti má nærri að boðskapur af þessu tagi hefur ekki skírskotað til íslenskra barna sem voru vön því að fá naumt skammtað í askinn sinn. Og varla hafa þau haft þörf fyrir sérstaka „dauda-þánka“ til þess að minnst þess að „Gud alloft hefir fulla orsök til að láta börnin deyja snemma.“<sup>85</sup> Varðandi þessa lexíu hefðu talsmenn upplýsingarinnar mátt hugleiða – jafn frábitnir og þeir voru tröll- og draugasögum – hvort allur munur væri á því að hræða börn til góðrar breytni með þeirra eigin dauðagrímu eða með afturgöngum þjóðsögunnar.

## Lokaorð

Þótt margt sé ólíkt með heittrúarstefnunni og upplýsingunni, eins og þær bar hér að landi, eiga þær þó sammerkt í því að báðar urðu yfirvöldum öflug hvöt til þess að reyna að siðbæta íslenska alþýðumenningu. Ekki tókst sem skyldi að innprenta almúganum píetísk lífsviðhorf en með framkvæmd þeirra tilskipana, er settar voru í anda þeirra, sköpuðust skilyrði til nokkurs konar siðbótar með því að almúginn varð brátt formlega læs á guðsorð. Með upplýsingunni var síðan stefnt að því að „skýrt almúgafólk“, sem Hannes Finnsson kallaði svo, beitti þess-

80 Auk Sumargjafar og Kvöldvakanna er hér einkum átt við rit eins og *Minnisverð tíðindi og Gaman og alvöru* sem Magnús Stephensen tók saman. Það var hins vegar ekki fyrr en með bókum Jóhanns Halldórssonar, *Jólagjöf* (1839) og *Nýársgjöf* (1841), að út kom frumsamið barnaefni á íslensku í anda upplýsingarstefunnar, með fræðslu og hótunum hvorum í bland við aðrar, sjá Silja Aðalsteinsdóttir: Op. cit., 49-53.

81 Yfirlit um útgáfubækur þess er að finna hjá Jóni Helgasyni: *Hrappseyjarprent*, og Boga Benediktssyni: Op. cit., 51-59.

82 Guðmundur Jónsson: Op. cit., 101.

83 Ibid., 97.

84 Ibid., 112.

85 Ibid., 162. – Guðmundur prófastur staðfærði þessa áminningu með vísun til þess „ad nýlega (1786) eru 1500 börn og úngmenni dauð í bólunni“!

ari áunnu kunnáttu ekki aðeins sér til andlegrar uppbyggingar heldur einnig til veraldlegrar siðbótar og verklegra framfara. En í báðum tilvikum voru menningarhefðir alþýðu, venjur hennar og viðhorf, álitin helsti þröskuldurinn á leiðinni að settu marki. Það sem kallað var hjátrú og hindurvitni var sameiginlegur skotspónn Harboes og Magnúsar Stephensen. Þess vegna voru þeir líka á einu máli um að betrubætur á barnauppedinu væru meginforsenda þess að takast mætti að ryðja hinum nýju viðhorfum braut.

Hér er ekki staður til að leggja almennt mat á hver árangur varð af viðleitni upplýsingarmanna enda óljóst við hvaða endamörk ætti þar að miða í tímanum. En hvað varðar sjálfa uppeldishættina bendir allt til þess að „upplýsingin“ hafi verið komin afar skammt áleiðis hjá almenningi um það leyti er einveldi leið undir lok á Íslandi um miðbik 19. aldar.

Þessi takmarkaði árangur ætti ekki að koma á óvart þegar haft er í huga hve íslensk samfélagsgerð – einkum búskapar- og heimilishættir sem reynsla manna hlaut að draga mjög dóm af – hafði tekið litlum breytingum á sama tíma. Í þessu sambandi er táknrænt að íslenskir upplýsingarfrömuðir fóru í engu út fyrir mörk hins upplýsta einveldis enda voru hagsmunir þeirra nátengdir viðhaldi þess. Án borgaralegrar atvinnubyltingar var líka borin von að upplýsingin risti djúpt í almenningssvitund. T.d. var hér ekki jarðvegur fyrir þá tilfinningalegu einstaklingshyggju sem var orðin áberandi þegar á 18. öld meðal miðstéttarfólks á meginlandinu (sbr. *supra* bls. 38). Því heyrir til undantekninga að vart verði hjá íslenskum foreldrum fjölskylduvitundar í þeirri merkingu sem hér hefur verið lögð í þetta hugtak.<sup>86</sup> til þess voru heimilin of blindin að samsetningu og börnin of ótrygg og tvíræð viðmiðun. Frá sjónarmiði foreldra, og miðað við þá félagslegu valkosti sem voru í boði, var óraunhæft að ætla sér að sveigja fjölskylduþróunina í fastan farveg með því að gera áætlun fram í tímann. Skiljanlegt er að við slíkar aðstæður væri bernskuvitund harla óskýr og reikul.

Að öllum líkindum á lítt þroskuð bernskuvitund almúgans drjúgan þátt í því hve uppeldi og hegðun ungdómsins ollu yfirvöldum miklum áhyggjum. Víst voru hinar opinberu hegðunarreglur strangar á þeirra tíma mælikvarða en hitt mun þó hafa valdið meiru um tíð frávik að allar samfélagsaðstæður gáfu uppvaðandi einstaklingum ærin tilefni til þess að þverskallast við þeim. Í framkvæmd vildu reglurnar því oft stangast á við réttlætiskennd þolendanna eins og hún hafði mótast af hversdagslegri reynslu þeirra; í heimildum um samskipti yfirboðara og undirgefina kemur a.m.k. víða fram undirtónn spennu og togstreitu þótt sjaldnast yrðu úr opinská átök. Eðlilega gætti slíkrar spennu einkum á lægsta valdaþrepi þjóðfélagsins þar sem um hinn eiginlega húsaga var að tefla.

86 Slík undantekning var Jón Jakobsson sýslumaður, faðir Jóns Espólín. Eftir syninum er haft að faðir hans hafi bannað honum „umgengni alla með fólki“ af umhyggju fyrir siðferði hans. Gekk þetta svo langt að faðirinn vildi ekki setja hann „í almennan skóla [stólaskóla], at hann ætlaði þat spilla siðferði hans.“ Af þessum sökum kveðst Espólín hafa lært seint „siðferði með öðrum mönnum“. (Saga Jóns Espólíns hins fróða, 8-9.)



Í uppeldislegu tilliti einkenndist heimur húsagans af því að aðilar hlutu að umgangast valdið undir mjög persónulegum formerkjum, án þess að hafa teljandi stuðning af embættis- eða stofnanalegum úrræðum. Í dagsins önn, þegar húsráðendur störfuðu við hlið barna sinna og hjúa, voru fulltrúar valdstjórnar og kennidóms í sókninni næsta fjarlægjar persónur (en þekktir fyrir utan embættið sem búandi menn er unnu í sveita síns andlits). Hvað sem leið hinum mikla mun sem lögin gerðu á yfirboðurum og undirgefnum, hlutu þeir að starfa í reynd innan vébanda heimilanna sem tiltölulega jafnir einstaklingar svo fremi undirsátinn væri kominn í kristinna manna tölu.<sup>87</sup> Af sameiginlegri reynslu múgamanna af armóð og basli spratt þannig viss jafnréttiskennd er dró úr áhrifum þeirrar mismununar sem leiddi af ólíkri heimilisstöðu. Slíkt fátæktarjafnræði kann að skýra að hluta hvers vegna svo brösulega gekk að mati yfirvalda að temja ungdóminn við reglur húsagans: þær samrýmdust einfaldlega ekki gildismati og siðgæðisvitund fátækra húsráðenda. Fyrir tregðu þeirra tókst ekki að siðvæða heimilin að því marki sem yfirvöld töldu viðunandi.

Þessar kringumstæður varpa ljósi á hvers vegna kirkjunnar menn, sem báru öðrum fremur ábyrgð á uppeldismálum í landinu, gátu illa sætt sig til lengdar við skólaleysi landsins. Allt frá öndverðri 18. öld, þegar biskupar fóru fyrst að hreyfa hugmyndum um skólastofnun, beindist athyglin að bágri stöðu fátækra barna og munaðarlausra. Sem kunnugt er tókst ekki á einveldistímanum að koma á fót skólafræðslu nema á tveimur stöðum og um skamman tíma, þ.e. í Vestmannaeyjum og á Álftanesi (Hausastaðaskóli). Í báðum tilvikum var um háþíetískt fyrirbæri að ræða, stofnað af umhyggju fyrir andlegum velfarnaði „sveitarbarna“ og í von um að koma mætti þeim til manns.<sup>88</sup> Þótt uppeldi hafi hér verið í formi skólunar áttu þessar stofnanir fátt sameiginlegt annað en nafnið með þeim almenningsskólum sem fóru að skjóta upp kollinum á síðari helmingi 19. aldar.<sup>89</sup> En staðsetning þeirra er vissulega táknað fyrir mat yfirvalda á því hvers konar félagslegar aðstæður það væru sem kölluðu sérstaklega á skólastofnun, þ.e. þéttbýli þar sem voru að auki margir aðkomumenn við sjósókn eða í kaupskapar-erindum.

Í íslenskri uppeldissögu urðu áberandi þáttaskil þegar eiginlegir barnaskólar fóru að koma til skjalanna í kaupstöðum landsins; varla hefur tilviljun ráðið því

87 Þessi skýringartilgáta þarf ekki að stangast á við þá staðreynd sem að framan greinir, að fram undir fermingu voru börn einatt tyftuð harkalega af foreldrum; því barsmíðar á börnum, eins og þær voru tíðkaðar meðal almúgafólks, lýsa tiltölulega óræðri venju og bælingarhneigð fremur en „ábyrgri“ uppeldisvitund.

88 Hausastaðaskóli væri réttnefndari munaðarleysingjahæli (Vaisenhus) en skóli í nútímamerkingu þótt þessu einkenni hafi ekki verið haldið á loft sem skyldi, sjá t.d. Ólafur P. Kristjánsson og Hörður Ágústsson: *Hausastaðaskóli*, 6-7.

89 Skólafræðslan sem var stunduð í Reykjavík á árunum 1830–1847 sýnir aftur annað afbrigði, öndvert við fátækrafræðsluna, þ.e. skólahlald fyrir börn betri borgara og iðnaðarmanna að danski fyrirmynd, sjá „Barnaskólinn í Reykjavík 1830–1848“. Ritgerð nemenda í sögu (valgrein) í KHÍ 1977–1978, bls. 17-19 og 23-35.

að þetta gerðist skömmu eftir afnám einveldis í löndum Danakonungs. Þegar fyrsti barnaskólinn í nútímastíl tók til starfa á Eyrarbakka 1852 var gengið á undan hagvaxtarskeið með vaxandi þilskipaútgærd og sókn manna í verstöðvar; um leið urðu meiri brögð að því en áður að búlausir menn smokruðu sér undan vistarskyldunni og sniðgengu lausamenskubannið (sbr. *supra* bls. 129).<sup>90</sup> Allt eru þetta merki um að farið var að losna nokkuð um innviði hins hefðbundna þjóðfélags. En þegar athugað er hvaða ástæður forgöngumenn skólaihaldsins færðu fram, leynir sér ekki samhengið við hugmyndahefðir einveldistímans. Að dómi Eggerts Ólafssonar var þannig uppeldi ungdómsins upp úr 1750 hvergi verr á vegi statt en einmitt á Eyrarbakka, einum helsta þéttbýlisstað landsins; þar byggi „margs konar lýður á litlu svæði í þorpi“ og ungdómurinn lærði í sláturvinnu hjá kaupmönnum „hvers konar rustaskap, sviksemi, hrakyrði, bölv og drykkju-skap.“<sup>91</sup>

Hinn siðavandi embættismaður eftirlét valdsmönnum á 19. öld að draga þá ályktun að slíkar aðstæður gerðu skólastofnun nauðsynlega en röksemdafærsla þeirra byggðist á mjög svipuðu mati. Þetta sést m.a. á ávarpi er forgöngumenn skólamálsins á Eyrarbakka birtu 1851;<sup>92</sup> þar sagði að nauðsyn barnaskóla á fjölmönnum stöðum stafaði auðsjáanlega af því að þangað drægist fjöldi „ráðlítilla fátæklinga sem hlaða niður mikilli ómegð“; þar að auki „safnist oft á þessa staði mikill grúi af sjómönnum um þann tíma ársins, sem börnum er helst sagt til“ með þeim afleiðingum að jafnvel samviskusamir foreldrar hafi „ekki næði fyrir annríki, solli og mannvæði til að halda börnunum til náms.“<sup>93</sup> Og vegna ofdrykkju og iðjuleysisfreistinga fari umönnun fyrir nauðsynjum lífins í ólestri.

Við slíkar aðstæður í vaxandi þéttbýli þótti „yfirboðurum alþýðunnar“<sup>94</sup> einsýnt að skólastofnun yrði að koma til skjalanna, ella blasti við þjóðfélagsleg upplausn. Í solli og sukki kaupstaðarlífsins færi húsagi svo gersamlega forgörðum að húsráðendur réðu ekki lengur við það hlutverk sem þeir höfðu hingað til verið að mestu einir um – að ala ungdóminn upp í guðsótta og góðum siðum. Þeim til aðstoðar yrði að koma sérhæfð uppeldisstofnun þar sem börnin nytu verndar fyrir siðspilltu umhverfi.

Það var vissulega ekki nýtt af nálinni að yfirvöld landsins efuðust um að hússtjórnarstéttin væri fær um að leiða blessuð börnin frá villu þessa heims inn á rétta braut. En í allri siðbótarviðleitni hafði þeim fram að þessu verið nauðugur einn kostur að hafa húsráðendur fyrir miðil í boðskiptum sínum við ungdóminn. Úr því að „húsið“ (heimilið), smættað ígildi hinnar hefðbundnu samfélagsheildar,

90 Guðmundur Jónsson: Op. cit., 57-64.

91 Eggert Ólafsson: Ferðabók 2, bls. 252-53. – Á þessu svæði voru að sögn 19 stórjarðir og um 90 kotbæir að öllum þurrabúðum meðtölum.

92 Páll Ingimundsson o.fl. „Fáein orð um barnaskóla.“ *Bónði* 1 (6, 1851), 86-91.

93 Ibid., 88-89.

94 Ibid., 86.

sýndist nú á fallanda fæti, var nærtækast að leggja grunn að hálf-opinberri byggingu sem kynni að duga betur til þess að miðla uppvaxandi kynslóð viðurkenndri þekkingu og siðgæði. Eftir var að vita hvort þjónustumaður samfélagsins, skólakennarinn, nýttist við nýjar þjóðfélagsaðstæður betur hinum opinbera uppeldismálstað en gömlu húsráðendurnir sem voru enn á förum.

## Heimildaskrá

Í eftirfarandi skrá eru taldar allar heimildir sem vitnað er til í ritinu svo og flestar þær sem vísað er til; þó er sleppt fáeinum sem vísað er til aðeins í upplýsingaskyni í ákveðnu samhengi en hafa ekki verið notaðar að öðru leyti. Varðandi greinasöfn með efni eftir einn höfund eða fleiri skal tekið fram að hér eru yfirleitt ekki taldar sérstaklega greinar sem hafa verið notaðar úr þeim enda er heiti þeirra tilgreint í sjálfu ritinu neðanmáls. Eins ber að athuga, þar sem notast hefur verið við aðra útgáfu af einhverju riti en frumútgáfu, að ártal hinnar síðarnefndu er tilgreint innan sviga; sama gildir um þýddar útgáfur af slíkum ritum.

### A. PRENTUÐ RIT

#### 1. Ævisögur, ferðabækur, þjóðlíflýsingar og skáldverk

Anna Thorlacius: „Minningar frá æskuárunum“. *Eimreiðin* 20 (1914), 54-61, og 21 (1915), 93-107.

Björn Halldórsson: *Atli* edur Rádagiørdir Yngismanns um Búnad sinn . . . Hrapsey 1783 (1780)

Bogi Benediktsson: *Æfi-Agrip fedganna*: Jóns Péturssonar, Benedikts Jónssonar, Boga Benediktssonar, Benedikts Bogasonar. Viðey 1823.

*Brautryðjendur*. Þrjár sjálfævisögur. [Páll Melsteð, Tryggvi Gunnarsson, Jón Ólafsson.] Vilhjálmur Þ. Gíslason sá um útgáfuna. Rv. 1950.

*Breiðdæla*. Drög að sögu Breiðdals. Jón Helgason og Stefán Einarsson gáfu út. Rv. 1948.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir: [Sjálfævisaga]. *Æviminningabók Menningar- og Minningarsjóðs kvenna*. Rv. 1955, 9-16.

Eggert Ólafsson: *Kvæði*. Kh. 1832.

Eggert Ólafsson: *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757, 1-2. (Vice-Lovmand Eggert Olafsens og Land-Physici Bjarne Povel-sens Reise igennem Island (1772). Steindór Steindórson íslenskaði.) Rv. 1943.

*Egils saga Skalla-Grímssonar*. Sigurður Nordal gaf út. Rv. 1933. (Íslenzk fornrit 2.)

Einar Jónsson: „(Lífs- og æfisaga Magnúsar Pálssonar) eptir séra Einar prófast Jónsson á Hofi.“ *Blanda*, fróðleikur gamall og nýr 4 (1928-1931; Sögurit 17), 17-34.

Elínborg Lárusdóttir: *Frá liðnum árum*. Endurminningar Jóns Eiríkssonar á Högnastöðum. Rv. 1941.

*Endurminningar frú Gyðu Thorlacius* frá dvöl hennar á Íslandi 1801-1815. (Fru Gythe Thorlacius' Erindringer fra Island i aarene 1801-1815 (1845). Sigurjón Jónsson íslenskaði.) Rv. 1947.

- Eyjólfur Guðmundsson: *Lengi man til lítilla stunda*. Rv. 1948.
- Finnur Jónsson [prófessor]: *Ævisaga* eftir sjálfan hann. Kh. 1936. (Safn Fræðafélagsins um Ísland og Íslendinga 10.)
- Finnur Jónsson á Kjörseyri: *Þjóðhættir og ævisögur frá 19. öld*. Ak. 1945.
- Gísli Konráðsson: *Æfisaga Gísla Konráðssonar ens fróða*, skrásett af honum sjálfum. Rv. 1911–1914. (Sögurit 8.)
- Glögg er gests augað*. Úrval ferðasagna um Ísland. Sigurður Grímsson sá um útgáfuna. Rv. 1946.
- Guðmundur Jónsson: *Sumar-Gjöf handa Børnum* frá Sra Guðmundi Jónssyni prófasti í Arness-Sysslu og Sóknar-Presti til Ólafsvalla á Skeidum. Leirárgarðar 1795.
- Guðrún Guðmundsdóttir: *Minningar úr Hornafirði*. Með skýringargreinum og bókarauka eftir Vilmund Jónsson landlækni. Rv. 1975.
- Halldór Pálsson: „Æviágrip Halldórs Pálssonar fræðimanns á Ásbjarnarstöðum eftir sjálfan hann.“ *Blanda*, fróðleikur gamall og nýr, 6 (1936-1939; Sögurit 17), 252-265.
- Hallgrímur Pétursson: *Hallgrímsljóð*. Sálmar og kvæði eftir séra Hallgrím Pétursson. Rv. 1944.
- Hannes Finnsson: *Qvöld-vøkurnar 1794* samanteknar af Dr. Hannesi Finnssyni. 1. b. Leirárgarðar 1796.
- Hannes Þorsteinsson: „Æviágrip dr. Hannesar Þorsteinssonar þjóðskjalavardar.“ *Blanda*, fróðleikur gamall og nýr, 7 (1940-1943; Sögurit 17), 2-35.
- Hannes Þorsteinsson: *Sjálfsævisaga*. Endurminningar og hugleiðingar um hitt og þetta, er á dagana hefur drifið. Rv. 1962.
- Henderson, E.: *Ferðabók*. Frásagnir um ferðalög um þvert og endilangt Ísland árin 1814 og 1815. (*Iceland; or the Journal of a Residence in that Island . . .* (1818). Snæbjörn Jónsson þýddi.) Rv. 1957.
- Horrebow, N.: *Frásagnir um Ísland*. (Tilforladelige Efterretninger om Island (1752). Steindór Steindórsson íslenskaði.) Rv. 1966.
- Indriði Einarsson: *Séð og lifað*. Endurminningar. Rv. 1972 (1936).
- Ingibjörg Benediktsdóttir: „Titlar.“ *Hlín*. Ársrit sambandsfjelags norðlenskra kvenna 3 (1919), 63-66.
- Ingibjörg Jónsdóttir frá Djúpadal: „Æskuminningar.“ *Hlín*. Ársrit sambandsfjelags norðlenskra kvenna 5 (1921), 58-75.
- Ingibjörg Jónsdóttir frá Djúpadal: „Í Breiðafjarðareyjum fyrir 50-60 árum.“ *Hlín* 6 (1922), 48-66.
- Ingibjörg Lárusdóttir: *Úr djúpi þagnarinnar*. Sagnir úr Húnaþingi. Rv. 1936
- Ingunn Jónsdóttir: *Gömul kynni*. Ak. 1946.
- Íslands þúsund ár*. Kvæðasafn 1300-1600. Páll Eggert Ólason valdi. Rv. 1947.
- Íslands þúsund ár*. Kvæðasafn 1600-1800. Snorri Hjartarson valdi. Rv. 1947.
- Íslandsleiðangur Stanleys 1789*. Ferðabók. (John F. West bjó til prentunar á ensku fyrir Föroya Fróðskaparfélag, Þórshavn, 1970-1976. Steindór Steindórsson íslenskaði.) Rv. 1979.
- Jakob Benediktsson: *Gísli Magnússon (Vísi-Gísli)*. *Ævisaga*, ritgerðir, bréf. Rv. 1939. (Safn Fræðafélagsins um Ísland og Íslendinga 11.)
- Jón Helgason: Jón Ólafsson frá Grunnavík. Kh. 1926. (Safn Fræðafjelagsins um Ísland og Íslendinga 5.)

- Jón Jónsson [Aðils]: *Oddur Sigurðsson lögmáður* (1682-1741). Æfi- og aldarlýsing. Bessastaðir 1902.
- Jón [Jónsson] Aðils: „Daði Níelsson fróði.“ *Merkir Íslendingar*. Nýr flokkur, 2. Jón Guðnason bjó til prentunar. Rv. 1963, 79-101.
- Jón Kr. Lárusson: *Ævisaga Breiðfirðings*. Endurminningar Jóns Kr. Lárussonar frá Arnarbæli. Rv. 1949.
- Jón Magnússon: *Oeconomia christiana edur Huss-tabla*, sem sierhverium i sínu Stande þann rietta Christendomsens Veg fyrir Sioner leider. Kh. 1734.
